

Fornleifaskráning í Hjaltastaðþinghá II

**Birna Gunnarsdóttir, Guðný Zoéga, Mjöll Snæsdóttir, Orri
Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir**

**Fornleifastofnun Íslands
FS0S0-96032
Reykjavík 1998**

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit

1 INNGANGUR	6
2. VERNDUN OG SKRÁNING FORNLEIFA	7
2.1 Löggjöf um fornleifar	7
2.2. Fornleifaskráning	8
3 BYGGÐASAGA	10
4 FORNLEIFASKRÁ	17
NM-180 Hreimsstaðir	21
NM-181 Hrjótur	33
NM-182 Ánastaðir	46
NM-183 Rauðholt	53
NM-184 Hjaltastaður	64
NM-184b Hjaltastaður (Hraundalur)	77
NM-185 Svínafell	80
NM-186 Kóreksstaðir	86
NM-187 Kóreksstaðagerði	94
NM-188 Dalir	99
NM-189 Sandbrekka	108
NM-190 Hlaupandagerði (Þórsnes)	116
NM-191 Hrafnabjörg	124
NM-192 Unaós (Ós)	136
NM-193 Heyskálar	144
NM-194 Jórvík	147
NM-195 Jórvíkurhjáleiga	154

NM-196	Klúka	158
NM-197	Gagnstöð	167
NM-198	Hóll	175
NM-199	Hólshjáleiga	183
NM-200	Víðastaðir	186
NM-201	Ásgrímsstaðir	193
NM-202	Hrollaugstaðir	198
NM-203	Bóndastaðir	211
NM-204	Dratthalastaðir	222
NM-205	Ekra	230
NM-206	Stóra Steinsvað	240
NM-207	Tjarnarland	251
NM-208	Ketilsstaðir	258
5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ		268
6. FORNLEIFAR OG BYGGÐ		279
HEIMILDASKRÁ		284

Skrá yfir kort

1. YFIRLITSKORT. SKRÁÐAR JARÐIR Í HJALTASTAÐAÞINGHÁ.....	12
2. FORNLEIFAKORT. HREIMSSTAÐIR	20
3. FORNLEIFAKORT. HREIMSSTAÐIR - BÆJARSTÆÐI	22
6. FORNLEIFAKORT. ÁNASTAÐI	45
7. FORNLEIFAKORT. ÁNASTAÐIR- BÆJARSTÆÐI.....	47
8. FORNLEIFAKORT. RAUÐHOLTI.....	53
9. FORNLEIFAKORT. RAUÐHOLTI - BÆJARSTÆÐI.....	54
10. FORNLEIFAKORT. HJALTASTAÐUR.....	63

11. FORNLEIFAKORT. HJALTASTAÐUR-BÆJARSTÆÐI.....	64
12. FORNLEIFAKORT. SVÍNAFELL.....	79
13. FORNLEIFAKORT. SVÍNAFELL! - BÆJARSTÆÐI.....	80
14. FORNLEIFAKORT. KÓREKSSTAÐIR OG KÓREKSSTAÐAGERÐI	85
15. FORNLEIFAKORT. KÓREKSSTAÐIR- BÆJARSTÆÐI.	87
16. FORNLEIFAKORT. KÓREKSSTAÐAGERÐI-BÆJARSTÆÐI	95
17. FORNLEIFAKORT. DALIR	98
18. FORNLEIFAKORT. DALIR - BÆJARSTÆÐI	99
19. FORNLEIFAKORT. SANDBREKKA	107
20. FORNLEIFAKORT. SANDBREKKA- BÆJARSTÆÐI.....	109
21. FORNLEIFAKORT. HLAUPANDAGERÐI	115
22. FORNLEIFAKORT. HLAUPANDAGERÐI-BÆJARSTÆÐI	116
23. FORNLEIFAKORT. HRAFNABJÖRG	123
24. FORNLEIFAKORT. HRAFNABJÖRG-BÆJARSTÆÐI	124
25. FORNLEIFAKORT. UNAÓSI OG HEYSKÁLAR.....	135
26. FORNLEIFAKORT. UNAÓS - BÆJARSTÆÐI	137
28. FORNLEIFAKORT. JÓRVÍK OG JÓRVÍKURHJÁLEIGA	146
29. FORNLEIFAKORT. JÓRVÍK-BÆJARSTÆÐI.....	147
31. FORNLEIFAKORT. KLÚKA.....	157
32. FORNLEIFAKORT. KLÚKA-BÆJARSTÆÐI.....	158
33. FORNLEIFAKORT. GAGNSTÖÐ.....	166
34. FORNLEIFAKORT. GAGNSTÖÐ-BÆJARSTÆÐI	167
35. FORNLEIFAKORT. HÓLL OG HÓLSHJÁLEIGA.....	174
36. FORNLEIF AK.ORT. HÓLL OG HÓLSHJÁLEIGA- BÆJARSTÆÐI	176
37. FORNLEIFAKORT. VÍÐASTAÐIR OG ÁSGRÍMSSTAÐIR.....	185
38. FORNLEIFAKORT. VÍÐASTAÐIR-BÆJARSTÆÐI.....	187
39. FORNLEIFAKORT. ÁSGRÍMSSTAÐIR-BÆJARSTÆÐI	193
40. FORNLEIFAKORT. HROLLAUGSSTAÐIR.....	197
41. FORNLEIFAKORT. HROLLAUGSSTAÐIR-BÆJARSTÆÐI.....	198
42. FORNLEIFAKORT. BÓNDASTAÐIR	210
43. FORNLEIFAKORT. BÓNDASTAÐIR-BÆJARSTÆÐI.....	211
44. FORNLEIFAKORT. DRATTHALASTAÐIR	221

45. FORNLEIFAKORT. DRATTHALASTAÐIR-BÆJARSTÆÐI.....	222
46. FORNLEIFAKORT. EKRA	229
47. FORNLEIFAKORT. EKRA-BÆJARSTÆÐI	230
48. FORNLEIFAKORT. STÓRA STEINSVAÐ	239
49. FORNLEIFAKORT. STÓRA STEINSVAÐ-BÆJARSTÆÐI.....	240
50. FORNLEIFAKORT. TJARNARLAND	250
51. FORNLEIFAKORT. TJARNARLAND-BÆJARSTÆÐI.....	251
52. FORNLEIFAKORT. KETILSSTAÐIR	257
53. FORNLEIFAKORT. KETILSSTAÐIR- BÆJARSTÆÐI	258

1 Inngangur

Nú er unnið að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Samkvæmt þjóðminjalögum er fornleifaskráning lögbundinn þáttur skipulagsstarfi, en fornleifaskrá er ekki til fyrir svæðið allt. Leitað var til Fornleifastofnunar Íslands um fornleifaskráningu í Hjaltastaðapinghá og gert samkomulag um að stofnunin hæfi fornleifaskráningu í hreppnum síðla sumars 1996. Í verkáætlun var gert ráð fyrir að skráð yrðu 15 býli eða um 200 minjastaðir. Áætlunin byggði á meðaltalsfjölda minjastaða á jörð í Eyjafirði og Borgarfirði, þar sem þeir eru 10 - 15, en í ljós kom á í Hjaltastaðahreppi eru fleiri minjastaðir á jörð en á svæðunum sem miðað var við. Alls voru skráðir 267 minjastaðir á 10 jörðum sumarið 1996. Sumarið 1997 voru skráðar 476 fornleifar á 19 jörðum, og er skráningu í Hjaltastaðapinghá því lokið með 761 fornleifum á 29 jörðum.

Auk skráningarinnar í Hjaltastaðapinghá er nýlokið fornleifaskráningu Fellahreppi og í landi Egilsstaðabæjar og snemma árs 1998 var hafist handa við að skrá fornleifar á öllu Héraði. Öll þessi skráningarvinna fer fram eftir kerfi Fornleifastofnunar Íslands og að henni lokinni verða til upplýsingar um fornleifar á öllu Héraði á einum gagnagrunni sem verður í vörslu Minjavarðar Austurlands.

Fyrst er stutt yfirlit um löggjafir tengdar fornleifum og aðferðum fornleifaskráningar (2 kafli). Síðan kemur yfirlit yfir byggðarsögu á skráningarsvæðinu (3 kafli) en síðan er Fornleifaskrá (kafli 4) með sama sniði og í fyrri skýrslu, Fornleifaskráning í Hjaltastaðapinghá I. Minjastaðir eru flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hvernjar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa eða hafa haft áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minja og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig minjakort

sem sýna dreifingu minjastaða. Í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í 6 kafla eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á skráningarsvæðinu.

Hjaltastaðahreppur greiddi kostnað við fornleifaskráninguna og útvegaði loftmyndir af skráningarsvæðinu. Að skráningunni unnu Birna Gunnarsdóttir, Guðný Zoega og Mjöll Snæsdóttir. Helgi Hallgrímsson tók að sér að skoða heimildir um minjastaði og gera yfirlit yfir þá áður en vettvangsvinna hófst. Guðrún Kristinsdóttir, minjavörður Austurlands, lét höfundum skýrslunnar í té vinnuaðstöðu hjá Safnastofnun Austurlands, lánaði bifreið og var okkur innan handar á ýmsan hátt. Eru henni færðar þakkir fyrir aðstoðina, sem og starfsfólki Minjasafns Austurlands, Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Bókasafns Héraðsbúa. Síðast, en ekki síst, þökkum við heimildamönnum góðar móttökur og ómetanlega aðstoð.

2. Verndun og skráning fornleifa

Samkvæmt þjóðminjalögum eru allar fornleifar á landinu nú friðaðar og óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án sérstaks leyfis. Verndunarákvæði laganna miða að því að tryggja að komandi kynslóðir geti notið þess arfs sem í minjunum er fólgin, rannsakað þær og skoðað, og að koma í veg fyrir að minjum sé eytt hugsunarlaust til að þjóna stundarhagsmunum. Með fornleifaskráningu er aflað upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að lögin geti gegnt tilgangi sínum. Jafnframt er skráning mikilvægur liður í fornleifarannsóknum og ákvörðunum um kynningu minjastaða og fræðslu um þá. Hér að neðan er fjallað nánar um löggjöf um fornleifar og fornleifaskráningu.

2.1 Löggjöf um fornleifar

Árið 1989 voru samþykkt ný þjóðminjalög (nr. 88/1989, með breytingum nr.43/1991 og 98/1994). Tilgangur laganna er að tryggja sem best varðveislu

menningarsögulegra minja þjóðarinnar (1.gr.), þar á meðal fornleifa. Fornleifar eru skilgreindar sem "hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á [...] Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar[..]." (16.grein).

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til." (17.grein) Þetta gildir jafnt um þekktar fornleifar og sýnilegar og þær fornleifar sem koma í ljós við jarðrask, eins og segir í 20. grein: " Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi halda áfram og með hvaða skilmálum."

Með lögunum varð fornleifaskráning skyldubundinn hluti af skipulagsvinnu, 18. grein laganna segir: "Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ... ". Þá ber jafnframt að færa friðlýstar minjar á skipulagskort.

2.2. Fornleifaskráning

Að fornleifaskráningu hefur verið unnið hér og þar um landið undanfarna tvo áratugi en ekki skipulega þannig að mjög er misjafnt hvað hefur verið skráð, á hvaða formi það er og hversu nothæfar og aðgengilegar upplýsingarnar eru. Frá 1994 hefur verið unnið á vegum Fornleifastofnunar að þróun skráningarkerfis sem miðar að því að samræma aðferðafræði, gera gagnaöflun skjótvirkari og markvissari en áður hefur verið og tryggja að þær upplýsingar sem safnað er komi að fullum notum fyrir hina ýmsu aðila sem á þeim þurfa að halda.

Skráningarstarfinu er skipt í þrjú stig. Svæðisskráning felst í því að fá heildarmynd af eðli, fjölda og ástandi minja á stórum svæðum; hún er eingöngu unnin upp úr rituðum heimildum og er einnig beinn undirbúningur undir næsta stig fornleifaskráningar að því leyti að safnað er heimildum og vísbendingum um

minjastaði. Aðalskráning fornleifa felst í að staðsetja: og kortleggja minjastaði, hún er unnin á grunni svæðisskráningar en farið er á vettvang, aflað frekari upplýsinga með viðtölum og farið á alla minjastaði á svæðinu. Hverjum stað er þá lýst á kerfisbundinn hátt og hann staðsettur á korti auk þess sem skilgreind er sú hætta sem staðurinn kann að vera í vegna náttúruafla eða framkvæmda. Ekki er á þessu stigi gerð nákvæm úttekt á hverjum minjastað heldur er megináhersla lögð á að staðsetja minjarnar og afla grunnupplýsinga um stærð og lögun. Lokastig fornleifaskráningar, deiliskráning, er unnið í sambandi við deiliskipulagsvinnu og felst í ítarlegri úttekt á litlu svæði. Þá er gerð nákvæm yfirborðskönnun, reynt að staðsetja nákvæmlega hvar menningarminjar leynast undir yfirborði og gerðar uppmælingar á þeim rústum sem enn sjást á yfirborði. Reiknað er með að í fyllingu tímans verði unnt að svæðis- og aðalskrá allt landið en þriðja stig fornleifaskráningar - sem er náskýlt fornleifaskráningu í rannsóknaskyni - er aðeins unnið þar sem jarðrask er fyrirhugað.

Hefðbundin fornleifaskráning hefur svotil eingöngu miðað við fornleifar sem sýnilegar eru á yfirborði. Það er hinsvegar augljóst að aðeins lítill hluti minjastaða er enn sjáanlegur á yfirborði - á flestum þeim mannvirkjum sem byggð hafa verið í aldanna rás hefur verið byggt aftur og á 20. öld hefur meginþorra búnaðarminja verið jafnað undir tún. Rústir á yfirborði eru því tilviljanakennt úrtak og dreifing þeirra gefur aðeins mynd af ytri mörkum framkvæmdasvæða síðustu áratuga. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur verið tekið upp það nýmæli að skrá ekki aðeins þær minjar sem eru sjáanlegar á yfirborði heldur er einnig reynt að staðsetja staði þar sem vitað er að mannvirki hafa áður verið. Stórum hluta minjastaða var jafnað undir tún á þessari öld í minni núlifandi fólks og því má víðast komast að staðsetningu þeirra með allmikilli nákvæmni jafnvel þó að ekki sjái móta fyrir neinu á yfirborði. Þessi aðferð hefur ótvírætt gildi, hún eykur verulega við upplýsingasafn íslenskrar fornleifafræði, auk þess sem traust safn upplýsinga af þessu tagi er forsenda þess að hægt sé að taka tillit til fornleifa við skipulagsgerð og framkvæmdir. Það er jafnframt hagur framkvæmda aðila að slíkar upplýsingar séu til og séu aðgengilegar því að annars gætu þeir orðið að standa straum af fornleifarannsóknum er óvæntar fornleifar koma í ljós við jarðrask.

Fornleifaskráning hefur ekki aðeins gildi fyrir fornleifafræðinga vegna fornleifarannsókna eða til að fyrirbyggja skemmdir á minjastöðum. Á síðari árum hefur áhugi almennings á fornleifafræði stóraukist og þar með áhugi á að skoða fornleifar og kynnst sögu landsins gegnum minjar í landslaginu. Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að finna þá minjastaði sem henta best til fræðslu og kynningar, og sem áfangastaðir ferðamanna, erlendra jafnt sem innlendra. Slíkir staðir geta haft mikið aðdráttarafl, sé vel staðið að kynningu þeirra og fræðsluefni tiltækt.

3 Byggðasaga

Landnámabók greinir frá landnámi í Hjaltastaðarþinghá. "Uni son Garðars, er fyrst fann Ísland, fór til Íslands með ráði Haralds konungs ... Uni tók land, þar sem nú heitir Unaóss, ok húsaði þar; hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt herað til Unalækjar. En er landsmenn vissu ætlan hans, tóku þeir at ýfask við hann ok vildu eigi selja honum kvikfé eða vistir, ok mátti hann eigi þar haldask."! Samkvæmt þessari frásögn er öll Hjaltastaðarþinghá innan landnáms Una enda Unalækur rétt utan við Ketilstaði á Völlum.

Droplaugasonasaga er elsta heimild um byggð í Hjaltastaðarþinghá en þar er aðeins getið um Ketilorm frá Hrollaugsstöðum. Frá svipuðum tíma og sagan [1270] er líka skjal um reka Skálholtsstaðar þar sem Hrollaugsstaða er getið.¹ Kirkjunnar á Hjaltastað er getið í kirknaskrá frá um 1200³ og hefur hún þá sjálfsagt fyrir löngu verið orðin aðalkirkjan í sveitinni. Elsti málðagi Hjaltastaðarkirkju er frá því um 1360 og segir þar að kirkjan eigi allt heimalandið. Einnig er greint frá því að til kirkjunnar liggi lambeldi af öllum bæjum milli "hlidargardz oc niardvijkur" þannig að líklegt er að sóknaskiptingin hafi haldist svipuð um aldir, þó ekki verið af þessu ráðið hvernig sóknarmörk lágu meðfram Lagarfljóti.

¹ ÍF I, 299-300, bærinn er kallaður Ós í Þórðarbók. II, 75.

² DI II, 75.

³ DI XIII, 4

Dratthalastaðir, Stóra-Steinsvað og hjáleigur hennar (Ekra og Tjarnarból) áttu sókn til Kirkjubæjar í Hróarstungu á seinni öldum að minnsta kosti ..⁴

Nokkra jarða í sókninni er getið í fornbréfum. Þannig má sjá að árið 1365 hefur verið búið á Hreimsstöðum, Kóreksstöðum, Sandbrekku, Ósi, Hóli, og Ketilstöðum.⁵ Einnig koma ýmsir bæir í Hjaltastaðapinghá koma við sögu í Fljótsdælu. Í raun segir það ekki annað um þróun byggðar en að þær jarðir sem nefndar eru hafa verið komnar í byggð á 15. öld eða jafnvel ekki fyrr en á 16. öld.⁶ Í Fljótsdælu segir af Þorbirni bónda á Kóreksstöðum og Ásbirni sem leigði jörðina Hlaupandastaði einn vetur af honum.⁷ Á seinni öldum hefur Hlaupandagerði (nú Þórsnes) verið í landi Sandbrekku og gæti þetta hent til þess að höfundur Fljótsdælu hafi talið að land Kóreksstaða hafi upphaflega náð yfir allt land Sandbrekku. Það gæti þó eins bent til ókunnleika en Sandbrekku er einnig getið í sögunni.⁸ Óss er getið sem hafskipahafnar í Brandkrossaðætti og Fljótsdælasögu og Ós er einnig nefndur í leiðarlýsingum í síðarnefndu sögunni en bæjarins þar er ekki getið beinum orðum." Hallsteins bónda í Jórvík er getið í Fljótsdælu þar sem hann býður Þorvaldi föður Droplaugasona og hans liði vist einn vetur." Jarðarinnar Brandsstaða eða Brandastaða er einnig getið og hafa menn viljað leiða líkum að því að um jörðina Bóndastaði gæti verið að ræða því engir Brandsstaðir eru á þessum slóðum.¹¹ Aðrar heimildir benda einnig til þess að búið hafi verið á Bóndastöðum á miðöldum því að getið er um Ívar Beinteinsson sem bjó þar í byrjun 14. aldar.¹²

Fyrir 1300 er vitað um byggð á Hjaltastað, Ósi og Hrollaugsstöðum. Fyrir 1400 er búið á Hreimsstöðum, Kóreksstöðum, Sandbrekku, Hóli, Ketilstöðum, Bóndastöðum og sennilega Jórvík sem er þó ekki með vissu getið í skjölum fyrr

⁴ DI III, 239.

⁵ DI III, 232.

⁶ sbr. IBS II, 111.

⁷ ÍF XI, 259,260,268.

⁸ XI, 268.


⁹ ÍF XI, 187, 222-223, 260, 266, 268.

¹⁰ ÍF XI, 233.

¹¹ ÍF XI, 235.

¹² Biskupa sögur I, 618.

1. Yfirlitskort. Skráðar jarðir í Hjaltastaðapínghá



en 1564. Fyrst er getið ábúðar á Ánastöðum árið 1476.¹³ Jarðanna Hrójótar, Víðastaða og Stóra Steinsvaðs er ekki getið fyrr en árið 1500 og ekki greinir frá Rauðholti í heimildum fyrr en árið 1541.¹⁴ Ásgrímsstaða, Gagnstöðvar, Dala og Hrafnabjarga er ekki getið fyrr en árið 1564 og Dratthalastaðir koma fyrst fyrir í heimildum um 1570. Á svipuðum tíma greinir frá því að byggð ból séu 19 í Hjaltastaðasókn en því miður greinir heimildin ekki frá nöfnum þeirra.¹⁵ Sú tala kemur þó vel saman við tölu býla í sókninni á seinni tímum en á 18. og 19. öld voru 18 lögbýli í Hjaltastaðasókn.¹⁶

Engin ástæða er til að ætla að það hvenær jarða er fyrst getið gefi vísbendingu um hvenær þær voru fyrst byggðar og hníga ekki rök til annars en að hin fornu lögbýli í Hjaltastaðarþinghá hafi flest byggst þegar á 10. öld. Þegar ritheimildir duga ekki til má fá nokkra hugmynd um upphaf og þróun byggðar með því að skoða dreifingu kumla, kirkna og það hvernig löndum er skipt milli jarða.

Kumlafundir gefa góða vísbendingu um að á þeim stað hafi verið byggð fyrir kristnitöku, og geta því gefið vísbendingar um þróun byggðar. Tvö kuml hafa komið í ljós í landi Hrollaugsstæða og merki um eitt kuml landi Dratthalastaða. Eitt kuml er í landi Ketilstæða stutt frá Litlu-Ketilstöðum og einnig eru munnmæli um að mannabein hafi komið upp í heimatúninu þar. Sagnir greina frá því að blásið hafi upp bein á Ingveldarstöðum í landi Klúku og fornmannadys fannst í landi Hlaupandagerðis (Þórsnes). Á Víðastöðum fannst hauskúpa af manni, hrossbein og spaði úr tálgusteini í svonefndu Hoftúni og einnig má nefna að skömmu eftir aldamót fannst hauskúpa af konu nálægt Hrósgarði í landi Hreimsstæða. Tvö vopn komu úr jörð á Kóreksstöðum og gæti vel verið að þau kæmu úr kumli og nokkrir forngripir fundust í uppblæstri í landareign Hóls. Þó ekki sé óyggjandi að um kuml hafi verið að ræða þar sem mannabein hafa komið úr jörðu né þar sem munir finnast má telja slíka fundi góðar vísbendingar um heiðnar grafir. Óvenju mikið hefur fundist af kumlum í Hjaltastaðarþinghá og

¹³ DI III, 232; DI IV, 210; DI VII, 512,525; DI IX, 38.

¹⁴ DI VII, 525; DI VII, 512

¹⁵ DI XIV, 325; DI XV, 678; DI XV, 696-87.

¹⁶ Þau voru Hreimsstæðir, Hrójótur, Ánastæðir, Rauðholt, Hjaltastæður, Kóreksstæðir, Dalir, Sandbrekka, Hrafnabjörg, Ós, Jorvík, Gagnstöð, Hóll, Víðastæðir, Ásgrímsstæðir, Hrollaugsstæðir, Bóndastæðir og Ketilstæðir. Árið 1500 er Hamragerði einnig talin til Hjaltastaðasóknar en sú jörð hefur á seinni öldum átt sókn til Eiða.

heiðnar grafir. Óvenju mikið hefur fundist af kumlum í Hjaltastaðarþinghá og bendir það til að byggð hafi verið komin á flestum jörðum í hreppnum á 10. öld. Staðsetning sumra kumlanna, t.d. hjá Litlu-Ketilstöðum og Hrísgarði gætu einnig bent til að bæjarstæðin hafi þá í sumum tilfellum verið önnur en seinna varð.

Vísbendingar má einnig fá með því að athuga dreifingu kirkna og bænhusa á miðöldum. Slík hús voru miklu víðar á miðöldum en eftir siðaskipti og er yfirleitt talið að þau hafi verið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem verið hafi við hvern bæ, eins og kumlategirnir í heiðni. Sé svo þá má nota bænhus eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhus hafa verið eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhus séu seinna til komnar eða hafi a.m.k. ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar.

Fyrir utan sóknarkirkjuna á Hjaltastað eru heimildir um útkirkju á Kóreksstöðum. og aðra á Stóra Steinsvaði.¹⁸ Bænhus var á Hóli en ekki er vitað hvar þar stóð. Séra Sigmar á Skeggjastöðum á Ströndum, taldi að vestast í túni á Ekru hefði verið bænhus. Ekki er vitað á hverju þessi skoðun séra Sigmars var byggð þannig að erfitt er að fullyrða um tilvist bænhus þessa. Kóreksstaðir og Hóll voru metnar að fornu mati 20 hndr og Stóra Steinsvað var metin á 44 hndr með hjáleigunum. Ekra var hjáleiga frá Stóra-Steinsvaði og ekki líklegt að þar hafi verið bænhus sérstaklega það sem bænhus var á heimajörðinni. Öruggt er að bænhus hafi verið á fleiri jörðum í Hjaltastaðarsókn því á máldaga kirkjunnar getur um 6 bænhus sem þangað áttu sókn auk Kóreksstaða. Stóra-Steinsvað var í kirkjubæjarsókn og er þannig aðeins vitað um eitt af þessum bænhusum, það er á Hóli. Ef farið er eftir dýrleika jarða sem og landi þá mætti geta þess til að hin fimm bænhusin hafi verið á Ósi, Sandbrekku, Jórvík, Hrollaugarstöðum og Ketilstöðum. Þar sem heimildir eru óvenju ófullkomnar um bænhus í hreppnum er minna hald í þessum upplýsingum en skyldi en þær benda þó til að auk

¹⁸ DI XV, 696-87

Hjaltastaða hafi Kóreksstaðir og Stóra-Steinsvað snemma orðið meiriháttar jarðir.

Ef skipting jarða í hreppnum og dreifing bæjanna er skoðuð koma fram skýr munstur. Í fyrsta lagi eru tvö svæði þar sem bæir standa nokkuð þétt saman í hnapp, annarsvegar við engjarnar meðfram Selfljóti neðan við þar sem Selfljót beygir til austurs þar sem Kóreksstaðir, Jórvík, Sandbrekka eru með hjáleigum sínum, og hinsvegar í holtunum vestan við Selfljót þar sem Víðastaðir, Ásgrímsstaðir, Hrollaugsstaðir, Dratthalastaðir og Bóndastaðir eru. Aðrir bæir í hreppnum eru mun jafnara dreifðir. Jarðirnar utan við þessar þyrpingar eru síðan annað hvort stórar og góðar bújarðir (Ós, Hóll, Hjaltastaður, Stóra-Steinsvað) eða smábýli (Hrjótur, Ánastaðir, Rauðholt) eða meðaljarðir (Hreimsstaðir, Ketilstaðir).

Jarðirnar í þyrpingunni við Selfljót eru allt kostajarðir sem bæði áttu mikil og góð engi við fljótið og verulegt upprekstrarland. Sérílagi átti Sandbrekka mikið fjalllendi en Kóreksstaða eiga einnig verulegt upprekstrarland. Meiri landþrengsli hafa verið í Jórvík en hún hefur átt beutiland á Nýjagrasi þar sem hjáleigan Kúla eignaðist síðar land. Öfugt við þessar kostajarðir eru býlin í hinni þyrpingunni handan Selfljóts öll fremur rýr, nema helst Hrollaugsstaðir, og eiga öll fremur lítið land. Fjöldi býla á því svæði gefur þó sterka vísbendingu um að þar hafi snemma orðið öflug byggð. Á þessum munstrum má byggja tilgátu um þróun byggðar í Hjaltastaðarþinghá. Vel má vera að bú hafi fyrst verið reist á ósi enda er bærinn næst mögulegri skipahöfn við Héraðssand, en landgæði eru þar takmörkuð og ætla má að menn hafi fljótlega leitað lengra upp í landið, líklega meðfram Selfljóti. Í landnáms tíð hefur fyrirstaða helst verið af þéttum birkiskógum sem sennilega hafi þakið allt láglandi nema það sem blautast var. Það er því eðlilegast að ætla að menn hafi fyrst sest að þar sem rjóður voru í skóginum, og sérstaklega þar sem einnig var hægt að nýta slægjur fyrir búpening. margt mælir með því að í fyrstu hafi menn haldið hópinn og byggt tiltölulega þétt þar sem rjóður voru í skóginum. Seinna, eftir að byggð á slíkum stöðum hafði fests í sessi má ætla að menn hafi farið að leita landa víðar og ryðja skóga undir bú. Þá hafa önnur gæðalönd verið numin og frá því stigi málsins (þ.e. síðla landnáms tíðar) má ætla að byggð sé á stöðum eins og Hjaltastað, StóraSteinsvaði og Hóli. Önnur lögbýli eru öll mun minni og rýrari að landgæðum og

má jafnvel geta þess til að jarðir eins og Hríótur og Ánastaðir hafi frá upphafi verið leigulönd þar sem áhrifamiklir menn á gæðajörðum létu ryðja skóga og setja niður fátækari fjölskyldur. Svipað væri hægt að segja um litlar jarðir eins og Hrafnabjörg, sem ætla má að byggst hafi úr landi Óss, Gagnstöðvar sem gæti hafa byggst úr landi Sandbrekku og Dala sem augljóslega eru byggðir úr landi Kóreksstaða.

Eins og áður er getið er ekki vitað að búið hafi verið á nákvæmlega sömu stöðum á landnámsöld og síðar varð og benda kuml sem fundist hafa í Hlaupandagerði og Hóli til að í þeim byggðakjarna hafi búseta í upphafi ekki takmarkast við lögbýlin þrjú Jórvík, Kóreksstaði og Sandbrekku. Þar bendir jafnvel til að ávalt hafi verið mikið um hjáleigubýggð á þessu svæði.

Fyrsta hjáleigan sem getið er um í Hjaltastaðapinghá fyrir utan Hlaupandagerði er Guðrúnarstaðir sem taldir eru með Rauðholti í Vallaneskirkjumáldaga frá 1541. Ekki víst hvort býlið var í byggð þá, en það er örugglega í eyði seint á 18. öld. Guttormur Sigbjarnarsonjarðfræðingur gerði könnunarskurði í bæjarstæðinu og komst að þeirri niðurstöðu að mannvist væri örugglega lokið á jörðinni annaðhvort um 1477 eða 1636. Hurðabak í landi Hreimsstaða er í byggð árið 1696 en er komið í eyði seint á 18. öld. Dalsel í landi Dala var sennilega í byggð á 17. öld. Það sama má sennilega segja um Gagnstaðahjáleigu. Ekru og Tjarnarlands er ekki getið í jarðabók 1686 en talin lögbýli í bændaeign að dýrleika 10 hndr. í jarðabók 1695 og Litlu-Ketilstaðir voru í byggð á 17. öld.

Um byggð á 18 öld má sjá að enn hefur býlum fjölgað í sveitinni. Í manntali 1703 er getið um Sandbrekkuhjáleigu en ekki er ljóst hvort það var sérstakur bær eða bara annað heimili með sérstök jarðarafnot. Svínafells er fyrst getið sem hjáleigu Hjaltastaðar árið 1760. Sama ár er fyrst getið um Heyskála sem hjáleigu frá Ósi. Jórvíkurhjáleigu er fyrst getið í ferðabók Olavíusar og hafði þá verið í eyði frá 1776 en ekki er ljóst hvenær byggð hófst þar.

Á 19. öld hefur byggð sennilega haldist á flestum af fyrrgreindum jörðum þó vel sé hugsanlegt að hún hafi verið stopul. Hjáleiga Hríóts, Litli-Hríótur, var komin í eyði fyrir síðustu aldamót. Í landi Kóreksstaða var býlið Hjalli eða Stakihjalli í byggð 1844-1860. Hjáleiganna Kóreksstaðagerðis og Klúku er ekki getið fyrr en 1847 og býlið Steinbogi í landi Viðastaða fór í eyði 1833. Á Ingveldar-

stöðum í landi Hóls var búið 1848-53 en sagnir eru um að þar hafi verið fornbyli, jafnvel kirkja og kuml hafa fundist þar í nánd. Hólshjáleigu er fyrst getið í jarðatali 1847. Á Engilæk í landi Hrollaugsstaða (nú Klúku) var búið frá um 1830 til um 1900.

Fyrir utan staði þar sem ritheimildir af ýmsu tagi vitna um byggð í lengri eða skemmri tíma eru sagnir um byggð Ánastaðahjáleigu. Í landi Hjaltastaðar eru óljósar sagnir um byggð í Grafargerði og Töðuvallargerði en Halldór Stefánsson getur um eyðibýlin Hrúgustaði og Dýjastaði í sömu landareign en ekki er ljóst hvenær þar var byggð. Óljóst er einnig um byggð á Kóreksstaðaseli við Hrísa. Það sama má segja um Hrafnkelsstaði í landi Klúku. Sagnir eru um býlið Bakka í landi Hóls og einnig var þar nefnt Hólshjáleiga II og Miðbæjartóft, sem gæti vísað til þess að um fjölbýli hafi verið að ræða á jörðinni. Óljósar heimildir eru fyrir því að í landi Bóndastaða hafi verið tvö afbýli Valhnjúksstaðir og Ból.

Heimildir um hjáleigu og afbýlabyggð eru þess eðlis að erfitt er að bregða upp skýrri mynd af þróun slíkrar búsetu. Í byrjun 16. aldar hefur skipting lögbýlanna í aðalbýli og hjáleigur verið hafin og ætla má að í byrjun 18. aldar hafi flestar þær hjáleigur sem búið var á fram á 20 öld verið komnar í byggð. Á 17., 18. og 19. öld hefur verið nokkur fjöldi smábýli sem voru í byggð í skamma hríð í einu og ljóst að nokkuð þéttbýlt hefur verið í sveitinni á stundum. Oft voru það sel lögbýlanna sem gerð voru að smábýlum og þar hafa síðar verið byggð upp beitarhús, eftir að byggð lagðist af. Greinileg er að hjáleigubýggð var í hámarki á 17. öld og aftur á þeirri 19. Raunar dró minna úr slíkri byggð á 18. öld í Hjaltastaðþinghá en í mörgum öðrum sveinum (til dæmis í Fellunum) og gæti það bent til þess að Hjaltastaðþinghá hafi sloppið betur frá þrengingum 18. aldar en mörg önnur svæði. Um sveiflur í byggð á miðöldum verður minna sagt en fjöldi bæjarstaða og sagna um byggð sem benda til að þá hafi einnig verið sveiflur í byggðinni ekki síður en í seinni tíð.

4 Fornleifaskrá

Hér er birt skrá um fornleifar á öllum jörðum í Hjaltastaðapinghá. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 184 7 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-180:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og síðan er fjallað um hvern minjastað, með tilvitnunum í heimildir þar sem það á við. Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um ..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju smm.


Alls voru 757 minjastaðir skráðir á þessum 29 jörðum. Alls eru eiginleg mannvirki 655, en aðrir skráðir staðir eru 11 þjóðsögustaðir, 18 kolagrafir, 19 leiðir og götur, 3 leiksvæði barna, 12 mógrafir, torfrista, tún, vöð og fl. Af 655 minjastöðum eru minjar sýnilegar á 491 en á 164 stöðum sjást tóftir ekki lengur, flestar, eða 117, vegna þess að þær hafa verið sléttaðar undir tún en 13 hafa horfið vegna bygginga. Af þeim stöðum sem tóftir sjást eru 221 nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar en 63 eru fremur útflattar og ógreinilegar.

Á vettvangi var gert hættumat fyrir hvern minjastað. Ekki var hægt að meta hættu 176 staðanna en af hinum töldust 228 í engri hættu en 325 töldust í hættu vegna nálægðar við staði þar sem framkvæmdir af ýmsu tagi eiga sér stað, vegna rofs og ýmiskonar rasks. 28 staðir eru í mikilli hættu þar af 12 vegna gróðurs.

Á 55 stöðum hafa verið mannbústaðir, þar af um langa hríð á 29 stöðum. Flestar minjanna tengjast landbúnaði og má nefna 92 útihús, 44 stekki, 45

beitarhús, 21 myllur, 7 sel, 14 kvíar, 24 réttir og 1 smalakofa. Einnig var mótak aðeins skráð á 12 stöðum og torfrista á 2. Þá var einn meintur þingstaður skráður ásamt 10 legstöðum. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum minjaflokkum í 5 kafla.

2. Fornleifakort. Hreimsstaðir



NM-180 Hreimsstaðir

16 hdr. 1564, 1695, 1847. Bændaeign. Fyrst getið 1367: Mariukirkia a hialltastodum a ... skogarteig j hreinzstada landzmerke. - DI III, 232 sbr. - DI III, 239. cop. i Vilch. - DI IV, 221 og í [1570] - DI XV, 686-87.

1564 Tíundarreikningur - Hialltastadar þjinnnga. Hreijnstadir 16c. - DI XIV, 325 - "Hreimsstaðir eru innsti bær í Hjaltastaðarþinghá. Þetta er landmikil jörð, um 5- 6 km milli enda, og gengur innri hluti landsins eins og fleigur, um 3 km inn í Eiðarþinghá. Merki að innan (sunnan) er úr Núpsá í Fálkhamra, að austan eftir Merkisundi í Hurðarbaksá, sem ræður merkjum á kafla, en þaðan liggja þau um Hríjótarlá, út í Geitabjargadalslæk, og loks (að utan) til vesturs úr honum í Selfljót utan við Paradísarodda." SJM. Í landi Hreimsstaða er örnefnið Kirkjunes og gæti það vísað til skógarítaks Hjaltastaðakirkju. Hurðarbak var afbýli í byggð skv. jarðabók 1696 en hefur farið í eyði fljótlega eftir það og er það talið í eyðibýlaskrá í Ferðabók Olavíusar. Búskap var hætt á Hreimsstöðum 1996.

1919: tún 3,5 ha. garðar 495 m². Gamla túnið: þaksléttun milli 1930 og '40, 1947 fengin heltavél. Tún kringum steinst. íbúðarhús vélsléttað um 1950. Tún norðan við gamla túnið: ræktað af viðarmó milli 1960 og '70, líkl. 1964. Tún á Bæjarodda (austur af gamla bæjarstæði): ca 1968. Jörðin þótti fremur vel fallin til búskapar, vetrararbeit góð og góðar engjar. - SJM


Heimildamaður: Svavar Gunnþórsson fæddur að Hreimsstöðum 15.11.1926.

NM-180:001 bæjarhóll bústaður

65°27.161N 14°18.055V

Bæjarhóllinn er um 200 m norður af núverandi íbúðarhúsi. Hann er gróinn, um 23x21 m og 1,5 m hár. Hleðslur standa, svo vel má sjá herbergjaskipan. Þar sem baðstofa var er nú skúrbygging. Fjárhús, sem hafa verið í notkun fram að þessu, standa sunnan við hólinn. Þau eru í túni, tóftin er ferhyrnd 23x21 m að utanmáli og er hleðsluhæð 1,5. "Gamli bærinn stóð um 200 m utar en núverandi íbúðarhús. Aldur hans óviss, nema baðstofa er byggð var 1911 (8 x 4 m). Sneri hlið að hlaði, stafn steypdur. Stofa og eldhús niðri, tvískipt uppi. Áður var þriggja bursta bær, með fjósi undir palli og stofu í öðru húsi handan bæjardýra."

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: SJM II, 296.



NM-180:002 Dísukofi


heimild um hesthús

65°27.106N 14°18.090V

"Tvær dokkir eru í túni, og hét Dísukofahóll milli þeirra." segir í örnefnalýsingu. Dísukofi var 80-100 m norður frá steinsteypu íbúðarhúsi. Túnið á þessum stað var sléttað 1955 og sér nú ekkert til kofans. Kofinn var nefndur eftir Þórdísi nokkurri, sem átti hest, sem fóðraður var í húsinu. Kofinn var lítill og heytóft við hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

3. Fornleifakort. Hreimsstaðir - bæjarstæði



NM-180:003 heimild um hesthús

65°27.216N 14°18.050V

"Yst á gamla túninu var kallað Hesthústún . . . Framan við Hesthústúnið var Götuhústeigur." segir í örnefnalýsingu. - Um 100 m N frá gamla bæ var hesthús og hlaða. Túnið var sléttað um miðjan 6. áratuginn, líklega 1956, á svipuðum tíma og Hólshús 023. Húsin voru sambyggð hvort í framhaldi af öðru. Hlaðan var 3 m á breidd og 5 á lengd og sneri N-S. Hesthúsið var jafnbreitt, 6 m að lengd, og var hægt að hafa hesta tvístætt.

Rættuma: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hreimsstaðir, 3.

NM-180:004 Götuhús

heimild um útihús

65°27.216N 14°18.050V

"Framan við Hesthústúnið var Götuhústeigur." segir í örnefnalýsingu. Götuhús voru í túni norðan við gamla túnið, um 50 m hánorður af gamla bænum, útihús með heytóft. Móta mun fyrir tóftinni þegar tún er nýslegið. Í sléttuðu túni, húsið var rifið. Það var 7 metra langt og 3,5 m breitt og 2,5 m löng heytóft við syðri enda þess.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hreimsstaðir, 3.

NM-180:005 garðlag

vörslugarður

65°26.903N 14°17.099V

Um 100 m suður af steinsteyptu íbúðarhúsi sér móta fyrir garðlagi, sem liggur undir kletti áleiðis suður að Selfljóti og mótur fyrir óljóst áfram til norðausturs. Garðurinn gæti hafa náð að gamla túngarðinum. Alls sést hann á rúmlega 300 m kafla, hann er 1-2 má breidd, víðast mjög óglöggur. Grasi vaxinn mói undir kletti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:006 tóft af rétt

65°26.964N 14.18.282V

Rétt er sunnan við bæ, við Selfljót, um 200 m SV frá steinsteyptu íbúðarhúsi. Á bakka Selfljóts, vaxin háu grasi. Tóftin er ferhyrnd 14x7 m að innanmáli og um 1m á hæð. Þessi rétt er talin vera eldri en frá 1925 og var notuð fram á miðjan 6. áratuginn, en þá var byggð önnur úr timbri. Veggþykkt 0,8 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:007 Hurðabak bæjarstæði

býli

65°27.278N 14°17.377V

UM 700 m norðaustur af

bæ á Hreimstöðum eru rústir afbýlis sem kallað er Hurðabak. Um það segir í Sveitum og jörðum: "Austan við ásinn [þ.e. Bæjarás] í hvarfi er eyðibýlið Hurðabak, við samnefnda á. Þar bjó Galdra-Imba á 17. öld, síðust ábúenda. Við umrót fyrir nokkrum árum komu í ljós hlóðasteinar, aska og gólfskán. Síðan voru þar beitarhús ..."


Í örnefnaskrá er þeim

upplýsingum bætt við að Galdra-Imba hafi verið dáið fyrir 1703 og að hún sé hinn einni þekkti ábúandi á Hurðabaki. Hurðabak er talið með Hreimstöðum í jarðabók frá 1696 og hefur sennilega verið í byggð þá. Hurðarbaks er einnig getið í eyðibýlaskrá Olavíusar.

Þessi staður er á austurbakka Hurðarbaksár, um 300 m sunnan og ofan við veginn heim að Hreimstöðum. Þar er gamalt tún með garði umhverfis, en búið er að slétta nokkuð af garðinum og gera nýtt tún norðan og austan við hið eldra. Í gamla túninu er stór grasi vaxinn hóll, 18x14 m. Á honum stóðu áður fjárhús, en ekki sést til þeirra lengur vegna sléttunar. Einnig sjást leifar af garði sem nær frá árbakkanum að hólnum og gæti hann hafa verið hluti af hringlaga garði í kringum húsin, minni en túngarðurinn. Um 50 m sunnan við hólinn er lítil tóft sem skráð er sérstaklega sbr.

030. Túngarðurinn er 031. Hóllinn er 18x14m.

Á hólnum eru glöggar tættur tvístæðra beitarhúsa, sem voru í notkun fram yfir miðja öldina. Tvö fjárhús voru á hólnum 1925 en síðar var hinu þriðja bætt við. 1956



eða 1957 var moldarveggur milli tveggja húsa rifinn þegar verið var að breyta húsunum og kom þá í ljós gólfskán þar undir. Ekki var hreyft við henni. Húsunum tveim var breytt í eitt tvístæðuhús. Húsin voru úr torfi og grjóti með járnþaki. Stafnar snéru að ánni. Þórmundur Gunnþórsson notaði þessi hús til 1972 er hann hætti búskap. Þau voru síðan rifin 1990 við riðuhreinsun, veggjum ýtt fram af hól að vestan og fyllt ofan í tættur. Sunnan við fjárhúsin var hrútakofi og stóð veggjarbrot úr honum enn 1996. Kartöflugarður ar sunnan við hrútakofann. Túnið var sléttað og stækkað fyrir nokkrum áratugum, og hafa eldri rústir þá verið afmáðar. Á loftmynd mótar þó fyrir fleiri tóftum innst á túninu eða innan við það. Í SJM II segir að gert hafi verið við túngarðinn árið 1929, og settur á hann gaddavírsstrengur.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar.

Heimildir: Ö-Hreimsstaðir, 4; SJM II, 295-96; ÓÓ.

NM-180:008 garðlag vörslugarður 65°26.915N 14°18.281 V


Í svonefndum Bergvaðsodda, suðvestur af af bænum, um 200 m suður af steinsteypu íbúðarhúsi, eru tveir garðar um þveran oddann. Grasi vaxinn mói. Eystri garðurinn er um 200 m langur, um 2 m breiður og um 0,8 m hár, nokkuð aflagaður. Um 50 m vestar er annar garður svipaður sem stefnir eins sbr. 009. Ekki sést nein hleðsla sem tengir þá en þó verður að teljast líklegt að þeir séu af sama mannvirki, e.t.v. nátthagi eða annarskonar aðhald fyrir skepnur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:009 garðlag vörslugarður 65°26.936N 14°18.289V

Í svonefndum Bergvaðsodda, suðvestur af afbænum, um 200 m suður af steinsteypu íbúðarhúsi, eru tveir garðar um þveran oddann, milli fljótsbakka. Grasi vaxinn mói.

Þessi vestari garður er um 100 má lengd, um 2 má breidd og 0,8 m hár.



Er sennilega vörslugarður af einhverju tagi og er sennilegt að hann eigi við eystri garðinn 008.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:010 Jósepstættur/Jósepshús beitarhús

65°27.597N 14°16.994V

"Tættur eru upp af Sýslumannsenni, sem heita Jósepstættur. Þar hafa verið beitarhús fram að 1920." segir í örnefnalýsingu. Í Sveitum og jörðum segir enn fremur að þar hafi 2 tíkur Galdra-Imbu náð sýslumanninum í Sýslumannsenni og drepit hann í Sýslumannsklauf skammt frá sbr. 038. Einnig að rústirnar séu komnar undir veg. Helgi Hallgrímsson lýsir tóftunum svo "Jósepstættur eru vestan undir ásnum, sem líklega heitir Grenisöxl, þar sem vegurinn beygir vestur yfir Hurðabaksá. Þar mótar fyrir gömlum túngarði umhverfis aflangan skika (um 150 x 70 m), og hefur vegurinn verið lagður í gegnum hann neðantil. Rétt fyrir ofan veginn er allstór tótt af fjárhúsi, vallgróin, og líklega má finna fleiri tættur ef vel er leitað."

Jósepstættur eru á hól rétt ofan við veg, um 200 m norðaustan við Hurðabaksá. Á

hól rétt fyrir ofan veg.

Aðaltóftin er 16x6 m að utanmáli, hleðslur 0,6 m háar. Hún er sködduð í suðvesturhorni og hefur það líklega gerst þegar vegurinn var lagður. Sunnan við þessa er önnur ekki eins glögg, um 8x5 m að utanmáli. 20-30 m austan við tóftirnar mótar fyrir túngarði en ekki sést nógu mikið af honum til að hægt sé að kortleggja hann. Garðlagið gæti bent til að á þessum stað hafi einhverntíma verið búskapur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 296; Ö-Hreimsstaðir, 2; HH.

NM-180:011 Hrísgarði

tóft+garðlag beitarhús

65°25.797N 14°18.047V

"Inn við Núpsá, þar sem hún fellur í Gilsá (Selfljót), skammt ofan við ósinn, eru beitarhúsatættur sem heita Hrísgarði (1875) ... Skömmu eftir síðustu aldamót fannst kvenmannshauskúpa nálægt Hrísgarði


[sbr. 042]; þar átti að hafa

verið reimt. Voru beitarhús þar aflögð 1875." segir í örnefualýsingu. Hrísgarði er um 250 m austan við Núpsá, austur af ármótum Núpsár og Gilsár. Í móa vöxnum lyngi og fjalldrapa.

Tóftin er aflöng og skiptist í nokkur hólf, 23x6 m að utanmáli. Norðan og austan við tóftina er túngarður og nær hann að Núpsá. Framhald á honum til suðurs sést ekki og gæti hann verið sokkinn í mýri. Garðurinn er um 2 m breiddur og 0,5-0,6 m hár. Helgi Hallgrímsson segir um þennan stað: "Á loftmynd sést sexhyrndur túngarður um ca. 70 50 m stykki, og greina má tættur efst í því og líklega einnig fyrir innan það."

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 295; Ö-Hreimsstaðir, 3; HH.



NM-180:012 garðlag landamerki

65°25.375N 14°18.079V

"Merki ævagamals landamerkjagarðs um jörðina, þar sem vötn ráða eigi mörkum, og hagagarðs yfir Bergvaðsodda þveran." segir í Sveitum og jörðum. Helgi Hallgrímsson segir um garð þennan: "Að sunnan sést þessi landamerkjagarður, frá Selfljóti upp í klettaása (Fálkhamra), um 700 m fyrir innan Hrísgarði, og síðan til norðurs, austan ásanna, út í Hurðarbaksá, sem er um 1200 m vegalengd. Á merkjum að utan er hann hins vegar ekki greinanlegur." Frá Selfljóti liggur garðurinn að klettinum Fálkahamri og sést þar vel á um 300 m löngum kafla. Þar er garðurinn um 2m á breidd og um 0,5 m háð. Hann sést einnig á mörkum milli Hamragerðis í Eiðapinghá og Hreimsstaða, þar er hann 1,5 m á breidd og 0,4 m hár. Garðurinn stefnir í átt að Hurðarbaksá sem síðan skiptir löndum. Liggur um mýrar og mólendi, sést á köflum en víða sokkinn í mýri, sumsstaðar hlaupinn í þúfur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 296.

NM-180:013 renna áveita 65°26.370N 14°17.389V
"Frá aldarbyrjun eða litlu fyrr: Leifar flóðgarða og áveituskurða á 100 hesta engi í Víðidal." segir í Sveitum og jörðum. Um 800 m langur skurður liggur eftir endilöngum dalnum. Þvert yfir hann er um 90 m langur stíflugarður. Skurðurinn er 0,5 m djúpur og um 0,3 m breidd, en hefur áður verið dýpri og breiðari. Vel gróinn uppmokstur er á skurðbarminum alla leiðina. Stíflugarðurinn er 0,5 m hár og 0,8-1 m breiður.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 296.

NM-180:014 tóft afheystæði 65°26.078N 14°17.403V
Á lágum ás austanmegin í Víðidal, um 10 m norðan við 025 er ferhyrind heytóft 4x2,5 m að innanmáli.

Hættumat: engin hætta.

NM-180:015 Kaupstaðarklauf heimild um leið 65°26.881N 14°18.066V
Um 100 m suður af bænum er skarð eða klauf milli kletta og lágu reiðgötur þar um áðurfyrr. Þessi leið var mikið farin þegar riðið var í kaupstað á Seyðisfirði, var skarðið kallað af börnum Kaupstaðarklauf. Skarðið er 10-12 m breitt.

NM-180:016 Bergvað heimild um vað 65°26.840N 14°18.451V
"Oddar heita við Selfljót. Fremsti oddinn heitir Bergvaðsoddi, kenndur við Bergvað á Selfljóti, næsti Bæjaroddi, þar næst Kirkjunes, þar næst Árnes, framan við Hurðarbaksá, næst er Hundsoddi, og sá ysti Paradísaroddi." segir í ömefualýsingu. Bergavað er framalega í oddanum sunnanmegin. Þetta vað er ekki notað lengur, nú nota menn Langoddavað, sem er norðanmegin, þegar ekið er yfir.

Heimildir: Ö-Hreimsstaðir, 1.

NM-180:017 hola kolagröf 65°25.759N 14°18.233V
Um 100 m hávestur af Hrísgarði 011, um 20 m fyrir ofan Núpsá, er kringlótt kolagröf, 1,5 m í þvermál. Í lyngi vöxnum móa.

Hættumat: engin hætta.

NM-180:018 Nibbur heimild um huldufólksbústað
Í Nípum (Nibbum) hafa menn þótt verða varir við huldufólk, og talið var að Þorsteinn Gunnarsson hefði haft kunningsskap við það. Árið 1926 sást fólk á ferð út með Selfljóti, sem menn álitu helst vera huldufólk.

Í daglegu máli er talað um Nibbur, þ.e. Heimanibbu og Fálkaöxl. Sagan um fólk á ferð út með Selfljóti er um þrjá reiðmenn, og voru þeir fremstu og aflustu með ljós. Sáust þeir fyrst á blánni niður frá Hjartarstöðum og sáu þá margir menn á ýmsum bæjum. - Önnur saga er um mann sem var á ferð milli Hamragerðis og Hreimsstaða og taldi sig hafa mætt bláklæddum konum/stúlkum sem hlógu og flissuðu þegar hann vildi tala við þær og kannaðist enginn við að neinar konur hefðu átt að vera þarna á ferð. - Svavar sagðist ekki viss nema hann hefði lesið þetta í einhverju sem Helgi Hallgrímsson skrifaði. Að öðru leyti taldi hann sig ekki vita til þess að huldufólk byggi í Nípum.

NM-180:019 garðlag túngarður 65°27.114N 14°18.071 V

Um 100 m norður af steinsteyptu íbúðarhúsi er um 40 m langt túngarðsbrot. Hann náði áður umhverfis allt gamla túnið en búið er að slétta yfir hann nær allan.

Garðurinn er nú 1-1,5 m að hæð (að innan)

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:020 frásögn um útihús 65°27.090N 14°18.092V

Um 100 m norður af steinsteyptu íbúðarhúsi, rétt norðan við læk, var tóft sem hey var oft haft í, sennilega. gamlar fjárhústættur. Túnið á þessum stað var sléttað um 1950 og sést ekki lengur til tóftarinnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:021 frásögn af heystæði 65°27.087N 14°18.038V

Um 20 m austan við útihússtæðið 020 var heytóft. Tóftin var sléttuð undir tún um 1950 og sést ekkert til hennar lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:022 hesthústóft 65°27.095N 14°18.039V

Um 100 m norður frá íbúðarhúsi, rétt norðan við læk, er tóft í sléttuðu túni. Tóftin er ferhyrnd, 5x5 m að utanmáli og eru hleðslur um 0,8 m háar. Við austurhlið hesthússins var heytóft sem ekki sést lengur. Hún var 2,5 x 4 m

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:023 Hólhús heimild fjárhús 65°27.215N 14°18.204V

Um 70 m norður af gamla bæjarhólnum 001 voru tvö fjárhús og hlaða á milli þeirra. Tún var sléttað yfir hússtæðið 1956 en þó mótar enn fyrir húsunum. Í sléttuðu túni. Fjárhúsin tóku 100 kindur, voru 26 m löng alls og 5 m breið að innan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:024 tóft af myllu


65°25.733N 14°18.209V

Við klöpp nálægt árbakka Núpsár, um 170 m suðvestan við Hrísgarði 011 er myllutóft. Nálægt árbakka, við klöpp. Tóftin er ferhyrnd, 5x4 m að utanmáli og standa grónar hleðslur um 1,2 m. Frá bug á ánni mótar fyrir um 10 m langri og 0,4 m breiðri rennu sem liggur að myllutóftinni.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

NM-180:025 tóft

Innst í Víðidal austanmegin, undir Rekstrarás, um 50 m frá læknum Leirgjótu, er tóft sem ekki er vitað hvað



hefur verið en gæti hafa verið fjárhús. Á lágum ás austanmegin í Víðidal. Tóftin er 6x2,5 m að innanmáli.

Hættumat: engin hætta.

NM-180:026 kvíatóft

65°27.230N 14°17.920V


Ofan við þjóðveg, sunnar en svonefndir Grófarklettur upp af bug á ánni, um 200 m norðaustan við gamla bæjarstæðið 001 er kvíatóft. Í móa undir grösugri brekku. Kvíarnar eru 10x4 m að utanmáli en 7x2 m að innan, hleðslur um 0,8 m háar og sést grjót í þeim. Kvíarnar hafa ekki verið notaðar eftir 1925. Umhverfis tóftirnar er rask eftir vegagerð.

Hættumat: hætta vegna rasks.

NM-180:027 tóft

65°27.325V 14°17.755V

Aflöng tóft er skammt frá kvíunum 026, sunnan undir Miðkletti, sem er einn af



svonefndum Grófarklettum. Frá kvíunum er farið upp kjarri vaxna brekku milli kletta. Tóftin er 100-150 m ofan og suðaustan við veginn. Í lyngi og kjarri vöxnum móa. Tóftin er 8x4 m að utanmáli og eru hleðslur allmikið signar, ekki meir en 0,5 m háar. Ekki er vitað hvaða hlutverk-þessi tóft hefur haft en af útliti að dæma gæti hún hafa verið stekkur

Hættumat: hætta vegna gróðurs.



NM-180:028 Stekkur stekkjartóft

65°27.227N 14°17.918V

Aðeins norðar en kvíarnar 026, sunnan við og undir svokölluðum Grófarklettum, er stekkjartóft. Í brekku undir klettóttri hlíð. Tóftin er 13x5 m að innanmáli. Klettur er notaður sem austurveggur.


Tóftin er kölluð Stekkur en hefur ekki verið notuð eftir 1925.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:029 garðlag vörslugarður

65°27.364N 14°17.455V

Leifar af 70 m löngu garðlagi sjást á vesturbakka Hurðarbaksár, sunnan við veg. Klettur er við ána austanmegin, við tún á Hurðarbaki, um 250 m sunnan við veginn og



er garðsendinn á móts við klettinn. Frá árbakkanum liggur garðurinn í vestur. Í brekku, sem vaxin er lyngi og fjalldrapa. Garðurinn er víða óglöggur, en þó má sjá móta fyrir honum á um 70 m kafla. Gæti verið leifar af vörslugarði.

Hættumat: engin hætta.

NM-180:030 útihúsatóft

65°27.208N 14°17.328V

Um 50 metrum sunnar en rústahóll á Hurðarbaki, ofar með á er stök tóft í hinu forna túni. Tóftin er 1 lx5 m að utanmáli og eru hleðslurnar um 0,6 m háar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-180:031 garðlag

túngarður

65°27.177N 14°17.376V

Túngarður er umhverfis hið forna tún og bæjarhól á Hurðarbaki 007. Hann liggur í boga frá Hurðarbaksá en búið er að slétta norðvesturendann svo ekki verður nú séð hversu stórt túnið hefur verið, en gíska má á að það hafi verið um 200x70 m. Innan túngarðsins er garðbútur, leifar afinnra garði, sem gæti hafa girt af bæjarhólinn einan. Sá bútur er um 25 sunnan við hólinn og nær út að Hurðarbaksá. Umhverfis gamalt tún. Gert var við garðinn 1929 og þá settur gaddavírsstrengur á hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II.

NM-180:032 kolagröf

65°27.492N 14°16.342V

Austan við Jósefstættur 010, austan við veginn að Hreimstöðum er klettaásinn Marköxl og austan við hann Grenisöxl. Austan við hana er Grenisaxlarvatn, einnig kallað Veiðivatn. Á austurbrún grenisaxlar, nærri suðurenda vatnsins og um 20 m frá klettsbrúninni er kolagröf Hún er um 600 austan við veg. Þýft lyngi vaxið land uppi á öxlinni austantil. Gröfin er kringlótt, 1,5 m í þvermál og um 0,5 m djúp.


Hættumat: engin hætta.

NM-180:033 tóft

65°27.512N 14°16.324V

Á austurbrún Grenisaxlar um 10 m suðaustan við kolagröfina 032 er ferhyrmd tóft vaxin lyngi og fjalldrapa. Í lyngi vöxnu og þýfðu landi. Skarð eins og dyr er á austurvegg. Tóftin er 6x5 m að utanmáli. Um 3 m vestur afvesturvegg er stór kolagryfja, 1,5 í því., 0,5 djúp. Hugsast gæti að tóftin sé viðlegustaður kolagerðarmanna.

Hættumat: engin hætta.



NM-180:034 kolagröf

65°27.504N 14°16.347V

Á austurbrún Grenisaxlar, um 20 m suðvestur af tóftinni 033 er enn ein kolagröf Í lyngi vöxnu og þýfðu landi. Þessi gröf er kringlótt, um 2 m í þvermál og um 0,5 m djúp.

Hættumat: engin hætta.


NM-180:035 fjárhústóft+ garðlag

65°26.759N 14°17.587V

Uppi á svonefndri Fálköxl, um 500 m suðaustur af bæ, er tóft. Um 3 m sunnan við hana er mjög útflattur garður, lyngi vaxinn og kominn í þúfur. Hann virðist ná brúna á milli á öxlinni. Þýft lyngi vaxið land uppi á hæð eða kletti.

"Stekkar:?. Ekki er getið um neinn stekk í heimildum. Líklegt er að þeir hafi verið austan undir Nípunum (Nibbunum), en svo nefnast klettaásar SA af bænum. Á

loftmynd virðist vera garður þvert yfir austustu nípuna (Fálkanípu?) utantil, og gæti þar hafa verið stekkur." segir Helgi Hallgrímsson um þennan stað. Tóftin er tvískipt,



10x5 m að utanmáli og standa hleðslur um 0,4 m hár. Garðurinn er 1,5 m breiður og 0,4 m hár. Svavars Gunnþórsson bóndi telur líklegt að þarna hafi verið sauðahús en ekki er þó vitað um það með vissu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH.

NM-180:036 tóft afheystæði

65°26.450N 14°17.454V

Í Víðidal, 50 m norðar en stíflugarður 0 13 er tóft við hliðina vestanmegin í dalnum. Dalurinn sem tóftin er í er mýrlundur og vaxinn grasi og lyngi. Tóftin er 4x3,5 m að utanmáli, hleðslur 0,4 m háar. Gæti hafa verið heytóft en ekki hefur hey þó verið haft þar eftir í manna nunnunum.

Hættumat: engin hætta.

NM-180:037 kolagröf

65°25.702N 14°18.186V

70 m suðaustur af Hrísgreiði er óregluleg kolagröf. Í lyngi vöxnum móa. Gryfjan er 1,5xl,3 m

Hættumat: engin hætta.

NM-180:038 mannabein legstaður

65°25.797N 14°18.047V

"Skömmu eftir síðustu aldamót fannst kvenmannshauskúpa nálægt Hrísgreiði [011]; þar átti að hafa verið reimt. Voru beitarhús þar aflögð 1875." segir í örnefnalýsingu. Hauskúpan bendir til að þarna hafi verið fornt kuml." telur Helgi Hallgrímsson. Farið var með höfuðkúpuna til Eiða og er talið hugsanlegt að þaðan hafi hún farið á Þjóðminjasathið

Heimildir: Ö-Hreimsstaðir, 3; SJM II, 295; HH.

NM-180:039 kolagröf

65°27.703N 14°16.218V

Kringlótt kolagröf er austan við Grenisöxl, 70-80 m N við Grenisaxlarvatn. Í þýfðum, lyngi vöxnum móa. Gryfjan er kringlótt eða aðeins ílöng, þvermál á annan veginn 1,5 m en 2 m hinn (nv-sa-stefna á lengri veginn)

Hættumat: engin hætta.

NM-180:040 náthagi

65°27.616N 14°16.177V

Úr klettum í Grenisöxl austanverðri og niður á vatnsbakka (Grenisaxlarvatns) liggja tveir garðar og mynda þannig afgirt hól. Lág milli tveggja ása og stöðuvatn í. Garðarnir eru um 30 m langir og eru um 130 m á milli þeirra. Um 30 m norðan við nyrðri garðinn eru ummerki um mjög sokkinn grjótagarð þvert yfir lágina milli Grenisaxlar og Vegaxlar, sem er austan við og einnig virðist hafa verið garður úr honum beint á vatnið fyrir norðurenda þess miðjum. Báðir eru þessir síðarnefndu garðar afar óglöggir. - Mæling er tekin á nyrðri garðinum.

Hættumat: engin hætta.


NM-180:041 tóft af rétt

65°27.171N 14°18.121V

Um 20 m vestur af gamla bæjarstæðinu 001 er réttartóft. Hún stendur á hólnum sem kallaður er Bæjarhóll. Tóftin er óglögg, uppmokstri úr súrheysgryfju var steipt ofan í hana. Talið er líklegt að þetta hafi verið hestarétt. Dyr eru í suður. Veggir eru um metri á þykkt og er réttin líklega öll byggð úr torfí.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


4. Fornleifakort. Hrjótur



NM-181 Hrójótur

8 hdr. 1500. 6 hdr. 1695, 1847. Skriðuklausturseign frá 1500. Fyrst getið 22.10.1500 en þá lýsir Þorvarður Bjarnason því að hann og Ingibjörg Ormsdóttir kona sín hafi gefið Skriðuklaustri 'jordena alla hriot fyrir atta hundrud og halfuan hamragard fyrir ijc er liggur j hialltastadar kirkjusokn' sér til sáluhjálpar. - DI VIi, 525. "Hrójotarland liggur ofan (austan) við land Hreimsstaða, en nær ekki eins langt suður, og eru mörk milli jarðanna um Hrójotarvatn og Ánavatn (Ánastaðavatn). Að sunnan eru mörk við Hamragerði í Eiðapinghá, eftir fornum merkjagarði á miðjan Sjónarás. Að utan lína úr Ánavatni um Merkienni og Goðrúnarstein í Hvannfell. Að ofan ræður Hölná merkjum." SJM II. Bærinn fór eyði 1940.

1919: tún 2,5 ha. garðar 435 m². "Bærinn stóð örskotslengd neðan við Tittlingsklett . . . túnið fremur lítið með stórbýfðum reitum og greiðfærum hólum og hallaði mjög niður að aðalengjastykki jarðarinnar, Hrójotarblá. Bláin er nær hallalaus votlendisbreiða innan frá Hurðabaksá og út að Ánavatni, gróin rauðbreiskingi. Mógarðar þaktir fjalldrapa skipta henni í ker eða reiti. Ofan við blána liggja viðar- og lyngásar reglulega út og fram. Engjar voru þar á reytingi í þröngum bleytusundum hálfgrösum vöxnum nokkuð víðlendar slægjur, en torsóttar og langsóttar ofan ásalandsins svokallaðir Hálsar með brok- og ljósalykkjuflóa milli grýttra hávaða. Bæjarmýri heitir austur af bæ." SJM II, 297.




5. Fornleifakort. Hrójótur - bæjarstæði

NM-181:001 bæjarhóll bústaður


65°26.835N 14°14.787V

"Bærinn stóð í túnhallinu, sá síðasti með tvær burstir suðvestur á hlað, nyrst í þorpi og



kofahlið, en að baki þrepabaðstofa, með eldhús í norðurenda og hjónahús móti suðri, og útsýn um sex rúðu stafnglugga suðvestur um Hérað." segir í Sveitum ogjörðum.

Bæjarrústin er enn óhreyfð, vaxin miklu grasi, og í varpanum framan við hann er matjurtagarður, alvaxinn rabbarabara með allt að mannhæðarháum njólum. Sauðfé gengur í túninu og leitar sér skjóls í tóftinni, nokkurt rof er í henni vestanverðri vegna þess



Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: SJM II, 297.

NM-181:002 Ærhús

fjárhústóft

65°26.872N 14°14.700V

"Austurhluti túnsins var kallað Ærhústún. Þar stóðu fjárhús, kölluð Ærhús (fleirtala)." "Milli Ærhústúns og aðaltúnsins var mýrarsund, nefnt Bæjarsund, framhald af Kvíasundi " segir í örnefnalýsingu. - Ærhús er austast í túni, austan við Bæjarsund sem skiptir túninu og liggur nálægt því norður

og suður. Tittlingsklettur (022) er beint upp af bæ, með standbergi bæjarmegin. Ærhústóftin er utan og neðan við hann. Í túni. Tóftin er þaklaus en veggir standa allvel, þó víða byrjaðir að síga og bjagast.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.

NM-181:003 Kvíaklettur

kvíatóf


65°26.875N 14°14.685V

t

Kvíatóft 5,5x2,5m utanmáls, er um 20 m suðaustur af Ærhúsi 002, uppi við klett og austan megin við hann. Kletturinn heitir Kvíaklettur og Kvíasund heitir framhald Bæjarsunds (sbr. 002) í brekku við klett.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.

**NM-181:004 Götuhús**


fjárhústóft

65°26.876N 14°14.794V

"Neðan við sundið, gegnt Ærhúsunum [002], var fjárhús nefut Götuhús." segir í örnefualýsingu. Tóft Götuhúsa er norðan við bæjarrúst 001, austan við Ærhús 002. Hún er ferhyrnd, 14x6,5m utanmáls, hleðsluhæð er 1,5.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.


**NM-181:005 hesthústóft**

65°26.799N 14°14.820V

"Fremsti hluti túnsins var kallað Hesthústún. Þar stóð Hesthús. Auk þess voru þar mikil garðlög o.fl. rústir." segir í örnefualýsingu. Hesthústóftin er við túngarð, í horni túns, suðaustur af bæjarstæði 001. Í túni, tóftin er ferhyrnd, 8,5x5,5m að utanmáli, hleðsluhæð 1m. Tóftin skiptist í tvö hólfi og er greinileg grjóthleðsla að innanverðu í öðru.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.

**NM-181:006 Skálahóll tóft**

65°26.889N 14°14.825V

"Neðan við Götuhús er hóll, sem heitir Skálahóll. Þar eru fornar rústir, e.t.v. skálarúst." segir í örnefualýsingu. - Um 20 m vestur af Götuhúsi 004 og álíka norðarlega í túni og það er hóll og í honum ílöng <lokk eins og ógreinileg tóft 10 x 5,5

m. Í túni. Þessi tóft er greinilega mun eldri en þær sem uppi standa í túninu.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.

NM-181:007 garðlag

túngarður

65°26.799N 14°14.876V


"Fremsti hluti túnsins var kallað Hesthústún. Þar stóð Hesthús. Auk þess voru þar



mikil garðlög o.fl. rústir." segir í örnefnalýsingu. Garður sést sunnanvert við tún, bogadreginn. Hann sést glögg á 70 m kafla vestur frá Hesthústóft 005 og að ánni, og frá Hesthústóft til norðurs að sundinu í túninu (Bæjarsundi). Hlið er á garðinum um 20 m frá ánni. 10-15 m sunnan við garðinn eru leifar annars yngra garðlags, það er hleðsla undir vírgirðingu, þráðbein. Garðurinn er um 1 m breiður og hæstur um 0,5 m. Mæling á garðinum er ca 60 m S af bæ (suðv.horni á kálgr.).

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.



NM-181:008 útihúsatóft

65°26.83 N 14°14.865 V

"Fremsti hluti túnsins var kallað Hesthústún. Þar stóð Hesthús. Auk þess voru þar mikil garðlög o.fl. rústir." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m suður af kálgarði við bæjatóft 001 er einstök, ferhyrmd tóft í túni 9,5x5m utanmáls, hleðsluhæð um 0,6m


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 5.

NM-181:009 hleðsla

mylla

65°26.923 N 14°14.923 V



"Milli Hrjótarfells [sem er upp af bænum] og Bugáss er mjótt sund, sem heitir Bug(a)sund. Eftir sundinu rennur lítill lækur, sem heitir Myllulækur. Í hann var veitt vatni úr Hrjótará, til þess að knýja vatnsmyllu, sem er nú löngu eyðilögð." segir í örnefnalýsingu. Myllulækur er um 400 m framan við bæ, og Kvíaklettur milli hans og túnsins. Veggjarstúfur sem er sennilega leifar af myllunni er á suðurbakka lækjar, sem fellur norðan túns og út í ána, hásuður af rétt 012 sem er við Brunnklett

vestanverðan. Tóftin er 1,2x0,5m utanmáls, hleðsluhæð er 0,4 m. 2-3 umför steina eru í veggnum og sér í timbur á milli. Gætu verið leifar af myllukofa, einum vegg hans, og hinir væru þá horfnir vegna þess að lækurinn hefur grafið undan þeim.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 4.

NM-181:010 kolagröf

65°26.276 N 14°15.382 V

"Á holtinu milli Hrjótarár og Hurðarbaksár er ógrynni kolagrafa. Kolagrafir eru víða á holtum í nágrenninu." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 4.

NM-181:011 kvíatóft


65°26.778N 14°14.825V

"Kvísl úr þessum læk var veitt heim á tún, eftir svonefndu Kvíasundi, og heitir þar Bæjarlækur. Utan við Myllulækinn, rétt framan við túnið, er Kvíaklettur. Þar voru kvíar ... " segir í örnefnalýsingu. - Kvíatóft er um 45 m beint suður af túngarði, í klauf milli kletta sem er framhald dokkarinnar sem skiptir túni í tvennt. Undir kletti, er ferhyrnd tóft 4,5x2m að utanmáli hleðsluhæð 0, m. Lítil ferhyrnd tóft og stakur veggur sunnan við hana.

Grjót sést í veggjum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 4.


**NM-181:012** tóft afrétt

65°26.849N 14°14.587V

"Austan við Tittlingsklett er þröng skora, sem heitir Tittlingsklettsklauf Austan við klaufina er nafnlaus klettur. Þar næst heitir Réttarklauf og Réttarklettur. Þar var fjárrétt ... " segir í örnefnalýsingu. - Milli kletta er mjó dokk og er hlaðið um hana þvera á tveimur stöðum. Réttin er 4,5x8,5m að innanmáli, hleðsluhæð 0,3m

Hættumat; engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 4.

**NM-181:013** *Brunnklettur* örnefni

brunnur 65°26.943N 14°14.853V

"Utan við túnið heitir Brunnklettur." segir í örnefnalýsingu. Réttin 033 er vestan við Brunnklett en ekki fannst neinskonar uppspretta þar í grennd við leit 1997.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 4.

NM-181:014 stekkjartóft

"Norður af Bæjarás er starartjörn, sem heitir Bæjartjörn. Vestan við hana heitir Stekkjarklöpp, neðan við Bæjarásendann. Þar eru rústir af stekk." segir í örnefnalýsingu. Helgi Hallgrímsson lýsir staðnum svo: "Stekkjarklöpp er beint niður af bænum, um 500 m, neðan við Bæjartjörn, sem er í viki SA úr Hrjótarblá. Þar er greinileg stekkjartóft,

vestan undir kletti, og er kletturinn notaður sem annar langveggur. Mikill grasvöxtur er á stekknunum, og sést hann langt að sem grænn blettur." - Stekkurinn er efst í brekku neðan undir kletti. Stekkurinn er grjóthlaðinn utan í klettinum, þannig að kletturinn myndar eina langhlið hans. Hann er tvískiptur, fremra hólfið (suðaustanmegin) er um

65°26.994N 14.15.453V




10x5 m en það aftara 5x3 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 3; HH.

NM-181:015 heystæði

65°27.012N 14°15.362V



"Útan við klettinn [hjá stekkjartóftinni 014] er heystæði." segir í örnefnalýsingu. Heytóftin er á barði norðaustan í Stekkjarklöpp. Framan við tóftina er mýrarsund, þar sem vex melgresi. Tóftin er 3x4 m, opin til norðausturs. Klöppin myndar bakhlið tóftarinnar.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 3.

NM-181:016 Litli-Hrjótur

býli

65°27.033N 14°14.576V



"Austan við Brunnklett, milli hans og Bæjarhjalla [hjallans sem gengur út frá bænum] er Bæjarmýri. Út af Bæjarmýri og Bæjarhjalla er mólendi, sem heitir Vörðuseti. Fremst á Vörðuseti eru rústir af eyðibýli, sem kallað var Litli-Hrjótur. Það fór í eyði nokkru fyrir síðustu aldamót. (Setarnir eru lágir hjallar ...)." segir í Sveitum og jörðum. "Á breiðum hjalla upp

af mýrinni er Litli-Hrjótur ... Litla-Hrjótar getur ekki í eyðibýlaskrá, raunar óvíst um byggð þar, en tættur þó með mannvistareinkennum." segir í ömefualýsingu. - Tóftir Litla-Hrjótar eru 30-40 m norður af mógröfum 034 norðan bæjar. Í holti, lyngi vöxnu, milli mýrar og kletta. Svæðið er alls um 20 x 10 m, girt óglöggum garði. Það er allt hlaupið í þúfur. A.m.k. 3 litlar tóftir sjást innan garðs, 6x3, 5x3 og 3x3 m, og gætu verið fleiri.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 297; Ö-Hrjótur, 5.

NM-181:017 Bugtættur beitarhús

65°26.26N 14°14.917V

"Tvenn beitarhús, önnur frammi og uppi af bæ, aflögð um eða eftir aldamót, vegna þess að lækur stíflaðist, fyllti húsin og drekkti sauðunum, hin úti og uppi af bæ,



gömul." segir í Sveitum og jörðum. "Útan við Hrjótará, þar sem hún beygir til norðurs, heitir Bugás. Fremst við ána voru beitarhús, nú kölluð Bugtættur." segir í ömefualýsingu. - Bugtættur eru um 30 m norðvestan við þar sem Myllulækur kemur út úr Hrjótará. Á skógarholti. Sambyggð fjarhús og hlaða. Fjánhúsið er um 8x3 m, dyr til SA og garði eftir

því miðju. Hlaðan virðist tvískipt, fyrst 1x3 m hólf, þá 2x3


m. Innangengt er úr fjárhúsi í hlöðu.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

NM-181:018 beitarhúsatóft

65°27.047N 14.13.521V

"Tvenn beitarhús, önnur frammi og uppi af bæ, aflögð um eða eftir aldamót, vegna þess að lækur stíflaðist, fyllti húsin og drekkti sauðunum, hin úti og uppi af bæ, gömul." segir í Sveitum og jörðum. "Út og niður af Digruvörðu, neðan við Hábrún [sem er niður af Hvannfelli] eru urðarhæðir kallaðar Hraun. Neðan við



Hraunin er dalskora, kölluð Hrafnadalur (eða Hrafnisdalur). Milli Hrafnalds og Ánastaðaár er Tunguás. Yst á ásnnum voru beitarhús, nafnlaus." segir í örnefnalýsingu. Þessi beitarhús standa á hjalla um 40 m austan og ofan við Staðará þar sem hún tekur sveig ofan Ánastaða framan við kletta, norðaustur af Hrjótarklettum, hinumegin árinna. Tvískipt fjárhús og hlöðutóft. Fjárhúsið stendur frammi á brekkubrún. Það er 8x3 m og eru dyr á báðum endum. Grjót sést í hleðslum, en tóftin er annars mjög gróin lyngi og víði. Um 1 m aftan við fjárhúsið er heytóft, 2x3 m. Veggir hennar eru óverulegir, um 0,5 m breiðir og 0,2 háir. Hún er vaxin svipuðum gróðri.

Hættumat: engin hættu.

Heimildir: SJM II, 297; Ö-Hrjótur, 4.

NM-181:019 Selhjallar örnefni sel

"Neðan við Gemlingshamar heita Selhjallar. Á hjöllumnum eru smátjarnir, sem heita Seltjarnir." segir í örnefnalýsingu. Gemlingshamar (eða Geldingshamar) er á merkjum við Hamragerði (hreppamörkum), líklega punkturinn sem merktur er 489 m á korti. Eftir örnefnum þessum að dæma hefur verið sel á þessum slóðum, en það gæti eins hafa verið í löndum Hamragerðis eða Hjartarstaða og engar tóftir eru greinilegar á hjöllumnum eða í nánd við þá.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 4.


NM-181:020 Lambatættur (Lambanesþing)

tóftir+ garðlög

65°26.662N 14°15.875V **Friðlýstar minjar**

"Austan við Hrjótarvatn og út af Sjónarás heita Lambatættur. Þar eru taldar 24 tættur, sem hafa staðið í hvirfingu. Tilgáta er að þarna sé forn þingstaður, Lambanesþing (sbr. Fljótsdælu). Rétt við tóftirnar er hólmi í vatninu (nafnlaus), sem hefur áður verið landfastur (nes). Þar utan við heitir Vatnsskógur. Þar var skógarkjarr fram undir síðustu aldamót." segir í örnefnalýsingu. Ofan við hólmann í Hrjótarvatni er klettahæð sem nær um 130 m til austurs frá vatninu. Tóftirnar eru á hæð þessari og umhverfis hana. Mjög efnismikill garður liggur einnig upp frá Hrjótarvatni austur fyrir hæðina út að lítilli klettahæð norðan við hæðina og þaðan í vatnið aftur. Garðurinn er sokkinn og útflattur, um 2 m breidd, þar sem hann er mestur. Hann er þó ennþá mjög greinilegur og stendur í allt að 1 m hæð þar sem hann er hæstur. 2 hólfr eru utan í garðinum, í suðaustur horni hans, þau eru um 10x20 m að innanmáli og hólfr er einnig austur undir klettahæðinni.

Garðurinn liggur umhverfis allt svæðið nema meðfram Hrótarvatninu. Átta tóftir eru mjög greinilegar. Norðan við hæðina er nokkuð stórt, fremur sléttlent svæði. Þar eru tvær greinilegar tóftir, önnur líklega fjárhús og hlöðutóft. Mjög er stórpýft og mikill gróður á svæðinu og kunna þarna að vera fleiri tóftir. Fjárhús og hlöðutóftin standa á dálitilli upphækkun, líklega vegna endurbygginga Tveir



stórpýfðir hólar eru undir brekkunni og kunna þar að hafa verið tóftir. Ofan á hæðinni eru 3 greinilegar tóftir, ein smátóft 2x5 m liggur suðaustur á klettabrúninni.

Suðvestan við miðju hæðarinnar er fjárhús og hlöðutóft, sem virðist yngst tóftanna á svæðinu, vaxin grasi. Hún er niðurgráfin hæðina.

Vestast á hæðinni er svo þríhólf tóft og kunna að hafa verið fleiri tóftir umhverfis hana. 4 smátóftir eru utan garðsins

og mótar fyrir nokkrum ógreinilegum tóftum innan garðs. Garðurinn, sem og allar tóftir nema fjárhúsið fyrir miðju hæðarinnar (sem vaxið er grasi) eru orðnar mjög þýfðar og grónar lyngi. Margar svarðargrafir eru innan svæðisins.

"Allar fornar tóftir og girðingar á klettahjalla norðaustan í Sjónarás, milli Hurðabaksár og Hrótavatns, þar sem ætla má að hafi verið Lambanessþingstaður í fornöld." segir í Friðlýsingaskrá. Garðlag liggur frá klettahæðinni fram á oddann sem hólminn er framan við. Framhald virðist á garðinum í því horni hólmsins sem liggur að landi. Svæðið er 200x150 m þar sem það er breiðast. Kristján Jónsson lýsir rústum í

Lambanesi svo í grein í Árbók fornleifafélagsins 1924: "liggja fornir garðar úr báðum vatnsendum vestur í ána, og er mjög sennilegt, að þar hafi verið lambaáheldi eða hagi til forna og af því hafi nesið fengið nafnið Lambanes. Þingstaðurinn er afgirtur; jeg hef gert lauslega mælingu af því öllu og reiknast mjer svo til, að garðurinn, sem liggur upp frá vatninu að framan eða vestan, muni vera um 70-80 faðma. Garðurinn að austan rúma 100 faðma, en garðurinn sem liggur aftur í vatnið að norð-austan, um 40 faðma. Út úr aðalgirðingunni að sunnanverðu er hringamynduð eða bogadregin girðing, sem skift er í tvent með þvergarði. Allur er bogadregni garðurinn um 60 faðma, en hvor girðingin fyrir sig um 40 faðma í hringmál. Ennfremur er hringamynduð girðing austur úr aðalgirðingunni um 40 faðma í hringmál. Einnig er einhverskonar girðing fast niður við vatnið, sem líkist rjett eða þess konar. ... Á öllum þingstaðnum hef ég talið frá 15-20 búðartóftir, frá 12-40 álnir á lengd, en þær hafa líklega verið fleiri, því þar sem hjallinn er hæstur eru lítilsháttar verksummerki eftir seinni aldar menn, en þar hafa búðirnar staðið þjettast, enda verið hættast þar að blása upp."

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 2; Kristján Jónsson: "Um Lambanesþing o fl", Árb 1924, 38-39; Fornleifaskrá; HH.

NM-181:021 náthagi

65°26.174N 14°16.354V

"Neðan við Hurðarbaksá, sem afmarkar vestasta hluta landsins, heitir vestasti hlutinn Hagi, milli árinna og Hrjótarvatns." segir í örnefnalýsingu. - Tveir garðar liggja úr suðvesturenda Hrjótarvatns niður í Hurðarbaksá. Þeir liggja með 100 m millibili úr vatninu um 3 00 m vegalengd niður í Hurðarbaksá. Garðarnir eru mest um 1 m á breidd, lyngi vaxnir, þýfðir og jarðsokknir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrjótur, 2.

NM-181:022 *Tittlingsklettur* huldufólksbústaður

65°26.782N 14°14.845V

"Tittlingsklettur, hamar ofan við bæinn, hefur stundum sýnst uppljómaður af ljósum. Þar hefir allt til þessa heyrst söngur, barnsgrátur og skakhljóð. Hefir hann verið talinn höfuðból álfa. Það hefir líka borið við, að þar hafa sést þrúðbúnir menn." segir í þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar.

Heimildir: ÞSS III, 28.

NM-181:023 *Brunnklettur* huldufólksbústaður

65°26.935N 14°14.728V

"Í Brunnkletti, Háuklöpp (fyrir neðan bæ) og Hrjótarfelli er einnig talið að séu bústaðir huldufólks." segir í vættaskrá Helga Hallgrímssonar.

Heimildir: HH.

NM-181:024 *Háuklöpp* huldufólksbústaður

65°27.230N 14°14. IOSV

"Í Brunnkletti, Háuklöpp (fyrir neðan bæ) og Hrjótarfelli er einnig talið að séu bústaðir huldufólks." segir í vættaskrá Helga Hallgrímssonar.

Heimildir: HH.

NM-181:025 *Hrjótarfell* huldufólksbústaður

65°26.796N 14°14.032V

"Í Brunnkletti, Háuklöpp (fyrir neðan bæ) og Hrjótarfelli er einnig talið að séu

bústaðir huldufólks." segir í vættaskrá Helga Hallgrímssonar. Á Hrójótarfelli er stór varða hlaðin af Sveini Einarssyni veggheðslumanni frá Hrójóti.

Heimildir: HH.

NM-181:026 kolagröf

65°27.356N 14°14.024V

Tvær kolagrafir eru um 50 m sunnan við foss í Ánastaðaá. Miðja vega frá Ánastöðum upp að Hrójótarfelli. Undir klettaholti á skóglausu rjóðri. Önnur gröfin er hringlaga 1 x 1 m og hin ferhyrnd 1 x 1 m.

Hættumat: engin hætta.

NM-181:027 kolagröf

65°26.641N 14°15.795V

Við Hrójótará, ofan við eystri bakka á móts við Sjónarás er urmull kolagrafa. gröðurs Ein gröfin er stór 2 x 1 m, hringlaga og um 0,3 m djúp.

Hættumat: engin hætta.

NM-181:028 Vatnsskógur

kolagröf

65°26.288N 14°16.403V

Á holti ofan við Hrójótavatn, fyrir því miðju, eru margar mjög stórar kolagrafir, allt upp í 2 m í þvermál.


Hættumat: engin hætta.

NM-181:029 garðlag

landamerki


65°27.330N 14°14.445V

Landamerkjagarður er á mörkum milli Hrójóts og Ánastaða. Mörkin liggja úr lækjarós handan Ánastaðavatns. Garðurinn sést á a.m.k. 200 m kafla og stefnir NV-SA. Móar vaxnir lyngi og fjalldrapa. Garðurinn er mikill og útlattur, nálega 3 m (2,5-3 m) á breidd nú. Rof er í hann sumstaðar.



NM-181:030 útihúsatóft 65°26.833N 14°14.849V Suðvestur af bæjarrúst, um 10 m frá kálgarðshorni er aflangur, óglöggur, rústahóll, snýr því sem næst A-V. Í túni. Rústahóllinn er 7x4 m. Gæti hafa verið fjárhús.

Hættumat: engin hætta.



NM-181:031 útihúsatóft 65°26.923V 14°14.872V


Um 40 m NV af bæjarrústum 001 er ferhyrnd útihústóft. Í þýfðu túni

Hættumat: engin ætta.

NM-181:032 tóft 65°26.901N 14°14.715V

Um 30 m ASA af Ærhúsi 002 er niðurgrafið mannvirki, 3x1,5 að innanmáli, í lyngi og grasi vöxnum móa. Lítur út sen náttúruleg laut hafi verið nýtt, e.t.v. grafið úr, svo hún yrði regluleg í lögun, og hlaðið fyrir neðri (nyrðri) enda. Hleðslan er skýr, og er þetta trúlega ekki mjög gamalt. Notkun er ekki þekkt en gæti hafa verið stekkur.


Hættumat: engin hætta.



NM-181:033 tóft af rétt
65°26.943N 14°14.853V

Réttartóft er norðan við tún á Hrjóti vestan undir kletthæð sem heitir Brunnklettur, sbr. 013. Mói vaxinn grasi og fjalldrapa. Tóftin er ferhyrnd 8x6m að innanmáli, hleðsluhæð 0,4m. Op í suður, að bæ. Klettur notaður sem ein hlið. Tæplega tveimur m innan við suðurhlið er slitrótt röð af steinum sokknum í jörð, eins og þar hafi verið milliveggur eða skilrúm.

Hættumat: engin hætta.



NM-181:034 mógrafir

65°26.980N 14°14.654V

Austan við kletthæð er kölluð er Brunnklettur, sbr. 013, en vestan við lág klettabelti, sem eru hluti af Hrjótarfelli eru mógrafir. Þær eru tæpa 100 m norðaustur af bæjarhúsum í Hrjóti. Í mýrlendi, grasi vöxnu. Mógrafimar eru um 20 x 9 m svæði, í þeim miðjum hefur verið skilinn eftir veggur.

Hættumat: engin hætta.

NM-181:035 þúst

útihús

65°26.846N 14°14.914V

Um 15 m norðan við túngarðinn, þar sem hann liggur sunnan við tún, og álíka langt frá ánni, vestan túns er 6x4 m blettur, sem snýr N-S, þar sem gróður og óslétt yfirborð benda til að hafi staðið bygging. Í túni

Hættumat: engin hætta.

NM-181:036 þúst

útihús

65°26.854N 14°14.920V

Vestur af 030, um 30 m austan við ána sem rennur vestan við tún er ósléttur blettur, um 5 m í þvermál, og er gróður þar annar en umhverfis líkt því að þar hafi áður staðið bygging. Í túni.

Hættumat: engin hætta.

NM-181:037 þúst

útihús

65°26.826N 14°14.904V


Um 30 m suðvestur af bæjarrústi 001 er ósléttur blettur, um 5 m í þvermál og er gróður þar annar en umhverfis, líkt því að þar hafi áður staðið bygging. Í túni

Hættumat: engin hætta.

NM-181:038 garðlag kálgarður

65°26.93 IN 14°14.713V

Tveir gamlir kálgarðar eru norðan við tún á Hrójóti, 40-50 m N af bæjarhúsum, sunnan í Brunnkletti. Stærri garðurinn er um 8x8 m og og hinn um 6x5 að innanmáli



Suðurveggur á stærri garðinum sést ekki og norðurveggur illa, austur og vesturveggir betur. Mesta hæð 0,5 m, mesta breidd 0,5 m. Veggir hins eru misbreiðir, 0,4 m að sunnan, 0,8 m að vestan, 1 m að austan og 1,2 m að norðan. Norðurveggurinn er aðeins 2,5 m langur

Hættumat: engin hætta.

NM-181:039 varða landamerki


"Við Ánastaði eru mörk m.a. um Goðrúnarstein, áberandi bjargstein út og upp af bæ, og vörðu á Hvarmafellsbrún." segir í Sveitum ogjörðum. Ekki skráð 1997

Heimildir: SJM II, 297.

NM-181:040 garðlag landamerki

"Að sunnan eru mörk við Hamragerði í Eiðaþinghá, eftir fornum merkjagarði á miðjan Sjónarás." segir í Sveitum ogjörðum. Ekki skráð 1997.

Heimildir: SJM II.



11 hdr. 1500. 6 hdr. 1695, 1847. Skriðuklausturseign frá 1500. Fyrst getið 1470: "Kaupmala Breff ahraerande Anastade og 5c i Sandbrecku. Datum Sandbrecku 1470." - DI IX, 38. 5.6.1500 gefur Jón Koðránsson Skriðuklaustri 4 1/2 hdr í Ánastöðum og lýsir því að hann ha:fði heyrt lýsing sr. Sveins heitins Jónssonar að hann gafklaustrinu 6 1/2 hdr uppí Ánastaði með öllum gögnum og gæðum sem Ánastöðum fylgja og fylgt hafa og þeir urðu framast eigendur að - DI Vil, 486.

Ánastaðir eru næsti bær fyrir utan Hrótt í "Fjallabæjaröðinni". Merkin milli bæjanna eru dregin til austurs úr Ánavatni í Hvannfell, sem fyrr getur. Vesturmörk eru um Geitabjargalæk (Hjaltastaðalæk), og þaðan í austur um 2 km utan við vatnið upp að fossi í Hrísa, og þaðan suður í Hvannfell. Þetta er því fremur lítil jörð. Hún var Skriðuklausturseign frá um 1500, nú rikiseign. Jörðin fór í eyði 1979, en er nýttuð frá Hlégarði.


1919: tún 3 ha. garðar 453 m². "Að bæjarbaki hækkar landið. Þar er Ánastaðaháls 144 m út og upp af bæ, síðan flóaflákar, kallaðir Vellir báðum megin Vallár og þar upp af Vörðubrekka og Hvannafellshali og eru drög Hrísa ofan við Vörðubrekku. Neðan fjalls er Ánastaðaland hreint ásaland með reglulegum ásum norður-suður, en blaut sund og mýrarflákar á milli. Ofar er fjallsbrekkan, grösug og mjög vaxin lyngi, og ofan við Hrísaþrún hallalítið votlendi með rauðbreiskings- og ljósalykkjubreiðum og starapollum, melholt hér og þar um flóana ... Gamla túnið var harðlent og fremur snögglent, engjar votlendar reytingsmýrar, en sauðaland gott árið um kring og víðlent, stórgripahagar lakari. ... Meirihluti túns beðsléttaður um og fyrir aldamót." SJM II, 298-299.

Heimildamaður: Sævar Sigbjarnarson frá Rauðholti fæddur 27.02.1932

NM-182:001 bæjarhóll bústaður

65°27.868N 14°14.159V

Á bæjarstæðinu stendur nú járnklætt timburhús, 6x5 m og viðbygging austan þess að hluta úr timbri og að hluta úr torfi og grjóti. Norðan við er lágur hóll, sem gætu verið leifar annarra bygginga. Garður er sunnan við húsin. Í túni. Hóllin sjálfur er 9,5x12




m að utanmáli. Norðaustan í hólnum er þaklaus tóft, hús úr torfi og grjóti, 6x3 m, mest hæð á gafli 2 m. framhald hennar sunnar, ámóta stórt, er undir járnþaki. "Eldri hús: Baðstofa 9 x 4½ alin og önnur af ótilgreindri stærð. Bær, byggður 1936, upphaflega portbyggð baðstofa, 5 x 6 m, með torfveggjum á 3 vegu (að höfuðbitum á stöfnum), timburhlið SV á hlað. Torfveggir fjarlægðir 1947,

sett timbur og járn í staðinn. Hlóðaeildhús stendur enn." Steypt útihús, hluti þeirra þaklaus, eru á bæjarhólnum 5 m norðvestur af bæjarhúsum. - Ánastaðir eru í eyði en húsið er nýtt til dvalar á sumrin.

Bæjarhól og mannvistarleifum þar í stafar helst hætta af því, ef ráðist yrði í framkvæmdir, s.s. viðbyggingar, lagdir, sléttun, við húsið

Hættumat: hætta vegna rasks.

Heimildir: SJM II, 299.



7. Fornleifakort. Ánastaðir - bæjarstæði

NM-182:002 þúst útihús 65°27.901N 14°14.011 V

Hóll sem ber það með sér að ver leifar sléttaðra útihúsa er 70-80 m norðaustur af íbúðarhúsi, nærri svonefndu Brúarsundi og brúnni þar á. Ekki verður sagt um stærð og lögun húsa, en hóllinn er 15 m frá vestri til austurs og 8-10 m frá norðri til suðurs

Hættumat: engin hætta.

NM-182:003 þúst útihús 65°27.946N 14°14.087V


Annað svæði þar sem sléttað hefur verið úr húsum er 60- 70 m hánorður af íbúðarhúsi. Í túni. Ekki verður sagt um stærð, fjölda og lögun húsa. Svæðið er allstórt, amk 20 x 30 m. Á þrem stöðum er hrúgur af grjóti, og kunna þær að vera úr þrem húsum.

Hættumat: engin hætta.

NM-182:004 útihúsatóft

65°27.887N 14°14.234V

Um 40 m, hávestur af íbúðarhúsi, er hóll með ferhyrndri rúst 8x4 m að utanmáli, hleðsluhæð 0,4. Hún stendur á grasi vöxnum hóll í túni. Lítilsháttar rof er í vegg



Hættumat: hætta vegna rofs.



NM-182:005 útihúsatóft

65°27.894N 14°13.891 V

Rúmlega 100 m norðaustur af íbúðarhúsi, austan við lág sem skiptir túni, Brúarsund, er ferhyrnd tóft, 4x4 að utanmáli og hleðsluhæð um 1 m. Í túni, nokkuð ósléttu. Nokkurt rof í veggjum, eftir sauðfé. Tóftin stendur á lágum hól eða þúst, sem er ívið stærri en húsið hefur verið, eins og áður hafi staðið bygging á þessum stað.

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-182:006 vegur brú

65°27.884N 14°13.947V

Sund er í túninu, sem heitir Brúarsund. Norðarlega í því, um 30 metrum norðar en garður 017, er upphlaðinn vegur þvert yfir sundið. Brúin hefur verið um 30 m löng og rúmlega tveggja m breið. Kafli nær vestari enda, a.m.k. 8 m langur, er sokkinn í mýrina og má sjá steina þar í yfirborði. Nokkur skemmd er í brúnni af rofi nálægt miðju


Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Ánastaðir, 4.

NM-182:007 Hringur náthagi

65°27.846N 14°13.968V

"Sund er í túninu, sem heitir Brúarsund. Það skilur Hring frá túninu. Hringur er sennilega gamall náthagi, viðauki við tún" segir í örnefualýsingu. "Ofan við túnið á holti var ein vallardagsláttu ræktuð og algirt tvíhlöðnum torfgarði. Sögn er að stykkið hafi verið plægt með því allra fyrsta sem plægt var, og líklega ræktað sem náthagi ... Meiri hluti túns beðsléttaður um og fyrir aldamót" segir í Sveitum og jörðum. Austan þess hluta túnsins sem er austan Brúarsunds, er túngarður á a.m.k. 60 m kafla og hefur verið vírgirðing á honum.



Hættumat: hætta vegna rasks.

Heimildir: Ö-Ánastaðir, 4; SJM II, 298-299; HH.

NM-182:008 myllutóft

65°27.725N 14°14.024V

"Myllutótt, stæðileg enn" er um 250 m suðaustur frá bæ, við Staðará áður en hún sameinast Hrójótará Hún er ferhyrnd, 4x3,5 að utanmáli, og er hleðsluhæð um 1 m. Á árbakka, vestan megin þar sem áin

fellur í litlum,
lágum fossi fram
afklettum.
Hættumat. hætta
vegna vatnsaga.
Heimildir: SJM
II, 299 ; HH.

NM-182:009

stekkjartóft


65°27.814N

14°13.974V

Utan við túngarð

um 150 m suðaustur af bæjarhúsum er ferhyrnd stekkjartóft 15x3m. Undir lágri brekku með klettum efst.

Hættumat: engin hætta.



NM-182:010 *Haraldarsel*



"Bak við Hálsinn fellur Vallará. Innan til með henni er flatneskja, sem nefnist Vellir Inn af Völlunum er Selblá. Ofan við Selblá eru gamlar beitarhúsatættur, sem heita Haraldarsel. Þar er mælt að Haraldur ríki hafi haft sauði sína (Haraldur bjó í Rauðholti (KB.))" segir í örnefnalýsingu. Tóftin stendur á holti austur af tjörnum í blánni. Lækur rennur um 10 m austan og norðan við húsin, og er smáfoss í honum um 50 m ofan (austan) tóftanna.

Fjárhús og hlaða áföst aftan við. Fjárhúsið er um 14x4 m og eru dyr fyrir miðri langlið til vesturs. Garði liggur eftir endilöngu húsinu, en rof er í hann innan dyranna. Aftan við er hlaða, 3x4 m og er innangengt milli hennar og fjárhússins. Veggir eru hrundir inn á við eða fjárhúsin hafa verið minnkuð seinna. Garði og gólf eru mjög vaxin ljónslappa, en útveggir lyngi og víði. 10 m norðan

beitarhúsanna frammi á klettanesi er ferhyrnd heytóft 2x3 m. Grjót sést í hleðslum en tóftin er annars gróin lyngi, víði og ljónslappa.

beitarhúsatóf

65°27.568N 14°12.447V



Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Ánastaðir, 3; HH.

NM-182:011 beitarhús

65°27.960N 14°14.706V

"Niður við Geitabjargalæk er hæðardrag, og eru þar beitarhús, síðan mýrardæld allbreið, sem Staðará (hér á kafla Ánastaðaá) rennur eftir ... " segir í Sveitum og jörðum. Um 450 m vestur af Ánastaðabænum og um 25 m vestur af af útihúsinu 020 virðist hafa verið tún, sem er þó að verða óræktarlegt. Í því er blettur þar sem sést að sléttað hefur verið úr húsum. Uppi á holti eða ás. Svæðið er um 20 x 10 m. Húsin sjást á stækkaðri loftmynd frá 1982 og voru sléttuð eftir það.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 298; HH

NM-182:012 stekkjartóft

65°27.708N 14°13.937V

Stekkjartóft er um 3 50 m suðaustur af íbúðarhúsi á Ánastöðum, skammt austan við Staðará. Undir lyngi vaxinni brekku/holti og er klettur á enda þess næst ánni. Hún er 8,5x4 m.

Hættumat: engin hætta.

NM-182:013 náthagi

65°27.663N 14°15.078V

"Tvö vötn eru nafngreind: Ánavatn og Náthagatjarnir, bæði fyrir neðan Hróttará." segir í örnefnalýsingu. Norðan við Ánavatn eru tvær tjarnir og ná þær nærri saman. Garður er hlaðinn frá eystri tjörninni og að norðurbakka Ánavatns. Úr vestari tjörninni er grafinn skurður í vatnið og afmarka garðurinn og skurðurinn náthagann. Náthaginn um 120 m breiður frá vestri til austurs, og líklega á móta breiður frá norðri til suðurs, þar sem mest er. Garðurinn er um 0,5 m hár og 0,5 m breiður

Heimildir: Ö-Ánastaðir, 2; HH.

NM-182:014 Sandaskarðavegur leið

65°27.887N 14.13.088V

"Sandaskarðavegur gamli lá milli Ánastaða og Hólalands í Borgarfirði." segir í Sveitum og jörðum. Djúpar hestagötur liggja upp frá Ánastöðum til fjalla.

"Sandaskarðavegur var ein af aðalleiðum milli Héraðs og Borgarfjarðar fyrr á tímum. Hann liggur upp frá Ánastöðum, yfir Vallá, Hrísa og Bjarglandsá, upp í gegnum Sanddal og Sandaskarð (602 m), milli Grjótfjalls og Beinageitafjalls og niður á Hólalandsdal í Borgarfirði. Borgfirðingar fóru m.a. þessa leið í kaupstaðina við Reyðarfjörð og Seyðisfjörð. Vegurinn er merktur á kort, og sést vel á loftmynd." Sjá einnig NM-186:023.

Heimildir: SJM II, 299; HH.

NM-182:015 mógrafir

65°27.796N 14°13.759V

Mógrafir eru upp með læk í móum austan við bæ, um 400 m austur frá íbúðarhúsi. A.m.k. 20 m langt svæði, óreglulegt í lögun, mest um 5 m breitt. Snýr austur og vestur og er norðan við lækinn. Ein gryfja stök er sunnan lækjar.


Hættumat: engin hætta.

NM-182:016 tóft af heystæði

65°27.894N 14°93.744V

Heytóft er 5 m austan við mógrafir 015, einnig norðan við lækinn. Í lyngi vöxnummóum

Hættumat: engin hætta.



NM-182:017 mógrafir

65°27.732N 14.10.881V

Mógrafir eru ofan á Yxnísfelli ofan og suðaustan við Ánastaði. Svörður hefur verið tekinn á fleiri stöðum í fjallinu.


Hættumat: engin hætta.

NM-182:018 tóft

65°27.667N 14°15.191V

Í náthaganum 013 er tóft, 10 m frá norðurenda Ánavatns. Í lágu holti sem er þýft og vaxið lyngi og fjalldrapa. Tóftin er ferhyrnd, 9x5m að utanmáli og er hleðsluhæð um 0,5. Veggir eru útflattir, vaxnir lyngi og fjalldrapa. Inngangur sést ekki. Skiptist í tvö hólfi

Hættumat: engin hætta.




NM-182:019 tóft afheystæði

65°27.661N 14°15.134V

Heystæði er í náthaganum 013, á vatnsbakka, 8 m frá garði austan náthagans. Lyngi vaxið mýrlendi.

Tóftin er óregluleg 5,5x2,5m að utanmáli og er hleðsluhæð um 0,4m

Hættumat. hætta vegna vatnsaga.




NM-182:020 útihúsatóft

65°27.945N 14°14.681V

Útihústóft er 25 m austur af beitarhússtæðinu 011, í norðausturhorni girðingar, rúmm 400 m vestur af Ánastaðabæjarstæði. Hér hefur verið tún girt með gaddavír. Nokkuð þýft en smáar þúfur. Tóftin er ferhyrnd 3x4 að utanmáli og er hleðsluhæð um 0,4. Rof er í tóftinni


Hættumat: engin hætta.



NM-182:021 4 tóftir

65°28.209N 14°13.457V

Fjárhústóft og þrjár heytóftir eru í sundi milli tveggja klettahæða um 800 m norðaustan við Ánastaði um 400 m austan og ofan við Staðará. Sambyggð fjárhús og



hlaða. Fjárhúsið er 10x3 m og er innangengt úr því í hlöðuna sem er 5x3 m. Grjóthleðslur standa mjög vel. Tóftin stendur á dálítið upphækkuðum hóli og er þýft við hana sem bendir til endurbygginga. Framan í klettahæð 10 m norðan við tóftina er ógreinileg tóft,

líklega heytóft. Tvær heytóftir eru svo framan við ysta klettahólinn um 20 m norðaustan við fjárhúsið. Minnsta heytóftin er vaxin lyngi og virðist nokkuð eldri en fjárhúsið og hinar heytóftirnar, sem eru vaxnar grasi og ljónslappa.

Hættumat: engin hætta.

NM-182:022 kálgarður


65°27.869N 14°13.987V

Í vesturhlið Brúarsunds, sömu megin og bæjarhús, er kálgarður og snýr móti austri. Hann er ferhyrndur, 7,5x7 að utanmáli og er hleðsluhæð um 0,4. Veggþykkt 0,6-0,7 m. Líklega kálgarður

Hættumat: hætta vegna rasks.

NM-182:023 tóft

65°27.667N 14°15.191 V



Í náttuganum 013, 20 m vestar en tóftin 018 er önnur tóft á bakka Ánavatns. Í lágu lyngi og fjalldrapa vöxnu holti, rétt við vatnsbakka. Tóftin er ferhyrnd 6x4m að utanmáli og er veggþykkt um 0,4


Hættumat: engin hætta.

NM-182:024 Ánastaðahjá/eiga býli

Í eyðibýlaskrá HS segir að hjáleigu á Ánastöðum. Ekki skráð 1997.

Heimildir: Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

8. Fornleifakort Rauðholti




NM-183 Rauðholt

6 hdr. 1541, 1695, 1847. Vallaneskirkjueign. Fyrst getið 1541 en þá er "Randholtt vj c med Gudrunarstöðum er liggur i Hialltastada þingum." talin í Vallaneskirkjumáldaga og hefur kirkjan þá nýlega eignast jörðina því hennar er ekki getið í eldri máldögum frá Vallanesi. Hvort Guðrúnarstaðir, eða Goðrúnarstaðir, voru í byggð 1541 verður ekki með vissu ályktað af því að þeir eru nefndir í máldaganum, en þeir hafa verið komnir í eyði seint á 18. öld því þeirra er getið sem eyðibýlis í landi Rauðholti í Ferðabók Ólafs Olavíusar.

Jörðin Rauðholt er næst fyrir utan Hreimsstaði ... og vestan við land Ánastaða og Hjaltastaðar. Liggja austurmerkin um Geitabjargadalslæk. Að norðan eru mörk við Hjaltastað og Grænuhlíð, úr Forvaðakletti við Selfljót til austurs yfir Guðbrandaröxl í vörðu á Hnjúkum. Landið er líklega um 4 km meðfram Selfljóti. Jörðin var eign Vallaneskirkju, nú talin ríkiseign. SJM II, 300-301.

1919: tún 3,1 ha. garðar 500 m². "Gamla túnið var með brattar brekkur víða, jarðgrunnt og grýtt nema syðsti og lægsti hluti þess." SJM II, 301.

Heimildarmaður: Sævar Sigbjarnarson fæddur að Rauðholti 27.2.1932



9. Fornleifakort. Rauðholti - bæjarstæði

NM-183:001 bæjarhóll bústaður

65°29.258N 14°15.968V

Gamli bæjarhóllinn er um 25 m sunnar og ofar en nýja húsið. 1939 var byggt steinsteypt íbúðarhús fast sunnan við gamla bæinn, það er nú notað sem geymsla. Hóllinn var sléttaður og efuinu rutt fram í mýrina austan við hólinn og þar byggt steinsteypt fjós, hlaða og fleiri hús á árunum 1949 - 1957.

Á hólnum standa steinsteypt hús, eldra íbúðarhús, fjós, hlaða, súrheysturn.

"Byggð baðstofa skömmu fyrir 1889; önnur (fjósbaðstofa) 1890. Enn ný, 7 x 9 álnir (6 x 8 álnir í F' 18), portbyggð og þiljuð í áföngum. Bæjardyr og gluggar í austur. .. Byggt 1939, steinhús með valmapaki, einlyft, 8 x 9 m ... " Bæjartóftin var um 22 m löng.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

SJM II, 302; Túnakort 1919.

NM-183:002 Brekkuhús fjárhús

65°29.183N 14.15.805V

"Ofarlega á túninu eru gömul fjárhús, kölluð Brekkuhús. Þau hafa verið stækkuð á síðari árum." segir í örnefnalýsingu. Brekkuhús voru um 50 m austur afbæjarhólnum í vesturbrún þess sem kallað er "Efra tún". Húsin voru byggð á klöpp. Þau voru rifin 1975 og sléttað úr. Afþeim stendur aðeins einn veggur eftir, um 16 m langur, 1,4 m á hæð og 1 m þykkur, notaður sem hluti af girðingu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Rauðholt, 7.

NM-183:003 *Kvíakofi* heimild um útihús 65°29.166N 14.15.863V
"Efst á túni hét Kvíakofi. Þar voru áður kvíar, en síðar sumarfjós. Framan við kofann hét Kvíamór, nú ræktaður og þá nefndur Órækt." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er syðst í Efra túni, suðaustur af bæjarhólnum, um 70 m sunnar en Brekkuhús 002. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Rauðholt, 7.

NM-183:004 frásögn um fjárhús 65°29.205N 14°15.961 V
Um 10 m suður af gamla bæjarstæðinu, suðvestur af gamla bænum voru fjárhús, hlaða og heytóft. Í sléttuðu túni. Húsin voru um 20 má lengd og notuð til 1950.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-183:005 *Efstahús* heimild um fjárhús 65°29.186N 14°15.842V
Fjárhús, sem kallað var Efstahús, var um 50 m austan við Brekkuhús 002, í túni sem kallað er Efra tún ofan við gamla bæjarstæðið. Í sléttuðu túni. Túnið á þessum stað var sléttað 1945. Mótar fyrir beinni brún, þar sem einn veggjanna hefur verið, en torvelt er að álykta um stærð húsanna en með hliðsjón af hólbungu sem þarna er í túninu má giska á að þau hafi verið í kringum 1 0x8 m

Hættumat: hætta vegna ábúðar .

NM-183:006 heimild um þvottastað 65°29.253N 14°15.550V
Beint austur af bæ, handan klapparáss, sem er upp af "Efra túni" er lítil tjörn, kölluð Þvottatjörn, en einnig Ullartjörn. Á vesturbakka tjarnarinnar eru leifar af hlóðum. Við bakkann var einnig bryggja en hún er nú horfin. Í mýrlendi lögð milli lágra ása. Þústin þar sem hlóðaleifarnar eru er 2,5x2x0,4 m. Á þessum stað þvoði móðir Sævars bónda stundum þvotta, einnig var þar þvegin ull.

Heimildir: Ö-Rauðholt, 4.

NM-183:007 þúst 65°29.277N 14°15.363V
Um 100 m austan við Þvottatjörn/Ullartjörn er þúst, sem líklega er leifar mannvirkis. Í móa með lyngi og fjalldrapa. Þústin er kringlótt, um 3 m í þvermál og um 1 m á hæð. Rof í norðurhlið, og sést þar grjót en þó ekki regluleg hleðsla. Var hleðsla krignum símastaur.

Hættumat: engin hætta.

NM-183:008 *Ásmundarhaugur* öskuhaugur 65°29.229N 14°15.929V
"Í Rauðholtsfit [sem er í Rauðholtsdal, á milli Efra- og Neðratúns] var pyttur er nefndist Sortudý, og þúfa er nefndist Ásmundarhaugur." segir í örnefnalýsingu.

Ásmundarhaugur er austan við votheysturn, um 20 m norðaustur af gamla bæjarstæðinu. Í mýrlendri lögð skammt frá bæjarhól. Haugurinn er 7x3 m að utanmáli og um 0,5 m hár. Sævar Sigbjarnarson getur þess til að þetta sé gamall sorphaugur. Ekki er vitað til að hreyft hafi verið við haugnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Rauðholt, 6.

NM-183:009 tóft+ garðlag

65°29,420N 14°16.13 IV

"Tvær rústir, sem gætu verið rústir af bæn húsum, má greina, önnur skammt utan og neðan við tún, og hin á lágum áshrygg norður af Goðrúnarstöðum." segir í Sveitum og jörðum. Tæplega 200 m norður af steinsteyptu fjárhúsi norðan við íbúðarhús og 15 m fyrir ofan veginn að Rauðholti er hringlaga garður og þúst, sem gæti verið tóft, inni í girðingunni. Garðlagið er utan (vestan) í þýfðu, lyngi vöxnu holti og eru lágir klettar þar fyrir ofan.

Garðlagið er 14x1 m að utanmáli og standa hleðslur hæst um 0,5 m. Þústin innan girðingar er 3x4 m. Ekki er þess getið í örnefnaskrá eða öðrum heimildum að rústir þessar séu af bæn húsi enda mun um tilgátu að ræða


Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: SJM II, 300.

NM-183:010 tóft+ garðlag

65°28.819N 14°16.189V

"Tvær rústir, sem gætu verið rústir af bæn húsum, má greina, önnur skammt utan og miðan við tún og hin á lágum áshrygg norður af Goðrúnarstöðum." segir í Sveitum



og jörðum. 80-100 m sunnan við Myllulæk og um 200 m norðar en túngarður á Goðrúnarstöðum er aflöng tóft. Í lyngi vöxnum, þýfðum móa.

Um bæn hústættur er ekki getið í örnefnaskrá, enda um tilgátur að ræða, Tóftin skiptist í tvö hólfi og er um 10x4 m að utanmáli, hleðslur um 0,4 m háar. Af útliti að dæma gæti tóftin verið stekkur. Aftara og eystra hólfið er herra en hið fremra og vestara. Sunnan tóftarinnar er óglöggur veggur sem snýr suðaustur-norðvestur. Annar garður, bogadreginn liggur úr norðvesturhorni tóftarinnar og sameinast hinum þannig að afgirt svæði myndast sem er um 20 m á hvorn veg milli garðanna. 80-100 m sunnan við þennan stað virðist móta fyrir öðrum garði frá klapparholti og niður á brekkubrún. Síðarnefndi garðurinn mjög

útflattur, hlaupinn í þúfur og óglöggur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 300; HH


NM-183:011 tóft+ garðlag

mylla

65°28.869N 14°16.322V

Um stíflu og vatnsrennu að myllu við Myllulæk er getið í Sveitum og jörðum. Í örnefnalýsingu segir enn fremur: "Hæðarhryggur [er] frá Goðrúnarstöðum að Myllulæk. Hann kemur úr Tortholtsblánni og fellur í Græfuakíl." Myllulækur er um 700 minn frá bæ. Myllutóftin er á norðurbakka lækjarins. Í brekkufæti, grasi og lyngi vöxnum. Tóftin er ferhyrnd, 4x3 m utanmáli og hleðslur um 0,4 m háar. Upp

með læknum er 6 m langt garðlag og vatnsrás meðfram því. Um 5 m norðaustan við tóftina eru ummerki um vinnuskúr sem stóð þarna nýlega, á um 4x6 m svæði. Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir: SJM II, 301; Ö-Rauðholt, 3.



NM-183:012 garðlag vatnsveita 65°28.851N 14°16.158V
Við Myllulækinn, nokkru ofar en myllutóftin 0 11 er hlaðinn garður, 8 m langur, sem liggur frá kletti að sunnan og yfir í brún lægðarinnar sem lækurinn rennur í. Meðfram farveginum litlu ofar er annar garður, 9 m langur. Frá kletti að sunnan og yfir í brún lægðar þeirrar (vart hægt að kalla gil), er lækur rennur í, er hlaðinn 7 -8 m garður (1,5 m að br. 0,5 hár), og annar, ca 9 m langur (0,8-1 m br., 0,4 hár), meðfram farveg litlu ofar. Neðri garðurinn er 1,5 m breidd og 0,5 m hár en sá efri er 1 m breidd og 0,4 m hár. Grjót sést í hleðslunum. 30-40 m neðar en stíflan er mjög skýr hleðsla, sem gæti verið yngri. Hún er sunnan lækjarins, 3 m með farveginum og 3 m þvert að honum.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 301.

NM-183:013 Goðrúnarstaðir býli 65°28.593N 14°16.263V

"Fyrir vestan axlirnar er Torfholtshlaði, vestan hennar Goðrúnarstaðir, eyðibýli. Þar sjást enn mannvirki, þótt eyðibýlið sé fornt. " segir í örnefnalýsingu. Bæjarstaði Goðrúnarstaða er rúman kílómetra suðsuðvestur af bæ í Rauðholti.

"Eyðibýlið Goðrúnarstaðir liggur um 1,5 km frá Rauðholtsbænum, nokkrum gráðum vestan við suður. Bæjarstaðið er í nokkurri lægð í klapparás, sem liggur nærri því frá norðri til suðurs. Til norðurs liggur ás í áttina að Rauðholti og eru víðlendir mýrarflóar (blár) beggja vegna hans, sérstaklega til vesturs, þar sem bláin nær allt að Selfljóti. Sunnan bæjarins tekur við hlíðarbrattur ás, sem hækkar ört til suðurs frá býlinu. Austan í ásnunum er mikill berggangur, sem myndar þverhnípta kletta bak við býlið. Gangur endar í bröttum múla



við bæinn og fyrir endann á honum kemur lækjarspræna, Goðrúnarstaðalækur, en hann kemur úr dalaskoru sem liggur til suðurs austan við ásin með ganginum, en hann nefnist Goðrúnarstaðadalur.

Lækurinn rennur svo til vesturs milli rústanna, en hann á það til að þorna í miklum þurrkum. Lægðin í ásin ásamt með klettunum austan bæjarstaðisins myndar skjólsælt umhverfi um þetta forna eyðibýli."

Á bæjarhólnum er aflöng tóft, um 20x11 m að utanmáli og standa hleðslur um 0,5 m háar. Hóllinn sjálfur er nokkru stærri en tóftin. Lækur fellur til vesturs sunnan við bæjarhólinn og sunnan við lækinn mótar fyrir útihúsum á öðrum hól. Vestar og neðar í móanum er ógreinileg tóft. Garður er umhverfis, um 70 x 100 m. Stekkur, yngri, er við suðurhlið garðsins. Þá kveðst Sævar Sigbjarnarson hafa séð norður undir túngarðinum upp við mýrina ógreinileg merki um leifar útihúsa.

Guttormur Sigbjarnarson jarðfræðingur gerði könnunarskurð í eða við útvegg bæjarrústarinnar 15.-16. ágúst 1994. Taldi hann þar sjást öskulög frá 1362 og annað hvort 1477 eða 1636, og virtist honum mannvist lokið á staðnum er síðara lagið féll. Skýrsla hans fylgir hér: "Rústirnar á Goðrúnarstöðum eru bæjarrústir, útihúsarústir og túngarður. Að líkindum eru útihúsarústirnar fleiri en ein, þó að ein þeirra sé langmest áberandi. Túngarðurinn er vel sýnilegur mestallan hringinn umhverfis bærinn. Túnið hefur ekki verið ýkja stórt, en það hefur þó þakið nokkrar dagsláttur. Bæjarrústirnar liggja nokkrum metrum norðan lækjarins nálægt austurjaðri túnsins, sem liggur undir áðurnefndum klettum. Skammt sunnan við lækinn gengt bæjarrústunum eru mjög greinilegar útihúsarústir á lágum hól og aðrar ógreinilegar útihúsarústir liggja síðan á lágrí hæð nokkru vestar. Einnig gætu verið fleiri rústin innan túngarðsins ... Bæjarrústirnar liggja á lágrí hæð og þær sýna að þarna hefur verið 20-25 mm löng og 5-6 m breið bygging eða skáli nokkurn veginn frá norðri til suðurs. Líklegt er að suðurendi byggingarinnar hafi verið um 4 m breitt herbergi. Fyrir miðjum austurvegg skálans hafa greinilega legið hornrétt á hann frá austri til vesturs tvö herbergi tæplega 4 m djúp og um það bil 3 og 5 m breið. Líklega hafa einnig verið einhver mannvirki í kverkunum við skálann beggja vegna þessara herbergja, en ég gat ekki greint hvers eðlis þau hafa verið. Ég tel ekki hægt að útiloka, að einhverntíma hafi verið gripahús í rústunum, þó ég telji það ekki líklegt. Ég gróf á tveim stöðum holur til að kanna öskulög við rústirnar, annars vegar við túngarðinn og hins vegar innan við hálfum metra austan við gaflinn á nyrðra herberginu austur úr skálanum í aðalrústinni og verður hér greint frá niðurstöðunum. Einhverntíma hefur jarðýtumaður ekið tæki sínu svo ógætilega yfir túngarðsrústina sunnan og vestan býlisins að hann hefur rifið stórt stykki úr garðinum með tönn tækisins, svo að verulegt sár er þar í garðinn. Ég gróf í þetta sár til að leita eftir öskulögum við garðinn. Þversnið er sýnt á 2. mynd. Það liggur nokkurn veginn frá norðri til suðurs, um 70 sm norður frá garðinum og um 60 sm inn í garðhleðsluna. Ofarlega í garðkollinum á innan við 10 sm dýpi er ljóst öskulag, sem tvímælalaust er frá Öskjugosinu 1875, en það lag fann ég ekki norðan við garðinn. Hins vegar finnst þar dökkt öskulag á 8-15 sm dýpi og hallar því út frá garðinum. Nokkur jarðvegsþykknur er næst garðinum. Askan hefur þarna fallið á nokkuð flatt land sem hefur hallað út frá garðinum. Á 2-14 sm dýpi undir þessu lagi er ljóst öskulag sem liggur öldótt í jarðveginum, en það liggur þó í stórum dráttum í láréttri stöðu upp að garðsveggnum. Annað hvort hefur yfirborð landsins við garðinn verið smápýft eða þarna hafa átt sér stað jarðsig, en hið síðarnefnda er sennilegt. Ég hallast eindregið að því, að þessi öskulög séu annars vegar dökka lagið sem nefnt hefur verið "a" frá 1477 og hins vegar ljósa lagið frá Örfajökulsgosinu 1362, samanber 1. mynd.

Þetta snið bendir til að garðurinn hafi staðið árið 1362 og hafi þá jafnvel verið orðinn nokkurra aida gamall, en hins vegar hafi nokkuð verið búið að veðrast úr garðinum árið 1477, svo öskulaginu hallar út frá honum. Ekki verður af þessu ráðið hvort byggð hafi verið aflögð, þegar dökka öskulagið féll, en 1362 virðist garðurinn hafa verið í notkun. Rétt er að geta þess að nokkrir steinar bentu til að þeir hafi verið notaðir við garðhleðsluna. Að þessu loknu lokaði ég sárinu aftur. TTæplega hálfum metra austan við miðjan austurgafli nyrðra hliðarherbergis rústanna gróf ég rannsóknarholu til að reyna að finna tengsl öskulaga við rústirnar. Gryfjan sem ég gróf var rúmlega 1,5 m frá austri til vesturs og rúmlega 0,5 m á breidd og var dýpt hennar 78-117 sm og var hún dýpst næst rústunum, þar sem yfirborðinu hallaði út frá þeim. Það er skemmst frá því að segja að erfiðlega gekk að finna öskulögin sem mesta þýðingu höfðu til aldursgreiningar á mannvistarleifum að Goðrúnarstöðum, þó hef ég reynt að draga fram á 3, mynd helstu upplýsingar sem ég taldi mig finna með nokkru öryggi. Gryfjuna gróf ég hvarvetna niður á öskulagið H3, sem var mjög greinilegt og nærri því lárétt í jarðveginum. Hér á eftir lýsi ég sniðinu upp frá því eins og það kom mér fyrir sjónir. Að því loknu mokaði ég niður í holuna og gekk frá grasrótinni á toppi hennar. A) Ofan á öskulaginu H3 er 19-20 sm lag af ósnertum dökkbrúnum áfoksjarðvegi án sjáanlegra öskulaga. b) Þar fyrir ofan verða skyndilega miklar breytingar, þar sem nú taka við ótvíræðar mannvistar leifar með dreif af viðarkolamolum og að því er virðist troðnum öskuleifum í allt að 20 sm þykku lagi. Efri brún þessa lags er ekki jafn ótvíræð, en á næstu 5-10 sm breytist sniðið í hrun mold og grjót frá veggnum. Ekki tókst mér að finna neinn vott af landnáms öskulaginu né öskulaginu frá Heklu 1158. Hins vegar taldi ég mig finna mjög líklegar leifar af ösku frá Örafajökli 1362, sem 0,5-1 sm þykkt en óreglulegt lag um 13 sm ofan við elstu mannvistaleifar. Ofan á því tekur svo við áframhaldandi mannvistarlag, þar sem enn finnast viðarkolaleifar, 3-6 sm á þykkt. Mjög erfitt reyndist mér að finna greinileg efri mörk þess, en hrunmoldar einkenni tóku smátt og smátt við. Hrunmoldar lag, um 20 sm þykkt liggur síðan ofan á mannvistarleifunum og ofan á því hrungrjót, allt að 30 sm þykkt lag (þykkast næst rústunum) teygir sig allt að 60 sm austur frá vesturenda holunnar. Neðst og neðarlega í hrunmoldarlaginu fann ég á þrem stöðum slitur af dökku öskulagi, sem ég gat þó á engan hátt tengt saman í samfellt lag. Fremur hallast ég að því að þarna séu slitur af öskulaginu 1626 heldur en 1477, þó að hugsast geti að neðstu slitrin séu úr "a" laginu frá 1477. Þessari spurningu er í rauninni ósvarað, Einnig getur lega grjóthrunsins vakið spurningar um hugsanlega yngri grjóthleðslu, sem er þó varla líkleg. Ofan á hrunarnoldinni og grjótinu liggur svo um 20 sm þykkt áfokslag með mjög mikilli grasrót. Í því liggur á 4-6 sm dýpi öskulagið frá Öskjugosinu 1875 og er það aðeins 0,2-0,5 sm þykkt. ... Goðrúnarstaðir virðast hafa verið all lengi í byggð, jafnvel í nokkur hundruð ár. Hvorki tókst þó að tímasetja upphaf né enda búsetunnar, en allar líkur benda til, að Goðrúnarstaðir hafa verið í byggð 1362, og hafi sú byggð jafnvel verið verið búið að standa þar um nokkur hundruð ár. Hins vegar mun búseta þar eftir 1362 hafa staðið mun skemmri tíma, líklega skemur en 100-150 ár og alls ekki fram á 16. öld."


Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: SJM II, 300; Ö-Rauðholt, 3; Guttormur Sigurbjarnason: "Greinagerð um öskulagakönnun við eyðibýlið Goðrúnarsstaði", 2-4

NM-183:014 beitarhúsatóftir

65°28.343N 14°15.475V

"Neðan við Geitabjörg yst eru beitarhúsatættur, venjulega nefndar tættur" seglí 1 örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru á hjalla um 80 m austan og ofan við Goðrúnartjörn, sem er sunnan við Goðrúnarstaði. Í þýfðum móa vestan undir klettum. Beitarhúsatóftin er ferhyrnd, 13x9 m að utanmáli og standa hleðslur um 0,8 m. Grjót sést í þeim. Húsi hafa verið tvístæð og er garði í báðum húsum. Að baki hvoru húsi eru hólfr sem hafa verið hlöður eða heystæði. Þúst, um 1 0x6 m sem gengur norðan undan tóftunum gæti verið leifar eldri bygginga. 4 m sunnan við er lítill tóft, 2x2 m.



sem sennilega hefur verið heystæði. Í Sveitum og jörðum segir að þessi beitarhús hafi verið sauðahús Egils Ísleifssonar.

Helgi Hallgrímsson greinir svo frá þessum stað:

"Tættur sjást vel á loftmynd, um 100 m fyrir ofan (austan) tjörnina, vestan undir klettahrygg. Þær eru af tvístæðum fjárhúsum, með hlöðu að baki."


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 301; Ö-Rauðholt, 3; HH.

NM-183:015 stekkjartóft

65°29.719N 14°16.225V

"Vestan Skota er Stekkás ... Vestan í honum er Stekkur og Stekkjarhali ... Úr Skotunum fellur lækur, Stekkjarlækur, um Grænaker í Selfljót á Stóranesi." segir í örnefnalýsingu en í Sveitum og jörðum er greint svo frá: "Beitarhúsarústir (stekkur)



og garður um nálega 3000 m² tún, við blána, 1 km norður af bæ; húsin aflögð um 1880. Síðan stekkur til 1920."

Stekkurinn er um 130 m neðan, vestan, við veginn að Rauðholti, 7-800 m frá bænum. Tóttin er nú innan girðingar hjá "Jórunnarlund" þar sem verið er að gera minningarlund. Á kafi í grasi. Sléttað tún er austan við tóttina. Tóftin er ferhyrnd og skiptist í tvö hólfr, 1 lx12 m að utanmáli og standa hleðslur um 1 m háar. Garður var áður fyrir framan tóftina og náði um 25 m frá henni. Sá garður var sléttaður þegar gert var tún vestan við tóftina 1973.

Hættumat: hætta vegna skógræktar.

Heimildir: SJM II, 301; Ö-Rauðholt, 6.

NM-183:016 beitarhúsatóft

65°30.169N 14°16.009V

Um 80 m neðan, vestan við veg að Rauðholti, er beitarhúsatóft niður undan klettanefi, Stekkásenda. Þýfður mói, og hefur nokkur skiki verið girtur og plantað í hluta af svæðinu innan girðingar. Ekki var að sjá plöntur þar sem rústin er. Tóftin er ferhyrnd, 1 lx4,5 m að utanmáli, veggjaþykkt um metri. Aukahólf eða leifar eldri byggingar eru á norðurenda, og inngangur til vesturs. 7m langur garðbútur sést sunnan við tóftina og liggur austur og vestur.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: SJM II, 301; Ö-Rauðholt, 3.


NM-183:017 landamerkjagarður

65°28.216N 14°16.927V

"Merki að sunnan úr Geitabjargadalslæk um slakka sunnan Geitabjarga yfir öxl, sem Nípa nefnist, og rétt norðan við Marköxl, og þaðan ræður garður í Selfljót" segir í örnefnaskrá. Þar sem garðurinn lá á suðurmörkum milli Selfljóts og Markaxlar má ofan, austan, við veg sjá litaskipti á gróðri. Þessi staður er um 2km suðvestan við bæ. Niðri við fljótið sjást leifar garðsins greinilegar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Rauðholt, 1; HH.

**NM-183:018** frásögn um brunn

65°29.228N 14°15.873V

Brunntröð 0 19 lá að brunni, sem eyðilagðist þegar grafinn var skurður eftir mýrinni (fitinni) austan gamla bæjarstæðisins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-183:019 Brunntröð leið

65°29.228N 14°15.873V

Frá gamla bæjarhólnum, um 10 m frá húsum, er 11 m langur vegarspotti enn sýnilegur. Það er nálægt súrheysturni og stefnir vegurinn NV-SA.. Mýrlend lág, svonefnd Fit, austan við bæjarhól. Tröðin er 1 m breið og um 0,5 m há. Hún lá að brunnum 0 18.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-183:020 Tröð leið

65°29.214N 14°15.874V

Suður frá hólnum þar sem gamla bæjarstæðið var, um 10 m frá húsum, sést hluti gamals vegar. Þessi vegarspotti er 12 m langur, 2 m breiður og um 0,5 m hár. Hann liggur heiman frá bænum að gömlum vegi undir brekkunni. Mýrlend lág, fit, sunnan bæjarhóls

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-183:021 kolagröf

65°28.638N 14°16.193V

30-40 m norðan við túngarð á Goðrúnarstöðum er lítil gryfja í þýfðum móa sem hefur útlit fyrir að vera kolagröf. Í þýfðum móa. Gryfjan er kringlótt, 1 m í þvermál og 0,4 m djúp. Við barminn er mjög stór þúfa sem gæti verið uppmokstur úr gryfjunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-183:022 *Rauðssæti* þjóðsaga

65°29.301N 14°15.807V

"Neðan við Rauðholtsdal, rétt utan við tún, er stór steinn, er heitir Rauðssæti. Þar á Rauður bóndi að hafa setið. Sætið er eins og rassfar ofan í steininn." segir í örnefualýsingu. Rauðssæti er stór náttúrulegur steinn með dæld ofan í. Hann er í austurbrún á ásendanum sem bærinn stendur á, um 100 m NNA afnýja íbúðarhúsinu. Steinninn er 1,5 m hár. Minningarskjöldur um fyrri ábúendur er á honum.

Heimildir: Ö-Rauðholt, 6.

10. Fornleifakort. Hjaltastaður




NM-184 Hjaltastaður

Kirkjustaður. Fyrst getið í kirknaskrá frá um 1200. Elsti máldagi kirkjunnar er frá um 1360. "Hjaltastaður er höfuðból og miðstöð sveitarinnar, sem við hann er kennd. Þar hefur líklega verið kirkja frá öndverðri Kristni, og þingstaður fyrir ysta hluta hins forna Vallnahrepps, sem þarafleiðandi var nefndur Hjaltastaðþinghá, en varð sjálfstætt hreppsfélag um aldamótin 1700, að talið er.

1696 og 1804 taldist staðurinn 20 hndr. Hjaltastaður hefur þótt góð búskaparjörð, beitiland þar gott og miklar engjar, en þar var ekki stórhöfðingjabrauð." "Staðurinn á auk þess stórt afréttarsvæði frásilið heimajörðinni, Kirkjutungur ofan við Hölkná og enn fremur Hraundal sunnan Hraundalsár að hreppamörkum við Eiðþinghá á Botndalsfjalli og Loðmundarfjörð á Hraundalsvarpi." Afbýli frá Hjaltastað voru Grafargerði, Töðuvallagerði, Dýjastaðir og Hrúgustaðir. Svínafell var hjáleiga frá Hjaltastað, í austurhluta landsins, en er nú sjálfstæð jörð. Nýbýlið Grænahlíð var stofuað 1935 í vesturhluta landsins. Þá var félagsheimilið Hjaltalundur byggt 1945-50 í "Hjaltastaðaskógi", og fylgir því 20 ha land. SJM II, 310-311. Læknissetur var á Hjaltastað á þessari öld og tvíbýli um skeið.

11. Fornleifakort. Hjaltastaður - bæjarstæði



1847: "Hjaltastaðartún eru 12 teigir að stærð, ógreiðfær mjög og þýfð, en engjar allar sléttar og votlendar. Af túninu fást 100, og af einginu 200 hestar. Útbeit er sára lítil. Jörðin framfærir hérum 4 kýr, 200 fjár og 6 hesta. Kolskógur er ennþá nógur í heimalandi og í skogarteig staðarins í Hreimstada landamerkjum; frá staðnum er og lítilfjörleg silungsveiði." JJ, 367 "Tún í meðalrækt, ... Engjar grasgefnar, séu

slegnar á mis sumar sléttar, aðrar greiðfærar, votar, samfelldar. . . . Fyrstu sáðsléttur gerðar með dráttavél (1938) fullunnar árið eftir með hestverkfærum."

Heimildarmenn: Hildigunnur Sigþórsdóttir fædd að Hjaltastað 15.8.1946; Páll Sigþórsson fæddur að Hjaltastað 10.6.1949; Ófeigur Pálsson bjó að Hjaltastað 1981- 1989 og Sævar Sigbjarnarson, Rauðholti, fæddur 27.02.1932.

NM-184:001 bæjarhóll bústaður

65°30.343N 14°13.908V

Gamli bæjarhóllinn stóð þar sem nú er sléttað hlað fyrir framan kirkjuna, en nær hlöðu. Á sléttuðu hlaði A við hlöðu og N við bæjarlæk Baðstofan var rifin 1952, bæjarhóllinn sást lengi eftir það, en jafnað var úr honum og rutt í átt að bæjarlæknum um 1981. Um 12 m austan við hlöðuna sést steinaröð úr vegghleðslu og er sennilegt að neðstu hlutar hólins séu enn undir hlaðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 312; Túnakort 1919

NM-184:002 heimild um kirkju

65°30.336N 14.13.978V

Um 13 m austan við kirkjuna er garður undir girðingu á 29 m kafla. Að norðan er garðurinn 1 m hærra en landið þar fyrir norðan, eins og stallur

c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4. [Hitardalsbok 1367] clx.

Mariukirkia a · hialltastodum a heimaland allt. skogarteig j hreinzstada landzmerke.

les vilchins maldaga - DI III, 232

[1367] Hialltastader

Gamall maldagi Hialltastadar kirckiu sem hier eptter stendur.

Mariukirkia aa hialltastodum aa heimalannd allt. skogarteig j hreinstada landz mereki.

hun a xiiij kugilldi bufiaar. oc fimtanda hrosskugilldi. tvo hundrud j vadmaalum. þaangad liggur lambzelldi af huerium bae millum hliðargardz oc niardvijkur.

þaangad liggur tijund med lysitollum af ollum þessum baeium j greindu takmarki. þaangad liggia tuo merkur baenhus oc iiij vj aura baenhus. oc ij merkur eiga ad gialldast af korekstodum til hiallta stadar kirkiu. þui þar tekst heima tiund oc lysitollar - DI 111, 239 1397: CCLXV. Hialltastader.

Mariu a Hialltastodumm a heimaland allt. Skogarteig j Hreinstada lands merki.

xiiij kugilldi bvfiar oc hid fimmtanda hross kugilldi.

Þangad liggur lambseidi af hveriumm bae mille Hleidrargardz oc Niardvijkur.

Þangad liggur tijund af ollumm haeiumm þessum med lysitollumm vtan Korekstodumm. þar tekst heima. Þangad liggia ij merkur. Baenhvs j þessumm takmorkumm oc tu;r merkur aa Korekstodum. iiij. vj aura baenhvs.

Hun a iiij kluckur. c vadmala. messoklaedi tvenn. sloppa ij. kantarakapur ij. krossa ij. Mariuskriptt. oc ij spiolld litil. c. j bokum. tiolld vmhverfis sig. alltarisklaedi iij. fonts

vmmbuningur. kirkiukola. elldbera. ij dvka. krokstikur v med jam. kiertaklofi. merki ij.
Sacrarium munnlaug. lijakrak. sleggiu id est brannd.

þar skal vera prestur.

Jtem kugilldi. hross. Pieturs lijkneski eitt.

Portio Ecclesiae vmm xvij ar halft níunda hunndrad. fiell nidur halft setta hunndrad fyrer
kirkiu adgerd oc þa hluti sem sira Magnus lagde til.

Oluck:t j portionem ccc. - DI IV, 221.

[1491-1518]: Stephans maldage

Kirkian ad hialltastodvm a heimaland alltt: v. kugilldi: c j koplvm. naer iijc jnnan stoks: j
metfe: jtem: jnnan kirkiv einn kalek: ein messoklaedi: þar liggia vnder. xix baeier: þar
falla lx alner. - DI VI, 22

23.8.1500: Um haltkirkiu skylld a Ketelstodumj Fliotsdalsheradi

... Erlendur bonde bíamason gafn haltkirkiunne hins heilaga Andres postula fiogra C Reka
er heitir Ketilsstadasandur, er liggur j mille Steinsvadssands og Hialltastadar sands. - DI
VI, 512 sbr. [1491-1518], DI VI, 26

1514: Hialltastadur

Anno domini M d x iiij.

Svo micklir penjingar vtlucktir med hialltastad þa Sijra amoddur jonson afente enn
Sijra oddur olafsson med tok.

jn primis iiij kyr gilldar et cetera. ij asaudar kugillde. jtem kapla hundrad. jtem xxx
skiolna keralld. og xx skiolna keralld. jtem v. vppgiordarkeraulld forn oc mathelld. jtem
viiij trog forn oc mathelld. jtem vj skiolna ketill med ij gotum. jtem v tredisk[ar] vondir. oc
tinfat lasid. jtem xj skerdiskar oc munnlog brakud. jtem vj skalir oc vj spaenir. jtem iij
bedir. j nyr enn ij fornir. jtem ij haeginde. j reckiu vod oc abreida. var stadurinn giordur
fyrir xx hundrud enn kirkian fyrir halft þridia hundrad. - DI VII, 532.

1 fardogum 1564 Hialltastadur

Anno domini 1564

Suo felldir femuner frijder vtgreiddir a Hiallt[a]stad af sijra Odde Olafssyne sijra Barde
Oormsyne j henndur.

Jn primis fimm kyr. ein iiij vetra. ij v vetra. ij ix vetra leyst matzmonnum gilldar
vera allar. Jtem j asaudarkugillde. ij naut veturgomul. tarfur oc kuijga .oc iiij saudir
veturgamlir fyrir hid siounda kugilled. Jtem hrosskapall giordur x aurum.

Jnnann stokz iiij storkerolld .j syruhellit af þeim naer xxx skiolur enn hin þridiu
minne oc gomul. fimta j jordu forgarnallt oc feyd. sterkur ketill a þridiu skiolu.

Jnnann kirkiu ij haucklar saemiligir. serkurinn annar vel sterkur. hofudlijn. stol[a]
oc handlijn. enn annar serkur miog veykur oc slitinn. stolur oc hofudlijn oc handlijn
hialpligt. þridiu messuföt sem vpp [var] giefid. Jtem kalekur braakadur j botninn. Jtem gott
alltaraklaede oc suo brinin. et cetera - DI XIV, 258

1570: Hialltastader.

Þa lidit var frá lausnarans faeding 1570 medtok ec Snorre p. Hallzson svo fellda peninga
med Hialltastarkirkiu sem hier eptir stendur skrifad.

J fyrstu 6 kugilldi Bufiaar. eim tiu aura kapal. eim ketil baettann. iij trog. eckirt
mathellt. iij uppgiordarkerolld med sama moti. eitt xx skiolna keralld med tueimur
giordum j þrem stodum loggbrotid.

Jtem inan kirkiu ein messuklaedi gomul og lasin. eitt alltarislaedi med brvn. lijttill
dukur aa alltarinu: fiorar kluckur med tueimur korbiollum. voru tvaer kolflausar.

hueriar ec selldi kirkiunni fyrir ketil. vo onnur af þeim 16 merkur og 20. onnur 12 merkur einar. Jtem eim kalekur lasin med tini og vaxi samanbaettur. nockrar far bokaskraedur gamlar. eim bokastockur. - DI XV, 414-15

[1570]: CCXCIV.

Kirkian a Hialltastodum a heimaland allt. skogarteig I Hreimstada landzmerkium.

Þangad liggia lambselldi affhuerium bae millum Hleinargards og Niardvijkur. Þangad liggia tijunder aff ollum þessum baeium med lysitollum vtan Korekstodum.

Jtem I frijdu .iiij. kyr og .xij. aer. eim kapall. Busgagn nockud. xxx skiolna kieralld. annad .xx. skiolur. þridia xvij skiolna. fiorda .xvij. skiolur. vj. smakierolld. iiij trog. vj trediskar. eitt tinfat. xj skerdiskar. v. skaler. vj spaener. vj. skiolna kietell. iij beder og ein huijluvod. aklaedis slitur. iij hegende. munnlaug brakud.

Jtem jnnann kirkiu .ij. messuklaede. sloppur. Cantarakapa. iij alltarisklaede. og fontzbuningur. alltt orfomt. Jtem kaleikur. brakud patina. glodarkier. ij kluckur. eim merkedukur. og ij yfer lijkneskium. vij haekur til gagsn og adrar fleiri skraedur.

Þar liggia til .xix. bygd bol til soknar.

Fastagotz xjtiger hundrud og ij. - DI XV, 686-87

184 7: Hjaltastadartun eru 12 teigir ad staerd, ogreidfaer mjog og þyf d, en eingjar allar slettar og votlendar. Af tuninu fast 100, og af einginu 200 hestar. Utbeit er sara litil. Jordin frafaerir herum 4 kyr, 200 fjar og 6 hesta. Kolskogur er ennþa nogur u heimalandi og I skogarteig stadarins I Hreimstada landamerkjum; fra stadnum er og litilfjorleg silungsveidi. Hjaleigan Svínafell er bygd med 1 kug og 6 fjordunga lsk. I landaurum og 1 dagslattu, helmingur landskuldar og leigna I smjori og helmingur I tol. - JJ, 367 Fornleifaskýrsla 25.07.1818 Hjörleifur Þorsteinsson prestur á Hjaltastað skráði. "I kyrkjunni er alleina 1 ° 1 krossmark uthöggrvid af Tré, hvar Iesus er fyrirstiltur hangandi á Krossinum. Þar fyrir ofan stendur með storum latinskum stöfum I.N.R.I. 2° Mariu Bilæti 1 alin a hæd og somuleidis yfir um herdar uthöggrvid af Tré sitjandi a stóli með samanlögðum höndum I raudri yfirhöfn með gulum briddingum framan um ermar I grænum undirklæðum, og med græna sko á fótum, hún hefur gillt edur gulleitt hár klotid fyri midju enni, og krullad upp allt I kring, döckvar augabrír, skarpleg augu rida I kinnnum og raudar varir. 3°2nad Mariubilæti rumlega 1/2 alin a hæd sitjandi med nidurslegid hár eins klædt og hitt, heldur a Barni I fánginu, sem er I raudri Klukku, med Parruk a höfði og bok I hendi. 4 ° A Predikunar stolnum eru 11 kantar; á 6 af þeim er stor mansmind a hvorn úthöggrvinn, enn a hina 5 eru negld Spjöld, á hvorjum virdast fyristilt nockurt sérleg atridi ur lesu Lífs sögu; á því fyrsta eru, 5 uthöggnar mindir, hvar Frelsarinn er fyrirstiltur reidur vid stolpa, med hendur bundnar a bak aptur, enn 2 standa sinn hvorumeginn med reiddar Svipur; þar undir er med storum Latinskum stofum úthöggrvid reiddar Svipur; þar undir er med storum Latinskum stofnum úthöggrvid Geiselung Matth: XXVII. - a odru Spjaldinu eru 16 uthöggnar mindir, og synist líkast þar eigi ad fyrirstillast Frelsarans Fæding, þar dúfumind synist vera uppyfir midpersínunni. - a því 3ja eru 12 uthöggnar mindir, hvar 1 situr a stol I midjuni, og sin ludurþeitari vid hvötja hlid, en þarfyrí nedann standa Karlmadur og Kvennmadur sitt hvorumeginn, milli þeirra eru 4 Bamamindir úthöggnar. - A því 4da eru 9 mindir hvar eim er ad þrysta þymikóronu ofaná Frelsarann, enn annar heldur á reirstafnum og reidir til höggs; þar nedan undir stendur med uthöggrnum Latinskum stöfum Kronung. Matth. XXVII. - A því 5th eru 7 mannsmindir hvar 1 stendur egstur enn 3 liggja flatir fyri fögur hans. - Ofantil a hvorju

af þessum 5 spjöldum eru 2 uthöggnar Mindir með vængjum enn fyrri ofann Spjöldinn er skipt á Kantana þessum ordum með uthöggnum Latinskum stofum Verbum Domini maner in æternum." 1856: Eiðasókn lögð undir Hjaltastað; (PP, 17). Núverandi kirkja var reist 1884. 16.11.1907: Hjaltastaðar- og Eiðasóknir lagðar til Kirkjubæjar; [lög]

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 310; DI III, 232, 239, DI IV, 221; DI VII, 22; DI VIII, 531-532; DI XII, 3-4; DI XIV, 258; DI XV, 414-415, 686; FF I, 49-50, PP, 7

NM-184:003 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 65°30.298N 14°14.033V

"Þar sem gamla íbúðarhúsið er, hét Teigur. Neðan við Teiginn heitir Hesthúshóll." segir í örnefnalýsingu. Fyrir neðan læknisbústaðinn, er brekka og síðan tún. Hesthúsið stóð á hól, beint niður af læknisbústaðnum. Hólnum var rutt niður um 1985.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hjaltastaður, 5.

NM-184:004 frásögn um fjárhús 65°30.419N 14°13.953V

Um 40 m norðan við íbúðarhús frá 1952 var fjárhús. Í sléttuðu túni. Fjárhús þetta stóð neðan við götu sem lá heim að staðnum. Annað fjárhús stóð ofan við götuna nær Matseljútjörn og stóðust húsin á. Efra húsið var sléttað fyrir 1940, en tóftir þess neðra mun síðar, líklega skömmu eftir 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-184:005 frásögn um hesthús 65°30.324N 14.13.935V

20 - 30 m suðaustur af kirkjunni, fremst á kirkjuhólnum á norðurbakka lækjarins var hesthús og heytóft. Kirkjumegin á lækjarbakkanum gengur hóll fram að læknum. Þar er allt á kafi í gróðri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-184:006 heimild um myllu


"Úr [Matseljútjörn] fellur lækur niður túnið, kallaður Heimalækur. Við lækinn var kornmylla og sér þess enn merki." segir í örnefnalýsingu. . Myllan stóð neðarlega við lækinn, hennar sér ekki merki lengur. Við lækinn er allt á kafi í gróðri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir:

SJM I, 312; Ö-Hjaltastaður, 5.

NM-184:007 *Grafargerði* býli

65°31.221N 14°12.356V



"Austan við [Grafargerðis] blána, nær Staðará, er hæð, kölluð Grafargerðishöfði; utan við höfðann eru rústir af eyðibýli, sem heitir Grafargerði (óljós munnmæli segja að þar hafi verið kirkjustaður)." segir í örnefnalýsingu. Tættturnar eru nokkurn vegin beint á móti brúnni yfir Staðarána, þ.e. til NV. Ásinn eða hæðin framan við tættturnar heitir einu

nafui Grafargerðishöfði, fram undir veg, þar sem hann beygir niður af Gilsásnum. Ef gengið er um 200 m eftir slóðanum sést grasi gróin tóft norðaustan undir höfðanum. Norðaustan frá höfðanum liggur langur garður sem sveigir í átt að ánni. Þar sem sveigurinn er á garðinum er allstórt hólfrá innan hans, og suðaustan við hólfið smærri kró. Ofan frá höfðanum sést vel yfir svæðið. Í stórþýfðum lyngmóa á vesturbakka Staðarár. Víðir og :fjalldrapi vex upp að tóftunum og á þeim. Tóftin næst höfðanum er langgreinilegust og er sennilega yngri en hinar, hún er grasi gróin en garðurinn og aðrar minjar eru á kafi í lyngmóa. Rétt norðaustan við skýru tóftina er tvískipt tóft eða tvær gryfjur, um 1 m á dýpt. Sunnan við þær og um 4 m austan við skýru tóftinni er einnig óljós hleðsla um 12 m löng.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir: SJM II, 310; Ö-Hjaltastaður, 3; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-184:008 Töðuvallagerði býli

65°31.846N 14°13.788V


"Neðan við [Vindheimaás] eru rústir af fornbýli, sem heitir Töðuvallagerði" segir í örnefnalýsingu. Ef gengið er með ásunum norðaustur frá Hjaltalundi er Töðuvallagerði um 50 m innan við vírgirðingu nálægt merkjum Hjaltastaða og Jórvíkur. Stórþýfður lyngmói norðvestan undir klettaási. Vestan við tóftirnar er mjótt mýrarsund milli þeirra og lágs klettara. Milli blárinnar og ásanna er lægri klettahöfði og austan við hann en vestan við Töðuvallagerði eru smátjarnir og mýrarflákar. Aðalrústahóllinn er vallgróinn og mjög stórþýfður en umhverfis hann er

móagróður og sker hann sig greinilega úr umhverfinu. Greina má þrjú hólfrá með vissu, annars er hóllinn svo þýfður að erfitt er að greina lag á tóftum.

Um 15 m austan við suðurenda hólfrá er lítil tóft, um 2x2 m að innanmáli, mjög þýfð og gróin lyngi. SSV við hóllinn eru lágir klettir og frá þeim liggur garður austan við tóftirnar og norður fyrir þær. Garðurinn er gróinn lyngi og :fjalldrapi. Að sögn Páls Sigþórssonar sáust fleiri garðhleðslur í grennd við Töðuvallagerði.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir: SJM II, 310; Ö-Hjaltastaður, 3; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.



NM-184:009 Dýjastaðir býli

65°29.915N 14°12.932V

Eyðibýli í landi Hjaltastaðar mun hafa heitið Dýjastaðir. Þess er getið í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar en ekki í örnefnalýsingu. Sennilegast þykir að þessi staður hafi verið vestan og ofan við Þverkletta sem liggja þvert yfir árdal Staðarár í suðausturhorni jarðarinnar. Þar uppi á brekku er mýrarsund milli Pétursvörðuáss og Gilsáss og sést þar greinilegt garðlag, vaxið grasi og lyngi sem myndar eins og hólfrá fremst á brekkubrúnni. Ögreinilegri garður liggur svo SA-NV og er garðurinn þar útfluttur og lyngi vaxinn og virðist eldri en sá hluti garðsins sem er á brekkubrúnni.

Tóftir eru ekki greinilegar en svæðið er að hverfa í skóg. Garðurinn nær um 100 m suðaustur og yfir mýrarsundið, þar hverfur hann. Vera kann að bæjartóftir hafi verið fremst á brekkubrúninni, en erfitt er að greina veggjalag. Á flatlendinu uppi á brekkunni er mýrarsvæði og mýrartjarnir sem bærinn hefur dregið nafn sitt af.

Hættumat: hætta vegna gróðurs

Heimildir: SJM II, 31 O; Múlaþing 5; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-184:010 Kirkjuvað heimildi um vað


"Austan við Grafargerðishöfða er vað á Staðará, nefut Kirkjuvað." segir í örnefualýsingu. Ekki var leitað að vöðum í Hjaltastaðaralandi 1996

Heimildir: Ö-Hjaltastaður, 3.

NM-184:011 Vindheimar 2 tóftir beitarhús 65°31.552N 14.13.640V

"Ofan við Hjaltastaðablá (utanverða) er ás, sem heitir Kolás. Þar fyrir ofan er annar ás, kallaður Beitarhúsaás (Vindheimaás). Þar eru beitarhús, kölluð Vindheimar." segir í örnefualýsingu. Ef gengið er eftir slóða meðfram ásnum frá lítilli tjörn rétt norðan við þjóðveginn þegar komið er framhjá Hjaltalundi, um 1 km að smápýfðum túnbletti sem stendur nokkuð hátt og . sést vel frá þjóðveginum, þá eru þar tvær beitarhúsatóftir norðaustan undir klettaásnum. Austan og suðaustan við ásin eru

móar og mýrar, vestan við tóftirnar er skarð í ásin og sést niður að Selfljóti.



Nyrðri tóftin er mjög stór, 21 x 7 m að innanmáli og eru grjóthleðslur greinilegar að innanverðu, um 0,6 m háar. Þakið er fallið ofan í hana miðja, bárujárn er undir torfinu og liggja langar þaksperrur ofan á því. 9 m sunnar er minni tóft. Sú er 8 m löng, 3 m breið, garði í henni miðri og þakið fallið ofan í tóftina. Hleðsluhæð um 0,3 m. 16 m austan við litlu tóftina virðast vera mjög sokknar leifar túngarðs á um 40 m kafla sem endar 26 m sunnan við tóftina. Þar er röð þúfua, 0, 1-0,2 m á hæð, sem er svo regluleg að sennilega er um mannvirkjaleifar að ræða. Í samantekt Helga Hallgrímssonar um menningarminjar í Hjaltastaðapinghá segir að sumarið 1896 hafi menn orðið varir við fólk sem talið var huldukyns nálægt beitarhúsum, sem líklega hafa verið Vindheimar.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Hjaltastaður, 3; HH

NM-184:012 Kolás örnefni kolagröf

"Ofan við Hjaltastaðablá (utanverða) er ás, sem heitir Kolás." segir í örnefualýsingu. Ekki var leitað skipulega að kolagröfum á þessu svæði en örnefnið bendir á að þar hafi kolagerð verið stunduð áður fyrr. Að sögn Páls Sigþórssonar eru víða merki um kolagerð í landareigninni.

Ö-Hjaltastaður, 3.

NM-184:013 heimild um beitarhús

"Beint niður af bæ á Hjaltastað er bærinn í Grænuhlíð. Þar var áður stekkur og einnig beitarhús." segir í örnefnalýsingu. Býlið Grænuhlíð var reist 1935 á beitarhúsunum.

Heimildir: Ö-Hjaltastaður, 3.

NM-184:014 Pétursvörðutættur beitarhús

"Inn af Gilsás er Pétursvörðuás. Utan í honum eru beitarhúsatættur, kallaðar Pétursvörðutættur. Norðan [þ.e. vestan] við Pétursvörðuás er mýri, kölluð Pétursvörðubla eða Hádegisblá; í blánni eru na:fulausar smátjarnir, fjárhættar." segir í örnefnalýsingu. Helgi Hallgrímsson segir um þennan stað: "Gilsás liggur meðfram Staðarárgili, austan bæjar, allur skógi vaxinn. Innan og vestan við hann er (líklega) umræddur Pétursvörðuás, og skilur mjótt sund á milli nyrsta hluta hans og syðsta hluta Gilsáss. Pétursvörðuás er einnig vaxinn kjarri, og ekki get ég komið auga á þessar tættur á loftmynd, en þær ættu að vera um 1 km SA af bæ." Í SJM II, 311 segir að húsin séu frá tíð séra Jakobs Benediktssonar, er var prestur á Hjaltastað 1856-1874. Páll Sigþórsson telur tætturarnar vera í um 2 km. fjarlægð frá bænum. Þar sjái tófta aftvíbreyðu fjárhúsi og heytóft. Ekki skráð 1996.

Heimildir: Ö-Hjaltastaður; HH; SJM II, 311.


NM-184:015 Forvaðastekkur stekkjartóft 65°30.595N 14.15.956V

"Nokkurn spöl innan við Höfðann [við Selfljótsbrú] er Forvaðaklettur. Þar var stekkur, kallaður Forvaðastekkur. Síðar voru þar beitarhús fáein ár, nú aflögð" segir í örnefnalýsingu. Þegar komið er um 550 m suður veginn að Rauðholti er gegnið meðfram girðingu í átt að Selfljóti.

Forvaðsklettur er ofan við girðinguna. Þegar horft er upp í klettana sést geil milli þeirra og hlaðið fyrir. Milli kletta. Stekkurinn er hlaðinn utan undir klettavegg, sem er um 4 m hár, og að lægri kletti um 3 m vestar. Tóftin er um 20 m löng að innan og 3 m breið. Syðst í tóftinni er hlaðið fyrir og myndað minna hólf - Sævar Sigbjarnarson í Rauðholti telur að kletturinn heiti Forvaðaöxl.

Hættumat: hætta vegna hruns.

Heimildir: SJM II, 311; Ö-Hjaltastaður, 2.



NM-184:016 landamerkjagarður

65°28.650N 14°13.534V

Rúmlega 1 km norður af Ánastöðum, skammt innan við Hrógustaði, er landamerkjagarður sem ste:fuir hornrétt á Staðará. Móar, vaxnir fjalldrapa, kjarr er ofar dregur.

Ekki er víst um lengd garðsins en hann gæti verið a.m.k. 300 m af loftmynd að dæma. mælt á bakka Staðará

Hættumat: engin hætta.

NM-184:017 garðlag áveita 65°31.029N 14°15.594V

"Í tíð séra Björns Þorlákssonar (1874-94) var gerð mikil áveita á Hjaltastaðarblá.

Fljótið var stíflað með grjótagarði rétt við Höfðana (brúna) og sést grjótbálgurinn enn, er er nú mjög siginn, en er nú mjög siginn í sandbotninn. Bóndastaðir áttu hlut að." segir í Sveitum og jörðum. Garðurinn blasir við í fljótinu þegar komið er fyrir höfðann á austurbakka Selfljóts. Í fljóti og á fljótsbakka.

Grjótagarðurinn liggur þvert yfir fljótið og er mestur í því miðju. Rétt við austurbakkann er hann mjög siginn og er þar á kafi en sést þó. Þar sem hann gengur upp á bakkann frá fljótinu á um 8 m kafla er hann einnig siginn, en þó minna og þar er hann einnig breiðari. Í framhaldi af grjótagarðinum er torfgarður til austurs, 12 m langur, og ógreinilegur skurður sunnan við og meðfram honum. Torfgarðurinn er um 3 m breiður, siginn og endar þar sem troðningur niður með fljótinu fer í gegnum hann. Áveitugarðurinn sést einnig á vesturbakka Selfljóts í landi Bóndastaða.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: SJM II, 312

NM-184:018 Nykurtjörn skrímsli

65°31.174N 14°13.572V

"Norðan við Uxahöfða er Nykurtjörn." segir í örnefualýsingu. Nykurtjörn er úti á Klifum, um 500 m norðaustur af Hjaltalundi. Ef ekið er áfram fram hjá afleggjara að Hjaltalundi, eru norðan við veginn nokkrar litlar tjarnir og rafinagnsgirðing í átt að Vindheimabeitarhúsum, sem sjást frá veginum. Rafinagnsgirðingin fer í vesturenda Nykurtjarnar. Lágir klettaranar umlykja tjörnina að austan og sunnanverðu, norðan við hana er lágt móaholt og norðvestanvið klettarani. Meðfram honum er mýrarmói austanmegin.

Heimildir: Ö-Hjaltastaður, 3.

NM-184:019 heimild um landamerkjagarð

"Landamerki Hjaltastaðar og Jórvíkur eru: Úr Magnúsarvörðu lína eftir fornu garðbroti austur yfir svonefnd Höll." segir í örnefualýsingu. Þetta garðbrot fannst ekki við leit 1996.

Heimildir: Ö-Hjaltastaður, 1.

NM-184:020 landamerkjagarður

65°31.686N 14°12.657V

Í landamerkjaskrá Hjaltastaðar segir að merkin við Jórvík séu "Frá Staðará eftir gömlu garðlagi í Sauðahraunsmýri beint utan undir Kýrhöfða ... " Í móamýri austan undir Kýrhöfða er garðbrot á um 50 m kafla.

Endurrit Landamerkjabókar Norður-Múlasýslu Nr. 52/1884 Garðurinn er um 1,8 m breidd en mjög sokkinn og aðeins um 0,2 cm hár. Á 18 m kafla næst höfðanum er hann mjög hlaupinn í þúfur og vex á honum lyng og fjalldrapi, þá er skarð í hann á 2 m kafla, en á bilinu frá 20-50 m í austur er hann skýrastur. Hverfur síðan smám saman í móamýrina.

Hættumat: engin hætta.

NM-184:021 frásögn um hesthús

65°30.269N 14°14.020V

Norðvestan undir lágum klettahól suðvestan við túnið hjá læknisbústaðnum voru útihús Villtur gróður vex við klettinn en norðan við hann er slegið tún. Páll Sigþórsson telur að þetta sé líklega hesthús sem stóð "neðan undir klettaranum sem liggur í SV eða V frá læknisbústaðnum. Hesthús þetta stóð nálægt klettinum, skammt þar frá sem núverandi vegur að Ánastöðum liggur í klaufinni upp á klettinn."

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-184:022 tóft afheystæði

65°31.523N 14°15.441V

Um 1, 1 km norðan við járnbrú niðri við Selfljót er heytóft um 20 m frá fljótbakkanum, Hún er stendur hátt, eða um 1,5 m yfir umhverfinu og sést vel úr fjarska. Tóftin er ferhyrnd, 13x1 m að utanmáli. Hún er mjög þýfð og hleðslur signar, um 0,4 m. Að utanverðu eru stórir rofblettir í hana á öllum hliðum.


Hættumat: mikil hætta vegna rofs.

NM-184:023 tóft afheystæði

65°31.545N 14°15.473V

Um 60 m norðan við 022, og um 3 m frá fljótinu er önnur heytóft í smápýfðum bithaga. Tóftin er ferhyrnd, um 4,5 x 2,5 að innanmáli, veggir um 0,5 á hæð, signir. Óljós merki eru um að tóftin hafi verið tvískipt. Sunnan og suðaustan við hana sést kantur þar sem torf í hleðslurnar hefur verið skorið

Hættumat: hætta vegna rofs




NM-184:024 tóft afheystæði

65°31.545N 14°15.473V

Um 70 m norðan við 022, litlu norðar en 023, og um 4 m frá fljótinu er enn ein heytóft. Norðan við hana er skurður. Tóftin er ferhyrnd, 5 x 3 m að innanmáli. Hleðslur signar, 0,2 m að innan.

Hættumat: hætta vegna rofs.



NM-184:025 tóft afheystæði

Um 60 m norðan við 022, í smápýfðum bithaga 25 m frá fljótsbakkanum er enn heytóft.

70 m norðan við tóftina er skurður. Austar taka blámar við. Tóftin er ferhyrnd, 6 x 4 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, um 0,6 m á hæð að utan. Stór rofblettur er austan við tóftina.

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-184:026 renna

áveita

65°31.587N 14°15.425V

Um 1250 m frá þjóðveginum, niðri við Selfljót er mjór handgrafinn skurður sem liggur austur frá fljótsbakkanum og síðan austnorðaustur yfir blána. Skurðurinn er aðeins 0, 1-0,3 m breiður. Á norður- og vesturbakka hans er gróinn uppmokstur eins og lágur garður meðfram skurðinum, breiðastur um 2 m og um 0,2 m háð.

Hættumat: engin hætta

NM-184:027 tóft afheystæði

65°31.643N 14°15.484V


Um 100 m norðan við 026 er heytóft um 8 m frá bakka Selfljóts, Tóftin er í bithaga, en bláin rétt norðan við. Lækjarsytra hlykkjast norðan við tóftina. Tóftin er aflöng,

3,5 x 1,5 að innanmáli, og signar hleðslur um 0,4 m háar. Hún er mjög þýfð

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-184:028 tóft afheystæði

65°31.63 IN 14°15.439V



12 m norðar en 027 og um 2 m frá bakkanum er önnur

heytóft, mjög sokkin. Tóftin

er í bithaga en bláin rétt norðan við. Lækjarsytra hlykkjast

norðan við tóftina. Tóftin er aflöng, 6 x 1,5 m að innanmáli.

Hleðslur eru mjög signar, um 0,2 m háar.

Hættumat: engin hætta.

NM-184:029 3 tóftir afheystæðum

65°31.841N 14°15.028V

Um 1750 m frá Þjóðvegi, niður með Selfljóti eru 3 heytóftir í bithaga á tungu milli tveggja lækja/skurða, rétt við bakkann. Á vesturbakka fljótsins gegnt tóftunum er áberandi heytóft. Tvær eystri tóftirnar eru samfastar, og sú þriðja 3 m vestan við þær. Lengd alls 17 m að utanmáli og breidd 7 m. Hleðslur eru signar, 0,4 m háar.

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-184:030 tóft af heystæði

65°31.841N 14°14.981 V

Heytóft er á lækjarbakkanum, um 50 m austar en 029. Tóftin er ferhyrnd, 7 x 5 m að utanmáli, signar hleðslur um 0,4 m háar. Rofblettir eru í tóftinni á víð og dreif, en ekki stórir. Girðingarstaur er ofan í henni og farið að gróa yfir hann. Lögun óljós að innanverðu vegna þýfis

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-184:031 þúst

heystæði

65°31.952N 14°14.922V

Um 2 km frá Þjóðvegi, niður með Selfljóti, 8 m frá fljótsbakkanum er stór áberandi hóll, rétt norðan við torfgarð/áveituskurð sem gengur að ásnunum austan við blána. Hóllinn er 16 x 16 m að utanmáli, grasi vaxinn en mjög þýfður og ekki hægt að greina hleðslur á honum. Allt umhverfis hóllinn er engi. Hóllinn er rótnagaður og stórir rofblettir á honum.


Hættumat: mikil hætta vegna rofs.

NM-184:032 *Hrúgustaðir* býli

65°28.714N 14°13.250V

Í Ferðabók Ólafs Olavíusar er getið um eyðibýlið Hrúgustaði, og þeir sagðir "heyra til Hjaltastað." Hrúgustaðir eru á flatlendi uppi á hæð ofan flatlendisins við Staðará, 1,5 km utan (norðan) við Ánastaði og um 200 m ofan Staðarárinnar.

Tóftir og garðlög liggja milli og umhverfis Skógholt og fer skógurinn að hylja svæðið algerlega. Bæjarrústin er um 25x20 m og má sjá í því tvær greinilegar tóftir sem og 2 ógreinilegri hólf. Rústirnar eru mjög ógreinilegar. Hálf-hringlaga garðlag liggur frá suðvesturhorni bæjarrústarinnar í átt að túngarðinum austan við tvær greinilegar smátóftir við túngarðinn. Aðrar tóftir sjást ekki fyrir þýfi og skógar gróðri. Túngarður liggur heill umhverfis bæjarrústina, 120 x 90 að innanmáli. Hann liggur upp við brekku ofan bæjarrústarinnar, 40 m frá henni. Liggur svo suður fyrir



og niður í átt til árinna en sveigir svo umhverfis holtið neðan bæjarhúsanna og liggur til norðausturs, yfir 10 m breitt sund og í annað holt. Þar beygir hann 90° til suðausturs og liggur aftur upp með bæjarrústinni og lokar hringnum ofan (SA) hennar. Garðlag liggur út frá túngarðinum til NA og hverfur á kafla í skóg. Þar sem hann liggur út úr túngarðinum er smáhólf, 3x6 m. Garðurinn endar eða verður ógreinilegri í sundi milli tveggja holta norðaustur af bæjarstæðinu. Við endann er greinileg smátóft 2x6 m. - Neðan hæðarinnar sem bærinn stendur á, 80 m neðan við bæjarrústina, liggur annað garðlag á um 100 m kafla frá NA - SV. Garðurinn sveigir í báða enda upp til hæðarinnar og mætir þar túngarðinum. Smá hálfhringlaga garðlag liggur niður frá garðinum.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: ÓO 142; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-184:033 frásögn um rétt

Við bæjarlækinn, framan við bæjarhólinn var rétt. Hún mun hafa lent undir ruðningnum þegar sléttað var úr bæjarhólnum og sést ekki lengur. Páll Sigþórsson segir: "Þarna er sjáanlega átt við hestaréttina. Hestaréttin stóð fram við lækinn, S eða SA við kálgarðinn sem var framan við gamla bæinn. Kálgarðurinn náði fram að lækjarbakkanum, fram undan bænum"


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-184:034 garðlag

65°30.617N 14°16.049V

Ef gengið er frá Forvaðastekk 015 niður með klettinum er garðlag í mýrarmóa fyrir neðan hann og stefnir það í átt að fljótinu. Garðbrotið liggur frá klettinum og í átt að fljótinu á 14 m kafla. Síðan er það óljóst á 30 m kafla en sést þá aftur greinilega á 50 m kafla. Lyng og fjalldrapi vex á garðinum að hluta og í grennd við hann. Garðurinn er mjög þýfður og sokinn, aðeins um 0,2 m hár. Hann sést á loftmynd.

Hættumat: engin hætta.

**NM-184:035** þúst

65°30.602N 14°15.940V

Ef ekið er um 550 m eftir veginum að Rauðholti og síðan gengið meðfram girðingu í átt að Sefljóti er tún norðan við girðinguna. Forvaðsklettur er ofan við girðinguna og er þúst þar í móa undir klettinum norðanverðum. Hún er grösug og sker sig úr í móapúfunum. Þústin er mjög þýfð og ógreinilegt lag á henni. Hún er um 8 x 7 m að utanmáli, hleðslur útflattar og um 0,4 m hár.

Hættumat: engin hætta.

NM-184:036 heimild um vörslugarður

"Leifar af garðlagi, þvert yfir tanga, utan við Matseljútjörn. Tangar tveir ganga út í tjörnina utanverða. Garður þessi er á neðri tanganum, þ.e. nær bænum."

Heimildir: Athugasemdir frá Páli Sigþórssyni, m. bréfi til FSÍ 19.11.1997.

NM-184:037 frásögn um túngarður

"Í túninu utan við núverandi íbúðarhús, má vel sjá hvar túngarður var fyrrum. Merki hans sjást allt frá Matseljútjörn og niður undir núverandi veg heim að staðnum."

Heimildir: Athugasemdir frá Páli Sigþórssyni, m. bréfi til FSÍ 19.11.1997.

NM-184:038 heimild um fjárhús

"Beint niður af þessu hesthúsi [021] stóðu fjárhús og hlaða. Þau stóðu á brekkubrúninni þar sem hrekkan er bröttust í núverandi túni til NV og túninu fer að halla frameftir, þ.e. til Veða SV." Ekki skráð.

Heimildir: Athugasemdir frá Páli Sigþórssyni, m. bréfi til FSÍ 19.11.1997.

NM-184:039 heimild um rétt

Þar sem segir í aths Páls um rétt eða kvíar skammt frá 038. Réttin var skammt frá læknisbústaðnum, það er nær honum er fjárhúsið 038. Tófimar voru yst við klettinn, sem er rétt framan við læknisbústaðinn. Ekki skráð.

Heimildir: Athugasemdir frá Páli Sigþórssyni, m. bréfi til FSÍ 19.11.1997.

NM-184:040 heimild um beitarhús

Beitarhús á Stórahól, sem er ofan við Staðará en nær Vallará, neðan hennar. Beint upp af Pétursvörðuá. Utan við Stórahólinn, sem er klettahóll, talsverður, eru tættarnar ekki ólíkar tóttunum á Pétursvörðuás. Ekki skráð.

NM-184:041 vegur

Miklar leifar gamla vegarins gamla beggja megin bæjar. Ekki síst fyrir utan bæ þar sem hann liggur austur yfir Klif, síðan utan í Klifum og austur að Gilsás. Síðan niður að Staðará, nokkurnvegin þar sem núverandi bólvegur er. Ekki skráð.

NM-184b Hjaltastaður (Hraundalur)

"Hraundalur liggur milli Beingeitarfjalls að norðan (utan og Botndalsfjalls að sunnan. Hraundalsafrétt hefst með Ytri-Stangará. "Staðurinn á auk þess stórt afréttarsvæði fráskilið heimajörðinni, Kirkjutungur ofan við Hölná og enn fremur Hraundal sunnan Hraundalsár að hreppamörkum við Eiðapínghá á Botndalsfjalli og Loðmundarfjörð á Hraundalsvarpi." SJM II, 310-311.

NM-184b:001 *Ytra-sel* heimild um sel

"Fyrir innan Ytri-Skaga eru engjalönd, slétt með skorningum og heytóttum, kölluð nes. Munnmæli segja að tættarnar séu seltættur Margrétar ríku á Eiðum (Ytrasel og Innrasel)."

"Sumarið 1996 voru rústirnar, sem kenndar eru við Margréti kannaðar með yfirborðskoðun. Rústirnar eru fjórar, af mismunandi stærðum og gerðum, og greinilega ekki allar samtíða. Stærsta rústin á Hraundal getur allt eins verið leifar selsins, sem um getur í sögunni, en vel má hugsa sér að í fyrstunni hafi þarna staðið bær. Alvanalegt er að byggja upp gömul hús eða reisa nýja bæi á gömlum bæjarstæðum hérlandis. Hluti rústanna á Hraundal, rústir 11-IV, eru mjög grónar lyngi, sem gæti verið vísbending um háan aldur þeirra, en aftur á móti er stærsta rústin (rúst I) grasi vaxin eins og títt er um rústir frá síðmiðöldum. Því má reikna með að hún sé mikið yngri en hinar rústirnar þrjár. Undir henni hefur myndast nokkuð stór "bæjarhóll" í tímans rás. Rústirnar eru allar nokkuð dreifilar um bæjarstæðið, eina og um íveruhús og útihús sé að ræða. Afar erfitt er að átta sig á hlutverki og aldri rústanna nema með könnunarskurðum eða uppgrefti. Staðurinn er mjög athyglisverður til ítarlegri rannsóknar, t.d. að kanna á byggð á hálendi Íslands á öldum áður. Vel má vera að Margrét ríka hafi átt sel í Hraundal á 16. öldinni, en búseta hennar þar segir ekkert til um það hverær fyrst var búið þar. Byggð langt yfir sjávarmáli hefur ekki verið könnuð neðan að mjög litlu marki á Íslandi en ekki er ólíklegt að grösugir hálendisdalir hafi verið byggðir og þar stundaður heilsársbúskapur á fyrstu árum landnáms, meira en þekkt er á nýliðnum öldum." Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Hraundalur, 2; SK: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 15-16.

NM-184b:002 *Möngutættur* heimild


"Fyrir innan Ytri-Skaga eru engjalönd, slétt með skorningum og heytóttum, kölluð nes. Munnmæli segja að tættarnar séu seltættur Margrétar ríku á Eiðum (Ytrasel og Innrasel). Hinu megin við ána voru kallaðar Möngutættur." Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Hraundalur, 2

NM-184b:003 heimild um leið

"Dalurinn er mjög búsældarlegur og um hann liggur þekkt gönguleið milli Hjaltastaðarþinghár og Loðmundarfjarðar." Ekki skráð 1997.

Heimildir: SK: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", 15.



12. Fornleifakort. Svínafell




NM-185 Svínafell

Hjáleiga frá Hjaltastað, fyrst getið í j.b. 1760, talin 6 hdr. um 1840. Var öðru hvoru í eyði og nytjuð frá Hjaltastað. Jörðin hafði lengi aðeins nytjamörk en er nú sjálfstæð jörð. Þessi nytjamörk voru miðuð við Staðará að vestan og Hrísa að austan og utan, en Ánastaðamerki að sunnan. Bærinn stendur austan í skógi vöxnum ás, við Vallará, sem skiptir landinu að endilöngu í tvo hluta. SJM II, 315.

1919: tún 2,3 ha. garðar 318 m². "Tún snögglent og þýft. Engjar dreifilar, sumar votar, aðrar þurrar, hey kjarngott." SJM II, 315.

Heimildarmenn: Ingvar Ingvarsson frá Dölum fæddur 29. 11. 1941 og Hildigunnur Sigþórsdóttir frá Hjaltastað, fædd 15.08.1946.



13. Fornleifakort. Svínafelli - bæjarstæði

NM-185:001 bæjarhóll bústaður

65°30.695N 14°11.989V

"Torfbærinn stóð syðst í gamla túninu 60-70 m framan við núv.fjánhús." segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Bæjarhúsin voru um 40 m sunnan við fjánhús/hlöðu. Bærinn var rifinn 1962-3. Sléttað hefur verið yfir tóftina, en syðst og austast á bæjarstæðinu er ekki alveg slétt, og sést grjót úr hleðslum þar. Bæjarhúsin náðu fram á brekkubrúnina að austan, þar er stallur niður að brekkunni og sést þar einnig hleðslugrjót. Frá bæjarstæðinu hallar brekkunni til austurs að Vallará. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:
SJM II, 315; Túnakort 1919.

NM-185:002 heimild um fjárhús 65°30.775N 14°11.890V

Af heimreiðinni er vegur að skemmu og sunnan við þau eru fjárhús/hlaða. Þar voru áður fjárhús. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-185:003 heytóft 65°30.712N 14°12.088V

Heytóft er vestast og syðst í túni, skammt innan við túngarðinn og um 7 m frá reykkofa. Í túni, skammt innan við túngarð. Sunnan við túnið eru klettur. Tóftin er ferhyrnd, um 8 x 4 m að innanmáli. Að innan eru hleðslur um 0,2 m háar. Tóftin virðist frekar grafin niður en hlaðin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-185:004 kálgarður 65°30.692N 14°11.953V

Neðst í brekkunni austan við bæjarstæðið 001 er hlaðinn garður á um 5 m kafla. Í túni, neðst í lágri brekku. Neðan við garðinn og umhverfis hann er sléttuð tún. Hleðslurnar eru 0,4 m breiðar og 0,3 m háar. Aðeins hægt að greina austurhlið kálgarðsins með vissu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919.

NM-185:005 kolagröf 65°30,349N 14°11,406V

Á stallinum undir Svínafelli, austan við Vallrá, blasa tvær vallgrónar tóftir við, 010 og 011. Kolagrafir eru í móa um 20 m austur frá tóftinni sem er fjær fellinu. Þær eru á þurrum hól sem er minna á kafi í gróðri en landið umhverfis. Á hólum eru 15 - 20 litlar gryfjur, flestar 0,5 - 1 m í þvermál og um 0,5 m djúpar. Nokkrar eru að hverfa vegna gróðurs.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

NM-185:006 túngarður 65°30.779N 14°12.029V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi eru sagðir fornir túngarðar í Svínafelli. Túngarðurinn stendur enn syðst og vestast í túninu undir hamrinum og snýr austurvestur meðfram túninu. Frá norðri gengur garðurinn um 15 m að reykkofa og heldur síðan áfram um 35 m, sveigir þá til suðausturs og er skýr á um 60 m kafla. Garðurinn endar undir kletti suðaustur í túni. Norðanmegin er búið að slétta yfir garðinn, en enn sést lægt í túnið og grjót úr hleðslunni. Ef gengið er um 20 m suður afleggjara að útihúsum er hægt að fylgja garðinum þaðan um 50 m til norðvesturs yfir túnið. Undir hömrum yst í heimatúninu og í sléttuðu túni. Þar sem slóði út túnið fer í gegnum garðinn sést grjót í honum utanverðum. Vestast sést garðurinn illa vegna gróðurs. Um 0,4 m há torfhleðsla gengur 5 m í vestur frá garðinum upp að brekkustalli 12 m suður frá reykkofa. Þar sem garðurinn stendur enn er hann breiðastur um 1,5 m og hæstur um 1 m. Hnit að ofan er tekið í sléttuðu túni, þar sem aðeins sést í grjót, um 20 m S frá heimreið hjá íbúðarhúsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 315.

NM-185:007 nátthagi

65°30.642N 14°12.525V

"... grjótgirtur nátthagi [er] við Staðará." segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Ef gengið er vestur frá bæ að Staðará og upp með henni í gili er nátthaginn þar undir kletti en langur og um 10 m hár klettaveggur er hinum megin við ána. Í árgili. Um 200 m löng og 10-15 m breið, afar brött grasbrekka utan í klettum á A bakka árinna. Allt umhverfis vaxið birki. Grjótgardurinn nær frá árbakkanum og að kletti, hann er 5 m langur og 1 m breidd, og um 0,8 m hár. Hann er nokkuð hruninn. Grjóthleðslan lokar haganum norðanmegin, að sunnanverðu þrengist hann að klettum. Hnit eru tekin á klettinum fyrir ofan nátthagann.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: SJM II, 315.

NM-185:008 heimild um áveitu


Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er sögð "Áveita úr Vallará á Kjóamýrar." Áveituskurðir voru sjáanlegir í mýrinni um 1-1,2 km suður frá bænum. Þeir sjást nú ekki lengur.

Heimildir: SJM II, 315.

NM-185:009 beitarhúsatóft

65°29.167N 14°12.408V

"Búhöldurinn séra Jakob Benediktsson hafði jörðin undir, er hann bjó á Hjaltastað, hafði þar tvenn beitarhús, önnur á Svínafellinu og hin við Stórhól." segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Stórhóll er um 3 km frá bænum. Ef gengið er út tún frá Svínafelli, eftir troðningi og síðan fjárgötum austan við Vallará, blasir Stórhóll við



þegar komið er upp yfir Langhamar og Lönguhlíð. Hóllinn er ávalur og reglulegur, og skarð eða dæld í hann miðjan. Tóftin er austan við skarðið, norðan undir hólnum, grasi gróin og sést greinilega. Í móa norðan undir

klettahól. Austan við móann eru mýrartjarnir.

Tóftin er vallgróin, en lyng, fjalldrapi, víðir og birkihríslur umhverfis hana. Stakir stórir steinar fyrir miðju Stórhóls eru austur frá tóftinni.

Tóftin er ferhyrnd, 1 lx9 m að innanmáli og skiptist í tvö hólf, garði er í því syðra og austur úr því lítil kró. Á leiðinni að tóftinni verður að gæta þess að halda sig á þeim götum sem næstar eru ánni, lendi maður of vestarlega þarf að leggjast til birkisunds, sem er andstyggileg íþrótt. Tvær smátóftir eru vestan við tóftina og ein smátóft austan við, en svarðargröf um 7 metrum

norðan við tóftina.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: SJM II, 315.

NM-185:010 beitarhúsatóft

65°30.359N 14°11.465V


"Búhöldurinn séra Jakob Benediktsson hafði jörðin undir, er hann bjó á Hjaltastað, hafði þar tvenn beitarhús, önnur á Svínafellinu og hin við Stórhól." segir í Sveitum og jörðum í Múlapingi. Ef gengið er upp að Svínafelli, sem er A við Vallará þá blasa

tvær vallgrónar tóftir við þegar komið er upp á stallinn undir fellinu. Tóftin er í stórbýfðum móa, fjær fellinu og 20 m vestar en 013. Tóftin er vallgróin, og eins og hóll yfir móanum umhverfis. Þarna vex lyng, fjalldrapi og birki en víðir vex á veggjum tóftarinnar.

Hún er aflöng, 13x2,5 m að innanmáli. Tóftin skiptist í fjögur hólf, steinhleðsla milli tveggja en aðrir veggir úr tarfi. Utan í hólnum sunnanverðum er allstór hrúga af grjóti, farin að sökkva.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.


Heimildir: SJM II, 3 15.

**NM-185:011** stekkjartóft

65°30.097N 14°12.028V

Um 20 m frá Vallará í grónu viki undir lágum klettaási er stekkjartóft. Hún er auðfundin ef gengið er suður fyrir tún við bæinn og eftir troðningi nálægt Vallará í átt að Langhamri. Lægri hóll er norðan við tóftina. Tóftin er vallgróin og sést vel. Umhverfis hana er lyng, birki og fjalldrapi. Tóftin er tvískipt og er stærra hólfið fjær ánni, það er 5,5 x 3 m að innanmáli og minna hólfið 2,5 x 1,5 m. Hleðslur standa grónar og eru hæstar um 1 m. Grjót sést í hleðslum, stórgrýti í hólfinu sem er fjær ánni. Hólfið nær ánni er grónara, en þar sést einnig grjót.


Hættumat: hætta vegna gróðurs.

**NM-185:012** hesthústóft

Við túngarðinn sunnanverðan, austan

við þar sem troðningur fer í gegnum hann, er tóft byggð utan í garðinn. Tóftin er örfáa metra vestan og sunnan við mót tveggja skurða. Undir klettum rétt utan við túnið. Túngarðurinn myndar einn vegg tóftarinnar en að sunnan er hún eins

og grafin inn í brekkuna. Tóftin er aflöng, 4 x 2 m að innanmáli. Hleðslur signar, um 0,4 m að innan. Grjót sést í garðhleðslunni og í veggjum tóftarinnar. Að sögn Ingva




Ingvarssonar mun hafa verið hesthús þarna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-185:013


65°30.357N 14°11.504V

Ef gengið er upp að Svínafelli, sem er austan við Vallará, þá blasa þær tvær vallgrónar



tóftir við þegar kornið er upp á stallinn undir fellinu. Önnur er nær fellinu og um 20 m austar en 010 um 30 m norðan undir hamrinum. Í stórþýfðum lyngmóa. Birki og fjalldrapi vex umhverfis tóftina og sker hún sig vel úr. Að innan er tóftin 27 m

löng og 4 m breið. hleðslur standa um 0,4 m háar. Hún skiptist í 5 hól og fer hóllinn lækkanði til endanna. Rof er í utanverðum vesturvegg og þar sjást grjó- og torfhleðslur. Miðhólfíð skiptist í minni hól en þar er mikið þýfi og óljóst hvort þau eru 3 eða 4.



NM-185:014 tóft

65°30.334N 14°11.499V

Skammt frá 0 10 og 0 13 á stalli undir Svínafelli, er þriðja tóftin beint norður undir hamrinum. Tóft þessi sést eins og ógreinilegur hól með hvílt eftir endilöngu. Í stórþýfðum lyngmóa undir hamri. Tóftin er öll á kafi í gróðri, lyngi og fjalldrapa. Tóftin er aflöng, 18 m að innanmáli og 2,5 m á breidd. Nær hamrinum virðist vera lítið hól. Hleðslur eru útflattar og ekki hægt að meta hæð þeirra vegna gróðurs.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

NM-185:015 garðlag 65°30.347N
14°11.443V

Um 20 m austan við 014 er garður sem stefnir í norðaustur frá hamrinum. Móarnir þarna eru mjög stórþýfðir og á kafi í lyngi og fjalldrapa, en milli garðsins og 014 er nokkuð slétt. Garðurinn er greinilegur á 22 m löngum kafla, þar er hann um 2 m breiður og 0,6 m hár, en stórþýfður og á kafi í gróðri. Garðurinn sést einnig austan við 0 13, þaðan gengur hann meðfram 0 14 að austanverðu og áfram að hamrinum. Á þessum kafla er hann mjög ógreinilegur vegna kafgróðurs. Nyrsti hluti hans er svotil alveg horfinn í þúfur og móagróður

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

NM-185:016 kolag

65°30.349N 14°11.406V

Kolagrafir eru um 20 T\tn við 010. Í móa, á þurru hól sem er minna á kafi í gróðri en landið umhve. Á hólum eru 15 _ 20 litlar gryfjur, ekki djúpar. Nokkrar holnanna eru að hverfa á gróðurs. Þær eru mismunandi að stærð, 0,5-1 x 0,5-1 m, en engin mjög djúp. ·

Hættumat: engin hæ


NM-185:017 stekkjartól

65°29.980N 14°12.687V

Stekkjartóft er við svokalhþverkletta sem liggja þvert yfir dalinn sem Staðará rennur í gegnum, um 1, 7 km suðvestur af Svínafelli. Stekkurinn er tvískiptur, stærra hólfið 5 x 5 m, það mi~ x 5 m. Innangengt er á milli hólfa. Stekkurinn er byggður utan í klett þannð kletturinn myndar annan langvegginn í honum.

Hann er vaxinn lyngi og ljónslá,

Hættumat: engin hætt.
Hættumat: engin hætt.



14. Fornleifakort. Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði

20 hdr. 1695. Kristfjárförð. Getið í Fljótsdæla sögu: Þar er bóndi nefndur Þorbjörn kórekur og var kona hans skyld Njarðvíkingum. Ásbjörn vegghamar var þar á vist tvo vetur en leigði hinn þriðja land "þar fyrir utan læk, þat er nú heitir á Hlaupandastöðum, en þá at Sauðalæk." Hann bjó þar við mikla ómegð og hljóp frá henni að vetri loknum "Þá tóku þeir á Kóreksstöðum við ómegð hans, en misstu landsleigu sinnar við hann ... " ÍF XI, 259, 260, 268. Hlaupandagerði hefur á seinni öldum verið í landi Sandbrekku utan við bæinn þar og gæti þetta bent til að höfundur Fljótsdælu hafi talið að land Kóreksstaða hafi upphaflega líka náð yfir allt land Sandbrekku. Það gæti þó líka bent til ókunnugleika. Í Gunnars þætti Þiðrandabana er sagt frá sömu atburðum en ekki getið bústaða manna - ÍF XI, 16-98. Jarðarinnar er fyrst getið í skjölum í Hítardalsbók frá um 1367: clxi. Christfienu a korexstodum fylgia viij aer og ij kyr. - DI Ill, 232. Af málþaga Hjaltastaða frá um 1367 sést að á Kóreksstöðum hefur verið kirkja: ij merkur eiga að gialldast af korekstodum til hialita stadar kirkju. þui þar tekst heimatund oc lysitollar - DI Ill, 239 cop. I Vilch. - DI IV, 221. Í Vilchinsmálþaga kristfjársins kemur einnig fram að því tilheyri "fiogura hunndrada Reki." - DI IV, 221 sbr. [1570]: Kristfiar Jordin að Korixstodum a iij kugillde geld. og iiijc fadma Reka - DI XV, 708 og rekaskrá frá 1579: Korexstada sandur fiogur hundrud fadma - DI XV, 711-12.

Kóreksstaðagerði var hjáleiga frá Kóreksstöðum. Afbýli voru tvö. Hið fyrra nefndist Hjalli eða Stakihjalli út og norður af Yxnafeili innarlega í landi Kóreksstaða ofan Rauðholts. Hann var í byggð 1844-1860. Hitt afbýlið var Kóreksstaðasel við Hrísa út og upp af Svínafeili en ókunnugt er um byggð þar. Þar voru beitarhús frá 1941-44. Nýbýli út úr jörðinni var Sigtún, stofnað 1942. Sigtún fékk um helming Kóreksstaðalandsins. Jörðin á mörk við Jörvík með Staðará. Einnig eru mörk við Sandbrekku, Dali, Kóreksstaðagerði, Ánastaði, Svínafell og Hjaltastað. SJM II, 321; Múlþing 5, 182, SJM V, 410.

1919: tún 4,9 ha. garðar 350 m². "Kóreksstaðir þóttu stórbýlisjörð sökum engjaval. Bærinn stendur í gamla túninu austan í áshalli. Engjar voru margar og góðar. Jörðin á 400 faðma rekasand á Héraðssöndum. Í Fasteignamati 1918 er tún sagt 3,2 ha. Tún var harðlent og brunahætt en grasgæfi. Árið 1865 voru 200 rúmfaðmar[svo] sléttaðir, jafnstór spilda 1886-87. Þaksléttað var með hestaverkfærum eftir aldamót." SJM II, 322

Heimildarmaður: Sævar Sigbjarnarson fæddur að Rauðholti 27.2.1932

NM-186:001 bæjarhóll bústaður

65°32.520N 14°10.659V


Um 30 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi er allstór ávalur hóll þar voru bæjarhús áður. Hann er grasi vaxinn og þó að ekki móti fyrir tóftum sést í grjót hér og hvar. Í túni

Hóllinn er a.m.k. 25x20 m. Suðaustan í honum eru nokkur tré og matjurtagarður (rabbabari). "Baðstofa 11,5x6 álnir brann skömmu fyrir 1930. Þá innréttað frammihús 12x8 álnir, með járnþaki og torfveggjum á 3 vegu, en þili austur á hlað. Notað ásamt öðrum bæjarhúsum til 1948" segir í Sveitum og jörðum. Núverandi íbúðarhús er nú 86

nýtt til sumardvalar. Samkomuhús var norðan við, byggt um 1903 að sögn Sævars Sigurbjarnarsonar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 321-23; JJ, 359; Múlaþing 5, 182, SJM V, 410.



15. Fornleifakort. Kóreksstaðir - bæjarstæði

NM-186:002 þúst útihús

65°82.553N 14°10.562V

"Gripahús úr torfi og grjóti og [svo] dreifð um tún, þar til búsetu lauk" segir í Sveitum og jörðum. - Um 30 m norðaustur af steinsteyptu húsi, er grasi vaxinn hóll með dældum í, þar sem hús virðast hafa verið. Í túni. Hóllinn er um 20 m á hvorn veg. Dæld er í hann miðjan, um 4 m á kant, en ógreinileg.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SMJ II, 323.

NM-186:003 Barnasteinshóll

leikvöllur

65°32.562N 14°10.611 V


"Í túni á Kóreksstöðum er Barnasteinshóll, leikvöllur barna" - Undir brekku 50-60 m norður af íbúðarhúsi er steinn í brekkunni og mun það vera Barnasteinninn. Í grasi gróinni brekku.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði, 5.

NM-186:004 réttartóft

65°32.706N 14°11.032V

"Réttarklettur er norður við Staðará og utan við hana var Réttarklettsbakki" segir í örnefnalýsingu. Kletturinn stendur út í ána að sunnanverðu, og er um 8 m breiður grasbali milli árinna og klettsins til norðurs. Þar á norðurhlið hefur verið hlaðinn lágur grjótgarður,



um 0,3 m hár, milli klettsins og árinna. Ekki er víst að þessi hleðsla sé gömul en engin önnur ummerki um rétt eru á þessu svæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði, 5.

NM-186:005 heimild um myllu

Í Sveitum og jörðum segir að mylla hafi verið við Gerðisá en leifar hennar eru ekki greinilegar lengur.


Heimildir: SJM II, 322.

NM-186:006 *Hjalli/Stakihjalli*

býli

65°29.047N 14°10.739V

Yxnafeili. Bæði bæjar- og fjárhústættur eru vaxnar grasi og ljónslappa.



"Þetta er heimaland Kóreksstaðabæja og nær þaðan í Norðari-Rauðalæk að austan. En að norðan takmarkast það af Hjalla eða Stakahjalla, sem var býli um miðja 19. öld (1844-1860). Þar bjó Einar á Stakahjalla" segir í örnefnalýsingu. Stakihjalli fór í eyði 1862. Bærinn er í suðvesturhornjarðarinnar, skammt austan við Hrísa undir


Bæjanústin stendur um 7 m norðan (utan) við læk og er orðin mjög útlöft, þannig að veggjalag er ógreinilegt. Þó má sjá útlínur a.m.k. 7 misstórra hólfa, en hleðslur eru aðeins greinilegar á tveimur þeirra. Um 50 m sunnan við bæjanústina er tvískipt fjárhústóft með hlöðu aftan við. Sú tóft er mun greinilegri en bæjanústin og gæti hafa verið notuð sem beitarhús eftir að byggð lagðist af á Stakahjalla. Um 200 m neðar í dalnum við sama læk eru aðrar tóftir sbr. 030, en óvíst er hvort þær tilheyrðu Stakahjalla.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði, 4; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-186:007 *Neðrasel/Kóreksstaðasel* beitarhústóft 65°30.933N 14°10.277V

"Austan við Mannsás liggur mýrarsund inn að Hrísa og heitir Ekisund. Þar var ekið heyr, af því að þar voru Neðrihús (Neðrasel mun vera réttara) frá Kóreksstöðum,



beitarhús. Kóreksstaðasel mun vera Neðrihús, annars er það óvíst. Efrihús (frá Kóreksstaðagerði) stóðu ofar." segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar standa fremst á breiðri klettasyllu ofan og norðaustan Hrísar þar sem hún beygir í átt til Svínafells.

Beitarhúsin eru 3 greinileg fjárhús með gördum fyrir miðju. Tvö smærri hús eru áföst aftan við og stórt hólf er í miðjunni, e.t.v. hlaða. Um 30 m sunnar eru tóftir eldri húsa, líklega svokallaðs Kóreksstaðasels. Beitarhúsin eru mjög greinileg, vaxin grasi og ljónslappa, en eldri húsin eru mun ógreinilegri og vaxin lyngi.

Hættumat: mikil hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og-Kóreksstaðagerði, 3.

NM-186:008 *Vígi* þjóðsaga

65°32.802N 14°10.369V

"Stakur klettur út af bæ heitir Vígi. Munnmæli herma að gamli Kórekur hafi verið drepinn þar" segir í Sveitum og jörðum. Vígi er sérkennileg bergmyndun með hallandi stuðlum, vaxinn birki og öðrum gróðri á toppnum. Lúpína allt um kring og á klettinum sjálfum. Samkvæmt upplýsingum frá Sævari Sigbjarnarsyni er kuml 029 á þessum stað og einnig hefur hann heyrt að hleðsla sé ofan á klettinum.

Heimildir: SJM II, 321.

NM-186:009 Hvammsvað heimild um vað 65°32.517N 14°11.098V
"Innan við Réttarklett [004] er Hvammsvað, hvammurinn er beygja á ánni." segir í
örnefnalýsingu. Vaðið er efst í beygjunni á ánni.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði, 5.

NM-186:010 þúst útihús 65°32.597N 14°10.685V
Þúst eftir útihús er í túninu við norðurenda á klettum um 150 m ofan við núverandi
íbúðarhús. Í túni. Líklegt er að þetta hafi verið útihús, en ekki sjást veggir. Um stærð er
erfitt að fullyrða en svæðið gæti verið 15-20 metrar á hvorn veg.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-186:011 útihúsatóft 65°32.588N 14°10.685V
Óglögg tóft af litlu húsi er vestan við klettana ofan bæjarstæðis og snýr N-S eins og þeir. Í
túni.

Hættumat: engin hætta.

NM-186:012 þúst útihús 65°32.586N 14°10.683V
Útihús hefur staðið upp af klettum ofan við íbúðarhús, 100 m norðvestur af íbúðarhúsinu.
Upp af hvílt í klettum eða í vestur af henni, 8-10 m frá klettabrún. Svæði um 15x5 m þar
sem greinilega hafa verið sléttuð hús, snúa NNA-SSV.

Hættumat: engin hætta.



NM-186:013 útihúsatóft 65°32.557N 14°10.664V
Útihústóft er um 50 m upp og norður af
steinsteypu íbúðarhúsi. Undir kletti efst í
brekku. Sá hluti tóftarinnar sem er nær
klettum stendur allvel, einkum gafl næst
kletti. Grjóthleðslur í 0,6-1 m hæð, torf ofan
á, gaflinn um 2 m hár. Hér hafa börn bú sitt
eins og stendur. Hætta gæti tóftinni helst
stafað af umgengni manna.

Hættumat: hætta vegna rasks.

NM-186:014 þúst útihús 65°32.548N 14°10.682V
Um 40 m vestur af steinsteypu íbúðarhúsi, ofan við kletta sem þar eru, er líklegt að verið
hafi útihús. Þar er grasi gróinn hóll í túninu. Svæðið er um 15 m langt og 5 m breitt, en
stærð og lögun húsa verður ekki séð að öðru leyti.

Hættumat: engin hætta.

NM-186:015 heimild um útihús 65°32.520N 14°10.659V
Hóllinn sem núverandi bæjarhús standa á er því líkur að þar hafi staðið hús áður.

Suðaustan við hólinn er flatt mýrlendi en hólur og klettur norðvestan við.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-186:016 fjárhústóft

65°32.438N 14°10.797V

Útihústóft er um 250 m SSV af steinsteyptu íbúðarhúsi, vestan í grjóthól. Í grasi vaxinni lág milli hóla/holta

Hættumat: engin hætta.



NM-186:017 túngarður

65°32.421N 14°10.910V

Svo sem 20 m suðvestan við fjárhús 016 er garðlag sem stefnir nálægt því austur-vestur. Garðurinn liggur norðan þriggja grjóthóla og nær langleiðina vestur að akveginum sem nú er.

Sunnan garðsins er mýrlendi og fleiri hólur. Lækjarsytra sunnan við garðinn, rennur í austur. Vestasti hluti garðsins er tómur grjót. Annars er hann torf- og grjóthlaðinn. Hann heldur áfram til austurs og út á mýrlendið austan við bæ. Þar er glögg hlið á honum neðst í brekku við mýrina. Lengd garðs frá mýri að vegi er um 200 m. Garðurinn sést einnig á um 15 m kafla neðan vegar, frá veginum niður að Hvammsvaði í Staðará. Þar er hann um 1,5 m breiður. Garður liggur líka í beygjum á austurbakka árinna í klett þann sem stendur norðaustan Hvammsvaðsins. Þessi garður er mjög mjór og óverulegur, líklega undirstaða girðingar.

Hættumat: engin hætta.

NM-186:018


útihúsatóft

65°32.472N

14°10.836V

Útihústóft er á hól um 200 m suðvestan við steinsteypt íbúðarhús. Snýr norður -suður . . . Veggir eru svo lágir að trúlega hefur húsið verið rífið, þó enn móti fyrir grunnni þess.

Hættumat: engin hætta.




NM-186:019 útihúsatóft

65°32.549N 14°10.771 V

Útihústóft er um 100 m vestan við steinsteypt íbúðarhús. Grasi vaxin ílöng upphækkun og mótur fyrir að hér hefur verið hús. Snýr sem næst norður-suður.

Hættumat: engin hætta.



NM-186:020 kálgarður

65°32.649N 14°10.799V

Í króki milli kletta um 70 m norðaustan við vegamót Kóreksstaða og Jórvíkur. Garðurinn er í brekku mót suðri. Efst í honum vex rabbabari. Torfveggir eru á 3 vegu umhverfis en gömul gaddavírsgirðing er á veggjunum. Um 7 m vestan við er annað garðlag um 7 m langt uppi í brekkunni, líklega annar matjurtagarður.

Hleðslurnar eru vaxnar lyngi og víði og virðast á pörtum nokkuð gamlar.

Hættumat: engin hætta.

NM-186:021 garðlag

64°32.650N 14°11.023V

Stórir steinar liggja í röð á um 15 m kafla um 20 m neðan vegamóta Kóreksstaða og Jórvíkur. Beint í vestur úr norður enda steinaraðarinnar liggur garðlag, mjög hlaupið í þúfur, niður að Staðaránni. Óvíst er hvort garðurinn er gamall en hann er mjög útflattur og rofinn.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

NM-186:022 garðlag

65°32.650N 14°10.704V

Garður er í lág sem liggur milli tveggja kletta ofan og norðan steinsteypis húss á Kóreksstöðum. Grjót- og torfhlaðinn veggur, mjög sokkinn og ógreinilegur. Sést í hleðslur á stöku stað. Garðurinn liggur gegn um lágina en þynnist út þegar kemur norður úr henni og má rekja hann alls á um 200 m bili. Gæti verið hleðsla undan girðingu.

Hættumat: engin hætta.

NM-186:023 Sandaskarðsgötur leið

"Þar voru afbýlin tvö áður nefnd (006), um það þvert liggja Sandaskarðsgötur." segir í Sveitum og jörðum. Sandaskarðsgötur liggja úr Borgarfirði um Sandaskarð og niður Sandadal, og liggja um Kóreksstaðaland frá fossi á Bjarglandsá ofan við Rauðulæki og síðan þvert niður um landareignina, meðfram Hrísa þar sem hún rennur til vesturs og svo beint niður til Ánastaða.

"Sandaskarðavegur var ein af aðalleiðum milli Héraðs og Borgarfjarðar fyrr á tímum. Hann liggur upp frá Ánastöðum, yfir Vallá, Hrísa og Bjarglandsá, upp í gegnum Sanddal og Sandaskörð (602 m), milli Grjótfjalls og Beinageitafjalls og niður á Hólalandsdal í Borgarfirði. Borgfirðingar fóru m.a. þessa leið í kaupstaðina við Reyðarfjörð og Seyðisfjörð. Vegurinn er merktur á kort, og sést vel á loftmynd." Sjá einnig NM-182:014

Heimildir: SJM II, 321; HH.

NM-186:024 heimild um áveitu

"Áveita út Gerðisá. Skurðurinn frá 1865." segir í Sveitum og jörðum. Ekki skráð 1997

Heimildir: SJM II, 322.

NM-186:025 *Vörðuhraun* örnefni

"Frá snasa liggur línan í vörðu á Mannsás. Þaðan liggur hún út á Vörðuhraun." segir í örnefnalýsingu. Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði, 1.

NM-186:026 *Kolahjallar* heimild um kolagröf

"Hjallarnir milli seljanna og Svartagils heita Kolahjallar, þar sér til gamalla kolagrafa." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði viðbætur ,7.

NM-186:027 heimild um heystæði

"Á Flatafjalli, skammt ofan við Hrísa, um miðja vegu milli Hvannahjalla og Grenisaxlar, liggja rústir, sem gætu verið af býli eða vel hýstu seli. (Þetta eru heytættur eftir sögn Ingvars.)" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði viðbætur ,7.


NM-186:028 heimild um býli

"Rústir afbýli eru austan á Markmónum, um 1 km utan við Svínafell, nafnlaust." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt upplýsingum frá heimildarmanni var Markmór neðan Hrísar utan Svínafells, um það bil 3 km. norðar.

Heimildir: Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði viðbætur ,7.

NM-186:029 gripir legstaður

"Árið 1895 fékk Þjóðminjasafnið tvö vopn sem fundizt höfðu í jörðu nálægt Kóreksstöðum. Ekkert er vitað annað um fundinn, en telja má mjög sennilegt, að



vopnin séu úr kumli." "Þau eru: 4195. Spjót, mjótt og rennilegt, silfurrekið, K-gerð, Sverd 21. 4462. Öxi, sem ekki er unnt að skilgreina, sökum skemmda, en hefur getað verið E-gerð." "Kóreksstaðafundinn fann Kristján Víum og Haraldur Bjarnason. Staðurinn var eyðibýlið Dalsel, rétt við merkin, hefði verið frá Dölum. Spjótið stóð upp úr leirflagi, en öxina fundi þeir seinna á sama stað. Ekki segja þeir um mannabein, en staðurinn var eðlilegur kumli."

Heimildir: KEKH, 177, Minnismiði í eintaki Þjóðm að

KH.

NM-186:030 tóftir

65°29.083N 14°11.154V

Tóftir sem gætu verið eftir býli eða sel eru í dragi milli tveggja klettaása um 200 m neðar (vestan) Stakahjalla 006,

við sama læk og Stakihjalli. Hrísa rennur um 50 m neðar. Stærsta tóftin stendur á hól, etv er hann myndaður vegna endurbyggingar. Hún er að minnsta kosti þriggja hólfa, en er orðin mjög gróin og þýfð, vaxin kjarri, lyngi og ljónslappa. Hinar tóftirnar eru ógreinilegri, mjög lyngi vaxnar og þýfðar. Allar standa tóftirnar á stórþýfðri lyngi vaxinni upphækkun í landinu.

NM-186:031 heimild um útkirkju

Á Kóreksstöðum var hálfkirkja á miðöldum en ekki er vitað hvar hún hefur staðið. KÓREKSSTAÐIR Í HJALTASTAÐAÞINGHÁ (NM) (HJALTASTAÐAÞING) - HÁLFKIRKJA, KRISTBÚ

[1367]: clxi. Christfienu a korexstodum fylgia viij ær og ij kyr.

les vilchinsbok þui þetta ber allt saman; Hítardalsbók DI III 232

[1367]: ij merkur eiga að gialldast af korekstodum til hialltastadar kirkiu. þui þar tekst heima tiund oc lysitollar;

DI III 239 [Hjaltastaða]

1397: [til Hjaltastaða] liggur tiund af ollumm bæiumm þessum med lysitollum vtann Korekstodumm. þar tekst

heima oc tuær merkur aa Korekstodumm; Máld D1 IV 221 [Hjaltastaða]

1397: CCLXVI. Korekstader.

Christfienu a Korekstodum fylgia viij aer oc ij kyr kluckur ij. krossar ij. Þorlaks lijkneski. Thomas lijkneski. paxblad. alltarisklaedi. ij dvkar.

þar skal lvka af ij merkur presti.

fiogura hunndrada Reki. - DI IV, 221.

[1570]

CCCXLVII

Kristfiar Jordin að Korixstodum a iij kugillde geld. og iiijc fadma Reka - DI XV, 708

NM-187 Kóreksstaðagerði

Hjáleiga frá Kóreksstöðum. Jörðin kallast Gerði í daglegu tali. Hún var upphaflega hjáleiga frá Kóreksstöðum sem var í eign Hjaltastaðahrepps. Jörðin hefur lengi verið leigð sér og er sjálfstætt býli. Að norðaustan eru mörk við Kóreksstaði að mestu við Brotakeldu, þvert austur af Kóreksstöðum. Mörk við Dali eru mitt á milli bæjanna. Bærinn stendur lágt á vallendi skammt austan við Gerðisá. Kóreksstaðagerði átti um þriðjung í upplandi Kóreksstaða. SJM II, 319-320; SJM V, 4101919: tún 2,4 ha. garðar 213 m². Jörðin var ágæt til búskapar fyrir lítið bú. Engjar voru ágætar en nokkuð flæðihætt, beitiland var gott í upplandinu en lítið nær bænum. Ágætis ræktunarskilyrði. Gamla túnið var raklent og kalnæmt, slétt að 2/5 hluta. Í Fasteignamati 1918 var túnið um 1,3 ha. Frá 1900-30 var þaksléttutími. Síðasta túnþýfið var sléttað 1948. SJM II, 320

NM-187:001 bæjarhóll bústaður

65°32.032N 14°10.531V

Bæjarhóllinn er ílangur og stendur núverandi íbúðarhús úr steini (b. 1937) á honum en ekki á sama stað og síðasti torfbærinn. Steypuhús er á bæjarhólnum. Hóllinn snýr NNA-SSV og er svæðið þar sem gamli bærinn stóð á að giska 20x10 m og er hluti þess girtur m. vírgirðingu. "Baðstofa með hlið í vestur, niðri eldhús og stofa inn af Uppi hjónahús í suðurenda og frambaðstofa. Rifin upp úr 1950. Utan við stafn bæjardyrhús með timburstafni og útidyrum mót vestri og smiðja" segir í Sveitum og jörðum.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 319-320; JJ, 359; SJM V, 410

NM-187:002 heimild um útihús

65°32.006N 14°10.339V

Um 60 m norðaustan við bæjarstæðið er ílangur hóll líkur því að þar hafi verið sléttað úr húsum. Í túni. Hóll þessi er um 20 m langur og 5-6 m breiður. Grjót er í yfirborði




á stöku stað. Í Sveitum og jörðum segir að torf-grjótfjánhús hafi verið hér og hvar um túnið. Öll útihús hafa verið sléttuð

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 320.

NM-187:003 *Efrasel* beitarhúsatóft

65°30.839N 14°09.856V



"Beitarhús voru frá Kóreksstaðagerði í upplandi Kóreksstaða. Þau nefndust Efrasel og voru aflögð um 1910." segir í Sveitum og jörðum. Húsin standa frammi á hóli og er víðsýnt um sveitina. Tóftin sker sig úr umhverfinu þar sem hún er eingöngu vaxin ljónslappa. Tvö fjárhús samsíða með gördum. Grjót er sýnilegt í hleðslum og stand þær vel.

Hættumat: mikil hætta vegna rofs.

Heimildir: SJM II, 320.

NM-187:004 *Kóreksstaðarétt*

heimild um rétt

65°31.619N 14°10.744V

"Utan til á Gerðismýrum var aðallögskilarétt sveitarinnar, torfrétt hlaðin 1920-1921. Réttin var nefnd Kóreksstaðarétt." segir í Sveitum og jörðum. Þessi rétt var rifin þegar túnið var sléttað Í túni

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 320.

NM-187:005 heimild um áveitu

"Áveituskurður á mörkum við Kóreksstaði, úr Gerðisá, veitt á Hlíðarhólsengi" segir í Sveitum og jörðum. Skurðurinn er frá 1865 og sér ekki til hans lengur.

Heimildir: SJM II, 320.

NM-187:006 leið

65°32.142N 14°10.733V

Norður eða norðvestur af Kóreksstaðagerði liggur upphlaðinn vegur í átt að klettaholti SV við Kóreksstaði. Mannvirki þetta liggur NV-SA, þar er upphækkun eins og vegur, eða uppmokstur úr skurði og er vatnsfarvegur vestan við garðinn. flatt mýrlent land.

Hættumat: engin hætta.

NM-187:007 þúst

útihús

65°32.064N 14°10.255V

20-30 m austan við hólinn 002 er annar rústalegur hóll og lág mýrlend á milli. Hóllinn er hærri en mýrlendið umhverfis, ekki er hægt að segja til um stærð hús sem þarna hafa verið sléttuð, en svæðið er u.þ.b. 15x8 m. Grjót er í yfirborði á stöku stað. Hóllinn snýr N-S.

Hættumat: engin hætta.

NM-187:008 þúst

útihús

65°31.972N 14°10.422V

Útihús hefur staðið um 50 m í suðaustur frá steinsteyptu íbúðarhúsi uppi á háum grasivöxnum hól með grjóti. Þar eru ummerki um litla byggingu, 3x4 m, nyrst á hólnum, en 5 m sunnar er stærra slétt svæði, um 12x9, lengra austur-vestur, líkt því sem þar hafi verið sléttuð útihús. Grjót í yfirborði. Nokkuð af lausagrjóti er í austurhlíð hólins, líklega úr húsunum sem þar stóðu.

Hættumat: engin hætta.

NM-187:009

réttartóft


65°31,887N

14°10,442V

Rétt A við heimreið,
300-400 m sunnan við
íbúðarhús.

Undir
grjóthól, mýrlendi og
lítil tjörn milli réttar og
heimreiðar. Úr torfi,
ekki fornleg, dyr í
suður. Ef til vill rétt.


Hættumat: engin
hætta.

**NM-187:010** tóft af heystæði


65°32.080N 14°10.720V

Heystæði er um 150 m NNV af íbúðarhúsi
í Kóreksstaðagerði, handan ár. Lyngi og
grasi vaxið flatlendi dálítið mýrlent.
Smágarður er austur úr tóftinni. Engar dyr
eru sýnilegar og er því sennilegast að þetta
sé heytóft.

Hættumat. engin hættu.



17. Fornleifakort. Dalir




NM-188 Dalir

6 hdr. 1564, 1695, 1847. Bændaeign. Fyrst getið í tíundarreikningi frá 1564 - DI XIV, 325. Afbýli var frá Dölum sem gekk undir nafninu Dalahjáleiga, Dalakot eða Dalasel. Þar bjó Jón Guðmundsson lærði á efri árum. Nýbýli út úr landinu eru Dalir II sem nú er komið í eyði. Land þess er aðallega í suðausturhluta hins upphaflega lands jarðarinnar um norðanvert Dalafjall milli Bjarglandsár og Dalalækjar. Annað nýbýli er Hjarðarhvoll og er meginhluti lands þess hið gamla Kóreksstaðagerði en einnig viðbót frá Dölum vestan Dalalækjar sem og óúrskiptur þriðjungur í Kóreksstaðalandi. Dalalandið var upphaflega ekki stórt. Það náði yfir norðurhluta Dalafjalls og takmarkast við Bjarglandsá, en að vestan eru mörk við Kóreksstaðabæi, u.þ.b. mitt á milli bæjanna. SJMII, 316-317; SJMV, 398,410, Olavius, 142.

1919: tún 2,5 ha. garðar 531 m². Jörðin var ágætlega fallin til búskapar, engjar góðar og beitarland gott en ræktunarland fremur óhagstætt. Nokkuð var hætt við að flæddi á engjarnar neðan bæjar. Gamla tún var sléttað að þriðjungi. Sléttun túns lauk með beitavél 1948. SJM II, 317-318.

Heimildarmaður: Gísli H. Ingvarsson fæddur í Dölum 11.08.1940.



18. Fornleifakort. Dalir - bæjarstæði

NM-188:001 bæjarhóll bústaður

65°31.808N 14°09.206V

Bæjarhóllinn er suðvestur af núverandi íbúðarhúsi, steinsteyptu, í Dölum I. Gamla

bæjarstæðið er um 1 0x25 m svæði bak við tvö útihús.

Í Sveitum og jörðum segir að baðstofa hafi seinast verið byggð 1912. Hún var 1 lx6 álnir, portbyggð og alþiljuð. Frambaðstofa var uppi. Bæjarhóllinn var sléttaður að mestu leyti um 1948 en síðasti hluti hans var sléttaður 1974 þegar tekið var fyrir fjósi. Þar sem útihúsin standa nú voru áður sitthvort fjárhúsið með hlöðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 318.

NM-188:002 *Ærhúshóll* heimild um fjárhús

65°31.769N 14°09.163V

Í örnefnalýsingu segir að íbúðarhúsið á Dölum II hafi verið byggt í gamla túninu í Dölum, á svokölluðum Ærhúshóli og má af því ráða að þar hafi áður staðið fjárhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dalir, 4.

NM-188:003 *Hestúsgrund* þúst hesthús

65°31.799N 14°09.304V

"Fremst á þessum túnhluta [túnhluti Dala II] er Hestúsgrund, en neðst á henni stóð hesthús á gilbrún við lækinn" segir í örnefnalýsingu. Þúst er enn sýnileg þar sem hesthúsið stóð um 20 m í suðvestur frá íbúðarhúsi í Dölum 11. Þar er hóll, u.þ.b. 10x20 m og nær eystri endanum er dæld, 1,5x2 m, að stærð þar sem húsið hefur staðið. Hlaða var áföst þessu hesthúsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dalir, 4.

NM-188:004 *Hesthústún* þúst

hesthús

65°31.804N 14°09.025V


"Efst í túninu við túngarðinn var hesthúskofi og Hesthústún - ræma næst því" segir í örnefnalýsingu. Nálægt túngarðsenda, 70-80 m suðaustur af íbúðarhúsi í Dölum I er hóll þar sem hesthúskofinn hefur staðið. Hóllinn er 10x15 m, og snýr vestur-austur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dalir, 8.

NM-188:005 kvíar

65°31.770N 14°09.044V



"Gegnt því ofan við [tún]garðinn voru Kvíar, síðar fjárrétt í tíð Ingvars, nú rústir einar" segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar voru 100 m suðaustur af íbúðarhúsi neðst í holti, lágir klettur eru ofan við og fjær. Þar eru mjög óglöggar tóftir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Ö-Dalir, 8.

NM-188:006 myllutóft

65°31.768N

14009.377V

"Við smáfoss í læknum, rétt neðan við vaðið á leið heimreiðarinnar sem áður lá um hlaðið í Dölum - eru rústir af tótt Kornmyllu. Þar var malað kornrúgur og bygg frá Dölum og fleiri bæjum fram yfir s.l. aldamót" segir í örnefnalýsingu.



Myllutóftin er við beygu á læknum um 50 m austan við þjóðveg, suðvestur af íbúðarhúsi í Dölum II. Í hvammi/gili sem lækurinn rennur eftir. Um 6 m langur garðbútur er um þveran hvamminn ofan/austan við myllustæðið.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dalir, 3.

NM-188:007 tóft af heystæði

Heytóft er í mýri á svokölluðum Skógarhjalla milli Dala og Blautadals sem liggur austan ássins. Hún er um 25 m norðan við tjörn á Skógarhjalla, um 4 m vestan við lækinn sem rennur úr tjörn sem er í mýrinni. Smátóft, 3x5 m, upphækkuð. Veggjalag er greinilegt en veggir hafa verið óverulegir. Tóftin er nokkuð grænni en umhverfi hennar.

65°31.910N 14°08.171 V



Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Dalir, 8.

NM-188:008 mógrafir

65°31.745N 14°08.882V

Nokkrar svarðargrafir eru í brekkunni um 150 m suðaustur og upp af Dölum I.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: SJM II, 31 7.

NM-188:009 Dalasel/Dalahjáleiga býli/sel

65°31,301N 14°09,774V

"Yst í Höfðum er Höfðatjörn, en enn innar Dalasel eða Dalahjáleiga. Þar dvaldi Jón lærði um skeið á 17. öld, og er talinn deyja þar 1660. Á Dalaseli sjást enn garðlög og veggjarústir" segir í örnefnalýsingu. Dalasel er um 70 m norðaustur af skurðinum sem liggur í gegnum Ekisund norðaustur og upp af mynni sundsins, milli tveggja hæða. Túngarðurinn er greinilegur umhverfis tóftirnar. Innan hans eru tvær tóftir. Sú stærri er sambygging 5 hólfa og er hún um 45 m löng og um 5 m breið. Í miðjunni eru tvö stærri hólfa, hvort um 10 m langt en smærri hólfa eru til endanna. Um 10 m ofan og

norðaustan löngu tóftarinnar er smærri tóft, áföst við túngarðinn. Hún er tvískipt,



líklega fjárhús og hlaða.

Garðlag liggur á um 120 m kafla í sveig austur fyrir túngarðinn en hverfur svo þar sem hann liggur upp á hæðina norðan við og í sundi sunnan við túngarðinn.

Garðarnir eru báðir mjög signir og útflattir, vaxnir lyngi. Tóftirnar eru líka sokknar og lyngi vaxnar og hlaupnar þúfur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dalir, 3.


NM-188:010 *Kristjánsstekkur*

heimild um stekk 65°31.338N 14°09.366V

"Innst í Bugum var Kristjánsstekkur, nú horfinn við túnrækt, en þar voru glöggar rústir. Óvíst um tilkomu nafnsins." segir í örnefualýsingu. Stekkurinn var tæpan km SSV af bæ í Dölum þar sem nú eru nýræktartún. Ekki er ólíklegt að stekkurinn hafi verið nær brekkunni er ánni, en þó er ekkert víst um það. Ábúendur kannast ekki við þessa tóft.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dalir, 4.



NM-188:011

beitarhúsatóft

65°31,586N

14°08,042V

"Austan við Skógarhjalla er Lækjardalur sem nær frá landamörkum og langleiðina inn að Beitarhúsum, nú aðeins tættur - sem eru á hæðarflöt niður undar Lönguhlíð, en hún er

austan undir Háöxl" segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsatóftin er um 40 m austan lækjar þess sem rennur um Lækjardal. Húsin eru beint á móti Bjarglandshúsunum svokölluðu frá Sandbrekku, hinumegin við Bjarglandsána.

Fjárhús og hlaða áföst aftan við. Hleðslur standa mjög vel, húsin eru vel hlaðin og eru stór björg í undirstöðum. Beitarhúsin snúa nálega NA-SV. Um 45 m norðvestur frá húsunum er upphækkuð smátóft. Norðan við tóftirnar er mjög stórþýft og gætu þar verið mannvirkjaleifar en veggjalag sést ekkert nú. Beitarhúsin voru aflögð um 1928.

Hættumat: mikil hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Dalir, 10; SJM II, 317.


NM-188:012 stekkjartóft

65°31,821N 14°08,448V

"Suðvestan við vesturbrún Skógarhjalla, skerst þröngt sund til suðausturs. Lítt áberandi fyrr en að er komið - sem Ingvar kallaði Skot. Út og upp frá því er Stekkjarklettur" segir í örnefnalýsingu. Vestan í klettinum eru glöggar veggjarústir af stekk eða kvíum. Vegalengd þangað frá bæ er um 450 m.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Dalir, 9.



NM-188:013 stekkjartóft

65°32.294N 14°09.060V

"Í þessum Haga - undir Hellisásnum - eru veggjalög í tveim stöðum sem benda til kvía eða stekkjara" segir í örnefnalýsingu. Neðan við brekku undir kletti þar sem er hellir. Grjót sést í veggjum að innan, einkum í vestasta hólfi, annars mjög gróið grasi og smu.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Dalir, 7.

NM-188:014 heimild um fjárhús

65°31.506N 14°09.256V

"Nær miðjum Bugum er Bugaklettur. Sunnan á honum voru emrug veggjarústir, líklega fjárhúss eða geitakofa" segir í örnefnalýsingu. Þessi hús hafa verið suðvestur af bæ. Þar er ílangt hólfi við klett í norðausturenda sem snýr í átt að bæ en ekki sjást þar skýr merki um byggingar.

Heimildir: Ö-Dalir, 4.




NM-188:015 hleðsla

gildra

65°30.934N 14°09.044V

"Hæsti hnútur þess [Dalafjalls] að vestan er Snasi. Sunnan á honum skammt frá markalínunni er Refagildra, hlaðin úr grjóti - enn lítið högguð. Óvíst um aldur hennar,



en í hana veiddist refur stuttu fyrir síðustu aldamót" segir í örnefnalýsingu. Gildran stendur mjög vel. Hún er aflöng, hlaðin úr grjóthellum. Hún myndar göng um 20x20 cm og er steinn fyrir öðrum enda þeirra, en suðvestur endinn er opinn.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Dalir, 4.

NM-188:016 Dalahellir fjárskýli

65°32.241N 14°09.063V

"Í Hellisási er Dalahellir sem notaður var sem afdrep fyrir fé í illum veðrum. Hann rúmar um 200 fjár og var notaður sem fjárhús a.m.k. einn vetur nærri aldamótum. Einnig notaður í harðindum vorið 1949. Í Dalahelli áttu að hafa búið tröll til forna og göng sem lágu úr honum áttu að ganga gegn um fjallgarðinn." segir í örnefnalýsingu. Hellirinn er undir standbergi, grasbrekka neðan við. Annar hellir eða örlítill skúti er nær klettshorninu eða við það. Sá hluti sem skrásetjari komst í er um 8x6 m.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Dalir, 6.

NM-188:017 Dalarétt

réttartóft

65°31.894N 14°07.886V



"Í Lækjardal eru veggjabrot af Dalarétt, undir allháum kletti, sem hliðarvegg austan í Skógarhjalla. Þar var ám "stíað" eftir að fráfærum lögðust niður, en það mun endanlega hafa verið 1922 eða 23, að undangengnu nokkru hléi" segir í örnefnalýsingu. Réttin er í brekku neðan kletts og hallar henni upp að klettinum. Hún er tvíhólfa, stærra hólfið 7x 10 m það minna er áfast framan við, 6x2 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Dalir, 10.

NM-188:018 garðlag

túngarður

65°31.750N 14°09.141V

"Vörslugarður úr tarfi kringum allt gamla tún" segir í Sveitum og jörðum. Nokkur hluti hans stóð enn um 1970. Nú sést um 200 m langur bútur af garðinum. Sá hluti sem næstur er Dölum II hefur verið sléttður en beygði þar að veginum. Umhverfis tún. Vírnetsgirðing er á garðinum.

Hættumat hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM, 31 7.

NM-188:019 vörslugarður

"Vestan og norðan Hellisása, var afgirt svæði milli þeirra og annarra gegnstæðra kletta - grjóti hlaðið í skörðin" segir í örnefnalýsingu. Vegarslóði frá Þjóðvegi nokkuð norðan við Dali, liggur meðfram norðurendanum á Hellisásnum og alla leið að þar sem Dalahellir er. 100-150 m vestan við Þjóðveginn má sjá leifar hleðslu sunnan við vegslóðann og upp í brekku, en norðan vegslóða sést hann ekki, sokkinn eða búið að slétta. Lyngi vaxin brekka undir kletti, norðan undir Hellisás. Ekki sér til hleðslu norður við vegslóðann. "Gagnstæðu klettarnir" eru ca 200 m norðar en ásendinn, og mátti á stöku stað sjá leifar af hleðslum í skörð þar.

Heimildir: Ö-Dalir, 7.

NM-188:020 heimild

65°31.235N 14°10.107V

"Á Efri-Mannsás fannst í uppblástursflagi sverð nokkru fyrir 1900 sem sent var Þjóðminjasafni" segir í örnefnalýsingu - ekki getið í Kumlum og haugfjám en gæti verið ungt sverð.

Heimildir: Ö-Dalir, 3.

NM-188:021 Mógrafasund mógrafir

"Útaf túninu - neðan vegar - rísa axlir, sem enda í standbjörgum. Það eru Hellisásar. Smá sund aðskilja ásana og geta því talist þrír. Vestan við austasta ásin er Mógrafasund" segir í örnefnalýsingu. Rétt vestan vegar, þar sem hann liggur yfir ásin er tjörn sem gæti verið mógrof. Þar vestan við er holt og vestur af því er Mógrafarsund. Sund milli lágra ása, sem eru vaxnir lyngi og fjalldrapa. Annað svæði nær vegi norður aftjörnninni. Svæði amk 8 m breitt og um 30 m langt þar sem lengst.

Heimildir: Ö-Dalir, 6.

NM-188:022 Torfholt

heimild um ristu

65°31.363N 14°09.938V

"Vestan við Ekisundið svo Efri-Mannsá, og við minni þess að utan-norðan-var Torfholt. Þar var þurkað torf sem skorið var í sundinu, en nú erundið framræst og ásamt Torfholti orðið tún" segir í örnefnalýsingu. Þar er nú sléttað tún.

Heimildir: Ö-Dalir, 3.

NM-188:023 Heybandsklauf heimildumleið

65°32.143N 14°09.171V

"Heybandsklauf er suðvestan á Hellisásnum. Þar var farið með heybandslestir af meginhluta engjanna." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Dalir, 7.

NM-188:024 heimild um fjárhús

65°31. 822N 14°09.144V

Þar sem íbúðarhúsið í Dölum I stendur voru áður fjárhús samkvæmt örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Dalir, 2.

NM-188:025 Torfvarða frásögn um þvottastað

65°31.741 V 14°09.303N

Um 30 m suðaustur af myllutóft 006 voru hlóðir undir kletti í lækjargili en til þeirra sér nú ekki lengur. Á þessum stað var hitað vatn þegar ull var þvegin.

NM-188:026 *Lambhúsklettur* lambhús

65°31.859N 14°08.889V

"Út og niður af Bústaðarkletti er Lambhúsklettur" segir í ömefualýsingu. Fyrir ofan (og austan) tún eru klettur og er Lambhúsklettur um 150 m austan við íbúðarhús í Dölum I. Ekki hafa verið tóftir í námunda við þennan klett í manna minnum.

NM-188:027 varða landamerki

Merki "Milli Kóreksstaða og Dala [liggja]úr Söðulkletti við Bjarglandsá beina línu í vörðu á syðri Mannsás." Ekki skráð 1997

Heimildir: Ö-Dalir, 1.

NM-188:028 varða landamerki


Merki "Milli Kóreksstaða og Dala [liggja] úr Söðulkletti við Bjarglandsá beina línu í vörðu á syðri Mannsás. Þaðan beint í vörðu á Vörðuhrauni ... " Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Dalir, 1.

NM-188:029 varða landamerki

"Merki "Milli Kóreksstaða og Dala [liggja] úr Söðulkletti við Bjarglandsá beinalínu í vörðu á syðri Mannsás. Þaðan beint í vörðu á Vörðuhrauni, þaðan beint í vörðu á Krossblá." Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Dalir, 1.



NM-189 Sandbrekka

20 hdr. 1564, 24 hdr. 1695, 1847. Bændaeign. Getið í Fljótsdæla sögu - ÍF XI, 268. Fyrst getið í skjölum 17.7.1367: [Vallaneskirkja a] haalfa reka við sandbrekkumennj x hundrudvm. - DI III, 238, cop. í Vilch. DI IV, 205, cop. í [1419] - DI IV, 270 og 4.9.1471 - DI V, 630 og [1570] - DI XV, 684; 1470 er gert "Kaupmala Breff ahraerande Anastade og 5c i Sandbrecku. Datum Sandbrecku 1470." - DI IX, 38; 26.7.1562 gefur Bjarni bóndi Erlendsson Vilborgu dóttur sinni til kaups við Einar Eyjolfsson m.a. Sandbrecku fyrir 25 hdr. - DI XIII, 758; 1564 er Sandbrekka hinsvegar 20c. skv. tíundarreikningi - DI XIV, 325; 1587 leggur Jón Einarsson lögveð í Sandbrecku 20 hdr að dýrleika, en jörðin er eign Magnúsar Marteinssonar og Ólafar Jónsdóttur - Alþ II, 98.

Sandbrekka er í fjallabæjarröð sveitarinnar, hin fjórða að utan. Hún hefur verið í bændaeign frá 1869. Tvær hjáleigur voru á jörðinni, Hlaupandagerði (Þórsnes) og Sandbrekkuhjáleiga. Hlaupandastaða er getið í Fljótsdæla sögu og varð Hlaupandagerði seinna sjálfstætt býli en ekki er vitað hvar Sandbrekkuhjáleiga var en hún var í ábúð samkvæmt manntali 1703. Hlaupandagerði var skipt úr horn í horn við heimajörðina og takmarkast landið við Bjarglandsá og Jökulsá. Hugsast getur að munurinn á dýrleika Sandbrekku felist í því að Hlaupandagerði hafi stundum verið álitin séreign og metin á 5 hdr. Meginhluti heimalandsins er á Sandbrekkunesi en býlið á einnig mikið uppland, Sandbrekkuafreitt. 1804 fylgir Heyskálum viðreki á 4 hesta sem tilheyrir Valbjófsstaðarkirkju, Þingmúlakirkju og jörðunum Eiðum og Sandbrekku. SJM II, 347-349; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

1919: tún 6,7 ha. Jörðin hefur alltafverið góð bújörð, engjar miklar og mikið afréttarland. Hlunnindi voru af reka og silungsveiði. Í Fasteignamati 1918 voru tún 4,8 ha, sumarhagar sagðir góðir en vetrararbeit afleit. Þaksléttun túns var hætt um 1930 og farið að nota plóg en fyrsta dráttarvélaþinnslan var 1939. SJM II, 349

Heimildamaður: Geirmundur Þorsteinsson fæddur að Sandbrekku 23.04.1932.

NM-189:001 bæjarhóll bústaður 65°32.715N 14°07.699V
"Halldór Magnússon byggði timburhús 1882, og stendur það enn. Tvær hæðir á hlöðnum kjallara. Stærð 8,85x6, 75 m. Fimm herbergi á hvorri hæð. Bárujárn á þak um aldamót, járnkl. utan 1907 eða 1908" segir í Sveitum og jörðum. Búið var að rífa timburhúsið þegar skráð var 1997, en steinsteypt útihús og grunnur íbúðarhússins standa á bæjarstæðinu. Bæjarhóllinn er a.m.k. 20 m á hvorn veg, og er garður með trjám sunnan í honum, sunnan við grunn íbúðarhússins og steinsteypt útihús þar við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 347-349; Múlaþing 5, 149.

NM-189:002 Áskofi heimild um útihús 65°32.684N 14°07.997V
"Vestast í gamla túninu var Áskofi og tún kringum hann, Áskofatún" segir í örnefhalýsingu. Áskofi stóð nálægt hliði á heimreið að bænum, um 200 m suður af íbúðarhúsi. Grasi vaxið sléttlendi, en grasið er ekki þétt, sér í mold

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 5.


NM-189:003 *Ingvarsstöð* hesthús

65°32.749N 14°07.791V

"Vestur í túni er hóll, sem heitir Krosshóll. Í norður frá Krosshól var annar hóll, sem nú er búið að jafna við jörðu og hét Ingvarsstöð" segir í örnefnalýsingu. Þar mun hafa verið hesthúskofi. Ingvarsstöð er 70-80 m vestur af gamla bæjarstæðinu. Í sléttuðu túni

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 5.



20. Fornleifakort. Sandbrekka - bæjarstæði

NM-189:004 *Götuhús*

heimild um fjárhús

65°32.789N 14°07.740V

"Utan við Fitina heitir Kringla. Ofan við hana hét Götuhús við götur út og niður túnið" segir í örnefnalýsingu. - Götuhús voru 30-40 m suðvestur af íbúðarhúsi. Í sléttuðu túni. "Gömlu fjárhúsin heima voru öll byggð í kjarna í túninu og stóðu við túngarð. Þau eru horfin nú nema leifar af einni tóft í túnhorni. Tvær voru fjárhúshlöður, önnur sérlega fallega hlaðin, kringlótt með toppþaki".

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:

Ö-Sandbrekka, 5; SJM II, 349.

NM-189:005 *Grundarhús* heimild um fjárhús

65°32.822N 14°07.648V

"Utan við Fitina heitir Kringla. Ofan við hana hét Götuhús við götur út og niður túnið.

Utar í túninu hét Grundarhús" segir í örnefualýsingu. Grundarhús voru nokkru vestar en grafreitir í túni, nær íbúðarhúsi. "Gömlu fjárhúsin heima voru öll byggð í kjarna í túninu og stóðu við túngarð. Þau eru horfin nú nema leifar af einni tóft í túnhorni. Tvær voru fjárhúshlöður, önnur sérlega fallega hlaðin, kringlótt með toppþaki."

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 5.

NM-189:006 *Hesthússléttur* hesthús

65°32.868N 14°07.747V

Utan við túngarðinn hét Leyningur. "Norðan við Leyning hét Hesthússléttur" segir í örnefualýsingu. - Hesthússléttur eru vestan við heimagrafreit sem er ca 100 m norður af íbúðarhúsi. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Ö-Sandbrekka, 6.

NM-189:007 *Gamlahús* heimild um útihús

65°32.778N 14°07.575V

"Á brekkubrúninni voru tvö hús, annað Gamlahús og hitt Þorkelshús (enginn vissi um hann)" segir í örnefualýsingu. - Þorkelshús var um 30 m austan við íbúðarhúsið en ekki er vitað hvar Gamlahús var þó það hafi af lýsingu að dæma verið mjög í nánd við hitt. Í sléttuðu túni. Aðeins er vitað um eina tóft á þessum stað og er talið að það hafi verið Þorkelshús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 6.

NM-189:008 *Þorkelshús* heimild um útihús

65°32.778N 14°07.575V

"Á brekkubrúninni voru tvö hús, annað Gamlahús og hitt Þorkelshús (enginn vissi um hann)" segir í örnefualýsingu. Þorkelshús var 30 m austan við íbúðarhúsið. Í sléttuðu túni. Á þessum stað var tóft til skamms tíma og er talið að hún hafi verið af Þorkelshúsi fremur en Gamlahúsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 6.

NM-189:009 *Smiðjutún* heimild um smiðju

65°32.770N 14°07.661V

"Suður af bæ var Smiðjutún" segir í örnefualýsingu. - Smiðjan var rétt norðan við gamla bæjarstæðið milli þess og núverandi íbúðarhúss, en nær gömlu húsunum og sömu megin og þau við veg sem þar er nú. Í túni. Smiðjan var síðast notuð sem lambhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 6.

NM-189:010 myllutóft

65°32.585N 14°07.589V

"Myllur tvær við Fornastekkjarlæk" segir í Sveitum og jörðum. Sjá má móta fyrir stíflugarði um lækjargilið rétt hjá fjárhúsum sem standa austan við lækinn, um 300 m SSA frá íbúðarhúsi. Í lækjargili, vestan megin við læk, neðst í brekkunni þar. Grjóthleðsla í læk er gerð af Geirmundi Þorsteinssyni, en garður vestan við lækinn var þar fyrir og rauf hann skarð þar í.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 349.

NM-189:011 myllutóft

65°32.541N 14°07.593V

"Myllur tvær við Fornastekkjarlæk" segir í Sveitum og jörðum. Í brekkunni austan lækjar ganga fram steinar rétt hjá fjárhúsum, um 300 m SSA frá íbúðarhúsi. Vegur liggur suður með læknum frá bæ, og liggur síðan yfir lækinn og að fjárhúsunum. Aðeins sér glitta í steina fram úr brekkunni, sem virðast vera leifar af hleðslu og er talið líklegt að þetta geti verið leifar hinnar myllunnar, eða stíflu við hana.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 349.

NM-189:012 heimild um heystæði

65°32.857N 14°07.697V

Í Sveitum og jörðum er greint frá að 8 hlöður hafi verið á jörðinni 1918. Ein heytóft var beint norður af grafreit, um 130 m norður af íbúðarhúsi. Í sléttuðu túni Þessi heytóft var löng og mjó en ekkert sér nú til hennar lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 349.

NM-189:013 Bjargland

beitarhús


65°31.435N 14°07.690V

"Rétt innan við Þverá er djúpt gil, sem heitir Byðugil, og rétt innan við gilið er Bjarglandið, sem er annað hvort gamalt sel eða gamalt býli, þar er mikið af görðum. Beitarhús voru þar um aldamót." segir í örnefhalýsingu. " Á sauðatímanum voru þrenn beitarhús í fjallinu, þar af tvenn í landi Hlaupandagerðis [Hraunfellshús og Leirfellshús talið með Hlaupandagerði], en lengst á Bjarglandinu, aflögð á fyrri stríðsárunum. Fljótlega eftir að Hlaupandagerði varð sjálfstæð bújörð 1895 og nefht Þórsnes, voru fyrrnefndu

húsin flutt niður fyrir bæ í nesið, og eru þar fjárhús enn" segir í Sveitum og jörðum.

Um 120 m langur garður liggur að hálfu umhverfis tóftirnar. Hann er greinilega gamall, útflattur, þýfður og vaxinn lyngi og fjalldrapa. Innan garðsins, um 10 m frá suðurhlið hans, er fjárhústóft, mjög þýfð og sokkin. Um 15 m norðan hennar er um 25 m löng, marghólfa tóft, emrug mjög sokkin og hlaupin í þúfur. Þessar tóftir og


garðurinn virðast svipuð að aldri. Þrjár aðrar ógreinilegar þústir gætu verið frá sama tíma. Þar eru einnig nýrri beitarhús, um 4x25 m að innanmáli. Áföst er hálthringlaga



hlaða, um 3x4 m að innanmáli og hefur verið innangengt í hana úr fjárhúsinu . Dyr hafa verið fyrir miðri langhliðinni sem snýr til vesturs. Hleðslur standa enn mjög vel og er rétt aðeins farið að hrynja úr veggjum. Sérstaklega er hlaðan vel hlaðin og alveg óhrunið úr henni. Tvær greinilegar og ein ógreinileg heytóft standa við beitarhúsin, en vaxnar grasi og ljónslappa og eru mun ljósgrænni en umhverfið. Vatni hafur verið veitt úr læk sem rennur ofan (austan) tóftanna. Um 20 m löng renna 30 sm breið liggur frá garðinum að suðaustur-horni beitarhúsanna. Sitthvoru megin rennunnar eru lágir, 20 sm háir og breiðir, garðar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Sandbrekka,4; SJM II, 349.



NM-189:014 Neshús

heimild um beitarhús

65°33.548N 14°07.096V

Neshús voru beitarhús niðri í nésinu um 1,5 km norðaustur af íbúðarhúsinu á Sandbrekku. Þar stendur nú bárujármsklædd bogaskemma, notuð sem fjárhús og hlaða. Í flötu mýrlendu nesi Gömlu húsin voru norðan við skemmu þá er nú stendur. Þar má sjá steiptan garða úr þeim. Gafl þeirra var um 7 m norður af skemmu ..

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 3.

NM-189:015 kvíatóft


65°32.866N 14°07.788V

"Ofan við Klaufina heitir Kvíaklettur og Kvíar" segir í örnefnalýsingu. Kvíatóft er rúmlega 100 m norðvestur af íbúðarhúsi. Grasi vaxið sléttlendi, klappir standa upp úr því, rétt utan við

tún. Sér í grjóti að innanverðu. Fráfærum var hætt um 1914.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:

Ö-Sandbrekka, 1; SJM II, 349.



NM-189:016 réttartóft

65°32.901N 14°03.032V

"Þar [ofan við Klaufina] heita líka Réttarklettur við gamla fjárrétt" segir í örnefnalýsingu. - Réttarklettur eru 3-400 m norðvestur af bæ, og er tóftin neðan við klettana. Grasi vaxið. Veggir standa misvel, en þó má telja réttina í góðu standi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 1.

NM-189:017 Fornustekkir heimild um stekk

65°32.638N 14°07.508V

"Sunnan við tún kemur lækur úr mýrunum utan við Dalafjall og heitir Fornustekkjarlækur, og sunnan hans heita Fornustekkir" segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn var í hvammi rétt austan og neðan við útihúsin sem eru um 3 50 m suðaustur af íbúðarhúsinu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 2.

NM-189:018 stekkjartóft

"Stekkhólmi heitir niður við Selfljótið milli Stekkhólmakíls og Kóreksstaðakíls" segir í örnefnalýsingu. Stekkhólmi er ílangur og er lítil tóft á nyrðri hluta hans í laginu eins


og heytóft. Önnur ógleggri tóft er á syðri hluta hólmsins. Hóll í flatlendu þýfðu nesi, grasi vaxinn.

Ekki er vitað um aðra stekkjartóft á þessum stað en þessa, en af lögun að dæma verður að telja sennilegra að hún hafi verið heytóft. Þó er talið að

tóftin hafi látið á sjá frá því um miðja öldina. slæmra skilyrða.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 2.




NM-189:019 stekkjartóft

65°33.533N 14°08.936V

"Arasel heitir hinumegin við fljót í Gagnstaðalandi. Þar innan við er kallaður Bugur eftir beygju á fljótinu. Þar heitir Stekkur líka, sem er að hverfa í fljótið segir í örnefnalýsingu." Stekkjartóftin er á fljótsbakkanum. Grasi vaxið mýrlendi eða blá með hærri hryggjum.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 3.



NM-189:020 túngarður

65°32.663N 14°07.947V

"Túngarður, nær hringlaga og mjög efnismikill, kominn að nokkru inn í tún um

aldamót" segir í Sveitum og jörðum. Tún og engjar að mestu girt með grjótgörðum. "Milli Götuhúss og Grundarhúss voru leifar af geysimiklum túngarði" segir í örnefnalýsingu. Norðan við heimreið er um 70 m langur bútur af túngarði og liggur hann í boga að útihúsum sem þar standa nærri. Þessi garður er trúlega yngri en sá

efnismikli sem nefndur er í Sveitum og jörðum. Mesta hæð er 0,7 m og er vírgirðing ofan á.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 349; Ö-Sandbrekka, 6.

NM-189:021 þúst útihús 65°32.663N 14°07.947V

Útihús var rétt innan við túngarð, um 10 m vestan við heimreið. Grasi vaxið flatlendi, en ekki slegið sem tún eins og stendur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 349.

NM-189:022 tún 65°32.817N 14°07.732V

"Vegabætur í túni og engjum, beðasléttur nokkrar" segir í Sveitum og jörðum. - Í túni um 50 m norðaustur af íbúðarhúsi má enn sjá móta fyrir 3 eða 4 beðasléttum. Í sléttuðu túni. Heimildarmaður segir að mun minna beri á beðasléttunum en áður var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 349.

NM-189:023 Brúarhraun heimild um brú 65°32.354N 14°07.329V

"Við Fomustekki heitir Brúarhraun við Bjarglandsá, þar er gömul trébrú." segir í örnefualýsingu. Brúarstæðið er 7-800 m suðaustur af bæ. Gamla brúin var frá því fyrir aldamót en hafði verið endurnýjuð 1974 eða 75. Hana tók afi flóði.

Heimildir: Ö-Sandbrekka, 2.

NM-189:024 frásögn um kvíar 65°32.851N 14°07.654V

Um 80 m norður af íbúðarhúsi er heimagrafreitur og steptur veggur umhverfis hann. Áður en grafreiturinn var gerður var tóft á þessum stað. Hún var svipuð og kvíarnar sem enn standa og hlaðin úr torfi. Í túni.

Hættumat: engin hætta.

NM-189:025 Sandbrekkuhjáleiga býli

Í manntali sem gert var 1703 er talið heimilisfólk á Sandbrekkuhjáleigu. Ekki er vitað hvar hún var og er ekki víst að henni hafi tilheyrt sérstök hús.


Heimildir: Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-189:026 réttartóft 65°31.887N 14°10.442V

Austan við heimreið er torfhlaðin rétt, svo sem 300 m sunnar en bæjarstæði. Undir grjóthól/holti. Mýrlendi og lítill tjörn eða pollur er milli réttar og heimreiðar. Réttin er ekki fornleg. Hún skiptist í tvö hól og opnast í suður.

Hættumat: engin hætta.

21. Fornleifakort. Hlaupandagerði




NM-190 Hlaupandagerði (Þórsnes)

Hjáleiga frá Sandbrekku. Hlaupandastaða er getið í Fljótsdæla sögu og er þar sagt að Ásbjörn vegghamar hafi leigt land af Kóreksstaðamönnum "þat er nú heitir á Hlaupandastöðum, en þá at Sauðalæk." [lesbr. Sandlækur kemur einnig fyrir] - ÍF XI, 259. Hlaupandagerði var hjáleiga frá Sandbrekku og nytjað þaðan 1870-95. Þá var jörðin keypt, nafninu breytt í Þórsnes og hefur verið sjálfstæð bújörð síðan. Bærinn stendur á hólbungu efst á nesi í árbug Bjarglandsár, aðal undirlendi jarðarinnar er á nesinu framan bæjarins. Bærinn fór í eyði 1980. SJM II, 350-51; SJM V, 410; ÖÞórsnes, 1.

1919: tún 2, 1 ha. garðar 90 m². Jörðin var vel fallin til sauðfjárræktar, landrými gott, allgóð beit og engjar góðar. í Fasteignamati 1918 voru tún 12 ha. að meiri hluta þýft en algirt. Fyrst unnið með dráttarvél 1939. SJM II, 351.

Heimildamaður: Geirmundur Þorsteinsson fæddur í Þórsnesi 23.04.1932



22. Fornleifakort. Hlaupandagerði - bæjarstæði

NM-190:001 bæjarhóll bústaður 65°32.987N 14°06.836V
Bærinn stendur á hólbungu efst á nesi í árbug Bjarglandsár. Timburhús var byggt 1895 og stendur það enn. Bæjarhóllinn sjálfur er um 30x20 m. Íbúðarhúsið sem á honum stendur er, einlyft með risi, um 6x4 m. Mæling tekin við NA-hom þess.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 350-51; JJ, 359; SJM V, 410; Ö-Þórsnes, 1.

NM-190:002 Leikklettur heimild um leikvöll 65°32.980N 14°06.760V
"Rétt ofan við Kílinn [í túni] er lítill klettur, kallaður Leikklettur; þar var leiksvæði

barna." segir í örnefnalýsingu. Leikklettur er um 40 m austur af íbúðarhúsi. Í brekku austan bæjar.


Heimildir: Ö-Þórsnes, 5.

NM-190:003 *Kletthús*

fjárhústóft

65°32.915N 14°06.726V

"Neðan við Réttarklett var fjárhús, sem hét Kletthús; önnur hús voru nafnlaus" segir í örnefualýsingu. - Tóft Kletthúsa er um 150 m suðaustur af íbúðarhúsi, uppi í brekku. Í túnjaðri við brekkurætur undir klettum. Við enda hússins er byggð rétt. Hættumat: engin hætta. Heimildir: Ö-Þórsnes, 5.



NM-190:004 *Tóttartún* örnefni

65°32.970N 14°07.072V

"Neðst í túni hét Tóttartún" segir í örnefnalýsingu. Neðsti hluti túns er mjög ósléttur og þýfifor en ekki sjást þar tóftir.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 5 .

NM-190:005 *Myllulækur* heimild um mylla

65°32.816N 14°06.858V

"Innan við túnið er smálækur, sem heitir Myllulækur. Þar var kornmylla" segir í örnefnalýsingu. - Lækurinn er um 300 m suður frá bænum en ekki er vitað hvar við hann myllan var og ekki sjást neinar leifar hennar.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 2.

NM-190:006 *Melshorn* kuml

65°32.831N 14°06.917V

"Rétt utan við Myllulæk, neðan við túnið, heitir Melshorn. Þar fannst fornmannadys, uppblásin, í kringum 1920; þar var nokkrum steinum raðað í hring, og fundust jaxlar og bútur af heinarbrýni, sem var sent á Þjóðminjasafnið" segir í Örnefnalýsingu. Melshorn er 30-40 m norðar en Myllulækur 005 en ekkert er meira vitað um fundarstaðinn.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 2.

NM-190:007 heimild um útihús

65°32.964N 14°06.851 V

Í Sveitum og jörðum segir að samkvæmt Fasteignamati 1918 hafi verið á jörðinni

smiðja, áburðarhús og 4 hlöður. Geirmundur Þorsteinsson bóndi í Sandbrekku segir að útihús hafi flest verið á sama hól og íbúðarhúsið, norðan þess, og hafa þau verið rifin og sléttað úr þeim.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 3 51.

NM-190:008 tóft af heystæði

65°32.248N 14°07.073V

NM-190:008 tóft af heystæði



Heytóft er vestan undir klettavegg, um 100 m norðaustan við Sellæk og um 80 m ofan Bjarglandsár. Mjög ógreinileg smátóft vaxin lyngi í stórpýfðum lyngmóa.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: SJM II, 3 51.

NM-190:009 Drangavað heimild um vað

65°33.614N 14°06.250V

"Við Bjarglandsá, utan við tún, þar sem áin beygir að fjallinu, eru hvilftir, sem heita Básar. Þar fyrir utan eru klettadrangar, kallaðir Drangar. Þar heitir Dragnsnes við ána, og þar er vað, sem heitir Drangavað." segir í

örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 2.

NM-190:010 túngarður

65°32.845N 14°06.83 IV

Nærri svonefndu Melshorni 006 er túngarðsbútur sem liggur í vestur, nýlegur að sjá. Liggur frá brekku og út á eyrina.

Hættumat: engin hætta.

NM-190:011 garðlag

65°32.760N 14°06.978V

Garðlag, um 40 m langt, er 500 m austur af fjárhúsum í Sandbrekku, um 100 m sunnar en Myllulækur 005. Á flatlendi undir brekku. Allskýr og trúlega nýlegur garðbútur úr torfi.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 3 51.

NM-190:012 þúst kálgarður

65°32.975N 14°06.918V

Í túni um 40 m vestur af íbúðarhúsi, er þúst sem lítur úr eins og upphækkaður grunnur eftir byggingar, snýr NA-SV Í túni. Geirmundur Þorsteinsson í Sandbrekku segir þetta hafa verið kartöflugarð.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

NM-190:013 Hraunfellshús

beitarhúsatóft


65°32.407N 14°06.513V

"Undir Hraunfelli eru beitarhústættur, kallaðar Hraunfellshús eða "Á Stórásum"

segir í örnefualýsingu. - Beitarhúsin eru undir Hraunfelli, suðvestan við enda þess. Tóftin er vaxin ljónslappa og krækiberjalyngi. Tvö fjárhús, 13x3 m með garða fyrir miðju á báðum húsunum. Aftan við eru tvær heytóftir og er innangengt í þær. Húsin eru grjót og torfhlaðin og sjást grjóthleðslur vel en eru orðnar nokkuð útflattar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.



NM-190:014 *Leirfellshús* beitarhúsatóftir

65°32.591N 14°05.861V


"Undir Neðra-Leirfelli voru önnur beitarhús, kölluð Leirfellshús" segir í

örnefualýsingu. Vaxnar grasi og ljónslappa.

Tvö fjárhús og eru bæði 12x4 m með garða fyrir miðju. Húsið sem er suðvestanvið snýr gaflí fram í dalinn, en hitt er í 15 m norðaustar og snýr þvert á hitt. Grjóthleðslur standa enn mjög vel en eru þó farnar að hrynjast. Veggjabykkt í nyrðra húsi er um 2 m. Hlöður eru áfasta að baki báðum húsunum. Í nyrðra húsinu er hleðsla frá garðanum í austurvegginn, þannig að í norðaustur horni þess myndast kró. Við norðaustur langvegg syðra hússins er 5x12 m bunga, lyngi vaxin, með mjög mjóu og ógreinilegu vegglagi. Sennilega eldri byggingaleifar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.




NM-190:015 stekkjartóft


65°33.683N 14°05.850V

"Út og upp af Drangavaði er hár klettur, sem heitir Stekkjarklettur; þar eru rústir af stekk við klettinn" segir í örnefualýsingu. - Stekkurinn stendur í brekku upp við klettinn.

Stekkurinn er grjót- og torfhlaðinn. Grjóthleðslur standa mjög vel og er lítið



hrunið úr þeim. Í honum eru tvö hólfið og er minna hólfið um 4x2 m og er innangengt úr því í stærra hólfið, sem er um 48x6 m. Kletturinn myndar bakvegg í smærra



hólfinu en langvegg í því stærra. Frammi á brekkubrún, um 20 m norðan við stekkin, eru lágir og ógreinilegir veggir tóftar sem er 2x3 m að stærð, líklega heytóft.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 2.

NM-190:016 Snorrarétt réttartóft


65°33.808N 14°05.629V

"Út af Stekkjarkletti eru Snorraréttarklettur. Í klauf á milli þeirra var rétt, sem heitir Snorrarétt" segir í örnefnalýsingu. Í klaufin milli klettanna er opin til sa-nv. Klettaveggirnir eru um 5- 7 m háir. Hlaðið hefur verið grjóti framan við klaufina og þannig lokað af. Aftan við suðaustur enda klaufarinnar er djúpur hvammur og er einnig grjóthleðsla við þann enda. Nafnið mun vera fornt.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 2.

NM-190:017 réttartóft



65°33.358N 14°06.503V

"Neðan við vaðið er Bauluhylur. Nokkru ofar er sérkennilegur berggangur við ána, sem heitir Réttarklettur. Þar er mjög gott skjól, og eru rústir af rétt undir klettinum" segir í örnefnalýsingu.

Grjóti er hlaðið sitt hvoru megin við enda klettaklaufar, þannig að klettaveggir mynda báðar langhliðamar í réttinni. Réttin er um 7x9 m að innanmáli en torfveggur er fyrir miðju hennar þannig að hún skiptist í tvennt.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:018 réttartóft

65°32.623N 14°07.218V

Bak við klett sem liggur að Bjarglandsá er rétt í hvammi. Réttin er um 20 m löng og 10 m þar sem hún er breiðust. Stærri hólfið er ferkantað um 20x10 m og er því skipt með þvervegg fyrir miðju og einnig er



smærra hólfið 7x3, í norðurhorni þess upp við klettinn. Smærra hólfið er aftan við. Það er þríhyrningslaga um 15x7 m, óskipt. Kletturinn myndar langvegg í báðum hólfunum. Hleðslurnar eru grasi vaxnar en um 10 m norðaustan við réttina er lyngi vaxið eldra garðlag, ferkantað, um 4x5 m að innanmáli. Það er nú að hverfa í ána. Bjarglandsá er að brjóta sér farveg framhjá klettinum og er réttin þá einnig í hættu.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:019 túngarður

65°32.890N 14°06.947V

"Í Þ[órsnesi] er reyndar forn túngarður, ef til vill hefur Ásbjörn lagt listfengnar garðhleðsluhendur sínar að honum." segir í Sveitum og jörðum og er þar vísað í Ásbjörn vegghamar sem samkvæmt Fljótsdæla sögu bjó á Hlaupandastöðum. Garður sést enn vestan við túnið. Hann liggur þar í boga en verður ógleggri þegar norðar dregur. A.m.k. 200 m eru sámilega glöggir.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.


Heimildir: SJM II, 350.

NM-190:020 seltóft

65°32.045N 14°07.141V

Sellækur er á merkjum milli Sandbrekku og Þórsness. flatlendinu ofan Bjarglandsár, 2 m norðaustan við Sellæk. Selið er við lækinn þar sem lítill foss fellur niður.

Seltóftin að hverfa í gróður. Fleiri tóftir gætu verið umhverfis en þær sjást ekki fyrir gróðri. Rústin er gróin lyngi og fjalldrapa og orðin þýfð. Gegnum hana liggja einnig fjárgötur. Þó eru greinileg um 4 hólfi, 3 smærri sem öll liggja saman í hnappi, og svo stærra hólfi, um 5x7 m, sem er líklega einhverskonar gripheldi.



Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:021 áveita

65°33.077N 14°07.272V

Í Sveitum og jörðum segir að áveitur hafi verið í nesinu og er vísaði á þrengsli í kíl um 400 m beint vestur af bæ í Þórsnesi. Þýft flatt land, farvegir eftir vatn liggja frá vestri til austurs. Erfitt er að sjá með vissu hvað muni vera af mannavöldum, en mælt var þar sem vatnsfarvegi virðist lokað með þverhleðslu úr torfi.

Heimildir: SJM II, 3 51.

NM-190:022 Svarðarmýri

mógrafir

65°33,083N 14°06,405V

"Utan við Háubrekkur er hjalli, sem heitir Svarðarmýri. Þar lágu götur að Hrafnabjörgum" segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað eru merki um svarðartöku en hestagötur liggja út með hjallanum.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:023 leið

65°33,083N 14°06,405V

"Utan við Háubrekkur er hjalli, sem heitir Svarðarmýri. Þar lágu götur að Hrafnabjörgum" segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað eru merki um svarðartöku en hestagötur liggja út með hjallanum.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:024 Skakkabrot heimild um vað

65°32.760N 14°06.978V

Vað er á Bjarglandsá milli bæjanna Þórsness og Sandbrekku. Það er kallað Skakkabrot.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:025 varða

"Ofan við Svarðarmýri [023] er Vörðuklettur. Þar var mjög haglega hlaðin varða, gerð af verksnillingnum Snorra Þórólfsyni, sem bjó í Þórsnesi á öðrum tug þessarar aldar." segir í örnefnalýsingu. Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3.

NM-190:026 varða

"Á miðjum Stórás er hátt, stakt fell, sem heitir Hraunfell. Þorsteinn Sigfússon nefnir þetta fell Vörðuhraun" segir í örnefnalýsingu. Þar er ófullgerð varða, hlaðin af Snorra Þórólfsyni. Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 3, 5.


NM-190:027 Álfasteinar örnefni

huldufólksbústaður

Álfasteinar, eru stórir steinar undir Dyrfjöllum, og eru þeir landamerki. Ekki skráð 1997.

Heimildir: Ö-Þórsnes, 1.


23.Fornleifakort. Hrafnabjörg



NM-191 Hrafnabjörg

6 hdr. 1564, 1695, 1847. Bændaeign. Fyrst getið í tíundarreikningum Hjaltastaðþinga frá 1564 - DI XIV, 325. 21.5.1684 selur Jón Þorláksson sr. Jóni Eiríkssyni 6 hdr í Hrafnabjörgum - Jarðabréf, 280. Jörðin er í fjallabæjaröð innan við ytri Selfljótsbrú. Mestur hluti jarðarinnar er fjalllendið um norðaustanverðan Eiríkssdal og Urðardal með ytra Dyrfjallið í stafni. Hreppamörk eru við Njarðvík. Um tíma eign Framtíðarinnar á Seyðisfirði. Jörðin fór í eyði 1945 og er nú í eign Séra Sigmars Torfasonar. Bílvegur liggur ekki að jörðinni. SJM II, 352-353; SJM V, 410.

1919: tún 1 ha. garðar 215 m². Jörðin var ekki auðveld til búskapar. Gott beitarland, engjar sæmilegar en öll hey- og jarðvinnsla erfið. Hlunnindi voru af mótekju. Gamla túnið var í Fasteignamati 1918 1,6 ha og mestallt þýft allt fram til 1927 en þá var farið að þakslétta og var meirihlutinn sléttaður. Túnið var mjög erfitt til vinnslu með hestaverkfærum og var mest handunnið. Hálfur ha var þó unnin með vél 1938. SJM II, 353



24. Fornleifakort. Hrafnabjörg - bæjarstæði

NM-191:001 bæjarhóll

bústaður

65°33.839N 14°04.794V

Á bæjarstæðinu eru þrjár tóftir úr torfi og grjóti, og á milli þeirra er grjóthlaðinn veggur, nýlega upphlaðinn.


Samkvæmt

Fasteignamati 1918 var komið járnklætt timburhús á jörðinni, einnig var járnklætt eldhús og 2 skúrar við

íbúðarhús. Íbúðarhúsið var rífið 1973. Nýlegur sumarbúastaður úr timbri hefur verið reistur á bæjarstæðinu. Aftan (norðaustan) við hann eru leifar af húsaröð og er hlað eða stétt framan við þau.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:

SJM II, 352-353; SJM V, 410.

**NM-191:002** Kofi

geitakofatóft


65°33.801 V 14°04.840N

"Fram og uppi á túninu voru tvö hús: Kofi og Húsið fram og uppi; þar var fjárhús, en í Kofanum voru hafðar geitur síðast, en áður hrútar" segir í örnefnalýsingu. Tóft Kofans er suðaustan við bæjarstæði og sumarbústaðinn sem þar stendur, á lágum hól sem nær að kletti þar sunnan við. Tóftin virðist standa á rústum eldri bygginga.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-

Hrafnabjörg, 6.

**NM-191:003**

Húsið fram og uppi

fjárhústóft

65°33.779N


14°04.852V

"Fram og uppi á túninu voru tvö hús: Kofi og Húsið fram og uppi; þar var fjárhús ... " segir í

örnefnalýsingu. Tóft Hússins fram og uppi er á lágum hól suðaustur af bæjarstæði þar sem sumarbústaður stendur, um 15 m sunnar en Kofi 002.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.



NM-191:004 þúst

hesthús

65°33.827N 14°04.832V


"Hesthús fyrir 4 hesta var ofan við bæinn, með hlöðu við, en viðbyggt bæinn var fjós og kúahlaða" segir í örnefnalýsingu. Suðaustan við nýlegan sumarbústað á bæjarstæðinu er allglöggur rústahóll og mun það vera hesthúsrústin. Stærð húsa verður ekki séð með vissu, hæsta þústin er a.m.k. 6x7 m um sig, sjálfur er hóllinn stærri en það, a.m.k. 25 m langur og 8-10 m breiður.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:005 Mundakofi hesthústóft

65°33.801N 14°04.950V




"Kofi fyrir 1-2 hesta var vestan við mýrina innan við bæinn, hann var nefndur Mundakofi." segir í örnefnalýsingu. Tóft Mundakofa er um 50 m suðaustur af bæjarstæði. Grasi og lyngi vaxið mólendi fremur slétt.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:006 Leyningshús fjárhústóft



"Inn af Útgrund tekur túnið við. Mestur hluti þess er á klettahrygg og báðum megin djúpar kvosir, sem heita Austari-Leyningur og VestariLeyningur. Leyningshús voru fjárhús yzt í Austara-Leyningi, en Hólhús var annað fjárhús þar rétt hjá, yzt í túninu" segir í örnefnalýsingu. Tóft Leyningshúss er í grasi vaxinni lág

norðaustan við tún. Lítil árabátur var geymdur í tóftinni þegar skráð var 1997.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:007 Hólhús

fjárhústóft

65°33.914N 14°04.675V

"Inn af Útgrund tekur túnið við. Mestur hluti þess er á klettahrygg og báðum megin



djúpar kvosir, sem heita Austari-Leyningur og VestariLeyningur. Leyningshús voru fjárhús yzt í Austara-Leyningi, en Hólhús var annað fjárhús þar rétt hjá, yzt í túninu" segir í örnefnalýsingu. Tóft Hólhúss er nyrst í túninu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:008 Hesthústóft hesthústóft

65°33.988N 14°04.874V

"Hesthústóft kallast tóftin á móti bænum" segir í örnefualýsingu. - Hesthústóftin er um 8 m norður af fljótsbakka Jökulsár. Áin étur úr bakkanum, og mun tóftin að lokum hverfa í ána. Ferköntuð 4x3 m tóft

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga.


Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 3.

NM-191:009 Réttin

réttartóft

65°33.803N 14°04.866V

"Í krika innarlega á Framgrundinni var Réttin" segir í örnefualýsingu. Réttin er suðvestur af bæjarstæði, í krika milli kletta. Veggir standa allvel, en byrjaðir að skekkjast, einkum að austan. Óreglulega ferhyrnd. Óljós ummerki eru um eldri rétt á móta stóra vestanvið, úr torfi. Túngarður liggur áfram yfir klett og að ánni.



Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:010 túngarður

65°33.769N 14°04.969V

"Í krika innarlega á Framgrundinni var Réttin. Nokkru innar er túngarður, sem skilur milli Framgrundar og Fremrigrundar" segir í örnefualýsingu. Túngarðurinn er vaxinn grasi og skýr, en þó farinn að síga saman. Mjög beinn og gæti hafa verið gert við hann eftir að ábúð lauk. Hann nær yfir klett sbr. 009 og heldur áfram að á.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:011 Heima-Svörður

mógrafir

65°33.718N 14°04.965V

"Suður af bænum, rétt ofan við réttina, er Heima-Svörður, fremur vond svarðartekja. Fremri-Svörður er spölkorn inn frá bænum" segir í örnefualýsingu. Heima-Svörður er austan við lágan klettaás, í mýrlendu landi, vöxnu grasi, lyngi og lágum víðíplöntum. Svarðargrófin er óregluleg í laginu, víðast mjó, lengd um 40 m, breidd víðast 1,5-2 m en á nokkrum stöðum breiðari, allt að 5 m.


Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:012 myllutóft

65°34.033N 14°04.314V

"Myllutóft í fremri náthaga við Gjáarlæk og tvær við Bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum. Myllan er í náthaganum, um 1 1/2 m austan við Gjáarlæk. Hleðslur myllunnar standa enn vel og hefur þakið hrúnið ofan í tóftina. Rás hefur verið grafin að myllunni úr læknum um 25 m ofar, þar sem vatnið hefur verið leitt úr læknum að myllunni.



Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 353.

NM-191:013 stekkjartóft

65°33.868N 14°04.906V

Stekkjartóft er í kvos milli tveggja kletta 20 m sunnan og ofan við Einbúa. Lítil tvískipt tóft, grasi og lyngi vaxin. Stórt grjót hefur fallið ofan í minna hólfið.

Hættumat: engin hætta.

NM-191:014 mylla

65°33.863N 14°04.812V

"Myllutótt í fremri náttuga við Gjáarlæk og tvær við Bæjarlæk." segir í Sveitum og jörðum. Rétt sunnan við bæjarstæðið er eins og smákofi hafi staðið fast við lækinn, og gæti það verið önnur myllan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 353.

NM-191:015 þúst

mylla

65°33.848N 14°04.900V

"Myllutótt í fremri náttuga við Gjáarlæk og tvær við Bæjarlæk" segir í Sveitum og jörðum. Vestan við bæjarstæði undir brekku rétt við bæjarlækinn er þúst, og gæti þetta verið önnur af myllunum tveim.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: SJM II, 353.

NM-191:016 Á Bjargi

beitarhúsatóft

65°33.890N 14°03.500V

"Töluvert flatlendi vaxið lyngi og kjarri er upp af Bjarginu utan við dalinn. Þar voru beitarhús framá þessa öld og reytt saman hey um vallendisræmur og mýrarhorn" segir í Sveitum og jörðum. Beitarhús þessi nefndust Á Bjargi. Þau voru undir járn og



rúmuðu 70 kindur, við þau var hlöðukofi með skúrþaki og járn á.

Veggjaþykkt um 1 m.

Vegghleðslur standa, mjög vel og er tóftin heilleg. Fúnar spýtur liggja í henni. Um 10 m ofan húsanna er ógreinilegt

veggjalag tóftar. Húsin eru

upphækkuð og líklega endurbyggð. Grjóthlaðið fjárhús 13x4 m með grjóthlöðnum garða fyrir miðju, dyr á suðvestur horni. Aftan við fjárhúsið er hlaða 2x4 m, og er innangengt í hana. 3 m aftan hennar er lægra ógreinilegra hól 5x3 m, líklega eldra.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: SJM II, 352-3

NM-191:017 Sel


seltóftir

65°32.396N

14°04.064V

"Frá hæðum þeim, er Klyftimar standa á, hallar landi inn og niður að Jökulsá. Rennur þar lítill lækur í ána, spölkorn ofan við Sniðakinn. Hann heitir Sellækur. Norðan við hann, ofan við reiðgötur skammt frá ánni, eru tættur, þær eru kallaðar Sel" segir í örnefnalýsingu.

Stærsta tóftin er fjárhústóft með garða fyrir miðju. Norðan




við hana er lítill áföst tóft, líklega heytóft. Um 5 m norðaustan tóftanna eru tvær smærri tóftir, byggðar utan í brekku. 6 m suðaustan þeirra, er lítill 0,5x1 m tóft uppi á brekkunni. Fjárhúsið er upphækkað og er sem smáhóll í landslaginu. Það bendir til endurbygginga. Þessar tóftir eru vaxnar grasi og lyngi og virðast allar jafngamlar. Við Sellæk um 15 m austan við fjárhúsið eru aðrar tóftir, líklega eldri. Þar er hringlaga rétt grafin inn í brekkuna og veggur hlaðinn fyrir á einn veg. Önnur smærri tvískipt tóft er ofan hennar. Um 20 m suðvestur af fjárhúsinu er mjög ógreinileg tóft sem virðist allnokkru eldri en hinar tóftirnar, mjög lyngi vaxin og hlaupin í þúfur. Hestagötur liggja í gegn um hana

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 7.

NM-191:018 *Ytristekkur* stekkjartóft

65°34,048N 14°04,247V



"Í [Ytri-Stekkurð] er hellir, og stekkur, Ytristekkur, var hlaðinn úr grjóti þar framman við hellinn" segir í örnefnalýsingu.

Hættumat: engm hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 5.

NM-191:019 *Ytri-Nátthagi* nátthagi

65°34.039N 14°04.128V

"Brattar urðarbrekkur eru neðan við Bjargið og heita þær Urðin allt frá Skógarhjalla og inn að Ytri-Nátthaga. Ytri-Nátthaginn er að mestu girtur hömrum en stórgrýtt urð, Ytri-Stekkurð, skilur hann að frá Fremri-Nátthaga." segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn er vik við Selfljót og eru hamraveggir á þrjá vegu og er grjóti hlaðið í skörð og glufur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 5.


NM-191 :020 *Fremri-Nátthagi*

nátthagi

65°34.046N 14°04.318V

"Brattar urðarbrekkur eru neðan við Bjargið og heita þær Urðin allt frá Skógarhjalla og inn að Ytri-Nátthaga. Ytri-Nátthaginn er að mestu girtur hömrum en stórgrýtt urð, Ytri-Stekkurð, skilur hann að frá Fremri-Nátthaga." segir í örnefnalýsingu. Nátthaginn er milli tveggja hamraveggja. Gjáarlækur rennur í gegnum nátthagann. Nátthaginn er myndaður með því að hlaða stóru grjóti milli stórra jarðfastra bjarga og hamraveggjanna. Hleðslan myndar ferhyrning um 50 má lengd og 15 má breidd.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 5.
Hættumat: engin hætta.




NM-191:021 garðlag áveita
"Innan við Fremri-Nátthaga er Fremri-Stekkurð. Meðfram henni káll, Grundarkáll, með þremur stíflugörðum (flóðgörðum)" segir í örnefnalýsingu. Garðarnir liggja frá klettunum út á Fram-Grundina.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 5.

65°33.951N 14°04.574V



NM-191:022 stekkjartóft

65°33.600N 14°05.034V

"Fremri-Svörður er spölkorn inn frá bænum; nær þangað allt frá túni fremur lágur klettás, sem heitir Stekkás. Stekkur er hjá stórum steini vestan undir ásnum" segir örnefnalýsingu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:023 *Fremri-Svörður* mógrafir

65°33.515N 14°05.118V


"Fremri-Svörður er spölkorn inn frá bænum; nær þangað allt frá túni fremur lágur klettás, sem heitir Stekkás. Stekkur er hjá stórum steini vestan undir ásnum" segir í örnefnalýsingu. Svarðargrafir á allstóru mýrarsvæði.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:024 tóft

65°33.678N 14°05.121 V

Tóft er suðvestan undir klettaásnum sem liggur suðvestan réttarinnar 009 suðvestur af




túninu á Hrafnabjörgum. Tóftin er byggð sunnan í brekku og myndar hún bakhlið. Þríhólfa tóft. Minnsta hólfið er uppi við brekkuna, 2x1 m. Framan við það er 2x2 m hólfið og sést grjóthleðsla í því. Fremst er 3x4 m hólfið og er það opið til suðurs. Suðaustan og framan við tóftina er ógreinileg hleðsla í hálfhring 6x5 m.

NM-191:025 2 tóftir+garðlag

65°33.582N 14°05.142V

Tóftir eru á milli tveggja klettaása um 200 m suðvestur af túninu á Hrafnabjörgum. Tvær greinilegar

tóftir. Sú stærri er um 18x6 m, fjórhólfa. Minni tóftin er um 17 m vestur af þeirri stærri og er eitt hólfi Greinilegt er að þessi tóft er soknari en hin. Garðlag liggur úr klettinum 35 m suðaustan tóftanna og liggur hann í vestur að hinni klettahæðinni og í hálfhring vestur fyrir hana, þar hverfur garðurinn. Bæði garðurinn og tóftirnar eru



mjög þýfð og lynggróin. Svæðið umhverfis er einnig mjög stórþýft og er ekki ósennilegt að þar leynist fleiri tóftir. Hestagötur liggja gegnum svæðið.

Hættumat: engin hætta.

NM-191:026 renna áveita 65°33.854N 14°05.022V

"Merki um áveitu á Nesið og Útgrundina" segir í Sveitum og jörðum. - Lágir garðar og grunnir skurðir liggja um Nesið.

Heimildir: SJM II, 353.

NM-191:027 Ullarklettur þvottastaður 65°33.858N 14°04.915V

"Upp með ánni ofan vaðsins hét Framgrund. Þar er stakur klettur, Ullarklettur, við alldjúpa en litla tjörn" segir í örnefnalýsingu. Jökuláin er búin að brjóta sér leið inn í tjörnina og er hún að hverfa.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:028 leið 65°34.144N 14°03.919V

"Utan við túnið lá hestavegurinn um Hrafnabjargaurðir, stórsteinótt og brött grjóthlaup úr standbjörgum ofan við, niður á milli hleina framskagandi að fljótinu. Þar var krókótt og mishæðótt hestagata yfir berar grjótbeðjumar, handunnin gata snoturlega flóruð blágrýti" segir í Sveitum og jörðum. Vegurinn liggur í brekkunni þar sem er urð, yfir kletta og hefur á köflum verið lagaður til. Sunnan við stæði gömlu brúarinnar (sem er sunnar en hin nýja), er vegarkafli með hlaðinni brún ofan og neðan vegar

Heimildir: SJM II, 352.

NM-191 :029 Hrafnabjargavað heimild um leið 65°33.746N 14°05.248V

"Þar [við Vaðhólma] skiptust götur, lá önnur inn á Neðri-Ból í Þórsneslandi, áleiðis að Drangavaði á Bjarglandsá, en hin þvert yfir Nesið nærri Bolnum og að Hrafnabjargavaði, vestur yfir Selfljót í átt að Gagnstöð" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 3.

NM-191:030 Einbúabrot vað 65° 33.894N 14°04.867V

Einbúabrot heitir vað á Jökulsánni. "Þetta vað var oft notað, þegar farið var gangandi á engjar á Nesinu" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 3.

NM-191:031 Jökulsárvað heimild um vað 65°33.727N 14°05.255V


Jökulsárvað var ofan við Vaðhólma.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 3.

NM-191:032 útihúsatóft 65°33.858N 14°04.915V

Tóttin er undir kletti um 60 m

suðaustan við Einbúa. Fljótið er að brjóta sér leið framhjá kletti sem stendur framan við tóftina og hún fer brátt að hverfa. Hún er 3 m norðaustan við Ullarklett. Grjót- og torfhlaðin tóft, 4x4 m. Klettur myndar suðausturvegg hennar. Dyr eru í norðausturhorni.



Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

NM-191:033 Heyskálavað
heimild um vað
65°34.215N 14°03.682V
"Skammt innan við Selfljótsbrú var vað, sem kallaðist, Heyskálavað. Sæmilegt vað en nokkuð djúpt og sjaldan reitt nema um fjöru, ef einhver dráttur (vöxtur) var í fljótinu" segir örnefualýsingu.
Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 4.

NM-191:034 Einbúar huldufólksbústaður 65°33.895N 14°04.818V
Í Vestara-Leyningi eru tveir stakir klettir sem Einbúar nefnast. Þar átti að búa huldufólk.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 6.

NM-191:035 þúst útihús 65°33.852N 14°04.751V
Þúst er 8-10 m norðan við bæjarstæði. Í túni. Þústin snýr austur-vestur Ekki sést hverskonar bygging þetta hefur verið.

Hættumat: engin hætta.

NM-191:036 þúst 65°33.016N 14°04.770V
Þúst er um 10 m norðan við bæjarstæði Í túni
Hættumat: engin hætta.

25. Fornleifakort. Unaósi og Heyskálar




NM-192 Unaós (Ós)

16 hdr. 1541, 1695, 1847. Vallaneskirkjueign. Getið í Landnámabók "Uni son Garðars, er fyrst fann Ísland, fór til Íslands með ráði Haralds konungs ... Uni tók land, þar sem nú heitir Unaóss, ok húsaði þar; hann nam sér land til eignar fyrir sunnan Lagarfljót, allt herað til Unalækjar." ÍF I, 299-300 (Bærinn er kallaður Ós í Þórðarbók). Unaóss er getið sem hafskipahafnar í Brandkrossaðætti og Fljótsdælasögu og Ós er einnig nefndur í leiðarlýsingum í síðarnefndu sögunni en ekki er bæjarins þar getið beint. ÍF XI, 187, 222-23, 260, 266, 268. Fyrst getið í skjölum í málðaga Vallaneskirkju 17.7.1367 þar sem fram kemur að kirkjunni tilheyra 'haalfer osrekar bædi hualreka oc viðreka stærra en aalnar kefli.' - DI Ill, 238, cop. í Vilch. DI IV, 205; [1419] - DI IV, 270; 4.9.1471 - DI V, 630 og í [1570] - DI XV, 684. Til viðbótar er getið í Vallaneskirkjumálðaga frá 1397 að Teitur Sokkason hafi gefið kirkjunni 'fiordung j Osreka- DI IV, 207. Í Vilchinsmáldögum frá 1397 kemur einni fram að Hallormsstaðakirkju tilheyrði 'hinn sextandi hlutur i halfumm hval j halfumm Os rekum'. - DI IV, 208 (sbr. [1570] - DI XV, 683), og einnig átti Húsavíkurkirkja 'Hinn xvj hlut j Osreka' - DI IV, 223. Í bréfi um Ás í Fellum frá 20.9.1463 kemur fram 'ad kirkian under ase aette fiordung j ossrekum aullum baedi huals oc vidar.' - DI V, 395 sbr. 1576 - DI XV, 680. Í málðaga Vallaneskirkju frá 4.9.1471 hefur kirkjan eignast jord ath ose j vtmanna suet. ok [á] ath lukast kirkiu tiund oc prest tiund [þar] sem [hún] j soknenne liggur[og þara uað auki] fiordung j Osreka' - DI V, 629-630 sbr. [1541 og sidar] - DI X, 696-97. Samkvæmt tíundarreikningum Hjaltasðapinga átti 'Steingrijmur a Ose x hunndrud' - DI XIV, 325 og gæti það bet til að þá hafi verið tvíbýli á jörðinni. 6.5.1695 lögfestir sr. Bjarni Einarsson eign Maríukirkju undir Ási í Fellum, fjórða hlut allan bæði hvala og víða í öllum rekum og rekaplássumjarðarinnar Óss og lögfestir einnig Húsavíkurkirkju sextánda hlut úr Ósrekum öllum, bædi hvala og víða - Jarðabréf, 273.

Unaós er ysta jörð í Hjaltastaðapinghá meðfram fjalli Í Fljótsdælu er jörðin nefnd Ós, og það er hún einnig nefnd í Manntali 1703 og í jarðabókum og fasteignabókum fram til 1942. Jörðin var fyrrum eign Vallakirkju en er nú í ríkiseign. Heyskálar voru hjáleiga frá Unaósi, fyrst getið í jb. 1760 en var sjálfstæð bújörð frá miðri 19. öld fram til 1951 er hún var lögð á ný undir heimajörðina. Við Krosshöfða var Óshöfn, löggilt verslunarhöfn 1902. Þar var verslunarhús á bakka." SJM II, 354- 55; SJM, V, 405.

1919: tún 3, 1 ha. garðar 297 m². Jörðin þótti ágæt sauðajörð og hlunnindajörð, en fólksfrek sökum erfiðrar fjárgeymslu og reytingssamra engja. Undirlendi var á ræmu við Selfljótið en uppland víðáttumikið. Engjar voru ágætar. Hlunnindi voru af reka, silungsveiði í Selfljóti, æðavarpi og bjargfugli. Gamla túnið var um 12 dagsl., allt þýft og deiglent en sprettugott. Frá 1925-40 var þaksléttutími en fyrsta dráttarvélavinnsla var 1939 og var sléttun túnþýfis lokið 1952. SJM II, 356- 57

Heimildir: Þorsteinn Bergsson fæddur 27.06 1964 og Soffia Ingvarsdóttir fædd 11.02 1963.



26. Fornleifakort. Unaós – bæjarstæði

NM-192:001 bæjarhóll bústaður

65°34.779N 14°01.587V

Talið er að gamli bærinn hafi staðið í túninu norðaustan við núverandi íbúðarhús. Þar er lágur hóll í túni norðaustan við bæjarlæk, líkur því að þar hafi verið sléttað úr húsum. Stærð og lögun er ekki skýr, en gera má ráð fyrir svæði um 20 má hvorn veg.

"Gamla baðstofan byggð af Sigurði Jakobssyni (1899-1910). Portbyggð. Þiljuð plægðum viði, aflviðir úr rekatrjám, 15-16 álnir á lengd. Fjós undir palli. Notuð fyrir fjós til 1958" segir í Sveitum og jörðum. Hún var rifin um það leyti sem hætt var að nota hana samkvæmt upplýsingum frá heimildarmönnum. Norðvestan við núverandi íbúðarhús er gamalt íbúðarhús, timburhús járnklætt á steiptum kjallara, hæð og ris, er áður var á Krosshöfða. Það er íbúðarhús verslunarstjóra sem reist var 1906 á Borgafirði eystri og flutt þaðan að Krosshöfða og síðan að Ósi er verslun lagðist af í Krosshöfða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 354-57; JJ, 359; SJM V, 405.

NM-192:002 Hólhús heimild um fjárhús

"Í túni hét Hólhús" segir í örnefnalýsingu. Stóðu nokkuð neðan við steinsteypt fjárhús, skamt frá gamla bæjarhólum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Unaós, 5.

NM-192:003 heimild um túngarð

65°34.787N 14°01.446V

"Túngarður, horfinn" segir í Sveitum og jörðum. Árið 1997 var nýlega búið að rífa og ýta yfir steyppt fjárhús frá 1950 80-100 m norðaustur af íbúðarhúsi. Um 4 m bútur af garði, líklega túngarður, innanvið metri á breidd og 0,4 m hár er milli flagsins eftir fjárhúsin og lækjar og nær þó ekki alveg að lækjarbakkanum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 356.

NM-192:004 mylla

65°34.764N 14°01.473V

"Mylla í Bæjarlæk, við lýði til 1923" segir í Sveitum og jörðum. Leifar myllunnar eru uppi í brekku um 100 m frá steinsteyptu íbúðarhúsi uppi. Þar er hleðsla þvert út í læk. Ekki sér til myllutóftar nema lítill steypdur grunnur um 6 m frá hafi eitthvað með hana að gera.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 3 56.

NM-192:005 leið


Meðfram sjónum austan frá bæ að Krosshöfða liggur kerruvegur sem notaður var til flutninga á vörum frá versluninni á Krosshöfða. Vegurinn er hlaðinn á köflum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Unaós, 5.

NM-192:006 beitarhúsatóft

65°35°.610N 13°59.407V



"Skammt innanvið Krosshöfða er Biðaver. Þar voru beitarhús til 1913" segir í Sveitum og jörðum. Tóftirnar eru í kvos um 30 m austan Selfljóts um 300 m innan við Krosshöfða.

Beitarhúsin eru á upphækkun og hafa líklega verið endurbyggð. Merktur göngustígur liggur meðfram tóftunum og kann að verða eitthvað rask af umferð um

svæðið. Beitarhúsin eru um 2 m ofan götu þeirrar er liggur frá Unaósi til Stapavíkur. Þarna er fjárhús, 13x3 m, með garða fyrir miðju og hlaða, 3x4, áföst aftan við. Aftan hlöðunnar er smærri, 2x3 m, ógreinilegra hólf Rétt/gripheldi er áfast fjárhúsinu, (5x13 m) og hallar upp að því. Tóftir þessar eru mjög greinilegar og grjóthleðslur standa vel. Þær eru grasi vaxnar. Skammt sunnan, vestan og norðan beitarhúsanna eru 5 smærri og ógreinilegri tóftir í Eiðaveri 009. Um 25 m norðan beitarhúsanna er smátóft, 2x3 m, sem líklega tilheyrir beitarhúsunum en hún er gróin á sama hátt og þau. Stórir steinar eru í hálfirring vestur fyrir beitarhúsin og gæti hafa verið girðing á milli þeirra.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 355.

NM-192:007 Óssel

beitarhús


65°34.332N 14°02.059V

"Upp af Knörnum eru rústir af beitarhúsum. Löngu aflögðum; þar er kallað Óssel" segir í örnefnalýsingu.

"Þar voru beitarhús, ög reytt saman hey á engjaslefrum til og frá. Þetta voru sauðahús, lögð niður á fyrsta aldartugi, er vatn fyllti þau og drekkti geldingunum nema forystusauðnum" segir í Sveitum og jörðum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 355; Ö-Unaós, 2.



NM-192:008


réttartóft 65°34.940N

14°01.507V

"Neðan við Nafirnar er stakur klettur, sem heitir Réttarklettur" segir í örnefnalýsingu. Réttarklettur er norðaustur af bæ, við kletta niðri við sjó. Réttin að nokkru leyti mynduð úr klettum og hlaðið milli þeirra.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Unaós, 3.



NM-192:009 *Eiðaver*

5 tóftir verbúð

65°35.610N 13°59.407V

"Þá er næst lækur utan við Eiðaverslæk, hann heitir Hvíteyrlækur. Milli þessara lækja niður við Selfljótsós (Unaós), var verstöð á miðöldum, kölluð Eiðaver, eign Eiðabænda, sem voru stórauðugir" segir í örnefnalýsingu. Verbúðirnar eru vestan og norðan við beitarhúsin 006.

Verstöðvartóftirnar eru vaxnar öðrum gróðri en beitarhúsin. Greina má leifar 5 lítilla sjóbúða/naust tófta vestan og norðan beitarhúsanna. Tóftirnar eru signar og vaxnar mosa og lyngi og fornlegri en beitarhúsatættturnar. Fleiri tóftir gætu verið á þessum stað. Sjá teikningu 006.

Hættumat: mikil hættu vegna rasks.

Heimildir: Ö-Unaós, 3.

NM-192:010 heimild um verðbúð


"Lækurinn sker sundur Selvogsnesið. Austan við lækinn er smávogur, kallaður Selvogur (Selavogur). Þar eru fleiri smávogar, nafnlausir. Á Selvogsnesi eru rústir af fornum verbúðum (nafnlausar)" segir í örnefnalýsingu. Ekki skráð 1997

Heimildir: Ö-Unaós, 5.

NM-192:011 *Krosshöfði* tóftir

65°35.920N 13°58.976V

"Næsti lækur fyrir utan Hvíteyrlæk heitir Fossvíkurlækur. Milli síðastnefndra lækja er klettatangi, sem heitir Krosshöfði. Þar var verzlunarstaður á fyrsta og öðrum tug þessarar aldar, þó hafnarskilyrði væru slæm. Það var útibú frá verzlunum á Seyðisfirði" segir í örnefnalýsingu.



Á nésinu eru 3 hlaðnir grunnar verslunarhúsa. Í einu þeirra hefur verið kjallari um 1 m á dýpt. Einnig er steypa í undirstöðum þess húss. Um 20 m austan við austasta verslunarhúsið er tóft sem gæti verið eldri en verslunarhúsin. Hún er grjót- og torfhlaðin, hugsanlega sjóhús. Um 20 m norðaustan hennar eru tvær smærri tóftir, önnur er ferköntuð og er hún lyngi vaxin og sokkin. Hin tóftin er hringlaga með op til austurs. Báðar standa tóftirnar frammi á klettabrún og eru í hættu af hrúni úr brúninni. Einhver hætta gæti stafað af umferð ferðamanna um svæðið. Mest hætta stafar þó að smátóftunum tveimur sem liggja frammi á klettabrúninni en það hrynur smám saman úr henni.

Hættumat: hætta vegna hruns.

Heimildir: Ö-Unaós, 3.

NM-192:012 þúst útihús 65°34.845N 14°01.575V

Um 30 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi er rústahóll, um 25x10 m að utanmáli, snýr sv-na. Grasi vaxinn hóll í túni. Talið er að á þessum stað hafi verið bær og segja að sumir segi að það hafi verið bær Una danska.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unaós, 2.

NM-192:013 *Seldalur* örnefni sel

"Milli Hákarlhauss og Sönghofsfalla er skora, sem heitir Seldalur" segir í örnefnalýsingu. Fannst ekki 1997. Skógur hefur breitt úr sér við ána og er erfitt að greina hvort þar hafi verið tóftir. Seldalur heitir líklega eftir nefna sínum í Njarðvík, hinu megin við varpið. Sá dalur liggur upp af selinu í Njarðvík samkvæmt upplýsingum frá heimildarmönnum þ

Heimildir: Ö-Unaós, 4

NM-192:014 heimild um tún 65°34.776N 14°01.674V

"Þrjár beðasléttur enn óhreyfðar" segir í Sveitum og jörðum. Niður af og norðvestan við steinsteypt íbúðarhús og gamla húsið má sjá 3 öldumyndanir í túni og eru þar beðasléttur. Talið er að beðasléttur hafi ekki verið víðar en á þessum stað enda sé túnið óslétt og óþægilegt vélum.

Heimildir: SJM II, 356.

NM-192:015 *Skipa-/Festarklettur* heimild um uppsátur 65°34.502N 14°02.477V

"Milli Knarrarár og samnefnds lækjar eru háir klettur neðst í fjallinu, nefndir Knör eða Knörr. Þaðan skagar klettur niður á jafnsléttu, sem heitir Skipaklettur eða Festarklettur; talið er líklegt að þar hafi skip getað lagzt að í fornöld" segir í örnefnalýsingu. Mikið hefur hrúnið úr klettinum. Þessi sögn gæti staðið í samhengi við frásagnir um hafskipahöfn í Unaósi á miðöldum sbr. 028

Heimildir: Ö-Unaós, 2.

NM-192:016 *Vaðtangi* heimild um vað 65°34.586N 14°02.890V

"Á nésinu [Ósnesi] er tangi út í fljótið sem heitri Vaðtangi, þar var áður vað, en er nú sagt ófært" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Unaós, 2


NM-192:017 *Gönguskarð* leið 65°35.763N 13°58.331V

"Milli Grjótfjalls og Smátindafjalls er Gönguskarð. Um það voru áður hestagötur og alfaraleið milli Héraðs og Njarðvíkur og þaðan til Borgarfjarðar um Njarðvíkurskriður" segir í örnefualýsingu. Gatan liggur upp frá klettanesinu milli Fossvíkur og Stapavíkur. Ferða um Gönguskarð er getið í Fljótsdælasögu - ÍF XI, 260, 266, 268. Gatan hefur verið stikuð fyrir ferðamenn.

Heimildir: Ö-Unaós, 4.

NM-192:018 tóftir verbúð 65°35.743N 13°59.245V

Verbúðatóftir eru um 120 m suðaustan frá Krosshöfðanum í vikinni innan við hann. Upphækkuð tóft, ferköntuð, um 6x3 m. Dyr hafa snúið til suðausturs. Um 20 m



norðaustan við hana eru ógreinilegri smærri tóftir, e.t.v. naust. Allar tóftirnar eru alveg vaxnar lyngi. Reiðgötur liggja í gegn um smærri tóftirnar og einnig liggja þarna götur út til Krosshöfða.

Hættumat: hætta vegna rasks.

Heimildir: Ö-Unaós, 5.

NM-192:019 *Fljótsrass*

verbúð

65°35.995N 13°59.045V

"Norðan við Krosshöfða hét Músasund, nú fyllt af sandi.

Klöpp er þar út af, sem Selfljót

skellur á, og heitir þar Fljótsrass. Sagt er, að þar hafi verið hellir, sem fyrr á tímum var notaður fyrir verbúð, sjá Þjóðs. S. Sigfússonar, IX.b., bls 89-90. Nú hefur Selfljót borið sand þarna að, og er landslag því breytt" segir í örnefualýsingu. Klettakollar standa upp úr sandinum á sandinum en enginn hellir er greinilegur.

Heimildir: Ö-Unaós, 3.

NM-192:020 *Stapavík* uppsátur 65°36.004N 13°58.194V

Fossvík heitir vikin næst norðaustan við Krosshöfðann en næsta vík austan hennar heitir Miðvík en austan hennar er Stapavík. Í Stápvík var uppskipunarstaður fyrir Krosshöfðaverslunina. Þar standa ennþá steinsteyptar leifar uppskipunarmannvirkja, krani, blakkir og togvír. Ryðgað tannhjólavirki er þarna ennþá en spilið sjálft er horfið. Kerruvegur liggur frá Ósi út í Stapavík. "Uppskipun í Stapavík fór þannig fram á meðan áminnst uppskipunarmannvirki voru í lagi að bátar lágu á voginum meðan hlíft var upp úr þeim. Eftir að banaslys varð við slíkt verk árið 1933 lagðist þetta að mestu niður, en þó hef ég (Þ.B.) heyrt að vörur hafi verið bórnar upp úr Stapavík."


Heimildir: Ö-Unaós, 5; Athugasemdir frá heimildarmönnum 27.4.1998

NM-192:021 garðlag naust 65°35.600N 13°59.341V

Yst í vikinni sem Eiðaver 009 stendur við er kantur hlaðinn á um 8 m kafla vestur frá stórum jarðföstum steini. Grjótkantur er svo í metra fjarlægð austan hleðslunnar. Þarna hefur líklega verið naust. Vaxið lyngi og fjalldrapa. Reiðgötur hafa legið um vesturenda hleðslunnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Unaós, 3.



NM-192:022 *Hjalltangi* hjallur

65°34.81'N 14°01.983'E

Hjalltangi er um 200 m suðvestur af bæjarstæði, niðri við sjó. Flatir tangi með klöppum. Engin tóft fannst við skoðun og er ekki heldur alveg víst að nafn tangans sé dregið af hjalli.

NM-192:023 *Klukkunagjá*

Klukkunagjá heitir norðan í Sönghofsfalli og fylgir sú sögn að þar hafi klukkum verið hringt.

Sögnin er sýnilega ófullkomin en Klukkna- örnefni eru annarsstaðar í fjöllum á Austfjörðum og oft í sambandi við Goðaborgir. Sú sögn er um Klukkunagjá niður af Goðaborg á Svartfelli í Borgarfirði eystra, að þangað hafi heiðnir menn flúið með klukkur úr hofinu við kristnitökuna.

Heimildir: Dagb. OV, 1990.

NM-192:024 mógrafir

65°34.823'N 14°01.243'E

Mógrafir eru norðaustur af bæ, skammt ofan við 023. Í lág milli klettaholta. Svæðið er a.m.k. 50 m langt, misbreitt 3-10 m.


Hættumat: engin hætta.

NM-192:025 útihúsatóft

65°34.779'N 14°01.492'E

Lítill tóft er um 30 m suður af stað þar sem fjárhús stóðu (002), um 100 m upp (ANA) af steinsteypu íbúðarhúsi. Um 10 m sunnan við bæjarlæk. Í grasi vaxinni brekku. Húskofinn sem þarna stóð brann og var rústin felld af núverandi ábúendum og er talið að hann hafi ekki verið mjög gamall. Samkvæmt upplýsingum heimildamanna var þar reykkofti.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-192:026 hleðsla


Yst á Nauteyri nokkrum m ofar kerruvegi er grjóthringur um 1,5x1,5 m í þvermál. Tvöföld röð stórra steina en smærra grjót er á milli þeirra. Í miðjunni er hola um 15x15 sm. Hringurinn er vel hlaðinn og virðist nokkuð gamall, því hann er vaxinn lyngi og skófum.

Hættumat: engin hætta.



NM-192:027 þúst útihús

65°34.761N 14°01.889V



Rústahóll er um 200 m vestur af nýjum fjárhúsum, upp af Hjalltanga 022. Neðan við tún, nærri sjó. Ekki er óhugsandi að þetta séu leifar hjallsins sem tanginn er kenndur við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-192:028 Unaós heimild

Í Brandkrossaþætti og Fljótsdælasögu er getið um hafskipakomur í Unaósi. " ... þeir réðust útan báðir bræðr í Unaósi ... " Brandkrossaþáttur. "Skip stóð uppi í Fljótsdalshéraði við hin eystri fjöll, þar sem heitir Unaós." Fljótsdæla saga.

Heimildir: ÍF XI, 187, 222-23.

NM-192:029 Sönghofsfjall

"Sönghofsfjall heitir fellshnjúkur ofar frá Unaósi, yzta bæ við suðurhlíð Fljótsdalshéraðs, og vestanvert við Göngudal, yztu þjóðleið úr fjörðum til héraðsins. Eru gömul mæli, að á fjallinu hafi staðið hof í fornöld, og verið hafður þar samkomustaður; enda er þar fagurt og víðsýnt. Má vera, að það örnefni sé frá þeim fornu tímum, er Uni hinn óborni bjó að Ósi. Hleðslumót og húsrúst þykir sjást þar enn í dag. Eigi vita menn nú, hví hús þetta var kennt við söng. Gæti verið, að þar hefði eitthvert sinn verið framinn seiður, því honum fylgdi söngur og kveðandi í heiðni."

AF og OV komu að Ósi 9.7.1992 og töluðu við Ólöfu Sölvadóttur. Hún sagðist oft hafa farið í göngur upp á Sönghofsfjall en aldrei séð neinar rústir á fjallinu. Þar uppi er mjög bert og veðrasamt. Klukkunagjá er norðan í fjallinu, þar átti klukkum að hafa verið hringt. Þar er mikill gróður og taldi Ólöf að helst gæti verið að leita tófta þar ef þær eru einhversstaðar í fjallinu.

Heimildir: Sigfús Sigfússon Árbók 1932, 85.

NM-193 Heyskálar

Hjáleiga frá Ósi. Fyrst getið í j.b. 1760. Jörðin var austast í Eyjum meðfram Sefljóti. Landamerki jarðarinnar fylgja Selfljóti frá sjó allt upp dálítið neðar en Bjarglandsárós, eftir skurði við mörk Gagnstöðvar og úr Gagnstaðablá í sjó. Lögferja var á Selfljóti frá Heyskálum allt þar til brú kom á Selfljót 1936. Jörðin fór í eyði 1945 og var lögð undir Unaós 1951. Skv. j.b. 1804 var á Heyskálum viðreki á 4 hesta sem tilheyrði Valþjófsstaðarkirkju, Þingmúlakirkju og jörðunum Eiðum og Sandbrekku. Í sandaskráum eru þetta Eyrarreki, 5 hundnið faðmar, Klyfiarsandur, 6 hundruð faðmar og Miðsandur, 5 hundruð faðmar. Valþjófsstaðáakirkja átti helming Klyfiarsands. SJM II, 354; SJM V, 354; JJ, 360.

1919: tún 1,6 ha. garðar 172 m². Gamla túnið var allt þýft. Það var sléttað 1960 og þá sléttað yfir allar bæjar- og kofarústir, en hóll í miðju túni sýnir hvar bærinn stóð.

NM-193:001 bæjarstæði býli

65°34.612N 14°03.602V


"Gamla túnið var allt þýft. Það var sléttað 1960, og var þá sléttað yfir allar bæjar- og kofarústir, en hóll í miðju túni sýnir hvar bærinn stóð" segir í Sveitum og jörðum. Bæjarhóllinn er um 40 m frá núverandi þjóðvegi, um 120 m frá Selfljóti.

Mjög ávalur grasi vaxinn hóll, um 35 m langur og 12 m breiður. Lág í hólinn skiptir honum í tvo hluta, um 20 og 15 m langa. Hóllinn er 1-1,5 m hærri en túnið umhverfis. Önnur hús hafa trúlega verið í túni, en ekki sáust þeirra merki að skrásett yrðu.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 354; SJM V, 354.

27. Fornleifakort. Heyskálar- bæjarstæði



NM-193:002 heimild um ferju

65°34.364N 14.03.759V

"Lögferja var á Selfljóti frá Heyskálum alla búskapartíð Þorkels (1901-1933) og ef til vill löngu áður. Þorsteinn hafði ferjuna í þrjú ár eða þar til brú kom á Selfljót 1936" segir í Sveitum og jörðum. Engin sjáanleg ummerki eru á ferjustaðnum, sem er skammt innan við eldri brúna á fljótinu. Verið var að fjarlægja gömlu brúna sumarið 1997.

Heimildir: SJM II, 354.

NM-193:003 tóft afheystæði

65°34.356N 14°03.891 V

Einstök tóft er um 100 m sunnar en eldra brúarstæðið yfir Selfljót. Af lögun að dæma hefur hún verið heystæði. Garður er umhverfis tóftina svipaður að hæð og lögun, um 0,4 m breiður.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.


NM-193:004 tóft afheystæði

65°34.349N 14°03.890V

Um 20 m sunnan við 003 er önnur stök tóft, sem einnig er sennilegt að hafi verið heystæði. Grasi vaxið sléttlendi.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

28. Fornleifakort. Jórvík og Jórvíkurhjáleiga




NM-194 Jórvík

20 hdr. 1564, 1695, 10 hdr. 1847. Bændaeign. Getið í Fljótsdælasögu. Þar bjó að sögn sögunnar Hallsteinn nokkur sem bauð Þorvaldi, föður Droplaugarsona, og hans liði vist er hann kom út - ÍF XI, 233. Fyrst getið í skjölum í tíundarreikningi Hjaltastaðþinga 1564 - DI XIV, 325. Í sandaskrá frá 1579 stendur: Jorvíkur sandur fíogur hundrud fadma - DI XV, 711-12. 1847 eru Jórvíkurhjáleiga og Klúka taldar hjáleigur með samanlagt 10 hdr af jarðarverðinu. Land Jórvíkurbæja tekur við fyrir utan Hjaltastað, milli Selfljóts og Staðarár. Selfljót afmarkar landið að vestan og norðan, en Staðará að austan. Bæirnir standa á holtum yst í landinu, og ná túnin saman. Aðeins voru um 200 m milli bæjarhúsa, og er hjáleigan austar. Jórvík fór í eyði um 1950 og var þá nytjuð frá Hjáleigunni þar til hún fór í eyði 1976. Báðar jarðir eru nú ríkiseign og nytjaðar frá Svínafelli. Í Hjáleigu stendur enn íbúðarhús, en í Jórvík er ekkert hús uppi standandi. SJM II, 325-326. Jórvík á enn rekasand og átti land út að sjó áður en Klúku var skipt úr landinu. Auk hjáleiganna er eyðibýlið Litla-Jórvík í landi Jórvíkur. Það er ekki þekkt úr ritheimildum og er ekki vitað hvenær þar var búið.

1919: tún 3,6 ha. garðar 275 m². Jórvíkurland er mjög lágt, hæst aðeins um 35 m.y.s. "Tún harðlent og þýft að meiri hluta. Engjar sléttar, grasgefnar, samfelldar, stuttur en ógreiðfær engjavegur, helmingur þeirra þurr, heygóðar." SJM II, 326. Engin tún hafa verið sléttuð eftir 1976.

Heimildamaður: Ingvi Ingvarsson fæddur í Dölum 29.11.1941



29. Fornleifakort. Jórvík- bæjarstæði

NM-194:001 bæjarhóll bústaður

65°33.002N 14.12.062V

Bæjarhóllinn blasir við þegar staðið er við húsin í Jórvíkurhjáleigu og horft til suðvesturs. Hann er um 3 8 x 3 2 m, í sléttuðu túni, en ekki er slegið austan og sunnan við hann. Tóftunum var rutt niður í riðuhreinsunum 1989-90, en ekki til fulls þannig að enn eru djúpar dældir í hólun, og sést víða hleðslugrjót og húsatimbur. Í bæjarhólnum sunnanverðum eru steinsteyptar undirstöður íbúðarhúss sem voru gerðar skömmu áður en Jórvík fór í eyði 1950. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 325-6.

NM-194:002 útihúsatóft

65,32,962N 14°12,055V

Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. 50 m vestur frá bæjarhólnum var útihús. Túnið er sléttað en hólurinn sést enn greinilega og blasir við frá bæjarstæðinu. Í túni. Hóllinn er aflangur, 18 x 12 m. Frá honum hallar túninu til suðurs og norðan við hann er ósleginn blettur, (003). Rof er í hann að norðanverðu og sést þar grjóthleðsla.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:003 heimild um útihús

65°32.955N 14°12.089V

Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. 50 m vestur af bæjarhól og um 15 m norður af 002 var útihús. Þar er sléttað tún, en ekki hefur alveg verið sléttað yfir tóftina og sjást merki um hana. Hússtæðið er ekki slegið en umhverfis það er sléttað og slegið tún nema að suðaustanverðu Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:004 þúst útihús

65°33.002N 14°12.101V

Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. Útihús voru um 15 m norðan við bæjarhólinn. Þar er búið að slétta túnið en dældir sjást enn þar sem þau voru. Í sléttuðu túni.

Heimildir: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:005 fjárhústóft

65°32.912N 14°12.139V

Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. Í vesturenda túnsins voru fjárhús. Tóftinni hefur verið rutt niður, en hún sést samt vel. Ekki hefur verið sléttað yfir hana og hún er ekki slegin en allt í kring er sléttað og slegið tún. Sunnan við túnið eru blámar, en suðaustanvið eru klettaholt og vestanvið móar. Garðurinn í miðju tóftarinnar sést vel, og er um 0,4 m hár. Norðurveggur sést einnig en að öðru leyti er erfitt að greina lag tóftarinnar. Í henni er talsvert af grjóti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:006 þúst útihús 65°32.989V 14°12.149V
Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. 40 m norðvestur af bæjarhól voru útihús. Þar er búið að slétta yfir og er túnið slegið, en óljós dæld sést þar sem húsin voru. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:007 þúst útihús 65°33.009V 14°12.113V
Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. Norður af bæjarhól og austur af Sturluhól, um 6 m sunnan við slegið tún var útihús sem búið er að ryðja niður. Þarna er þýfi og sést eins og toppur eða þúfa uppúr því þar sem útihúsið var. Slegið tún er vestan við staðinn en óslegið á aðrar hliðar. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:008 þúst útihús 65°33.03 IN 14°12.166V
Í örnefnalýsingu segir að 5 fjárhús og 2 hesthús hafi verið á hólum í túninu upp úr aldamótum. Austast í túninu, norðaustan við bæjarhólinn og um 12 m vestan við vírgirðingu voru útihús. Túnið er þar sléttað og slegið, en aflöng dæld, um 12 m löng og 2 m breið, sést þar sem útihúsin voru. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Jórvík, 5-6.

NM-194:009 *Sturluhóll* 65°33.013N 14°12.144V
" ... Sturluhóll ... stóð norðast í túninu, og heyrði ég oft talað um, að þar myndi vera fornmannahaugur. Engvar sannar sagnir veit ég um það. En þessa hól get ég sérstaklega vegna þess, að hann var fallegri en allir aðrir hólar í túninu, alveg kringlóttur, hár, rennisléttur og eins og sigin dokk ofan í hann miðjan." segir í örnefnalýsingu. Utan við túnið en innan girðingar beint norður af bæjarhólnum er hóll sem lýsingin á vel við, hann er 25 x 25 m, hár og lögun hans regluleg. Beint suður af hólnum er slegið tún, á aðrar hliðar er óslegið og ósléttað. Þórahallur Vilmundarson hefur hent á að Sturlu- örnefni muni í langflestum tilvikum vera afbakanir á nafnliðnum Stuðla- og gæti örnefnið því hent til að við þennan hól hafi verið kvíar í fyrndinni.

Heimildir: Ö-Jórvík, 6.

NM-194:010 heimild um túngarð
Í Sveitum og jörðum er nefndur gamall túngarður um tún í Jórvík. Að öllum líkindum er mikið af honum horfið vegna sléttunar. Garðurinn sást ekki í jörðum túnsins, en þar var mikill kafgróður og ekki útilokað að leifar hans sé þar að finna. Helgi Hallgrímsson segist sjá merki um túngarða á loftmynd.

Heimildir: SJM II, 326; HH.

NM-194:011 *Litla-Jórvík* bústaður 65°32.751N 14°13.162V
"Kippkorn utan við Þófaklett meðfram fljótinu er klettavík, Litla-Jórvík, fornt eyðibýli." segir í örnefnalýsingu. Ef gengið er út fyrir tún í Jórvík og eftir skýrum

fjargötum vestur að Selfljóti, niður í vík og út hana að fljótinu og upp með því í næstu vík þá blasir tóftahóllinn við undir lágum stuðlabergsklettum. Í vík, girtri lágum stuðlabergsklettum, en móaholti að suðvestan. VNV af hólnum, nær fljótinu,




er móahóll. Tóftahóllinn er grasi gróinn, stórpýfður. Hóllinn er undir lágum kletti.

Hóllinn er 38x32 m að utanmáli en gæti verið stærri því kargapýfi er í jöðrum hans og gætu þar leynst rústir. Á honum má greina sex hól og er skýr tóft í jaðri hans að norðaustan. Túngarður, mjög hlaupinn í þúfur og á kafi í lyngi og fjalldrapa, lokar næstu geil fyrir sunnan tóftahólinn.


Heimildir: SJM II, 325; Ö-Jórvík, 4.

NM-194:012 stekkjartóft



64°32.916N 14°12.998V

"Utan við Djúpabotn er þröng klettagjá fast við fljótið, mynduð úr stuðlabergi. Þar er stekkur." segir í örnefnalýsingu. Ef gengið er vestur frá bænum eftir skýrum fjargötum í átt að lágum klettabeltum og niður í nokkuð breiða vík, Djúpabotn, að fljótinu og niður með því framhjá klettahryggnum, þá er þar þröng klettavík og stekkurinn ofarlega í henni. Í þröngri og grösugri klettavík við Selfljót.



Nær fljótinu er veggur hlaðinn eingöngu úr grjóti og lokar gjánni alveg, ofar er hleðsla í vinkil sem er einnig úr grjóti en gróin efst; efsta og syðsta hleðslan er úr torfi og er ekki sjáanlegt grjót í henni. Einungis þverveggir eru hlaðnir, til hliðanna eru klettaveggir. Stekkurinn er um 7x6 m að innanmáli, hleðslur standa mest um 1,3 m háar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Jórvík, 4.

NM-194:013 beitarhúsatóft

65°32' .. 049N 14°14.168V

"Ofan við Merkvíkurklett á landamerkjum Hjaltastaðar og Jórvíkur eru tóttarbrot af tveimur fjárhúsum, fyrir ca. 100 kindur." segir í örnefnalýsingu. Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi stendur að húsin hafi verið þarna um miðja 19.öld og annar veggurinn verið sagður í Hjaltastaðalandi. Gengið meðfram ásunum N frá Hjaltalundi, framhjá Töðuvallagerði og niður með vírgirðingu í átt að Selfljóti. Klettahöfðar eru innan við girðinguna, sást þrír frá fljóti gengur næst girðingunni. Fljótsmegin við hann eru fjárgötur upp með klettinum sem liggja að tóftinni. Í vik undir kletti og á klettabrún. V við tóftirnar er mói að næsta kletti, til S V eru móar milli lágra klettaholta. N við klettinn eru blár með smátjörnum niður að fljótinu, móaholt og lágir ásar A við hann. Tóftin skiptist í tvö samliggjandi hólfi með görðum í miðju, og eitt lítið hólf A við syðra hólfið.

Hættumat: engin hætta. Heimildir:

SJM II, 4; Ö-Jórvík, 4.

NM-194:014 Jórvíkurhelli

65°32.690V 14°11.404V

Ef gengið er frá Hjáleigu yfir torfbrú suðvestan við húsin og síðan meðfram hömrnunum þar til bláin opnast til suðurs, þá er Jórvíkurellir þar nokkuð hátt í klettunum, fyrir neðan hann er grösug brekka. Hellismunninn sést vel neðan frá.

Undir hellisopinu er brött og grösug brekka sem hallar til suðausturs niður að fjárhúsunum O 15. Síðan tekur við allbreitt engjasund suðaustur að næstu klettaásum. Hellisopið er um 2 x 2 m, en grjótruðningur eða hrun lokar því að hluta. Helgi Hallgrímsson telur að hellirinn hafi verið notaður til fjárgeymslu, en í örnefnalýsingu er þess ekki getið en sagt frá því þegar ungir Jórvíkingar könnuðu hellinn 1915-16. Þeir fundu þá þykka taðskán í gólfinu og kindabein.

Heimildir: Ö-Jórvík, 9-10; HH.


NM-194:015 fjárhústóft

65°32.720N 14°11.573V

Á lágum hól fyrir neðan Jórvíkurhelli 014 er tóft, og sést hún greinilega þegar beygt er suður með klettunum. Tóftin er við rætur grösugarar brekku fyrir neðan hellinn, móar eru næst umhverfis hana en örstutt út á breitt engjasund til suðurs og suðausturs.

Tóftin er 9 x 3,5 m að innanmáli, mjög gróin. Hleðslur standa grónar, 0,8 m háar. Grjóthleðsla sem liggur niður brekkuna sunnan við Jórvíkurhelli fer í gegnum tóftina. Þarna hefur verið hlaðið undir girðingu og heldur torfgarður áfram þvert yfir blána.

Hættumat: engin hætta.

**NM-194:016** Jónshellir

"Utan í Nöfunum eru 2 hellar. Annar er alltaf fullur af vatni, Vatnshellir. Hinn heitir Jónshellir, er þurr.

Fyrir framan hann er hlaðinn garður, hefur sjálfsagt verið hafður til fjárgeymslu." segir í örnefnalýsingu. Þessi staður var ekki skoðaður 1996

Heimildir: Ö-Jórvík, 6.

NM-194:017 garðlag landamerki 65°32.185N 14°14.741V
"Á fljótsbakkanum er gamalt garðlag, sem nær dálítið upp í blána og talinn vera landamerkjagarður." segir í örnefnalýsingu. Ef gengið er niður frá brúnni yfir Selfljót á árbakkanum 2,5 - 3 km þá verður sandrif í fljótinu þar sem garðbrotið er og er áberandi heystæði á vesturbakkanum.

Á mjórri rönd meðfram fljótinu eru grasþúfur og síðan lyngmói, víðir og fjalldrapi, en annars engjar allt í kring. Sé staðið á garðinum horfir maður beint á Merkivíkurklett með dymar í Dyrfjöllum örlítið innar. Garðbrotið gengur aðeins fram í blána og endar þar. Næst fljótinu er garðurinn mjög hlaupinn í þúfur á 9 m kafla. Slóði fer þar í gegnum hann og eru rofblettir þar eftir hjólför. Á 14 m kafla eftir það sést garðurinn betur þótt hann sé mjög sokkinn, aðeins um 0, 1 m hár.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Jórvík, 2; SJM II, 326.

NM-194:018 Þófaklettsvað heimild um vað
"Hjá Þófakletti er vað á Selfljótinu, Þófaklettsvað." segir í örnefnalýsingu. Vöð í Jórvíkurlandi voru ekki skoðuð 1996.

Heimildir: Ö-Jórvík, 4.

NM-194:019 Stekkjarvað heimild um vað
"Í beina línu út af Jónshelli er vað á Selfljótinu, sem heitir Stekkjarvað." segir í örnefnalýsingu. Vöð í Jórvíkurlandi voru ekki skoðuð 1996.

Heimildir: Ö-Jórvík, 7.

NM-194:020 Stekkjarvað heimild um vað
"Á miðjum Pollbökkum er vað á fljótinu, Stekkjarvað, heitið dregið af stekk á norðurbakka fljótsins, frá eyðibýlinu Engilæk." segir í örnefnalýsingu. Vöð Jórvíkurlandi voru ekki skoðuð 1996.

NM-194:021 vegur leið 65°32.933N 14°12.217V
Fyrir vestan og utan túnið er 30- 40 m breitt engjasund og upphækkaður torfvegur milli túnsins og móanna vestan við sundið. Hann er 25 m langur og 3 m breidd, og um 0,3 m hár. Norðan við veginn gengur mjór skurður vestur með girðingu sem liggur norður-suður yfir sundið og rennur vatn eftir honum meðfram veginum að norðan og í gegnum hann nær vesturenda. Þar er steinlögn yfir lækinn, og einnig þar sem skurðurinn kemur að veginum austanmegin. Engjasund. Tún er austan við það og mói að vestan. Girðing gengur N-S eftir engjasundinu.

Hættumat: engin hætta.

NM-194:022 garðlag 65°32.858N 14°11.818V
Ef gengið frá Hjáleigu yfir torfbrú að klettunum sem eru því sem næst beint suður frá húsunum. Þar eru klettahöfðar og minni klettur milli þeirra. Milli stuðlabergskletta, ofarlega, er grjóthlaðinn garður og sést hann frá Hjáleigu. Fyrir neðan klettana eru móar til norðurs og austurs, síðan taka blámar við.

Garðurinn nær milli tveggja kletta og er alls 25 m langur, í tvennu lagi beggja megin lágs kletts og er annar hlutinn 16 m langur, þá 3 m klettur og loks 9 m hleðsla. Ekki er sjáanlegur garður á móti hleðslunni, hvorki fyrir ofan garðinn né neðan.

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-194:023 vegur

leið

65°32.952N 14°11.853V

Ef gengið er beint suður frá íbúðarhúsinu í Hjáleigu, gegnum hlið hjá lágum klettahóli tekur þar við upphlaðinn vegur á leiðinni yfir að klettahöfða. Vegurinn liggur yfir mjótt engjasund, frá klettahól bæjarmegin og yfir á móaholt klettamegin. Bæjarstæði Jórvíkur er beint norðvestur frá veginum, suðaustan við hann eru engjar og Jórvíkurtjörn. Vegurinn er 65 m langur en við miðju hans hefur verið brú og eru nú aðeins eftir hliðarbjálkar hennar, 2 m langir. Vegurinn er hár, um 0,8 m og 3,5 m breidd. Hann sést frá Hjáleigu

Hættumat: engin hætta.

NM-194:024 tóft

65°32.704N 14°13.212V

Í næstu geil fyrir sunnan Litlu-Jórvík 011 er lítil tóft ofarlega í grasi gróinni brekku. Tóftin er utan í litlum kletti, um 15 m fyrir ofan garð sem girðir af geilina. Grasi gróin brekka milli lágra kletta. Tóftin er aflöng, 4x1 m að innanmáli og hleðslurnar mjög signar. 15 m neðan við hana er garðbrot, hlaupið í þúfur og mjög gróið lyngi og fjalldrapa.

Hættumat: engin hætta.

NM-194:025 garðlag

65°32.716N 14°13.232V

25 m langt garðbrot sést fyrir neðan næstu geil fyrir sunnan Litlu-Jórvík 011, 30-40 m frá tóftunum. Garðurinn fer með klettum við geilina norðanverða og lokar henni að vestan, gengur að klettum sunnan við hana. Grösug smábrekka fyrir ofan garðinn, en votlendismói fyrir neðan hann og alveg að Selfljóti. Garðurinn er aðeins um 0,4 m hár, hlaupinn í þúfur og vaxinn lyngi og fjalldrapa. Hann hverfur í stórþýfi en hefur sennilega náð lengra í átt að Litlu-Jórvík.


Hættumat: engin hætta.

NM-194:026 tóft

65°32.776N 14°13.223V

Áður en komið er að tóftahólnum í Litlu-Jórvík (011) frá Jórvík er gengið meðfram klettum, og er lítil tóft þar neðarlega í brekku austur undir kletti í klettaviki sem er nær fljótinu en Litla-Jórvík. Í "dals" -mynni, utan í lágum kletti að norðan. Fyrir ofan tóftina er grasbrekka og síðan mói og klettur, milli tóftarinnar og fljótsins eru einnig móar. Tóftin skiptist í tvö hólf Hún er 4 x 2 m að innanmáli og hleðslur mjög signar.

Hættumat: engin hætta.



NM-194:027 þúst

65°33.082N 14°12.092V

Fyrir austan tún en innan girðingu, beint norður afbæjarhúsum í Hjáleigu, er hringlaga þúst, 9 m í þvermál og 0,6 m hærri en landið umhverfis. Rof er í hana á stórum bletti. Slóði austur eftir túninu gengur 4 m sunnan við þennan stað. Í þýfi. Ekki er fullvíst að þetta séu mannvistarleifar. Þústin er hringlaga og um 0,6 m há.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-194:028 hlöðutóft

65°33.009N 14°12.037V

10 m vestan við bæjarhól er aflöng tóft í ósléttuðu túni, 8 x 4 m að utamáli. Sunnan við hana er sléttað tún og slegið, síðan tekur við þýfi og engjar. Í túni. Sagt er að þessi tóft hafi verið hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


NM-195 Jórvíkurhjáleiga

Hjáleiga frá Jórvík. Fyrst getið í Ferðabók Ólafs Olavíusar og hafði þá verið í eyði frá 1776. Talin 4h af dýrleika Jórvíkur 1847. Jórvíkurhjáleigu var formlega skipt úr landi Jórvíkur 1937, en áður hafði aðeins túni verið skipt og hefð á engjamörkum. Jórvík fór í eyði 1950 og var þá nytjuð frá Hjáleigu en hún fór sjálf í eyði 1976 og eru báðar jarðirnar nú nytjaðar frá Svínafelli. Nú ríkiseign.

1919: tún 1,5 ha. garðar 350 m². Land Jórvíkurhjáleigu er gott búskaparland.

"Um 1949: Fyrstajarðytuvinnslan." SJM II, 325.

Heimildarmaður: Ingvi Ingvarsson fæddur í Dölum 29.11.1941.



NM-195:001

bæjarhóll
bústaður
65°33.034N
14°11.851 V
Bæjarhóllinn
er 25 m
norður af
íbúðarhúsi
sem var byggt
1951. Í túni.
Tóftunum var
rutt niður í
riðuhreinsunu
m 1989-90, en
ekki var þó
sléttað alveg
yfir hólinn.

30. Fornleifakort. Jórvíkurhjáleiga - bæjarstæði

Hann er 28x25 m, umhverfis hann er sléttað og slegið tún, en ekki er slegið á sjálfum hólnum. Hann er mjög ósléttur og sést hleðslugrjót á víð og dreif í hólnum. Í bæjarþorpinu var hlaða, fjárhús o.fl. sambyggt.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar.

Heimildir: SJM II, 324; Túnakort 1919.

NM-195:002 útihúsatóft

65°33.060N 14°11.859V

5 m norður af bæjarhólnum var útihús. Tóftum var rutt niður og sléttað yfir þær í riðuhreinsunum 1989-90, en ójöfnur sjást í túninu á 8 x 5 kafla þar sem útihúsið var. Norðan við staðinn er þýfi en sléttað og slegið tún sunnan við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-195:003 útihúsatóft

65°33.070N 14°11.947V

Norðan og utan í túninu fyrir norðan/norðaustan bæinn var útihús. Þarna er þýfi, en hóllinn er grænni en gróðurinn umhverfis. Tóftinni var rutt niður í riðuhreinsunum 1989-90, en leifar hennar sjást enn óljóst. Lögun er óregluleg, 12 x 11 m, tóftin er eins og ílangur hóll með gördum eða veggjum til hliðanna, og nánast U-laga.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-195:004 hesthústóft

65°33.087N 14°11.862V

Beint norður af bæjarhúsum, um 80 m frá hlöðunni, var útihús á vestasta hólnum í túninu næst bænum. Í sléttuðu túni en tóftahóllinn er illa sléttaður og ekki sleginn. Hóllinn er 18x12 m og um 1 m há. Í suðaustur horni hans sjást grjóthleðslur á um 3 m kafla og sperrur vestast.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

NM-195:005 þúst

útihús

65°33.049N 14°11.822V

Austan í austurvegg hlöðunnar sem stendur við íbúðarhúsið er ávalur hóll og sjást veggheðslur í rofi sem í honum er. Undir hlöðuvegg. Sléttað og slegið tún umhverfis. Eins og ávöl bunga utan í hlöðuveggnum, um 6x5 m að stærð. Yfir hleðslunni í rofinu og í grasrótinni eru bein, leður, gler og ýmis konar drasl.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-195:006 stekkjartóft


65°33.559N 14°11.264V

"Milli Norður- og Austurnafa gengur langur klettahali, sem nær að Selfljóti, Stekkhali. Þar var stekkur frá Hjáleigu, segir í örnefnaskrá. Ef gengið er út túnið undir Háahrauni, gegnum hlið og þaðan eftir vegartroðningi sem liggur að Selfljóti, þá er stekkurinn undir berggangi fast við troðninginn, um 150 m frá fljótinu. Þýfður mói og síðan engjar til vesturs. Sunnanvið gengur lágur klettarani fram á engjarnar.

Stekkurinn er hlaðinn úr grjóti og berggangurinn nýttur sem vesturveggur. Smærra hólfi, torfhlaðið, er ógreinilegt. Hleðslan er hæst í norðurenda þar sem hólfinn mætast, þar er hún gróin og 0,8 m há, annars staðar eru aðeins grjóthleðslur, um 0,3 m háar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Jórvík, 6.

**NM-195:007** garðlag 65°33.599N 14°11.240V

Ef gengið er áfram með bergganginum sem stekkurinn 006 er

við í átt að Selfljóti er gróin geil inn í hann og útflattur garður fyrir hana á 4 m kafla.

Geilin er um 14 m löng og 5 m breið og þannig frá náttúrunnar hendi að þarna hefur verið heppilegt aðhald fyrir fé. Þýfður mói og síðan engjar til vesturs. Sunnanvið gengur lágur klettarni fram á engjarnar. Að vestan er berggangur og að austan eins og sigið land. Hleðslan er fyrir op í bergganginn vestanmegin. Óljós merki eru um að hlaðið hafi verið fyrir að sunnanverðu, en það gæti eins verið þúfur í röð.

Hættumat: engin hætta.

NM-195:008 þúst

65°33.581N 14°11.213V

Örskammt sunnan við 007 eru mjög sokknar hleðslur austan undir klettaranum. Þær eru aðeins um 0, 1 m háar og sjást þrjár hliðar, að innanmáli 9 x 4 m. Hleðslan sést aðeins sem regluleg röð lágra þúfna, sem mynda gleitt U.

Hættumat: engin hætta.

NM-195:009 hola

65°33.575V 14°11.258V

15 norðar en stekkurinn 006 er 0,5 cm djúp gryfja, 3,5 x 2,5 m að stærð. Móagróður er umhverfis gryfjuna og vex lyng ofan í henni.

Hættumat: engin hætta.

NM-195:010 túngarður

65°33.086N 14°11.765V

Túngarður stendur enn undir lágum klettahóli austan við íbúðarhús og hlöðu. Þar sést hann greinilega á 40 m kafla. Í túni, undir lágum klettahóli.

Garðurinn er 0,8 m hár og um 0,8 m breiður. Á þessum stað, undir hólnum, er garðurinn greinilegur, en bútar af honum sjást víðar þótt erfitt sé að greina hann sumsstaðar vegna gróðurs. Sé gengið lengra austur með hólnum virðist vera brot af honum á um 14 m kafla meðfram hólnum. Óljós veggur um 3 m í norður frá garðinum gæti verið leifar kálgarðs sem er sýndur á túnakorti. Austast í túninu næst bænum, milli þess og næsta túns, má fylgja garðinum mjög sokknum og þýfðum á um 130 m kafla og stefnir hann þar SA-NV að girðingu vestan við túnið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-195:011 frásögn um útihús

65°33.013N 14°11.850V

Útihús var 9 m norðaustur af bæjarhól. Tóftum þess var rutt niður 1990, en lágur aflangur hóll, 10x5, sést þar sem þær voru. Í þýfi, um 15 m sunnan við vestasta tún við bæinn. Hóllin er ákaflega ílangur og undarlegur, en getur verið að tóftinni hafi verið rutt svona til í riðusléttunni.

Hættumat: hætta vegna túnræktar.

NM-195:012 frásögn um útihús

65°33.048N 14°11.946V

Útihús var 10 m norðvestur af bæjarhól en tóftum þess var rutt niður 1990. Staðurinn er rétt utan við túnið, í þýfi, og sést þar sem grænni og grösugri blettur, um 5 m í þvermál.

Hættumat: hætta vegna túnræktar.


NM-195:013 frásögn um útihús

65°33.059N 14°11.873V

Í túninu um 25 m ANA við hlöðuna og um 7 m NA af bæjarhól, var útihús. Tóftunum var rutt niður 1990. Þarna er slegið og sléttað allt í kring, en ekki á hússtæðinu sjálfu sem er 11x7 m.


Hættumat: hættu vegna túnræktar.

31. Fornleifakort. Klúka



NM-196 Klúka

Hjáleiga frá Jórvík. Talin 6 hdr af dýrleika Jórvíkur 1847. Var orðin sjálfstæð jörð 1917. Jörðin á land innan frá Engilæk og út að sjó og allt fljótsnesið austur og suðaustur af bænum. Afbýli var Hrafnkelsstaðir á samnefndum hóli 1,5 km austur af bæ. Þar eru grónar rústir og garðalög. Á norðausturhorni nesses er Amarbæli en þar eru tóftir og fylgja þau munnmæli staðnum að þar hafi verið forn verslunarstaður. Kemur fyrst fram í ferðabók Olavíusar. Jörðin Engilækur, sem var upphaflega afbýli frá Hrollaugsstöðum, var sameinað Klúkujörðinni þegar hún fór úr ábúð um aldamótin. Klúkubær stendur 150 m frá Selfljóti. Bærinn fór í eyði 1982. SJM II, 343-4; JJ, 360; SJM V, 410. 1919: tún 2,9 ha. garðar 1550 m². Jörðin var ágætlega fallin til búskapar. Engjar góðar, þó nokkur flóðahætta. Hlunnindi voru af æðarvarp og silungsveiði. Gamla túnið var ræktargott en þýft að meirihluta. Tún voru 1, 9 ha 1918. Fyrsta nýrækt var unnin með hestaverkfærum. Þaksléttun lokið um 1930 og síðasta túnþýfið unnið með dráttarvél. Sandfok og uppblástur var vandamál á jörðinni. 1949. SJM II, 344



32. Fornleifakort. Klúka - bæjarstæði

NM-196:001 bæjarhóll bústaður

65°33.773N 14°11.083V

Á bæjarhólnum stendur hús á steiptum grunni, klætt plötum, líklega timburhús, járn á þaki. Vestan við það hafa staðið fleiri byggingar og þar er einnig trjálundur. Grasi gróinn bæjarhóll. Sjálfur hóllinn er 25-30 m á hvorn veg. Í Sveitum og jörðum er

getið um frammihús 1 0x4 m byggt um 1901. Það hafi járnklætt timburþil sem snéri fram á hlað. Baðstofa var í framhaldi af frammihúsinu (Marbælisstúll) og snéri hlið að hlaði.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 343-4; JJ, 360; SJM V, 410.

NM-196:002 Hesthústún þúst hesthús

65°33.671N 14°11.044V

"Þar hét Ástún spölkorn utan við bæ og Hesthústún neðarlega í túni í átt að Selfljóti" segir í örnefnalýsingu. Um 200 m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi, niðri við fljótsbakkann, er þúst sem bendir á staðinn þar sem hesthúsið var. Í túni. Stærð ekki glögg, um 3x5 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Klúka, 6.

NM-196:003 hesthústóft

65°33.670N 14°11.224V

"Neðst í túni hét Byrgishóll; þar var hesthús" segir í örnefnalýsingu. Byrgishóll er um 150 m SSA af íbúðarhúsinu á Klúku og þar er lítil tóft á fljótsbakkanum rétt austan við skurðsenda. Í túni. Tóftin snýr austur-vestur

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.


Heimildir: Ö-Klúka, 6.

NM-196:004 Mönguhringir

gerði

65°33.787N 14°11.214V

"Bak við bæinn voru garðalög (hringmynduð), kölluð Mönguhringur segir í örnefnalýsingu." Um 30-40 m vestan við bæjarhól, vestan skurðar sem þar liggur norður og suður sést skýrt garðlag. Það er ógleggra austan skurðar en hefur



þó greinilega haft framhald þar og verið fremur ílangt en kringlótt. Suðausturfjórðung hringhleðslunnar vantar, eða öllu heldur þar er búið að slétta tún svo garður sést ekki lengur. Sléttlendi grasi vaxið. Breidd á garðinum sjálfum 0,4-0,6 m. Hætta er helst ef tún yrði sléttað.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Klúka, 6.

NM-196:005 tóftir+ garðlög

óþekkt

65°33.629N 14°11.016V

Norðaustan við þar sem Engilækur rennur í Sefljót eru garðlög og tóftir. Á nesinu þar




sem Engilækur beygir áður en hann rennur í Sefljót er tóft um 5 x 5 m umlukin 10 x 12 m garði, og á N-hlið hans. Um 10 m norðan þessarar tóftar eru garðlög utan um 3 allstór hólf, um 15 x 10 m hvert. Garðlög þessi eru mjög jarðsokkin og ógreinileg. Garður liggur til norðurs frá norðausturhorni ysta hólfins og til vesturs í átt að garði sem umlykur um 45 x 30 m svæði á norðurbakka Engilækjar. Garðurinn er mjög greinilegur á 3 vegu. Tvær smátóftir eru í suðausturhlið hans og tóft, um 4 x 5 m er innan við á norðausturhlið. Garðurinn er ógreinilegri á þeirri hlið sem snýr að Engilæknum. Innan garðsins er mjög stórpýft og lyngi vaxið og gætu þar verið tóftir sem ekki sjást lengur. Tóft, um 9 x 3 m, er

einnig innan garðsins. Hún er grasi vaxin og virðist yngri en aðrar tóftir á svæðinu, e.t.v. heytóft

Hættumat: engin hætta.

NM-196:006 Arnarbæli þingstaður

65°33.373N 14°09.091 V



"Þá verður byrjað að telja örnefni suður frá Klúku og byrjað við Sefljót, utan við Engilæk. Þar heitir Arnarbæli meðfram Sefljóti, allstórt svæði, móar og mýrar. Í Arnarbæli eru fornar rústir, tættur og garðalög; tilgáta er að þarna hafi verið verzlunarstaður til forna" segir í örnefnalýsingu. Tóftirnar og

garðlöginn liggja á nesi við Selfljót. Í mýrlendi, tóftirnar vaxnar lyngi og víði.

Tóftirnar liggja á breiðu nesi V Selfljóts. Garður hefur lokað mennina algerlega af og liggur hann á um 230 m kafla. 2 eða 3 smáhólf eru áföst við garðinn að utan. Aðal tóftirnar liggja svo um 100 m austan garðsins. Á upphækkuðum 20 x 50 m hólum eru 9-10 smáhólf greinileg. Garðar liggja frá hólunum bæði til norður og suðurs. Syðsti garðurinn liggur að Selfljóti og eru 3 nokkuð stór hólf áföst honum. Tóttir liggja svo á aflöngum hrygg suður að Selfljótinu. Allar tóftirnar bæði á hólum og sunnan hans eru upphækkaðar sem virðist benda til undirbyggingar Önnur garðbrot og tóttir eru einnig greinanlegar en eru mun ógreinilegri. Tóftirnar eru mjög þýfðar enda í mýrlendi.

Hættumat: mikil hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: Ö-Klúka, 3; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-196:007 *Sturlaskurður* renna 65°33.560N 14°09.171 V

"Í Amarbæli liggur skurður í Selfljót, sem heitir Sturlaskurður" segir í örnefnalýsingu. Skurðurinn liggur í Selfljótið yrst á nesinu sem Amarbæli stendur á. Hann snýr austur-vestur og er um 2 m breiður og 2 m þar sem hann er dýpstur. Á loftmynd virðist hann um 200 m langur.

Heimildir: Ö-Klúka, 4.

NM-196:008 *Fremrihús*

beitarhúsatóft


65°34.291N 14°10.575V

"Á Ytriás voru tvenn beitarhús, kölluð Fremri-Beitarhús eða Fremrihús, nú aflögð, og Ytri-Beitarhús eða Ytrihús; þau standa enn" segir í örnefnalýsingu. Fremrihús er tæpan kílómetra norður af íbúðarhúsi á Klúku. Á grasi vöxnum ás.

Tvö samhliða hús með garða, dyr til suðurs. Hólf aftan við bæði (hlöður eða heygarðar), misstór, og hólf vestan við áfast. Umhverfis húsin er garður úr torfi sporöskjulaga, ca 90 m langur frá norðri til suðurs, en 60 m frá austri til vesturs.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Klúka, 4.




NM-196:009 *Ytrihús* heimild um beitarhús 65°34.480N 14°10.346V

"Á Ytriás voru tvenn beitarhús, kölluð Fremri-Beitarhús eða Fremrihús, nú aflögð, og Ytri-Beitarhús eða Ytrihús; þau standa enn" segir í örnefnalýsingu. Ytrihús hafa staðið um 250 m norðar en Fremri-Beitarhúsin 008. Á grasi vöxnum ás. Húsin hafa verið rifin en bletturinn þar sem þau stóði er 18 x 12 m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Klúka, 4.



NM-196:010 *Hrafnkelsstaðir* býli

65°34.210N 14°09.985V

"Austur (suðaustur) af Ytriás er lágur hóll, kallaður Hrafnkelsstaðahóll. Þar eru rústir af fornþýli, sem hét Hrafnkelsstaðir. Engar frekari heimildir eru til um þann bæ" segir í örnefnalýsingu. Þessar tættur eru í norðaustur af bænum, ca 1, 5 - 2 km, austan heimreiðar (ca 200-300 m austan við hana) Mýrlendi og móar allt um kring.

Mjög útflattur og lyngi gróinn túngarður liggur umhverfis tóftirnar nema á um 70 m kafla suðaustan við. Þær standa utan í og á upphækkuðum hól. Tóftin efst á hólnum virðist yngst, hún er tvískipt og vaxin sinu og víði. Tvær aðrar ógreinilegri tóftir eru suðvestur í og innan við hólinn. Þær eru mjög lyngi vaxnar og hlaupnar í þúfur. Innri tóftin er ógreinilegur hóll en greinilegt ferkantað hól er í suðurenda hans. Þessi tóft er nær

túngarðinum og er líklega útihús. Túngarðurinn er stórþýfður um 4 m að breidd sumsstaðar. Um 25 m suður af suðurenda túngarðs er mjög jarðsokkin hringlaga rétt 22x28 m að stærð. Margir stórir hólar eru innan túngarðs og gætu þar leynst tóftir þó ekki sjáist neitt veggjalag á þeim.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Klúka, 4; Halldór Stefánsson: "Fornþýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-196:011 heimild um stekk

"Hryggur þessi heitir Rimi. Meðfram honum er votlend mýri, sem heitir Stekkablá. Við Selfljótið eru rústir af stekk, sem bláin dregur nafn af" segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn fannst ekki við leit 1997.

Heimildir: Ö-Klúka, 3.

NM-196:012 heimild um gripi

"Við Halamela fundust margir gamlir peningar, blésu upp úr sandi. Þar var talið að hefði orðið maður úti. Maður fór með peningana til útlanda. Þeir voru einir 30, sumir stórir" segir í örnefnalýsingu. Staðsetning fundarins var of óljós til að hægt væri að


taka GPS mælingu.

Heimildir: Ö-Klúka, 3.

NM-196:013 *Kvíhólar efri og neðri örnefni*

Í örnefualýsingu segir að í Stekkabla séu tveir hólar, Kvíhólar efri og neðri, einnig nefndir Kríuhólar. Ekki fundust neinar tóftir við Kvíhóla 1997.


Heimildir: Ö-Klúka, 2.



NM-196:014 heimil um túngarð

"Leifar af torfgörðum um tún og nátthaga" segir í Sveitum og jörðum. Túngarðar sáust ekki við skráningu 1997.

Heimildir: SJM II, 344.



NM-196:015 tóft af heystæði

65°33.419N 14°10.399V

Á hólí við tjörn um 200 m suðaustur af Klúkubænum er stök tóft. Ferköntuð tóft, opin til suðurs. Sennilega heystæði því veggir hafa verið lágir og aðeins um 0,3 m þykkir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Klúka, 2.

NM-196:016 tóft af heystæði

65°33.460N 14°10.342V

Önnur heytóft er um 20 m norðaustan við 015, á litlum hólí við sömu tjörn. Tóftin er tvískipt og eru hólfin 2x3 m og 2x2 m að innan. Veggir eru mjög ógreinilegir.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Klúka, 2.

NM-196:017 hleðsla rétt

65°34.447N 14°10.419V


Við Ytriás, ca 200 m norðar en beitarhúsin, Fremrihús (008) Vestan undir ásnum, klettur notaður sem austurveggur.

Hættumat: engin hætta.

NM-196:018 útihúsatóft


65°33.766N 14°11.298V

Um 80 m norðvestur af íbúðarhúsi er tóft á holti eða upphækkun sem liggur austurvestur Mýrlent slétt land. Á um 15x6 m



tungu vestur af tóftinni eru stórar þúfur og gæti leynst eitthvað þar sem ekki er glögg
lengur.

Hættumat: engin hætta.




NM-196:019 útihúsatóft

65°33.747N 14°11.284V

5 m austan við 0 18 er önnur tóft á sama holti eða upphækkun. Umhverfis er mýrlent slétt land.

Hættumat: engin hætta.



NM-196:020 þúst útihús

65°33.814N 14°11.237V

Um 50 m norðvestur af bæ er holt þesslegt að þar hafi staðið hús en ekki verður sagt um stærð og lögun. Svæðið er 30 m frá austri til vestur, um 25 m þar sem breiðast.

Hættumat: engin hætta.


NM-196:021 þúst útihús

65°33.793N 14°11.188V

60-70 m norðvestur af íbúðarhúsi og rétt vestan við skurð sem er vestan bæjarstæðis er reglulegur hóll sem er líkur því að þar hafi verið hús.

Hóllinn er um 1 0x4 m og snýr NA-SV, eins og skurðurinn.

Hættumat: engin hætta.



NM-196:022 þúst óþekkt

65°33.745N 14°10.753V


Um 150 m ASA við íbúðarhús er tótt, nálægt því að vera kringlótt, 8 m í þvermál. Í henni miðri er grunn dæld, 2 x 2 m. Hnúskótt graslendi í túni. Ef til vill súrheysgryfja (tilgáta skrásetjara), og þarf ekki að vera gömul.

Hættumat: engin hætta.

NM-196:023 vegur samgöngubót 65°33.688N 14°11.255V
Upphlaðinn vegur liggur frá bæjarhóli að fljótsbakka, 100-150 m langur og stefnir NNA-SSV. Yfir mýrlent land (tún) niður að fljótsbakka.
Hættumat: engin hætta.

NM-196:024 þúst útihús 65°33.928N 14°10.693V
Á ási 400-500 m norðaustur af bæjarstæði Klúku er þúst eftir útihús. Á grasi vöxnum ási. Ílangt svæði, ca 20 x 5 m sem líkist því að þar hafi staðið hús. Rétt hjá þessum stað (5 m na afhonum) er grunnur af steyptu húsi 12 x 14 m, og lá timbur úr því í hrúgu hjá þegar skrásett var sumarið 1997. Á þessum stað er timbur úr föllnu útihúsi, ekki mjög gömlu. Óvíst er hvort eldri hús hafa verið þar áður.
Hættumat: engin hætta.

NM-196:025 heimild um nátthagi
"Leifar af torfgörðum um tún og nátthaga" segir í Sveitum og jörðum. Nátthagi með torfgörðum um sást ekki 1997.
Heimildir: SJM II, 344.




33. Fornleifakort. Gagnstöð

NM-197 Gagnstöð

12 hdr. 1564, 1695, 1847. Bændaeign. Fyrst getið 1564 í tíundarreikningi Hjaltastaðarþinga - DI XIV, 325. 1579 er Gagnstadasandur tuo hundrud fadma - DI XV, 711-12. 16.10.1671 selur Brynjólfur biskup Péttri Einarssyni Gagnstöð 8 hdr og þar að auki Gagnstaðarsand 2 hdr - Jarðabréf, 268 Jörðin á landamörk við Heyskála og Klúku. Afbýli var Gagnstaðahjáleiga í túninu út og austur af gamla bænum sem stóð smáspöl vestar en núverandi íbúðarhús. Jörðin er í eyði, en túnin nýtt af öðrum. SJM II, 345-346; ÓÓ, 142; Múlaþing 5, 182; SJM V, 410. 1919: tún 4,1 ha. garðar 491 m². Landið er lágt, sendið og vott. Jörðin var ágæt til búskapar. Ágæt engjajörð í þurrkatíð og landið átti hlunnindi af reka. Gamla túnið var að mestu lárétt, sendið og smápýft. Í Fasteignamati 1918 var tún 4,2 ha. SJM II, 346.

Heimildamaður: Halldór Sigurðsson fæddur að Gagnstöð 08.12.1944.



34. Fornleifakort. Gagnstöð - bæjarstæði

NM-197:001 bæjarhóll bústaður

65°34.536N 14°07.319V

Gamli bærinn stóð spölkorn vestar en síðasta íbúðarhúsið. Árið 1997 stóðu engin hús lengur, en ummerki sjást um nýleg steypuhús á ílöngum hól í túninu. Gamla bæjarstæðið hefur verið vestan við þann hól, en búið er að slétta yfir það. Hnúskótt grasi vaxið flatlendi, ekki mótar fyrir tóftum. "Torfbær með þremur húsaröðum, stafnar í suður og norður. Baðstofa, portbyggð og alþiljuð, 15x5 álnir, byggð um

1872. Hlaða í bæjarþorpi jafngömul" segir í Sveitum og jörðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 345-347; ÓÓ, 142; Múlaþing 5, 182; SJM V, 410.

NM-197:002 heimild um hlöðu

65°34.536N 14°07.319V

Í Sveitum og jörðum segir að skv. Fasteignamati 1918 hafi verið 7 hlöður á Gagnstöð. Ekki er vitað um staðsetningu neinnar þeirra, sumar gæti hafa verið á bæjarhóli 001 eða áfastar útihúsunum 003, 013 eða 014.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 347.

NM-197:003 þúst

hesthús

65°34.506N 14°07.115V

"Kíll var í túninu, nafnlaus, nú horfinn að mestu. Innan við hann hét Hesthústún" segir í örnefnalýsingu. Um 200 m suðaustur af hól þeim sem nýlegar byggingar höfðu staðið á, um 10 m frá fljótsbakka er að sjá sem hús er sneri NA-SV hafi staðið.

Sléttlendi vaxið grasi, einnig nokkru lyngi, mosa og smáum víði. Erfitt að dæma um stærð þessa húss, gæti hafa verið 6x3 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 4.

NM-197:004 Gagnstaðahjá/eiga

heimild um býli


65°34.678N 14°07.349V

"Í túninu í Gagnstöð var hjáleiga, kölluð Gagnstaðahjáleiga, fyrir löngu komin í eyði; sagt er að Jón lærði Guðmundsson hafi búið þar um tíma. Ekki er kunnugt um fleiri ábúendur þar" segir í örnefnalýsingu. Gagnstaðahjáleiga var um 50 m norðvestur af

norðurenda á hólnum 001 en engin merki sjást um bæinn lengur. Í sléttuðu túni. Mælt skv tilvísun heimildarmanns, rústir sjást engar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 4.



NM-197:005 tóft afheystæði

65°34.167N 14°08.918V

Um 100 m norður af Araseli 007 er heytóft. Í lyngi vöxnu stórpýfðu mýrlendi. Hringlaga garðlag með upphækkun innan í, sker sig úr umhverfinu þar sem hún er vaxin grasi og sóleyjum en umhverfið er lyngi vaxið. Hún er mjög hlaupin í þúfur. Mjög sokkin, og gæti horfið alveg í mýrina.

Hættumat: engin hætta.

NM-197:006 beitarhúsatóft

65°34.617N 14°05.173V


"Á Miðheygarði voru beitarhús, nú aflögð, og voru ekki nefnd sérstöku nafni" segir í örnefnalýsingu. Þetta eru að líkindum sömu beitarhús og lýst er í Sveitum og jörðum. Þau voru um 25 mín. gang austur af bænum, þar var skást útbeit og minnst um svellalög, lögð niður 1964. - Beitarhúsin eru við tjörn um 120 m austur af

þjóðveginum til Borgarfjarðar og um 500 m vestur af brúnni yfir Selfljót.

Vaxin grasi og er timbur og bárujárn í tóftinni. Tvískipt hús, fjárhús og hlaða. Hólf er líka eftir endilöngu fjárhúsinu og hlöðunni. Smáútbygging, 2x4 m, er norðaustan í beitarhúsinu. Ógreinileg garðlög liggja frá norðurvegg húsanna að tjörninni, líklega rétt.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Gagnstöð, 4; SJM II, 346.



NM-197:007 *Arasel* sel

65°34.044N 14°08.993V

"Nærri vesturmörkum (móti Klúku) er hóll með fornum rústum, sem heita Arasel" segir í örnefnalýsingu. Selið eru nokkrar ógreinilegar tættur á upphækkuðum hóli í mýrinni milli Gagnstaða og Klúku. Hóllinn er grasi vaxinn og grænni en umhverfið.



Á hólnum hefur greinilega verið endurbyggt. Túngarður liggur umhverfis hólinn en milli hans og hólsins er mýri og lyngmóar. Erfitt er að sjá greinilegt lag á tóftunum og nokkrar ógreinilegar dokkir eru í hólnum, sem ekki sést neitt veggjalag á. Út frá túngarðinum norðanmegin liggur garður til norðausturs á um 60 m löngum kafla. Um 70 m norðvestan hólsins er rétt eða gripheldi, um 10 x 25 m, vaxið lyngi og virðist eldra en tóftirnar á hólnum. Þær eru vaxnar grasi og víði aðallega. Túngarðurinn er lyngi vaxinn og mjög útflattur, allt að 2 m breiður.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 2; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli Múlasýslum", 182.

NM-197:008 Stekkamelar

örnefni stekkur


"Utan við Vörðuás er melhóll, nefndur Kollum.ell, og út af honum klettahæðir, sem heita Stekkarnelar" segir í örnefnalýsingu. - Skammt utan/norðan við Kollum.el eru 3 hólar nefndir Torfhólar. Stekkjartóft fannst ekki 1997. Stekkarnelar eru merktir á Herforingjaráðskorti.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 2.

NM-197:009 2 tóftir afheystæði

65°34.493N 14°08.664V

Á Torfhólnum sem fjærstur er Araseli, um 30 m suður af Vörðuási, eru mjög



ógreinilegar tóftir. Mýri er allt um kring. Stærri tóftin er tvíhólfa, minna hólfið aftan við um 4x1,5 m en það stærra 3x5. 1 m aftan við tóftina er lítil 1 x2 m tóft. Tóftirnar eru vaxnar grasi og víði og eru allar mjög ógreinilegar. Sennilega heytóftir.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 4.

NM-197:010 vörslugarður

65°34.417N 14°06.915V

"Hlaðinn hagagarður fyrir Finnsnes við Selfljót sa. af bæ. Þar var hagi fyrir fé haust og vor og áhaldi fyrir hesta. Garðurinn skv. Fasteignamati 1918 800 faðmar" segir í Sveitum og jörðum. Garðurinn stendur allvel, mest í 1,5 m hæð, en víða nokkru lægri. Hann er um 850 m langur. - Mæling tekin nærri vesturenda garðs.

Heimildir: SJM II, 346.

NM-197:011 heimild um ristu

65°34.380N 14°08.641 V

"Spölkorn utan (norðan) við Arasel eru þrír hólar, nefndir Torfhólar. Þar nálægt var skorið heyjatorf" segir í örnefnalýsingu. - Hólarnir eru umkringdir mýri.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 2.


NM-197:012 heystæði

65°34.516N 14°08.697V

"Utan við Torfhóla er klettahryggur, sem heitir Vörðuás" segir í örnefnalýsingu. Á Vörðuásnum er engin varða en í suðurenda hans er þrískipt tóft. Hún er 10x3 m að utanmáli, vaxin grasi og lyngi. Sennilega heytóft.

Hættumat: engin hætta.


Heimildir: Ö-Gagnstöð, 2.

**NM-197:013** brunnur

65°34.500N 14°07.279V

Um 30 m suðaustur af hól þar sem nýleg hús hafa staðið er tóft af útihúsi, Grasi vaxinn flatur bakki milli hóls og fljóts. Spýtnabrak og járn úr þaki liggur í tóftinni, sem er af smákofa. Samkvæmt upplýsingum frá heimildamanni var þarna brunnur frá 1948.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**NM-197:014** útihúsatóft

65°34.524N 14°06.952V

Um 300 m austur af hól þar sem yngstu útihúsbyggingar hafa staðið og um 100 m frá fljótsbakka er tóft af útihúsi. Sléttlendi austan bæjar, gras, lyng, mosi, lágar víðiplöntur. Tóft af litlu húsi, er snúið hefur NA-SV. Timbur og járn úr þekju inni í tóftinni. Aðeins sjást greinilegir hliðarveggir, eins og báðir gaflar hafi verið úr öðru en tarfi/grjóti. Trúlega ekki gömul.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**NM-197:015** tóft af heystæði

65°34.544N 14°05.533V

Heystæði er á hól í mýri, um 100 m vestan beitarhúsa 006 og um 150 m sunnan vegar til Borgarfjarðar. Á hólnum er þrískipt tóft, stærsta hólfið 2x6 m. Framan og norðan þess liggur þvert 2x4 m tóft og önnur 3x3 m austan hennar. Smágarðlag liggur í sveig um 3 m vestan og austan við og aftur fyrir lengstu tóftina

Hættumat: engin hætta.

**NM-197:016** heystæði


65°34.299N 14°05.922V

Heystæði er úti í móanum 30 m ofan við garðinn sem girðir af Finnsnes (010), um 400 m austur frá bæjarhól. Smáhóll, útflattur að ofan og ferkantað svæði um 5x3 m.

Veggir sjást ekki.

Hættumat: engin hætta.

NM-197:017 tóft afheystæði



65°34.459N 14°06.311 V

50 m norðan garðsins sem girðir af Finnsnes (010) og um 200 m austan bæjarhóls á Gagnstöð er heytóft. Lyng umhverfis. Þríhólfá heytóft á smáhól í móm ofan Finnsess. Hleðslur lágar og grasi vaxnar.

Hættumat: engin hætta.



NM-197:018 Grænatótt tóft afheystæði

65°34.110N 14°05.690V

"Framan við bæinn er nes við Selfljót, sem heitir Finnsnes. Á nesinu eru tvær grasi vaxnar hæðir (gömul heystæði), kallaðar Grænatótt og Bjarnatótt" segir í örnefnalýsingu. - Grænatóft er í Finnsnesi nánast hávestur frá bæjarhóli á Hrafnabjörgum, um 40 m sunnan við garð þann sem er um nesið þvert (010). Í blá eða mýrlendi. Hóll, 8x6 m. Í hann eru fjórar lægðir eða dokkir, hæðarmunur lítill, 0,2-0,3 m. Ekki er fullvíst hvort þetta er Grænatóft eða Bjarnatóft.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 2.



NM-197:019 útihúsatóft

65°34.250N 14°06.493V

Tóft af útihúsi er í Finnsnesi, um 1 km austur af bæjarstæði. Lág holt sem liggja A- V, milli þeirra mýrlend sund. Tóftin er uppi á lágum hól. Hefur snúið NA-SV.

Hættumat: engin hætta.

NM-197:020 Bjarnatótt tóft af heystæði

65°34.073N 14°06.478V

"Framan við bæinn er nes við Selfljót, sem heitir Finnsnes. Á nesinu eru tvær grasi vaxnar hæðir (gömul heystæði), kallaðar Grænatótt og Bjarnatótt" segir í örnefnalýsingu. - Bjarnatótt er um 500 austur af útihúsahól. Í mýrlendi. Ílangur hól, um 1 0x3 m, snýr A-V, sléttur og dálítið grasi vaxinn að ofan, annars lyng og fjalldrapi.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 3.

NM-197:021 stekkjartóft 65°34.283N 14°08.684V

Stekkur er sunnan í hól í mýrinni um 200 m norðan við Arasel 007. Stekkurinn er byggður þannig að klettahóllinn myndar 3 veggi. Hann er 2 samsíða hólf, það stærra 7x3 m, hið minna 3x2 m. Dyr eru á stærra hólfinu til suðurs en ekki sést dyraop á því minna.


Heimildir: engin hætta.

NM-197:022 Vörðuás örnefni

65°34.516N 14°08.697V


"Utan við Torfhóla er klettahryggur, sem heitir Vörðuás" segir í örnefnalýsingu. Ekki sést nú nein varða á Vörðuási.

Heimildir: Ö-Gagnstöð, 2.



NM-197:023 heimild um brunn

Brunnur var hlaðinn við gamla bæinn. Þar hefur nú verið sléttað úr öllu og sést ekki til hans. Halldór telur líklegt að hann standi enn.



35. Fornleifakort. Hóll og Hólshjáleiga

NM-198 Hóll

20 hdr. 1500, 1564, 1695, 1847. 1/2 Eiðakirkjueign, 1/2 Bændaeign. Fyrst getið í máldaga Eiðakirkju í Hítardalsbók frá um 1367: Mariukirkia a eydum a ... holsland halft med ollum gegnum og giædum sem þar fylgia.- DI Ill 232 cop. í Vilch - DI IV 220-221 og [1570] - DI XV, 680; [1491-1518]: Kirkia sancti Nickulai a eidum a ... xc. i holi. Máld DI VII, 21; Í tíundarreikningi Hjaltastaðþinga frá 1564 stendur: Enn jardernar Holl halfur xc - DI XIV, 325; 9.3.1669 selur Guðrún Jónsdóttir sr. Einari Jónssyni 5 hdr í Hóli og gefur honum að auk 1 hdr í sömu jörð gegn því að hann verði henni til aðstoðar í hennar aldurdomi - Jarðabréf, 272

Afbýli frá Hóli voru Grænmór (eða Grenmór), utanvert við næstu beygju á Lagarfljóti út og austur af Hólsbæjum, og Ingveldarstaðir, byggðir 1848-1853, við Ingveldarblá austur af norðurenda Miklavatns. Sagnir eru um að á Ingveldarstöðum hafi verið fornbyli, jafnvel kirkja. Ingveldarstaðir stóðu á hæð sem blés upp á fyrri hluta þessarar aldar. Þar komu upp bein sem kunna að benda til legstaðar. Eyðibýlisins Bakka er einnig getið í eyðibýlaskrá Múlaþings en það kann að vera að bæjarnafnið Bakki hafi síðar breyst í Hól. Hólshjáleiga var hjáleiga frá Hóli byggð á 18. eða 19. öld og nýbyli voru tvö frá Hólshjáleigu, Eyland og Sandur. Beitarhús hafa verið á Grænmó og Steinboga (frá Víðastöðum). SJM II, 338, JJ, 360; SJM V, 410; Olavius, 142; Múlaþing 5, 182.

1919: tún 6,5 ha. garðar 1530 m². (Hóll og Hólshjáleiga) Hóll er hlunnindajörð, á reka fyrir öllu landi Hólsbæjanna, selveiði í fljótinu, veiðimörk í miðju fljóti og kríuvarp sem metið var til tekna 1917. Gamla túnið er sendið og jarðgrunnt og slétt frá náttúrunnar hendi. Í Fasteignamatinu 1918 var tún 1,3 ha. SJM II, 338

Heimildamaður: Guðmar Ragnarsson frá Sandi fæddur 22.9.1933

NM-198:001 bæjarhóll bústaður

65°35.838N 14°16.03 IV

Tvílyft timburhús, múrhúðað (um 1950) og steinsteypt viðbygging standa nú á gamla bæjarstæðinu. Óvíst er hve mikið er eftir af eldri byggingarskeiðum, en gæti þó verið eitthvað. Ekki er greinilegur hóll undir sjálfu íbúðarhúsinu, en viðbyggingin stendur á lágum hól. Í Fasteignamati 1918 er hús á Hóli sögð vera baðstofa, frammihús, skemma, bæjardyr, 8 fjárhús, 6 hlöður, 2 hesthús, fjós, búr og eldhús.

Heimildir: SJM II, 338; JJ, 360; SJM V, 410; Olavius, 142; Múlaþing 5, 182

NM-198:002 Kvíabrot

heimild um kvíar

65°35.712N 14°15.707V

"Austan við gamla túnið á Hóli var barð, sem hét Kvíabrot, nú sléttað, því að túnið hefur verið fært út" segir í örnefnalýsingu. Þar sem nýja íbúðarhúsið stendur á sléttaðri flöt voru kvíar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hóll ,8.

NM-198:003 smalakofatóft


65°34.501N 14°14.750V

"Innan við brotið eru sléttar lægðir, nefndar Ker. Austur af þeim er dálítill hóll, nefndur Smalakofahóll, við vesturhorn Miklavatns" segir í örnefnalýsingu.

Smalakofahóll er sunnan við Miklavatn. Á flöngum hól vöxnum lyngi grasi og fjalldrapa. Hólablá heitir suður af Hóllin stefnir norðaustur-suðvestur. Kofastæði er sunnarlega á honum, 1,5x2 m, snýr austur-vestur. Ekki sjást hleðslur er þar er sléttaður blettur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hóll ,3.



36. Fornleifakort. Hóll og Hólshjáleiga - bæjarstæði

NM-198:004 Réttarker örnefni rétt 65°37.021N 14°13.184V

"Innan við Flæðar heita Réttarker" segir í örnefnalýsingu. Bóndi kannast ekki við nein ummerki um rétt og engin ummerki um slíkt mannvirki fundust við leit á svæðinu.

Heimildir: Ö-Hóll ,6.

NM-198:005 Ingveldarstaðir býli 65°34.865N 14°12.871V

"Fyrir utan þessa hóla [Sandbrotshól, Beinhól] er önnur blá, sem heitir Ingveldarstaðablá, kennd við fornt eyðibýli, sem heitir Ingveldarstaðir. Sagt er, að þar hafi verið kirkjustaður og blásið upp forn grafreitir, en beinin verið mjög fúin" segir í örnefnalýsingu. Þessi staður er austan við nýbýlið Eyland, ca 2 km sa af steinhúsi þar, og sunnan við þjóðveginn, ca 4-500 m. Tóttirnar standa á upphækkuðum hól í landslaginu sem túngarðurinn liggur enn að mestu leyti utan um, en utan túngarðsins er mýri. Landið umhverfis er þýft og lyngi vaxið.


Á Ingveldarstöðum eru ótal tóftir og garðlög, Garður hefur legið í kring um allt

svæðið, en er nú sokkinn og ógreinilegur á um 100 m kafla austan til. Svæðið sem garðurinn afmarkar er um 270 m langt og 130 m þar sem það er breiðast. Allt svæðið er ílangur hóll, en smá sléttlendi er austan og sunnan hans. Vestast í hólnum er aðal rústasvæðið.

Sandrofsdalur klýfur hólinn í tvennt á um 160 m löngu og um 40 m breiðu svæði (þar sem breiðast er). Vera kann að einhverjar tóftir hafi horfið við landrof þetta, en engir steinar eða hleðslur sjást þó í rofinu. Vestan megin rofsins er tjörn sem hefur áður verið stærri. Vestan og ofan hennar er tóft sem er líkust því að geta verið bæjartóft.

Á öllu svæðinu vestan við sandbrotið eru margar tóftir allar fremur litlar og margar greinilegar.

Greinilegustu tóftirnar virðast yngri en þær eru grasi vaxnar annars eru allar tóftir, sem og garðurinn mjög lyngi vaxnar og ógreinilegar. Garðurinn sjálfur er þó mjög efnismikill og allt upp í 1 m hár. Austan




og innan garðsins eru 3 lyngi vaxnar tóftir. Tvær eru áfastar garðinum. Rétt austan sandbrotsins er einnig smá hóll og er ein tóft mjög greinileg á honum en ógreinilegri merki eru um a.m.k. 2. í viðbót. Syðst, þar sem að túngarðurinn beygir, eru 2 tóftir og

virðist garðurinn liggja til suðurs á um 40 m kafla. Suður frá enda garðsins (um 20 m) eru hólur sem í eru dokkir og mishæðir og kunna þar að hafa verið einhverjar tóftir en veggjalög eru ekki greinanleg. Áföst við norðurenda túngarðs eru 2 tóftir. Þar 15 m norðan við er hóll sem í eru greinilegar 3 ferkantaðar dokkir en veggir eru sokknir. Veggir sandbrotsins eru allt að 3 m háir og er hóllinn aðeins úr sandi nema moldarlag er á um 1 m dýpi um 0,3 m á þykkt. Einnig um 0,2 m yfirborðsjarðvegur.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Hóll, 3; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-198:006 Stóri-Grænmór/Grenmór beitarhúsatóft 65°36.893N 14°13.925V



"Utan við Víða er kallað Grænmósland (eða Grænmóslönd), kennt við fornbýlið Grænmó eða Grenmó. Þar eru nú beitarhús frá Hóli. Rústir eru þar á tveimur stöðum með stuttu millibili, stundum nefndar Stóri- og Litli-Grænmór" segir í örnefnalýsingu. Stóri Grænmór er

1, 5 km norðaustur af bæ á Hóli. Sléttlent en lágir sandhólar umhverfis. Beitarhúsin stóðu á allstórum hóli, 2,5 m hærri en landið umhverfis. Rof er í rústinni, enda gengur þar sauðfé. Hætta er helst af uppblæstri, því stutt er niður í sand á svæðinu. Norðvestanmegin er eins og eldri og lægri tóft gægist fram. Beitarhúsin voru lögð niður 1950.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs.

Heimildir: Ö-Hóll ,5.

NM-198:007 Litli-Grænmór/Grenmór heimild um tóftir 65°36.911N 14°13.978V

"Utan við Víða er kallað Grænmósland (eða Grænmóslönd), kennt við fornbýlið Grænmó eða Grenmó. Þar eru nú beitarhús frá Hóli. Rústir eru þar á tveimur stöðum með stuttu millibili, stundum nefndar Stóri- og Litli-Grænmór" segir í örnefnalýsingu. Um 25 m norðvestur af Stóra Grænmó 006 er hóll um 20x1 5 m. Í honum sjást dokkir og mishæðir en þarna hefur tún verið sléttað.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hóll , 5.

NM-198:008 Flutningsbakki

heimild um ferju 65°37.330N 14°14.879V

"Nyrzt í Grænmóslandi heitir Flutningsbakki eða Flutningar; þar var fyrrum lögferja á Lagarfljóti, en var síðar færð nær bænum" segir í örnefnalýsingu. Flutningsbakki er á

nesinu gegnt Húsey.


Heimildir: Ö-Hóll ,5.

NM-198:009 *Hringur*

gerði

65°35.630N 14°15.509V

"Spölkorn innan við [Randarhólstjörn] eru lágir hólar í stefnu milli bæjanna Hóls og Sands; þeir heita Hringstekkhólar. Þar eru forn garðalög, hringlaga, sem voru kölluð Hringur, einnig var þar stekkur, nefndur Hringstekkur" segir í



örnefnalýsingu. Um 30 m austur af Hringstekk 010 og 20 m vestur af heimreið eru leifar af hringlaga garðlagi norðan við svonefnda Hringstekkhóla. Hálfur hringur, 14 m í þvermál. Hleðslur mjög útflattar. Það er að sunnanverðu sem hann sést, nyrðri helming vantar eða hann er ekki lengur sýnilegur. Breidd garðsins er 1-1,5 m

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: Ö-Hóll ,4.

NM-198:010 *Hringstekkur*

stekkjartóft

65°35.649N 14°15.512V

"Spölkorn innan við [Randarhólstjörn] eru lágir hólar í stefnu milli bæjanna Hóls og Sands; þeir heita Hringstekkhólar. Þar eru forn garðalög, hringlaga, sem voru kölluð Hringur, einnig var þar stekkur, nefndur Hringstekkur" segir í örnefnalýsingu.



Hringstekkur er 60- 70

m austur af nýju íbúðarhúsi á Hóli.

farvegi sem er hlaðið fyrir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Hóll, 4.

NM-198:011 *Bakki*

heimild um býli

65°35.070N 14°15.331V

"Skammt austur af Einarstekk er sporlaga hylur í læknum [Jökullæknum], sem heitir Bakkatóttarauga. Þar stutt frá eru rústir af fornþýli, sem eru nú kallaðar Bakkatættur. Býlið hét Bakki, og talið er, að þar nálægt hafi verið Bakkavað á Lagarfljóti, sem getið er í Fljótsdælu." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m austur af hólum þar sem Einarstekkur 012 var. Sléttað tún. Ekki sjást ummerki um býlið, enda er hér búið að slétta tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hóll ,4; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum",
182.

NM-198:012 *Einarsstekkur* stekkur 65°35.143N 14°15.631 V
"Í túninu á Sandi var stekkur, kallaður Einarsstekkur" segir í örnefnalýsingu. Einarsstekkur var á hól 3 00 m suður af steinsteyptu íbúðarhúsi. Tún norðan og sunnan við, móar vestan við en mýrardrag að austan. Þar sér nú aðeins til smá upphækkunar. Hóllinn er ávalur og vaxinn háu grasi, hugsanlegt að eitthvað sæist af tóftaleifum ef hann væri nýsleginn. Hóllinn er allstór, um 30 má hvorn veg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hóll ,2.


NM-198:013 *Stekkeyri* örnefni stekkur 65°36.439N 14°15.128V
"Norðan við Miklavatn við Lagarfljót heitir Stekkeyri." segir í örnefnalýsingu. Á fljótsbakka, norðan við malarnám. Ekki er vitað um stekkjartóft á þessum stað. Kíll er úr fljótinu og myndast mjó landræma milli hans og fljóts og er talið hugsanlegt að þar hefði mátt geyma skepnur án mikilla mannvirkja. Þá gæti stekktóft hafa horfið við malarnám sem er þar skammt sunnanvið.

Heimildir: Ö-Hóll ,4.

NM-198:014 *Randarhóll* þúst 65°35.721N 14°15.237V
Randarhóll er um 90 m austur frá heimreið. Austan við hann er Randarhólstjörn. Röndin er hryggur sem liggur norður og suður. Á þessum stað fannst næla sem nú er á Þjóðminjasafni. Hóllinn er um 30 m langur og hefur að því er best verður séð verið 15 m breiður. Hann stefnir nálægt því norður-suður. Grjót hefur komið fram úr Randarhóli, einkum má sjá það í sárinu nyrst. Í sárinu í norðausturenda er greinilega hreyfður jarðvegur a.m.k. 0,5 m niður fyrir grasrót.

NM-198:015 garðlag 65°34.984N 14°14.317V
Tveir garðar liggja úr vatninu Rein í Miklavatn og eru 500-600 m á milli. Lyngi vaxnir móar. Þessi girðing var notuð um miðja þessa öld og voru þá hafilar þar kindur um sauðburð.

Hættumat: engin hætta.



NM-198:016 *Miðbæjartótt* býli 65°35.908N 14°15.977V

Tóft sem kölluð er Miðbæjartótt er á hól um 30 m norðaustan gamla bæjar á Hóli, um 25 m frá fljótsbakkanum. Í túni. Að sögn Guðmars Ragnarssonar bónda á Hóli var bær á þessum stað en þess er ekki getið í ritheimildum. Tóftin er um

20 m löng og skiptist í fjögur hól

Stærsta hólfið er fyrir eystri enda, um 8x5 m en vestur af því eru þrjú minni hól, um


3x5 m hvert. Inngangur hefur verið inn í það hól sem liggur næst stóra hólfinu. Tóftinni gæti stafað hætta af fljótinu sem brýtur kröftuglega úr túninu á Hóli

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar.

NM-198:017 2 tóftir+garðlag

65°35.693N 14°15.313V

Tvær tóftir og garður utanum þær á tvo vegu eru um 15 m vestan heimreiðar suðaustur af Hólsbænum, og suðaustan við hliðið. Önnur tóftin er tvískipt og lyngi gróin, hin er grasi gróin og aðeins eitt hól. Garður liggur á tvo vegu utan um tóftirnar, alls um 120 m langur. Syðri hlið garðsins vantar en hún gæti hafa horfið við vegagerð. Yngri tóftin er að blása upp en net liggur yfir hluta hennar til að hefta uppblástur. Garðurinn er mjög útflattur og hlaupinn í þúfur, lyngi vaxinn.



Hættumat: hætta vegna uppblásturs.

NM-198:018 Hólshjáleiga II

bústaður

65°35.980N 14°16.014V

Afbýlið Hólshjáleiga II (nú Sandur) stóð 100-120 m NA frá gamla bæjarstæðinu á Hóli. 10 m norðvestanvið bæjarstæðið er steiptur grunnur þar sem átti að verða fjós. Þarna stóð baðstofa sem snéri suðvestur-norðaustur og framhlið að fljóti. Nú eru aðeins dokkir og mishæðir eftir í túninu en tóftin var alveg sléttuð. Einnig gæti verið hætta afvatnsrofi en Lagarfljót er að grafa úr Hólstúninu. Bærinn hét Hólshjáleiga II meðan hann var í byggð en var nefndur Sandur þegar bæjarstæðið var flutt þangað sem Sandsbærinn stendur nú.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-198:019 þúst

heystæði

65°34.746N 14°12.s22v

Um 70 m austur af Ingveldarstöðum úti í blánni er hól sem hefur greinilega verið notaður sem heystæði. Um 30 m norðar er annar hól með heystæði. Tvær ferhyrndar myndanir um 5x2 m hvor, þar sem gróður er öðruvísi en umhverfis. Ekki sjást nein veggjalög.

Hættumat: engin hætta.


NM-198:020 þúst

heystæði

65°34.71 1N 14°12.sosv

Um 60 m austur af Ingveldarstöðum úti í blánni er hól sem á er um 5x2 m ferköntuð heytótt. Veggir eru óverulegir en hún er vaxin grasi og sker sig úr umhverfinu.

Hættumat: engin hætta.



NM-198:021 útihústöft 65°36.960N 14°14.030V
Tvær ógreinilegar tóftir eru um 70 m norðvestur af Stóra Grænmó 006. Tóftirnar eru vaxnar lyngi og fjalldrapa. Mjög þýfðar.


Hættumat: engin hætta.

NM-198:022 túngarður 65°36.949N 14°14.041V
Um 80 m norðan við beitarhús á Grenmó 006-007 eru garðlög. Tvö garðlög. Annað er breiðara og liggur umhverfis túnið, líklega túngarður. Út frá honum liggur garður sem er mjórri, gæti hafa verið undir vírgirðingu.

Hættumat: engin hætta.

NM-198:023 frásögn um hesthús
65°35.796N 14°15.912V


Um 40 m vestur af gamla bæjarhúsinu, er ílangur hóll.



Hann var nefndur Altari og voru þar einu sinni hesthús. Í sléttlendi - virðist reyndar ekki vera tún - puntur og fíflar og annar gróður. Ekki er vitað um ástæðu fyrir nafni

hólsins.

Hættumat:
engin hætta.



NM-198:024

fjárhústöft

65°35.782N

14°16.057V

Fjárhústöft er

40 m suður af

gamla

íbúðarhúsinu,

uppi á hól

þeim er bærinn dregur nafn af Á hól í túninu. Stendur allvel

Hættumat: hætta vegna ábúðar

NM-198:025 heimild um hesthús

65°35.787N 14°16.013V

Um 20 m vestar en fjárhúsin 024 og sunnan við gamla bæjarhúsið stóð hesthús. Á hólí í túninu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-198:026 frásögn

65°35.294N 14°15.588V

Í sandhólum/broti suðvestan við hús á Sandi er sagt að hafi fundist sverð eða brot úr sverði. Sverðið (eða leifar þess) mun hafa fundist snemma á þessari öld en ekki er vitað nákvæmlega um fundarstaðinn né hvað af því varð. Mæling tekin rétt sv við litla tjörn 100 m svaf íbúðarhúsi.

NM-198:027 heimild

"Á árunum milli 1920-1930 kom Geirmundur Eiríksson á Hólí með nokkra forngripi til Halldórs Ásgrímssonar, þá kaupfélagsstjóra á Bakkafirði. Höfðu þeir fundizt í uppblæstri einhversstaðar í landareign Hóls." "Gripir þessir voru: Fjórar kúptar nælur, eftir lýsingu allar af gerðinni Rygh 652 og 654, ein með mikilli gyllingu. Kringlótt næla úr bronsi, allstór eða álíka og Valþjófsstaðanælan (Kt 109), með kroti. Gripi þessa varðveitti Halldór um hríð, en hyggur, að Geirmundur hafi tekið við þeim aftur. Óvíst er, hvar þeir eru niðurkomnir nú, en Geirmundur er látinn. Ekki virðist efamál, að þarna hafi verið um að ræða haugfé úr a.m.k. tveimur kvennakumlum."

Heimildir: KEKH, 177-178.

NM-198:028 heimild um bænhús

Bænhús mun hafa verið á Hólí á miðöldum en ekki er vitað hvar þar stóð.

NM-198:029 *Bakkavað* heimild um vað

65°35.070N 14°15.331V

"Skammt austur af Einarsstekk er sporlaga hylur í læknum, sem heitir Bakkatóttarauga. Þar stutt frá eru rústir af fornþýli, sem eru nú kallaðar Bakkatættur. Þýlið hét Bakki, og talið er, að þar nálægt hafi verið Bakkavað á Lagarfljóti, sem getið er í Fljótsdælu." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m austur af hólnum þar sem Einarsstekkur 012 var. Sléttað tún. Ekki sjást ummerki um þýlið, enda er hér búið að slétta tún.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Hóll ,4; Halldór Stefánsson: "Fornþýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-199 Hólshjáleiga

Hjáleiga frá Hólí. Fyrst geti 1847 og var þá tvíþýli. Í jarðamati 1861 er hjáleigan talin helmingur af dýrleika Hóls. Eiðakirkja átti samkvæmt því 4 hdr, en síðan 5,95 hdr. í jörðinni. Eyland var nýþýli frá Hjáleigu, stofnað 1940. Annað nýþýli var Sandur sem fékk 3,65 hdr lands. Hólshjáleiga fór í eyði 1982. Bæði nýþýlin eru einnig komin í eyði. SJM II, 339-42; SJM V, 410.

Gamla túnið var harðlent, sendið og slétt af náttúrunnar hendi. Engjar miklar og

beitiland gott. Ekki voru mikil hlunnindi á jörðinni. Í Fasteignamati 1918 var túnið 3,2 ha. og í góðri rækt. Byrjað var að slétta með handverkfærum. Síðasta túnþýfið var unnið með dráttarvél 1938. Fyrsta ýtuvinnsla 1950 SJM II, 340,342.

Heimildamaður: Guðmar Ragnarsson frá Sandi fæddur 22. 9. 1933

NM-199:001 bæjarhóll bústaður

65°35.940N 14°15.955V

Gamli bærinn var um 100 m norðaustur frá Gamla Hóli og um 100 m frá nýja bæjarhúsinu á Hólshjáleigu. Hólinn sem bærinn stóð á er í miðju túni og er um 30x20 m að þvermáli. Í honum eru dokkir og mishæðir en ekkert veggjalag sést því hóllinn hefur verið sléttaður. Í byrjun aldarinnar voru 2 baðstofur (stærð ekki tilgreind) og hlöður fyrir 175 hb.

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar


Heimildir: SJM II, 339-42; SJM V, 410.

NM-199:002 heimild um fjárhús

65°35.378N 14°15.736V

Fjárhús frá Hólshjáleigu stóð á hæð 80-100 m norður af nýrra bæjarhúsinu á Hólshjáleigu. Á hæðinni er dokk í túnið en annars eru engin merki húsanna því túnið hefur verið sléttað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



37. Fornleifakort. Viðastaðir og Ásgrímsstaðir

NM-200 Víðastaðir

12 hdr. 1500, 1695, 1847. Vallaneskirkjueign frá 1500. Fyrst getið 23.8.1500 en þá gaf ... Erlendur bonde [Bjarnason] kirkjunne j Vallanese xijc jord Vijdastade er liggur j Vtmannasveit j Hialltastada kirkiu sokn til æfenlegrar eignar. med þeim ollum gognum og giædum sem greindre jordu filgerr og filgtt hefur ad fornu og niu j vppgioffirer tijunder og lysetolla. - DI VII, 512; 21.4.1522 gefur sr. Jón Markússon Bjarna Erlendsson kvittan um þá ákæru sem hann klagði til hans vegna kirkjunnar í Vallanesi að Bjarni og faðir hans Erlendur heitinn Bjarnason hefðu haldið 2 hdr faðma langan reka upp á 25 ár er fylgja átti med Víðastöðum fyrir hálfkirkjuskuld á Ketilstöðum - DI IX, 73-74; [1541 og síðar] Lagde Biarne bonde Ellindsson til kirkjunnar i Vallanesi halfan Ketilstadasand. ijc. fadma. þar til ad fyndizt sa Reki. sem fylgia atti Vidastaudum. hun er xijc med rekanum - DI X, 696-97; 4.1.1572 lýsir Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilstöðum því að hún gefi Vallaneskirkju 2 hdr faðma rekasand fyrir Héraðsflóa, en hinn helmingurinn heyri áfram undir Ketilstaði. Þetta geldur hún kirkjunni fyrir þann 2 hdr faðma reka sem fylgja átti Víðastöðum, en sú jörð var lögð undir Vallanesstað fyrir tíundir og lýsistolla, þegar gerð var hálfkirkja á Ketilstöðum - Jarðabréf, 277; 1579: Vijdastada sandur ad sogn ellstu manna tuo hundrud fadma - DI XV, 711-12; 1.8.1633 semja sr. Árni Þorvarðsson og Ásmundur Jónsson bóndi á Ketilstöðum að þeir muni halda Vallaneskirkjubréf frá 4.1.1572 þar sem fram kemur að Guðríður Þorsteinsdóttir hafði fengið Vallaneskirkju 2 hdr faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Ef Víðastaðareki finnst þá skal hinn rekinn aftur undir Ketilstaði - Alþ V, 318.

Kuml sem fannst í Hoftúni bendir til að á Víðastöðum hafi verið byggð í heiðni. Hjáleigan Steinbogi er í landi Víðastaða. Þar er getið byggðar um 1840 en býlið fór í eyði 1883. Nýbýlið Móberg var byggt 1956, og fékk ytri hluta jarðarinnar (Sjá Ásgrímsstaði). Hér verður þó miðað við upphafleg jarðarmerki. Landamörk: Að sunnan móti Dratthalastöðum, úr ósi Dratthalastaðalækjar í ytri enda Dratthalastaðafells, þaðan suður í Hjálpartjörn, þaðan (móti Bóndastöðum) austur í Heygarða í Vatnablá, og þaðan út eftir blánni í Víðastaðavatn. Þaðan nokkurn veginn bein lína í Aurkjaft við Lagarfljót, sem fyrir var getið. Þetta land er um 6 km langt. SJM II, 331

1919: tún 2,1 ha. garðar 322 m². Búið að slétta heimatún áður en núverandi ábúendur tóku við jörðinni 1970. SJM II, 331.

Heimildarmenn: Steindór Einarsson fæddur 10.10.1939 og Birna Halldórsdóttir f24.06.1950, komu að Víðarstöðum 1970.

NM-200:001 bæjarhóll bústaður


65°33.688N 14°18.1 10V

Gamli bæjarhóllinn er í sléttuðu túni um 140 m norðaustur af steinsteyptu íbúðarhúsi. Í sléttuðu túni. Hóllinn er um 20 x 15 m og 1-1,5 m hærri en túnið umhverfis. Snýr vestnorðvestur-austsuðaustur. Fyrri ábúendur sléttuðu tóttirnar og var efni ýtt austur fyrir tún, þar er brún sem því var ýtt fram af Þó er bæjarhóllinn mishæðóttur og hefur missigið í tíð núverandi ábúenda (eftir 1970), þannig að einhver hluti mannvistarleifa er eftir. "Eldri hús, skv. Fasteignamati 1918: Baðstofa, 11 x 5 álnir,

bæjardyr og skemma, eldhús og búr, a.m.k. fimm fjárhús f. 190, dreifð um tún, einnig hesthús f. 3, hlöður f. 50 hb. (Fjósið var "undir palli")

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 3 31; Túnakort 1919.



38. Fornleifakort. Víðastaðir - bæjarstæði

NM-200:002 þúst fjárhús

65°33.727N 14°18.182V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að a.m.k. fimm fjárhús hafi verið dreifð um tún. Um 50 mínorður frá steinsteyptu íbúðarhúsi sjást merki um að hús hafi staðið. Þar er ójöfn dæld í sléttuðu túninu og mótar greinilega fyrir að þar hafi verið hús. Í sléttuðu túni. Bletturinn er 10 x 6 m og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 3 31.

NM-200:003 Frissatótt heimild um fjárhús

65°33.650N 14°18.040V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er sagt að a.m.k. fimm fjárhús hafi verið dreifð um tún. Um 80 m austnórðáustur frá steinsteyptu íbúðarhúsi heitir Frissatótt, og var þar fjárhús. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 331.

NM-200:004 heimild um fjárhús

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að a.m.k. fimm fjárhús hafi verið dreifil um tún. Túnið er sléttað og ekki er vitað hvar hin fjárhúsin þrjú voru.

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 331.

NM-200:005 heimild um fjárhús

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að a.m.k. fimm fjárhús hafi verið dreifil um tún. Túnið er sléttað og ekki er vitað hvar hin fjárhúsin þrjú voru.

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 331.

NM-200:006 heimild um fjárhús

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að a.m.k. fimm fjárhús hafi verið dreifil um tún. Túnið er sléttað og ekki er vitað hvar hin fjárhúsin þrjú voru.

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 331.

NM-200:007 heimild um hesthús

65°33.609N 14°18.045V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er sagt frá útihúsum í túni, m.a. hesthúsi. Talið er að það hafi verið um 80 m austur af steinsteypu íbúðarhúsi. Þar er búið að slétta tún og sést ekki til minja. Staðurinn er við vesturenda á framræsluskurði. Í sléttuðu túni.

Skurðurinn liggur hér austur-vestur, þar var áður handgrafinn skurður, en núverandi ábúendur grófu hann aftur með vél (eftir 1970). Þá rakst tækið á hlaðinn brunn sem eyðilagðist við skurðgröftinn. Stórir steinar eru í túninu við skurðendann, ljósir að lit og nefndir Silfursteinar.

Hættumat: hættu vegna ábúðar. Heimildir:

SJM II, 331; Ö-Víðarstaðir, 2.

NM-200:008 heimild um hlöðu

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er sagt að hlöður hafi staðið í túninu. Túnið hefur verið sléttað þannig að ekki sést til tófta og er staðsetning óviss.

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 331.

NM-200:009 *Hoftún*

65°33.653N 14°18.025V

"Út við Hraungarðsendann var Hoftún. Þar voru gríðarmiklir haugar, rústir af fornum byggingum. Þetta myndaði ægilega stóran hring, og annan minni, innan í. Upp úr þessu kom mikið af hrossbeinum, ein hauskúpa af manni og spaði úr tálgusteini. Kristjáni Eldjárn var skrifað um þetta, en hann svaraði ekki. Innri hringurinn virtist vera hústóft". segir í örnefnalýsingu. - Suðaustur af gamla bæjarhól, austur af steinsteypu íbúðarhúsi er svæðið sem kallað var Hoftún. Sléttað tún.

Hraungarður nefnist (líklega) hryggur sá, sem bærinn stendur á, og endar hann í smáklettum um 400 m utan við bæinn. Líklega sjást nú engar minjar um þetta undarlega mannvirki, og núverandi ábúendur kannast ekki við það. Örnefnið bendir til að menn hafi álitíð að þarna hefði verið hof, og ættu hringarnir að vera rústir þess (sbr. hringlaga "hoftóft" á Hrafnabjörgum í Hlíð).

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Víðarstaðir, 2.

NM-200:010 kuml legstaður 65°33.653N 14°18.025V

"Út við Hraungarðsendann var Hoftún. Þar voru gríðarmiklir haugar, rústir af fornum byggingum. Þetta myndaði ægilega stóran hring, og annan minni, innan í. Upp úr þessu kom mikið af hrossbeinum, ein hauskúpa af manni og spaði úr tálgusteini. Kristjáni Eldjárn var skrifað um þetta, en hann svaraði ekki. Innri hringurinn virtist vera hústóft". segir í örnefnalýsingu. Sléttað tún. Sami staður og 009. Eftir lýsingunni að dæma hefur þar verið heiðið kuml, en mjög er óvanalegt að þau séu í tóft eða umgirt gördum. Steindór bóndi telur að því hafi verið lýst þannig fyrir sér að beinin hafi komið upp austan við bæjarhúsin, en ekki í Hoftúni

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Víðarstaðir, 2.

NM-200:011 *Fellshús/Fellstættur* beitarhúsatóft 65°32.784N 14°18.094V


Í Sveitum og jörðum er getið um þrenn beitarhús á Víðastöðum og voru einn þeirra Fellshús á Víðastaðafelli. Í örnefnaskrá eru þessi beitarhús nefnd Fellstættur. Rústir

þeirra sjást á loftmynd, á innanverðu Víðastaðafelli, nálægt austurbrún þess (vestur af ytri enda tjarnarinnar, sem er innan við Víðastaðavatn), um 1 km sunnar en bærinn. Tóttin er í móum utan í Víðastaðfelli um 1 km S frá bænum. Hún er ferhyrnd, 12,5x5 m að utan. Hleðslur eru 70 cm háar og standa grónar. Móar utan í felli,

þýfðir, vaxnir lyngi og fjalldrapa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SJM II, 331; Ö-Víðarstaðir, 2.



NM-200:012 *Finnshús/Finnstættur* beitarhúsatóft


65°33.556N 14°19.383V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er sagt að þrenn beitarhús hafi verið á Víðastöðum og ein þeirra hafi verið við Lagarfljót norðvestur af bæ og heitið Finnshús. Í örnefnalýsingu er talað um Finnstættur. Finnshús eru nánast beint vestur af bænum, um 50 m frá fljótsbakkanum. Tóftin er í þýfðum og lyngi vöxnum móa. Hún er aflöng, 9 x 4,5 m að utanmáli. Hleðslur eru

signar, um 0,4 m háar. Vinnumaður frá Víðastöðum er sagður hafa búið í beitarhúsunum um tíma.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:


SJM II, 331; Ö-Víðarstaðir, 2.



NM-200:013 *Torfhvammshús* beitarhúsatóft

65°34.654N 14°17.033V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi er sagt að þrenn beitarhús hafi verið á Víðastöðum og ein



þeirra hafi verið norður af bænum og kölluð Torfhvammshús. Torfhvammur er nefndur í örnefnaskrá, og "tættur fyrir utan Hvamminn". – Tóftir Torfhvammshúsa eru tæpa tvo km norður frá bæ, 200-250 m austur, upp, frá Lagarfljóti. Í lyngi vöxnum móa. Á í loftmynd sjást greinilegar fjárhúsatættur yst á dálitlum ási vestan í Öxlum, um 500 m VNV af Ásgrímsstaða-beitarhúsum, og álíka langt fyrir innan Bjarnaklett, en hvammur er milli klettsins og ássins, sem gætir verið Torfhvammur
Hættumat: engin hætta.


Heimildir: SJM II, 331; Ö-Víðarstaðir, 2.

NM-200:014 Álfaklettur huldufólksbústaður

65°33.583N 14°18.557V

Um 200 m suðvestur af íbúðarhúsi, utan við túnjaðar, er Álfaklettur. Umhverfis klettinn eru móar, grasi vaxnir.

Hættumat: engin hætta.



NM-200:015 stekkjartóft

65°34.235N 14°18.771 V

Norðvestan við bæ, neðan við tún og framræsluskurði, rúman kílómetra norðvestur af íbúðarhúsi á Víðastöðum er stekkjartóft. Hún er 150-200 m austan við fljótsbakkann. Stekkurinn er byggður utan í stóran klett, Stekkjarklett að suðvestanverðu.


Lyngi vaxnir móar í kring.

Kletturinn er notaður sem austurveggur

mannvirkisins.

Hættumat: engin hætta.

NM-200:016 tóft afheystæði



Um 60 m norðan við Víðistaðavatn fremra er tóft sem gæti verið heytóft. Þýft mýrlent flatlendi, vaxið grasi og lyngi. Tóftin er 6 x 6 m að utanmáli, hleðslur eru signar og um 0,4 m háar

Hættumat: engin hætta.

NM-200:017 Gamli stekkur

stekkjartóft

65°33,514N 14°18,620V

Ef gengið er suðvestur frá bæ, um 300 m meðfram fellinu þá er tóft Gamla stekkjjar

þar undir brekku með klettum. Í móa, grasvöxnum. Stórir stakir klettur eru í móanum og mannvirkið milli staks kletts og brekkunnar. Tóftin er ferhyrnd, 4 x 3 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, 0,4 cm háar. Einnig er talað um að tóftin hafi verið notuð sem kvíar

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Víðastaðir, 2.

NM-200:018 Steinbogi býli

65°35.519N 14°17.967V


"Afbýli eða hjáleiga var yst í Víðastaðalandi, Steinbogi (getið neðanmáls íjarðabók 1847), sem fór

í eyði 1833. [...] Býlið hafði sérskipt land og mörk við Víðastaði skammt innan við Bjarnaklett (31 m). Á Steinboga er óhreift tún frá fyrri tíð, og rústir bæjar og gripahúsa. Þar voru lengi á þessari öld, og ef til vill fyrr, beitarhús frá Hóli." segir í Sveitum og jörðum. Austan við beitarhúsatóft 019, er grænn hól, en ekki sjást þar greinilegar tóftir. Tún er umhverfis og túngarður á parti.

Hugsast getur að bústaðurinn sjálfur hafi verið þar sem annað hvort húsanna 0 19 er, og á hólnum verið útihús. Hóllinn er um 8 x 4 m, og er 20 m norðan við syðri tóftina sem skráð er undir 019. "Þetta eyðibýli er fremst á tanga, utan (NV) við Axlir, þar sem Lagarfljót beygir í austur (merkt á kort). Lágir klettur eru þar beggja megin við fljótið, sem þrengist nokkuð á milli þeirra, en um 200 m utar er berggangur þvert yfir fljótið, og koma nibbur af honum upp úr þegar lítið er í því, en venjulega sést þar aðeins straumkast. ... Beitarhúsatættur frá þessari öld eru mest áberandi í litlum túnbletti á eyðikotinu Steinboga, en þó mótar óglögg fyrir nokkrum eldri tóftum í túninu, og fornum túngarði, en túnið hefur síðast verið girt með vír."

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 3 31; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.




NM-200:019 2 tóftir afbeitarhúsum

65°35.537N 14°17.945V

"Á Steinboga er óhreift tún frá fyrri tíð, og rústir bæjar og gripahúsa. Þar voru lengi á þessari öld, og ef til vill fyrr, beitarhús frá Hóli." segir í Sveitum og jörðum. Skammt frá fljótsbakka eru tvær tóftir. Malarvegur er fast við tóftirnar meðfram vesturvegg nyrðri tóftar.

Nyrðri tóftin er af fjárhúsi, sem snýr norðursuður, með garða og hlöðu/heytóft við suðurgafli, 14 x 6 m að utanmáli, hleðslur

stand um 1,5 m háar. Syðri tóftin er 7 metrum sunnar og snýr NV-SA. Hún er af tvístæðu fjárhúsi með hlöðu við NV-enda, 13 x 9 m að utanmáli. Hleðslur standa allt að 1 m háar.




Heimildir: SJM II, 3 31.

NM-200:020 búst

brunnur

65°33.740N 14°17.945V

Um 300 m norður af íbúðarhúsi, utan við tún, er brunnur í grasi vaxinni brekku fyrir




neðan klettabrún. Brunnurinn er siginn saman, þannig að Reglulegt brunnop sést ekki, en hleðslur umhverfis sjást sem gróin þúst, ferhyrnd, 4 x 3 m að utanmáli. Í hana er skarð eða renna. Grasi vaxin brekka neðan við kletta. Hleðslurnar eru signar, 0,5 m háar

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

NM-200:021 úti húsatóft

65°33.748N 14°17.983V

Um 150 m norður frá íbúðarhúsi er tóft í grasi vöxnum móa utan túns. Tóftin er ferhyrnd 6,5 x 2,7 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, 0,4 m á hæð. Útihús, en



notkun ekki þekkt

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-200:022 frásögn um smiðju

65°33.760N 14°18.073V

I túnjaðrinum um 40 m í norður frá gamla
bæjarhólnum var smiðja. Í túnjaðri, vaxin grasi og
punti. Túnið þarna hefur verið sléttað en vegna


gróðurs var ekki hægt að greina með vissu hvort enn mótaði fyrir tóftinni. Steinar eru í grassverðinum og gætu verið hleðslugrjót

Hættumat: hættu vegna ábúðar.

NM-200:023 tóft

65°35.486N 14°18.003V

Tæpum 100 sunnar en beitarhús á Steinboga, 019, er tóft í grasi vöxnum slakka undir lágu



holti. Grasi vaxinn slakki undir lágu holti. Tóftin er ferhyrnd, 4 x 3 m að utanmáli. Hleðslur eru signar og um 0,6 m háar. Ekki er vitað hvað þarna var, en gæti hafa

verið stekkur eða kvíar.

Hættumat: engin hætta.

NM-200:024 mógrafir

65°33.866N 14°17.954V

Um 300 m norðaustur af bæ, um 40 m fyrir sunnar þjóðveg er mógröf í grasi vaxinni mýri. Grasi vaxin mýri. Lögun hennar er óregluleg, utanmál 20x10 m.

Hættumat: hættu vegna ábúðar.


NM-201 Ásgrímsstaðir

6 hdr. 1564, 1695, 1847. Bændaeign. Fyrst getið í tíundarreikningum frá 1564 1 - DI XIV, 325. Í sandaskrá frá 1579 er Asgrímsstadasandur tuo hundrud fadma - DI XV, 711-12. Jörðin var keypt af Hjaltastaðahrepp á 19. öld en keypt aftur af ábúanda 1932, og fór í eyði 1963. Árið 1956 var nýbýlið Móberg stofnað á ytri hluta

jarðarinnar og hluta af landi Víðastaða. Það stendur um 1/2 km utar,

við vegamót Borgarfjarðar- og Tunguvega, og er enn í byggð. Eigandi Ásgrímsstaða er Friðrik Halldórsson og notar hann húsið til sumardvalar.

1919: tún 2,3 ha. garðar 400 m². "Tún snöggkent, að meirihluta þýft. Engjar samfelldar, votlendar, nærtækar, slæmur engjavegur. Heyið létt til fóðurs, sumt óhollt." SJM II, l 333.



39. Fornleifakort. Ásgrímsstaðir - bæjarstæði

NM-201:001 bæjarhóll bústaður

65°33.524N 14°17.198V

Bæjarhóllinn er þar sem núverandi íbúðarhús stendur. Sléttað hlað umhverfis og mól á því. Sunnan við húsið er hávaxið gras og eitt stakt birkitré. "Síðasti torfbærinn byggður litlu fyrir aldamót af Magnúsi Jónssyni. Baðstofa 9 x 5 álnir ... Timburhús byggt um 1938, 1 hæð, 14 x 8 m. Steinhús byggt 1946, samhliða timburhúsinu, bæði 428 m³." Steinhúsið er eina húsið sem enn stendur, og hefur það verið endurbætt. - Ekki sér til eldri bygginga. Mæling tekin við húsið er enn stendur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 332-333 SJM II, 333.

NM-201:002 *Lækjarhús* heimild um fjárhús

65°33.524N 14°17.198V

"Framan við lækinn var fjárhús, kallað Lækjarhús." segir í örnefnalýsingu. Þess sér nú ekki lengur merki. Í túni.

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 3; ID-I, 19.

NM-201:003 *Nautahús* heimild um útihús

65°33.591N 14°17.160V


"Norður (NV) á túni var annað hús, kallað Nautahús, notað fyrir geldneyti; túnið þar í kring er kallað Nauthústún (nýnefni)." segir í örnefnalýsingu. Þess sér nú ekki merki. Sléttað tún

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 3; ID-I, 19.

NM-201:004 *Hesthústún* örnefni

hesthús



65°33.593N 14°17.015V

"Neðan við bæinn hét einu nafni Neðratún. Utan við það er kallað Hesthústún." segir í örnefnalýsingu. Enga tóftir sjást í Hesthústúni. Sléttað tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 3; HH, 19.

NM-201:005 heimild um hlöðu


65°33.524N 14°17.198V

"Lengi til ein kringlótt topphlaða." segir Sveitum og jörðum. Ekki er vitað hvar hún stóð. Sléttað tún. Nákvæm staðsetning.

ekki þekkt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 333; HH, 20.



NM-201:006 þúst

mylla

65°33.562N 14°16.864V

"Mylla við bæjarlæk, talin mjög gömul. Notuð frá mörgum bæjum." "Neðan við Hesthústúnið er lægð, kölluð Harðvellisdæld, sem liggur að Ásgrímsstaðalæk, við svokallað Myllugil. Þar er dálítill foss í læknum, kallaður Myllufoss. Þarna var kornmylla." segir í örnefnalýsingu. Sunnan við lækinn eru óglöggar leifar af lítilli byggingu. Aðeins tvær hliðar sjást. 10 m sunnar er lítið steinsteypt hús, þaklaust, sem gæti hafa verið rafstöð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II 333; Ö-Ásgrímsstaðir, 3; HH, 20.

NM-201:007 *Ásgrímsstaðabeitarhús*

beitarhúsatóft 65°34.557N 14°17.410V

"Út af Snorravörðuás [sem er upp af Móbergi] eru hæðir, kallaðar Axlir. Þar heitir að austanverðu Axlabrúnir. Þar fyrir neðan er hjalli, sem heitir Litlahlíð eða Vetraröxl. Utan við Litluhlíð eru beitarhús, kölluð Ásgrímsstaðabeitarhús." segir í örnefnalýsingu. Á þessum stað eru enn beitarhús. Þau eru undir klettahjalla, um 1 km utan við Móberg, skammt vestan vegar og sjást frá veginum. Þau eru auk þess merkt á kort. Vestan við steypu húsin, nær brekkunni, er hóll, sem liggur norður-suður eins og steypu húsin og mótar fyrir tóftum á honum. Í túnjaðri.

Túnblettur er umhverfis húsin. Núverandi beitarhús eru byggð um 1950, öll steinsteypu, með járnþaki, taka um 330 fjár, tvær viðbyggðar hlöður og súrheysgryfja, sérkennileg sambygging, og líklega með elstu steypu fjárhúsum á Austurlandi. - Á þaki steypu húsa er torf á bárujárn. Húsin vestan þeirra steypu eru líklega reist á klöpp, sem sér sumsstaðar í. Elli er líklegt að hér séu þykk byggingarlög.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 3; HH, 20.

NM-201:008 heimild um stekk

Utan við vatnið [þ.e. Ásgrímsstaðavatn] er Stekkholt." segir í örnefnalýsingu. Helgi Hallgrímsson bætir við: "Þetta er móaholt með smáklöppum, niður af bænum Móbergi, og er stekkjartótt líklega neðanvert í því. (Elli greinileg á loftmynd)." Elli var hægt að komast á þennan stað fyrir skurðum og girðingum.

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 2; HH, 20.

NM-201:009 heimild um leið

"Framan við Valshamar er Heybandsklauf. Þá heitir næsta skora fyrir innan Hamravík. Þá er næst fyrir innan Engiklauf. Um hana var farið með heyband (engjagötur). Þær eru beint niður af Móbergi". segir í örnefnalýsingu. Elli var hægt að komast á þennan stað fyrir skurðum og girðingum.

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 3; HH, 20.

NM-201:010 *Þrætubraut* heimild um leið

65°34.748N 14°17.462V

"Milli Þórarinsholta er gamall vegur, upphlaðinn, kallaður Þrætubraut. Sú framkvæmd var samþykkt með tæpum meirihluta á almennum sveitarfundi, eftir harðar umræður, laust eftir síðustu aldamót."

Heimildir: Ö-Ásgrímsstaðir, 4-5; HH, 20.


NM-201:011 tóft

65°33.585N 14°16.847V

Um 20 m vestur frá klettabrún við

Ásgrímsstaðavatn er stök tóft í móunum. Snýr norður-suður. Vaxin lyngi og fjalldrapa, gras á veggjum.


Hættumat: engin hætta.



NM-201:012 kvíatóft

65°33.591N 14°16.927V

Um 50 m ofan kletta ofan Ásgrímsstaðavatns, um 100 m norðaustur af steinsteyptu íbúðarhúsi á Ásgrímsstöðum er lítil tóft upp við lítinn klett neðan við túnið. Ferhyrind tóft, um 2x4 m að innanmáli. Kletturinn myndar annan langvegg tóftarinnar sem



hefur útlit fyrir að hafa verið kvíar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-201:013 heimild um fjárhús


Á móts við hliðið á Ásgrímsstöðum, rétt utan við Móbergsgirðingu stóð áður fjárhús. Þar er nú grasi vaxið fremur slétt land við vegarbrún. Ekki sér neitt til þessa húss. Sé eitthvað eftir

af því er það líklega helst í hættu af endurbótum á þjóðvegi.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar.


NM-201:014 tóft af heystæði

65°32.821N 14°17.512V



Um 70 m norðaustur af norðurenda Víðistaðavatns fremra, fast við hálsinn sem þjóðvegur liggur um (Hrollaugsstaðaháls), er aflöng tóft. Í þýfðu lyngi vöxnu mýrlendi. Hún er 8 x 5,5 m að utanmáli og hleðslur signar um 0,5 m háar. Í tóftinni er innri hleðsla sem hólfar u.þ.b. fjórðung úr henni og er sú hleðsla gleggri og virðist yngri en hitt.


Hættumat: hætta vegna gróðurs.



40. Fornleifakort. Hrollaugstaðir

NM-202 Hrollaugstaðir

24 hdr. 1397, 20 hdr. 1560, 1847, 16 hdr. 1695. 1/2 Valþjófsstaðakirkjueign frá því skömmu fyrir 1397 og 1/2 Hallormsstaðakirkjueign frá því fyrir 1570. Getið í Droplaugarsona sögu og er þar sagt að Ketilormur bóndi á Hrollaugstöðum hafi farið með 30 mönnum með Helga Ásbjarnarsyni til Eiða - ÍF XI, 169. Fyrst getið í skjölum í rekaskrá Skálholtsstaðir frá um 1270: Jtem og enn. hier til [reka] fyrir flíotzdalshieradi j Galltastada sandi og hrollugstada. - DI II, 75; 17.7.1367 [Á Vallaneskirkja] toltfungh [í reka] a hrollaugstada sandi. - DI III, 238, cop. í Vilch. DI IV, 205, [1419] - DI IV, 271 og 4.9.1471 - DI V, 630; 1397 á kirkjan á Valþjófsstað nu at auk fornrrar jnnstaedu ... haalfajord hrollaugstadi xij. c. - DI IV, 212 cop i [1471] - DI V, 632; 1560 á Valþjófsstaðakirkja hálfa Hrollaugsstæði og er jarðarhlutinn þá metinn á 10 hdr og var ekkert kúgildi byggt með jörðinni en leigan var 4 ærgildi. - DI XIII, 559, sbr. [1570] - DI XV, 681; Um 1570 hafði



Hallormsstaðakirkja svo eoignast 'halffa' - DI XV, 682. Í bréfi um sandheiti fyrir Héraðsflóa frá 1579 segir að Hrollaugsstæði eigi 4 hdr faðma - DI XV, 710- 711.

Í landi Hrollaugsstæða er eyðibýlið Engilækur, sem var í byggð frá 1830 fram um aldamót. Hrollaugsstæði eiga mikil engjalönd í Hrollaugsstæðablá. Lengi var tvíbýli á Hrollaugstöðum, en landi ekki skipt nema að túni. Jörðin fór í eyði 1968, íbúðarhúsi er haldið við til sumardvalar. SJM II, 326- 328.

1919: tún 4,1 ha. garðar 725 m². "Tún þýft mestallt, ræktargott. Engjar grasgefnar, samfelldar og mjög víðlendar, nokkuð slétt", votlendar ... " SJM II, 327.

41. Fornleifakort. Hrollaugsstæði - bæjarstæði

NM-202:001 bæjarhóll bústaður 65°32.931N 14°16.193V
Gamli bærinn stóð rétt norðan við steinsteypu íbúðarhús, sem nú stendur ásamt litlum skúr í suðurjaðri hólins. Grasi gróinn, ósléttur, tún sléttað allt í kring. Dældir sjást í hól, eftir hús í bæjarþorpi, en ekki svo skýrar að greina megi húsaskipun. Hóllinn er ávalur, um 1 m hærri en túnið umhverfis og 20x16 m að stærð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: SJM II, 328; Túnakort 1919.

NM-202:002 frásögn um lambhús 65°32.977N 14°16.106V
50 m norðaustur af bæjarhól, 6- 7 metra vestan við klettahól, voru lambhús. Þarna er búið að slétta túnið og sést ekki til tófta.. Þó er aflangur blettur í túninu, 20 x 8 m, þar sem gróður er með öðrum lit og gæti verið vísbending um staðsetningu húsanna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


NM-202:003 fjárhústóft 65°32.975N 14°16.239V
Um 50 m norðnorðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi, við enda á túngarðsbút í vesturbrún túns, var fjárhús. Tóftin er á grasi vöxnum hól við túnjaðar. Hún er aflöng, 15 x 12 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, 50 m háar. Þarna voru tvö tvístæðuhús og hlaða, og fylgdu yzta búinu á Hrollaugsstöðum, að sögn Gróu Kristinsdóttur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-202:004 útihústóft 65°32.974N 14°16.267V
Skammt norðan við fjárhús, NM-202:003, er útihústóft í grasi vaxinni brekku rétt í eða utan við túnjaðarinn. Tóftin er ferhyrnd, 5 x 3 m að innanmáli, og standa grónar hleðslurnar 80 cm háar. Vestur af tóftinni eru tvö ógreinileg hólf, 3 x 4 m að innanmáli hvort.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.




NM-202:005 fjárhústóft 65°32.884N 14°16.181 V
60-70 m suður af steinsteypu íbúðarhúsi, 30 m austur frá klettum ofan við tún, er tóft í túninu, en sléttað umhverfis hana. Tóftin er ferhyrnd, 4 x 4 m að utanmáli, og hleðslur 50 cm háar. Norður frá tóftinni er ósléttur blettur, 15 x 6 m. Að sögn Gróu Kristinsdóttur var litla tóftin súrheysgryfja, líklega frá 1951, en búið er að ryðja niður fjárhúsi sem þarna var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-202: 006

Grjótstekkur stekkjartóft

65°32.417N 14°16.777V



Um 200 m norðan við landamörk við Markhamarsklauf er grasi og lyngi vaxin tóft. Tóftin er um 20 m ofan, vestan, við gamla þjóðveginn, í lyngi vaxinni brekku undir kletti. Hóll, melhryggur, er milli tóftarinnar og vegarins og sést hún ekki frá vegi. Lögun tóftarinnar er óregluleg, hún er 5 x 4 m að utanmáli og hleðslur signar, 40 cm háar.


Hættumat: engin hætta.

NM-202:007

kálgarður

65°33.228N 14°15.933V


"Enn sér fyrir sáðgarði NA af bæ, undir Bjargi, frá tíð Magnúsar Einarssonar, fyrir aldamót." segir í Sveitum og jörðum í Múlapingi.



Sáðgarðurinn er ca 600 m norðaustur frá steinsteypu íbúðarhúsi, í þýfðum lyngi vöxnum móa sunnan í klettahæð. Garðurinn er ferhyrndur, 7 x 5 m að innanmáli, og hleðslur 60 cm háar. Garður gengur frá klettavegg hornrétt á nyrðri garðvegg og myndar hólf uppi við brekkuna. Sáðreitirinn er vaxinn lyngi og fjalldrapa, og grasi á veggjum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 327.



NM-202 008 túngarður 65°32.935N 14°16.269V

Í vesturbrún túnsins, sem íbúðarhúsið stendur í, sést túngarður á köflum. Garðurinn er 80 cm hár, lengd alls tæplega 200 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 327.

NM-202:009 stekkjartóft 65°33.402N 14°16.241 V

Farið norður fyrir tún og vestur með klettum sem snúa móti norðri. Þar er klettur, Jóhannesarklettur, sem snýr nánast norður og suður, og er stekkur við vesturhlið hans. Þetta er um 900 m norðan við íbúðarhús. Tóftin er í lyngi vöxnum þýfðum móa undir klettinum, og er hann notaður sem austurhlið mannvirkisins. Stekkurinn er aflangur, 10 x 3,5 m að utanmáli og signar hleðslur 40 cm háar.


Hættumat: engin hætta

NM-202:010 heystæði

65°32.114N 14°15.020V

100-120 m sunnan við áveitu er heytóft á bakka Selfljóts. Tóftin er á punkti vöxnum fljótsbakka, sem er hærri bláin vestan hans. Tóftin er aflöng, 8 x 4 m að utanmah, hleðslur eru signar og 30 cm háar.

Hættumat: engin hætta.



NM-202:011 Engilækur býli 65°33.552N 14°1 L958V

Í Sveitum og jörðum segir að afbýlið Engilækur sér "um klukkutíma gang NA frá Hrollaugsstöðum, á Harðvellishomi utan við Jökullæk og niður við Selfljót.

.. Engilækur er tilgreindur sem hjáleiga frá H[rollaugsstöðum] í F[asteignabók] 1861, en ekki síðar í fasteignabókum." Þar kemur einnig fram að búið hafi verið á Engilæk frá um 1830 til aldamóta. Býlið Engilækur er á milli Jökullækjar og Engilækjar, sem falla báðir í Selfljót þar sem það beygir í austur innan við bæinn Klúku. Býlið gekk til Klúku þegar það eyddist um síðustu aldamót. Bæjarstæðið er rétt vestan Engilækjar í túni sem nýtt var frá Klúku. Inn í túninu er um 90 m langur hóll með ójöfnum. Þar gæti bærinn hafa staðið. Túnið hefur verið nýtt og tóftirnar því sléttaðar. Í túninu er aflangur hóll í sjást dokk:ir, sem benda til mannvirkja er þar hafa verið. Tún 0,8 ha. 1919. Sjá einnig 041.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SJM II, 327; "Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182; Túnakort 1919.


NM-202:012 Mangahús beitarhúsatóft
65°33.504N 14°15.095V

"Í Hálsinum voru tvenn beitarhús, og hin þriðju við Jökullæk." segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi, og að þau hafi verið lögð niður 1915. Beitarhúsin, sem eru við Jökullæk, eru um 1 km norðaustur af bænum. Gengið er meðfram framræsluskurði sem liggur frá tjörninni austan bæjar og eru tættur þar sem skurðurinn kemur saman við tvo aðra, rétt norðaustan við mót skurðanna. Tóftin er í grasi vöxnu mýrlendi. Hún er aflöng, 16 x 10 m að utanmáli og signar hleðslurnar 60 cm háar. 15 m

suðaustan við tóttina er lítil heytóft, 3x2,5 m og 0,8 m hærri en mýrin umhverfis. Magnús, föðurbróðir Gróu, átti þessi hús og voru þau kennd við hann.


Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: SJM. II. 327.



NM-202:013 beitarhúsatóft 65°32.711N 14°16.924V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að tvenn beitarhús hafi verið í Hálsinum, og hafi þau verið lögð niður 1915. Beitarhúsatóft austantil í hálsbrúninni, 60 - 70 m frá gamla þjóðveginum og nánast í hávestur af vegamótum þar sem afleggjari að Hrollaugsstöðum liggur af gamla þjóðveginum. Fyrir neðan tóftina er brekka en grýtt holt



fyrir ofan hana og gæti verið hætta á uppblæstri þaðan. Rústin vaxin grasi og lyngi. Hún er ferhyrnd, 9,5 x 4 m að utanmáli, og signar hleðslur 60 cm háar. Búið er að taka grjót úr tóftinni að sögn Gróu Kristinsdóttur.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: SJM II, 327.



NM-202:014 beitarhúsatóft

65°32.723N 14°17.077V

Í Sveitum og jörðum í Múlaþingi segir að tvenn beitarhús hafi verið í Hálsinum, og hafi þau verið lögð niður 1915. Beitarhús eru einnig um 70 m vestar og 35 m norðar en NM-203:13, í sama hálsi og 50 m austan við nýja þjóðveg. Tóftin er á holti sem er nokkuð blásið. Hún er ferhyrnd, 10 x 5 m að utanmáli, og hleðslur 60 cm háar. Flag er S við tóftina og gæti verið hætta á uppblæstri.


Hættumat: hætta vegna rofs

Heimildir: SJM II, 327.

NM-202:015 tóft afheystæði 65°32.328N 14°15.614V

Við norðausturhorn Torftjarnar er heytóft á lyngi vöxnu holti, austan við tóftina er mýrlendi, blá. Tóftin er aflöng 8 x 4 m að utanmáli, hleðslur 30 cm háar.

Hættumat: engin hætta .



NM-202:016 tóft 65°33.139N 14°15.920V

Um það bil 200 m norðaustur af íbúðarhúsi, í brekku vaxinni lyngi og fjalldrapa, tæplega 100 m upp, vestur, frá tjörninni austan bæjarins.


Tóttin er aflöng, 7 x 4 m að utanmáli. Notkun óþekkt, e.t.v. stekkur.

Hættumat: lítil hætta vegna gróðurs.

NM-202:017

áveita

65°32.259N 14°15.632V



“Skurður úr Torftjörn í Selfljót, líklega grafinn um aldamót til áveitu og framræslu, hátt á annan km, mikið mannvirki” segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. Áveituskurðurinn er í blánni austur af Torftjörn og stefnir austnorðaustur. Við tjörnina er hann um 60 cm breiður, lengst af sést hann aðeins sem rák í gróðri, en næst fljótinu er hann allt að 1 m á breidd. Skurðurinn er rúmlega

500 m langur. Þar sem skurðurinn liggur út í fljótið eru tveir garðar. Sá innri er

hlaðinn í hálfhring, fjórðungur hringa hvorum megin við skurð. Hinn ytri liggur í boga frá fljótsbakka og að suðurhlið skurðar, en liggur beint í norður norðan skurðarins. Allar líkur eru á að þetta sé hluti mannvirkisins.

Heimildir: SJM. II, 327.


Hættumat: engin hætta.

NM-202:018 tóft af heystæði

65°32.273N 14°14.793V

120 m norður af áveituskurði, NM-202: 16, þar sem hann sameinast Selfljóti, er heytóft á fljótsbakkanum. Tóftin stendur á hól sem er um 1 m hærri en umhverfið. Lögun hennar er óregluleg, 10 x 9 m að utanmáli, og hleðslur 30 cm háar.

Hættumat: engin hætta.



NM-202:019 tóft

65°33.065N 14°15.705V

Norðaustur frá bænum, handan tjarnar og sunnan við klettahól er tóft. Hún er um 6 m frá tjarnarbakkanum, í lyngi vöxnu mýrlendi milli klettahóla. Tóftin er ferhyrnd, 7 x 4 m að utanmáli, og signar hleðslur 50 cm háar. Tóftin er öll vaxin lyngi og fjalldrapa og lítur út fyrir að vera allgömul. Ekki er vitað hvaða hlutverki þetta mannvirki gegndi.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

NM-202:020 tóft af heystæði

65°33.377N 14°15.202V

Um 900 m NA af bæjarhól er heytóft, skammt sunnan við beitarhús, NM-202: 12. Skurður úr tjörninni austan bæjar liggur í átt að tótt þessari og skiptist rétt suðvestan við tóttina. Hún er í grasi og kjarri vöxnu mýrlendi um 10 m frá skurðbakkanum. Tóftin er 5,5 x 3 m að utanmáli, signar hleðslurnar 30 cm háar og tóftin ekki vel greinileg. Hún er á ílöngum grænum hól, sem er um 1 m hærri en landið umhverfis.


Hættumat: engin hætta.

NM-202:021 hesthústóft

65°32.813N 14°16.260V

Utan við gamla túngarðinn, um 150 m suðvestur af steinsteyptu íbúðarhúsi, í grasi vaxinni brekku milli kletta er ferhyrnd tóft, sem skiptist í tvö hólf. Þarna var hesthús, að sögn Gróu Kristinsdóttur. Tóftin er 10 x 7 m að utanmáli, og er byggð utan í lítinn klett. Hleðslur standa grónar og eru 1,8 má hæð. 3 metrum sunnan við tóttina liggur 9,5 m langur garður austur og vestur. Veggurinn endar við klettavegg, sem er austan við tótt, og myndar þar aðhald.

Hættumat: engin hætta.




NM-202:022 fjárhústóft 65°32.859N 14°16.250V

Utan við gamla túngarðinn, rúmlega 100 m suðvestur af steinsteyptu íbúðarhúsi í grasi vaxinni brekku milli kletta var hrútakofi og seinna lambhús, að sögn Gróu

Kristinsdóttur. Tóftin er ferhyrnd, 5 x 3 m að innanmáli, og standa grónar hleðslurnar

1 m háar. Í húsinu er garði. Klettur þrír eru notaðir sem hluti byggingar. Dyr eru til suðausturs og garður milli tveggja kletta myndar afgirtan blett suðaustan við tótt, ca 9 x 5 m.

Hættumat: engin hætta.



NM-202:023 útihúsatóft

65°32.811N 14°16.184V

Rúmlega 100 m í hásuður af steinsteyptu íbúðarhúsi, uppi við klett er tóft af útihúsi við

túngarðinn. Tóftin er í grasi vaxinni brekku milli kletta. Hún er ferhyrnd, 4 x 3 m að utanmáli. Hleðslur er signar, 50 cm háar. Þarna hefur verið útihús, byggt eins og ofan á túngarðinn og því yngri en hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-202:024 kartöflugeymslutóft

65°32.906N 14°16.251 V

Um 30 m vestur af íbúðarhúsi er tóft við túngarðsenda sunnan slóða sem ekið er eftir að bænum. Tóftin er ferhyrnd, 2,5 x 2,5 m að innanmáli og standa 70 cm háar hleðslur. Flag eftir sauðfé er í tóftinni. Að sögn Gróu Kristinsdóttur var þetta kartöflugeymsla.

Hættumat: hætta vegna rofs.

NM-202:025 frásögn um fjárhús


65°32.835N 14°16.115V

Um 80 m suðaustur af steinsteyptu íbúðarhúsi, 30 m austur og niður af NM-203 :5, voru fjárhús. Þarna er búið að slétta og sést ekki til fornleifar, en hóllinn þar sem fjárhúsin voru er enn nokkuð ósléttur og mótur óglögg fyrir húsum á nyrðri hluta hans. Hóllinn er ílangur, 25 x 15 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-202:026 kvíatóft

65°32.877N 14°16.317V



50 m suðvestur af steinsteyptu íbúðarhúsi, í grasi vaxinni brekku sunnan við klett, er ferhyrnd tóft, 3 x 1,5 m að innanmáli. Hleðslur 50 cm háar. Þarna voru kvíar sem tilheyrðu ytra búinu.


Hættumat: engin hætta.

NM-202:027 kvíatóft

65°32.861N 14°16.284V

60 m suðvestur af steinsteyptu íbúðarhúsi er tóft í grasi vaxinni brekku, við klett. Tóftin 10 - 15 m sunnar en NM-202:26. Hún er ferhyrnd, 4 x 2 m að innanmáli, hleðslur standa grónar og 80 cm háar. Þarna voru kvíar.

Hættumat: engin hætta.

**NM-202:028** tóft

65°33.128N 14°15.510V

Um 300 m norðaustur frá bæ, handan tjarnarinnar austan við hann og hinum megin við ílanga klettahæð er lítil girðing (rétt?). Tóftin er í lyngi vöxnu mýrlendi undir stuðlabergskletti. Hún er ferhyrnd, 9 x 7 m að innanmáli, og signar hleðslur 40 cm háar. Gaddavírgirðing hefur einhvern tíma verið á girðingunni, einn staur stendur þar nú.

Hættumat: engin hætta.

NM-202:029 garðlag

Um 50 m sunnar er NM-202:28 er aðhald, myndað af viki inn í klett og er grjóthleðsla fyrir það. Lögun óregluleg, mannvirkið er 6 x 5 m að innanmáli. Grjóthleðslan er sign, um 40 cm há. Hún er 4 m löng og 1-2 umför. 6 m norðan við vikið er lág upphækkun upp við bergið, sem virðist hlaðin og er 4 x 4 m. ÞITTna hefur líklega verið stekkur.

Hættumat: engin hætta.

NM-202:030 tóft

65°32.521N 14°15.544V

Um 700 m suðaustur af bæ, í austurhlið klettahæðar, er tóft uppi við klett, í skarði eða viki í klettinn. Tóftin er 1,5 x 1,5 m að utanmáli, hleðslur signar og um 40 cm háfil.


Hættumat: engin hætta.

NM-202:031 brunnur

65°32.941N 14°16.143V


Í norðaustur-horni bæjarhóls, um 30 m norðaustur frá steinsteyptu íbúðarhúsi, er brunnur. Ferhyrnd hleðsla er kringum brunninn, 2 x 2 m og 30 cm há. Timbur er yfir brunnopinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

**NM-202:032** tóft 65°32.289N 14°15.886V

Nærri vesturbakka Torftjarnar, um 300 m frá gamla þjóðveginum, er ógreinileg tóft í lyngi vöxnum og þýfðum móa. Þetta er í syðsta enda svonefnds "Langamóa". Tóftin er ferhyrnd, 7 x 5,5 m að utanmáli, hleðslur 40 cm á hæð, signar. ÞITTna gæti hafa verið stekkur.

Hættumat: engin hætta.




NM-202:033 tóft 65°32.295N 14°15.781V
Nærri norðurenda Torftjarnar, um 50 m norðar en NM-202:32, í þýfðum og lyngi vöxnum móa er grasi vaxin tóft, en á henni vaxa einnig lyng og fjalldrapi. Lögun tóftarinnar er óregluleg. Hún er 10 x 5 m að utanmáli, hleðslur eru signar og 50 cm háar.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

NM-202:034 tóft 65°32.340N 14°15.812V
Við norðausturenda Torftjarnar, 15 m norðar en NM-202:33, er tóft í þýfðum lyngi vöxnum móa. Tóftin er ferhyrnd, 5 x 4 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m þykkir, hleðslur signar, um 40 cm á hæð. Tóftin er


vaxin fjalldrapa og sést ógreinilega

Hættumat: hætta vegna gróðurs.



NM-202:035 tóftir 65°32.375N 14°15.823V
Norðvestur af Torftjörn, um 40 m norðar en NM-202:34, er tóft. Hún er uppi við litla hæð með steinum, við suðausturhlið hæðar, þýfður lyngi vaxinn mói í kring. Lögun tóftarinnar er óregluleg, hún er 10 x 9 m að utanmáli og signar hleðslurnar 40 cm háar. Litla hólfið í suðvestur-horni tóftarinnar er gleggst og gæti verið yngri en hitt.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.



NM-202:036 þjóðsaga legstaður
65°32.241N 14°16.235V

"Í Markhamarsklauf segja munnmæli að granna Hrollaugur og Bóndi hafi barist og fallið báðir. Þeir liggja hvor í sínum haug í hallinu neðan við hamarinn og skammt á milli." segir í Sveitum og jörðum. Í örnefnalýsingu er sagt frá þessum stað á líkan hátt: "Milli hálsins (Hrollausstaðaháls) OfsMarkhamarsins er Markhamarsklauf. Í henni er sagt að Hrollaugur og Bóndi hafi barist, og séu heygðir í Hagunum. Beint niður af Hagunum er tjörn, sem heitir Torftjörn."

200 m suðaustur frá gamla þjóðveginum, niður af Markhamri og aðeins norðar en hamarinn eru tvær stórar og aflangar þúfur

eða þústir, 5 x 3 m og um 0,6 m háar, og er lítill lækjarskorningur á milli þeirra. Milli þústanna eru um 5 m. Þær eru þar sem mýrlendið skiptir um lit, og hin eiginlega blá byrjar. Í mýrlendi.

"Markhamarsklauf er á milli Bóndastaðaháls og klettahöfða er gengur fram úr

hálsinum og Markhamar kallast, á merkjum Bóndastaða og Hrollaugsstöða. Liggur gamli þjóðvegurinn um klaufina. Í landamerkjalýsingu Hrollaugsstöða kemur fram, að Haugarnir eru á merkjalínunni, líklega smáholt í mýrinni ofan við tjörnina. Ekki kom ég auga á þá, þegar ég kom þarna 1992." skrifar Helgi Hallgrímsson. - Ekki er hægt að fullyrða að þústir þessar séu mannaverk. Sigurð Karlsson minnir hann hafi heyrt að haugarnir væru þrír, og að Ásgrímur á Ásgrímsstöðum væri heygður í hinum þriðja, en segist ekki hafa séð það neinsstaðar á prenti. Um 15 m norðaustan við þústirnar tvær er sú þriðja, 4x4 m. Hún gæti verið heystæði, og reyndar á það einnig við um hinar tvær

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SJM II, 327; Ö-Hrollaugsstaðir, 1; HH.

NM-202:037 kuml legstaður

Sumarið 1952 fundust mannabein í nýræktarflagi uppi undir hömrum fyrir utan og ofan bæinn. Kristján Eldjárn kannaði staðinn en fann ekki kumlið sjálft. "Kumlaleifar rannsakaði ég á Hrollaugarstöðum sumarið 1952. Þær voru í tveimur stöðum í landareigninni. Aðrar leifarnar voru í nýræktarflagi uppi undir hömrum fyrir utan og ofan bæinn. Hafði þar áður verið hrísmór, en var hyllt með jarðýtu. Þarna fundust nokkur beinabrot, sem jarðýtan hafði fært úr stað, m.a. mikið út hauskúpu. Enn fleiri bein fundust, en engir gripir, og sýnilega hefur kumlinu verið umturnað fyrir löngu. Beinir eru sennilega úr konu."

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: KEKH, 178-179.

NM-202:038 kuml legstaður

Uppi á hraungarðinum suðvestur af bænum fundu börn mannabein árið 1952. Þar kannaði Kristján Eldjárn kuml með mannabeinum, en einnig beinum úr hrossi og hundi og nokkrum járnbrotum, en taldi sig sjá að kumlið hefði verið hreyft áður. Eru þessir kumlfundir til marks um að snemma hafi verið byggt á Hrollaugsstöðum.

"Kumlaleifar rannsakaði ég á Hrollaugarstöðum sumarið 1952. Þær voru í tveimur stöðum í landareigninni. . . . Hinar leifarnar voru fyrir sunnan og ofan bæinn, uppi á hamrabeltinu, sem bærinn stendur undir, "uppi á hraungarðinum" eins og komizt er að orði á bænum. Þarna eru miklir og allstórþýfðir móar. Flag hafði myndast þar í kolli stórrar þúfu, og grófu leiksveinar í það, en komu niður á mannabein og hættu við það greftrinum. Ég víkkaði út holu drengjanna og sá brátt, að þetta mundi vera áður uppgrafið kuml, því að mannabeinahrafl var þar sundurlaust og innan um beinin nokkur hrossabein og hundsbein. Auk þess fann ég, þó einkum á botni grafarinnar, nokkur járnbrot, sem vant er að sjá, úr hverju eru, en eitt þeirra gæti verið úr skjaldarbólu. Hin upprunalega gróf held ég, að hafi komið skýrt fram, þegar búið var að grafa innan úr henni hreyfðanjarðveg. Hún snéri A-V, en ógerningur að segja í hvorum endanum höfuðið hafi verið. Dýpt var um 75 sm, lengd 1.75 m og breidd um 90 sm. Sýnilega hefur verið orpinn lágur haugur yfir gröfina. Um 3 m frá vesturenda hennar var allstór þúfa og fremur í stærra lagi þeirra, er þarna voru. Í hana gróf ég og fann hrossbein óskipuleg, og virðast þau sýna, að þarna hafi verið hrossgröfin, sem kumlinu fylgdi, og þessu hafi verið afstaðan milli kumla manns og hests. Í aðra stóra þúfu gróf ég einnig og fann eitt hrossbein samhengislaust við allt annað. Þessar leifar á Hrollaugarstöðum eru gott dæmi um mjög illa leikið kuml."


NM-202:039 garðlag

65°33.559N 14°12.107V

Garður liggur frá Engilæk á um 120 m kafla inn að rétt/kvíum 041 við tún á Engilæk. Í landi Engilækjar sem tilheyrir nú Klúku. 3 m vestan við garðinn rennur mýrarlækur. Garðurinn er útflattur og mjög vaxinn lyngi og víði. Hann er allt upp í 2,5 m breiður á köflum. Garðurinn endar neðan réttarinnar og er ekki hægt að greina á honum framhald.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

NM-202:040 stekkjartóft 65°33,285N 14°13.058V



"Inn á Jökullækjarbökkum [í Engilækjarlandinu], var Stekkur" segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er í gömlum þurru lækjarfarvegi um 25 m vestan Selfljóts. Í landi Engilækjar sem tilheyrir nú Klúku. Veggir stekklarins eru vaxnir grasi og víði. Hlaðið hefur verið fyrir lækjarfarveginn þannig að tvö hólfa hafa myndast. Það minna er norðan við og er 2x3 m. Framan (sunnan) við það er stærra hólfa, 5x7 m. Þar víkkar lækjarfarvegurinn út og er syðri veggur stærra hólfsins aðeins hlaðinn fyrir farveginn hálfan.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Klúka, 2.

NM-202:041 tóft+ garðlag rétt

65°33.564N 14°12.111V


Rétt vestan túns á Engilæk 011, um 40 m frá Sefljóti, er tóft af kvíum eða rétt. Í landi Engilækjar sem tilheyrir nú Klúku. Stórt hólfa, 20 x 10 m og er lítið hólfa í SA-horni þess. Inn í réttinni er stórpýfi og gætu fleiri veggjalög hafa verið þar inni. Garður liggur út frá SA-horni réttarinnar og kemur aftur í sama horn. Tóftir og garður eru vaxin lyngi og víði og hlaupin í þúfur.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

NM-202:042 tóft afheystæði

65°33.356N 14°13.532V

Rétt ofan (norðaustan við) bakka skurðar sem liggur sunnan Jökullækjar, er upphækkuð tóft, sennilega heystæði. Í landi Engilækjar sem tilheyrir nú Klúku. Tvískipt tóft, grasi vaxin.



Hættumat: engin hætta.

NM-202:043 tóft af heystæði



65°33.322N 14°13.093V


Annað heystæði er á nyrðri bakka gamals uppþornaðs lækjarfarvegar, um 50 m vestan við Selfljót í landi Engilækjar. Tóftirnar eru í fyrrum landaeign Engilækjar, sem síðar var lögð undir Klúku. Lögun og gróðurfar á tóftinni bendir til að hún sé ekki mjög gömul og tilheyri fremur Klúku en Engilæk. Tvær upphækkaðar sambyggðar tóftir, grasi vaxnar. Sú stærri er 7x3 m og snýr nálega norður-suður. Sú minni, 5x3 m liggur skáhallt norðaustur-suðvestur aftan við þá stærri. Staur með gaddavír er við tóftirnar.

Hættumat: engin hætta.

NM-202:044 stekkur

Stekkur er skammt frá Torftjörn, að sögn Gróu Kristinsdóttur, í Hellishrauni. Þar er stekkjartóft inn í hvammi undir hrauninu. Hraunið er notað sem ein hlið í stekksnum og sést inn í stekkin í gegnum Hellisop.






42. Fornleifakort. Bóndastaðir

NM-203 Bóndastaðir

12 hdr. 1695, 1847. Kirkjubæjarkirkju- og síðar Vallaneskirkjueign. Í Fljótsdæla sögu er nefndur bærinn Brandsstaðir eða Brandastaðir, og hefur verið bent á að það gæti átt við Bóndastaði enda engir Brandsstaðir til á þessum slóðum - ÍF XI, 235; StSÍ II, 485. Í byrjun 14. aldar bjó Ívar Beinteinsson á Bóndastöðum og eru skráðar af hinum þrjár jarteiknasögur í Miðsögu Guðmundar góða. Þar er m.a. getið um kú sem bóndi átti og því að nautamaður kom til fjóss um morgun. Bsk I, 618. Í máldaga



44. Fornleifakort. Bóndastaðir – bæjarstæði

kirkjunnar í Kirkjubæ í Hróarstungu frá því um 1336 kemur fram að kirkjan átti Bóndastaði, en jörðin komst síðar í eigu Vallaneskirkju sem skipti á henni og

Galtastöðum við Kirkjubæjarkirkju fyrir 1541. Afbýli í landi Bóndastaða voru Valhnúksstaðir og Ból, eða Bólar. Jörðinni tilheyrir Bóndastaðablá og er þar mikill heyfengur í góðri tíð. Jörðin er góð búskaparjörð og land vel fallið til ræktunar. Árið 1956 var nýbýlið Laufás byggt úr landi Bóndastaða. Búskapur lagðist þá af á heimajörðinni en býið er í Laufási. SJM II, 307-308.

1919: tún 5 ha. garðar 540 m². "Túnið er að hluta brattlendi og grýtt, en samt deiglent. Það er enn með gömlum svip, húsatóttir víðs vegar, þaksléttum og fl. Engjar gáfu stundum af sér 500-600 hb." SJM II, 308.

Heimildamaður: Sigurður Karlsson fæddur að Bóndastöðum 19.07.1922.

NM-203:001 bæjarhóll bústaður

65°31.425N 14°16.859V

Gamli bærinn var þar sem nú er tvílyft íbúðarhús úr steini. Það var reist 1916, að hluta á hlöðnum kjallara, þar sem áður var svonefnt Frammihús, en aðrir hlutar bæjarhúsaþorps stóðu áfram. Steinhúsið var stækkað 1946 og 1947 var steipt á gamla bæjarstæðinu vestan við íbúðarhúsið, fjós, hlöður og haughús. Bæjarhóllinn hefur því að mestu horfið við byggingaframkvæmdir á þessari öld.

"Eldri hús: Frammihús með inngangi og stofu niðri og geymslulofti, dyr í austur. Baðstofa 12 x 5 álnir, hlaðnir stafnar upp úr, portbyggð, tvískipt uppi, slétt súð úr plægðum viði, konuhús, pilthús og gestaherbergi niðri. "Sigurlínar baðstofa" ... byggð fyrir 1910, lítil. Búið í bænum til 1918. Steinhús byggt 1916, járnþak (annar hliðarveggur úr torfi og grjóti), 45 m², tvær hæðir og hlaðinn kjallari að hluta. Þiljað innan og einangrað með torfi, 6 herbergi niðri, 4 uppi. Sigfús lét byggja. Karl smiður. Húsið stækkað um 4 herbergi, auk ganga, og útveggir allir steiptir 1946, nú 74 m². Steipt 1947 á gamla bæjarstæðinu, áfast íbúðarhúsinu, fjós fyrir 6 [kýr], með geymslulofti; þurrheyshlaða 160 m³, votheyshlaða 50 m³ og haughús, 60 m³. Önnur gripahús úr torfi á víð og dreif um tún. Komin undir járn 1947. Fyrst steypa og þakjárn í gamla íbúðarhúsið 1916" segir í Sveitum og jörðum. Sigurður Karlsson segir að herbergin hafi eftir sakkun verið 11 í allt, 5 niðri og 6 uppi. Steinhúsið og viðbyggingar þess standa ennþá á Bóndastöðum, og tóftir nokkurra útihúsa á túninu.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 308.

NM-203:002 Kletthús útihúsatóftir

65°31.347N 14°16.844V

"Innst og efst á túninu var allvæn skák, sem hét Bólatún.[...] Þar nokkru neðar voru hús, sem nefndust Kletthús, tvö saman, og hlaða við. " segir í örnefnalýsingu. Kletthús voru fyrir ofan klettabrún um 100 m suðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi. Sléttað tún vestan og sunnan við.



Þar standa nú greinilegar tóftir af tveimur húsum. Norðar, nær íbúðarhúsi er hesthús sem snýr norðaustur-suðvestur, 11 x 6 m að utanmáli. Hlaða var í norðausturendanum, nær íbúðarhúsi. 8 m suðvestan við þessar tóftir eru tóftir af öðru húsi, sem snúa norðvestur-suðaustur, 16 x 9 m að

utanmáli, fjárhús með garða og hlaða aftan við. Á milli húsanna er stuttur veggstúfur, 1 m frá nyrðra húsi, 3 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Um það bil 7 m langur veggstúfur liggur frá syðra húsinu í suðvestur. Ekki er vitað hvaða tilgangi sá veggur þjónaði og ekki hefur staðið þarna nein bygging í seinni tíð. Hleðslur standa grónar, og mest í 2 m hæð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 2.

NM-203:003 heimild um fjárhús

65°31.454N 14°16.823V

"Út og uppi á túninu var eitt tvístæðuhús, sem tók um 100 fjár, og rétt hjá ærhús eitt, sem tók um 30". segir í örnefnalýsingu. Þessi hús voru á sama stað, á hól um 60 m norður af steinsteypu íbúðarhúsi. Tún er austan og sunnan við hólinn. Húsin hafa verið sléttuð undir tún en þó sést móta fyrir húsgrunni á um 16 x 12 m bletti, sem snýr austur-vestur

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 2.

NM-203:004 frásögn um bústað

65°31.310N 14°16.881V

Tæplega 200 m suður eða suðsuðvestur frá steinsteypu íbúðarhúsi er hóll undir kletti við túnjaðar. Sigurður Karlsson bóndi í Laufási hefur eftir foreldrum sínum að þarna hafi verið kot og búið einsetumaður, Ólafur að nafni, en ekki er vitað hvenær það á að hafa verið. Á hólnum eru nokkrar stórar og reglulegar þúfur sem gætu verið leifar af tóft, sem hefur verið um 7 x 4 m og snúið norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-203:005 hesthústóft


65°31.479N 14°16.758V

"... yst og neðst í túni, stóð hesthús, en Hesthúsklettur og Hesthúspyttur voru rétt neðan við það." segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin er í sléttuðu túni 80- 100 m norður af steinsteypu íbúðarhúsi. Í sléttuðu túni.

Tóftin er ferhyrnd, 10 x 4 m að utanmáli og hleðslur 0, 7 m háar. Þarna var síðar baðhús fyrir fé. Stærri hólfið var hesthús, en í minna hólfinu var sigpallur sem hallaði að baðkeri. Baðkerið var í miðju húsi, og er talið að það sé eitt elsta baðker í sveitinni. Vegur lá fram hjá húsinu, frá norðri heim að bæ, og var önnur tóft hinum megin við veginn, þegar Sigurður Karlsson man fyrst eftir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 2.



NM-203:006 Ból

tóft+ garðlag býli

65°31.334N 14°16.986V

"Afbýli, Bólar eða Ból, voru vestast í túninu. Þjóðvegurinn var lagður yfir rústir þess sumarið 1940, en túngarðsbrot sýnileg." segir í Sveitum og jörðum "Innst og efst á túninu var allvæn skák, sem hét Bólatún. Er ekki mjög langt síðan þar var kot, sem hét Ból (í fleirtölu). Þar nokkru neðar voru hús, sem nefndust Kletthús, tvö saman,

hlið við hlið. Norðaustan undir klettinum var vatnsból bæjarins, lind, sem borið var úr heim, um 100 m langa leið, en leitt síðustu árin. Rétt utan við vatnsbólið er lítill hóll, kallaður Daddahóll, leikvöllur barna ... " segir enn fremur í örnefnalýsingu.

Á lágum hjalla innan og ofan við bæinn, sem endar í klettanefi að utan, er túnblettur, umluktur gömlum torfgarði að innan og ofan, sem enn stendur býsna vel á köflum. Þetta er líklega Bólatúnið. Þar eru greinilegar fjárhústættur af Kletthúsunum 002. Ofan við gamla þjóðveginn sem lagður var 1940 er þúst, um 8 x 6 m að stærð, og virðist vegurinn hafa skert hana. Þetta er um 100 m frá því þar sem gamli þjóðvegur og nýi greinast sunnan Bóndastaða, og um 200 m í austur frá steinsteyptu íbúðarhúsi. Við brun gamla þjóðvegur, grasi vaxið.

Tóftin er ferhyrnd og eru hleðslur hennar signar, um 0,3 m háar. Hesthús með hlöðu á bak við stóð á Bólatættum fyrir 1940 og er hugsanlegt að tóftin sé leifar þess. Garður stefnir frá tóftinni 40-50 m til norðurs og 20-30 m til suðurs og beygja báðir armar garðsins að gamla þjóðveginum sem hefur verið lagður yfir garðinn.

Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 2; SJM II, 308.

NM-203:007 brunnur vatnsból 65°31.371N 14°16.875V

"Norðaustan undir klettinum var vatnsból bæjarins, lind, sem borið var úr heim, um 100 m langa leið, en leitt síðustu árin. Rétt utan við vatnsbólið er lítill hóll, kallaður Daddahóll, leikvöllur barna ... " segir í örnefnalýsingu. Lindin er undir kletti suðvestur frá íbúðarhúsi og er hátt gras í kringum hana. Undir kletti, hátt gras í kring.

Ekki sést hleðsla í brunninum og gæti hún þó verið undir sverði. Aðeins sér í auga milli grastóa og hafa spýtur verið lagðar yfir. Vatnsleiðsla úr brunninum var komin þegar Sigurður Karlsson man eftir sér. Brunnhús stóð enn þegar fjölskylda Sigurðar flutti frá Bóndastöðum 1958.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 2.

NM-203:008 frásögn um kvíar 65°31.374N 14°16.671 V

UM 70 m austur af steinsteyptu íbúðarhúsi voru kvíar. Í sléttuðu túni eða jaðri þess.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-203:009 túngarður 65°31.299N 14°16.982V

"Vörslugarður um hluta túns. Beðsléttur á 4 stöðum í túni, um 2 dagsláttur allar... Um 1908: Gaddavírsgirðing um tún og nokkuð óræktað land. Sumpart girt á eldri túngarða" segir í Sveitum og jörðum. Á suðurmörkum túnsins er hár túngarður úr torfi, um 250 m suður frá bæ. Garður er um 300 m langur og 1 m hár.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 308.


NM-203:010 Valhnúksstaðir býli

65°32.072N 14°16.743V

"Sagnir eru um annað afbýli, Valhnjúksstaði (eða -gerði), suðvestan við Markhamar, utarlega í landinu. Þar eru óglöggar rústir og garðlög" segir í Sveitum og jörðum. Valhnúksstaðir eru 2-300 m sunnar en Markhamarsklauf, sem gamli þjóðvegurinn liggur um og er tóftin vestan við gamla þjóðveginn. Í lyngi vöxnum þýfðum móa. Klettabelti er fyrir ofan, stakir klettar þar niður af.



Tóftin er aflöng, 20 x 5 m að utanmáli, og signar hleðslurnar 0,7 m háar. Garður er umhverfis tóftina og sést vel austan við veginn, en verr ofan við hann og suður frá tóftinni. Þarna er mjög stórþýft og allt á kafi í lyngi. Önnur tóft, mjög óskýr, um 8 x 5 m, er nær vegmum.



Hættumat: hætta vegna gróðurs.


Heimildir: SJM II, 308; Ö-Bóndastaðir, 3.

NM-203:011 Aðalborgarstekkur

stekkjartóft

65°32.028N 14°16.760V

"Undir Valhnjúk eru rústir af stekk, kallaður Aðalborgarstekkur." segir í ömefualýsingu. Stekkjarrústin er við garðinn umhverfis Valhnúksstaði 0 10, við suðvesturhorn garðsins og 30-40 m vestur frá gamla þjóðveginum. Undir brekku með klettum efst, vestan megin við háan stakstæðan klett, sem notaður er sem hlið í mannvirkinu. Vaxin grasi og fjalldrapa.



Tóftin er L-laga, og hólfin tvö hornrétt hvort á annað. Hún 10 x 5 m að utanmáli, hleðslur eru signar og 0,6 m háar. Stekkurinn er kenndur við langömmu Sigurðar Karlssonar í Laufási.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 3.


NM-203:012 tóft+ garðlag

sel

65°31.601N 14°18.587V

"... utan við miðju á [Selvatnsási] er fornt sel. Sér þar ærin garðlög, en ekki er lengur vallarlitur þar á neinu, allt gróið lyngi og hrísi". segir í ömefualýsingu. Í Sveitum og jörðum er talað um beitarhús á þessum stað og segir þar: "Talið er að síðarnefndu húsin hafi verið byggð upp af Valþjófsstaðapresti eftir öskufallið 1875 ... Heimildir eru

fyrir því, að þá heyjuðu bændur í Uppsveitum í blám í Hjaltastaðapinghá, en askan barst ekki þangað." Á austurbakka Selvatns er tóft og um hana garður. Á bakkanum á móti gengur klettur fram í vatnið og eru tóftirnar um 50 m norðar en hann. Landið



þarna er vaxið lyngi og mjög þýft. Tóftin er aflöng, 12 x 6 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, 0,5 m háar. Umhverfis tóftina er hálfhringlaga gerði, vaxið lyngi og fjalldrapa og nokkurt kjarr vex í syðri hluta girðingarinnar.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

Heimildir: SJM II, 308; Ö-Bóndastaðir, 6.

NM-203:013 tóft afheystæði

65°31.317N 14°15.850V

15-20 m frá bakka Selfljóts, 100 m sunnan við Tröð er heystæði í grasi vöxnu mýrlendi, á hól sem er nokkru stærri en tóftin. Í grasi vöxnu mýrlendi. Hún er aflöng, 6 x 4,5 m að utanmáli.

Hleðslur eru signar, 0,6 m háar.

Hættumat: engin hætta.

NM-203:014 4 tóftir af heystæðum

65°31.352N 14°15.942V

Um 10 m norðvestur af heytótt 031, í blánni eru 4 heytóftir. Staðurinn er kallaður "Í Kerinu" Grasivaxið mýrlendi. Þrjár tóftanna stefna nálægt því norður-suður og eru 4x6 m að stærð en hin fjórða er kringlótt og 7 m í þvermál.. Hleðslur eru lágar, 0,3- 0,4 m.

Hættumat: engin hætta.

NM-203:015 heimild um beitarhús

65°30.715N 14°17.423V

"Haldi maður inn götur sem leið liggur frá Sandskeiði, eru beitarhúsin frá Bóndastöðum dálítinn spöl inn og upp frá vaðinu (nú brúnni) á læknum [þ.e. Bóndastaðalæk, sem fellur niður á milli Laufáss og Bóndastaða]. Þau voru þrjú og hlaða við eitt þeirra. Spöl suður frá þeim er nýbýlið Laufás." segir í örnefualýsingu. Beitarhúsin voru um 150 m norðvestur frá íbúðarhúsum á Laufási. Búið er að byggja fjárhús og hlöðu á þessum stað og sést ekkert lengur til hinna eldri húsa.

Húsin eru á steinsteyptum grunni, byggð um 1970. Áður stóðu á þessum stað tvö hús og sneru austur-vestur eins og húsið sem nú stendur. Núverandi hús stendur þar sem nyrðra húsið var, það var tvístæðuhús. Hlaðan var bak við hitt húsið, sem var einstæðuhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 6-7; SJM II, 308.

NM-203:016 fjárhústóft

65°30.635N 14°17.564V

"[Beitarhúsin] voru þrjú og hlaða við eitt þeirra. Spöl suður frá þeim er nýbýlið Laufás. En að húsunum liggur klettóttur endinn á Stekk.ás, og teygist hann alllangt inn." segir í örnefualýsingu. Stekk.ás er klettahæð vestan við íbúðarhús á Laufási, tæplega 100 m vestar en eldra, eystra íbúðarhúsið. Ef gengið er norður fyrir ásinn, er við norðurenda hans vestanverðan fjárhús á grasi vöxnum hól við klettavegg og var

stekkurinn milli þess og klettaveggjarins. Klettaveggurinn var notaður sem austurhlið í stekknunum, en fjárhúsið var vesturhlið hans. Þetta var beitarhús frá Bóndastöðum, aflagt um eða eftir 1950 Grasi vaxinn hóll vestan við svonefndan Stekkás.

Sigurður Karlsson áætlaði að húsið hafi verið 28 m langt og 6- 7 m breitt og var stekkurinn jafnlangur því. Sigurður notaði húsið til bráðabirgða milli 1958 og 1965 og setti þá þak á tóftina. Hún var sléttuð upp úr 1990. Eftir stendur suðurveggur, endaveggur, úr stekknunum, grjóthlaðinn, um 4 m langur. Veggbrotið sem enn stendur er 4 m langt, 0,6 m hátt og 0,5 m þykkt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 6-7.

NM-203:017 Aðalborgartóft tóft af heystæði

65°32.872N 14°15.295V

"Neðan við Ófærur tekur við Bóndastaðablá, allt niður að fljótsbökkum, og eru neðst í henni aðalengjarnar. Þar rétt innan við merkin er heystæði, sem kallað er Aðalborgartóft." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er um 10 m frá fljótsbakkanum. Í grasi vaxinni mýri (blá). Hún er aflöng, 8,5 x 5 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, 0,6 m háar og standa grónar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 3.

NM-203:018 Afföll

heimild um áveitu

Í örnefnalýsingu segir: "Skurðir lágu víða í gegnum bakka Selfljóts, sem kallaðir voru einu nafni Afföll; voru þeir stífaðir til þess að halda vatni á engjunum, en "hleypt af" undir sláttinn, svo engjarnar þornuðu. Þá kom fyrir að þau verkuðu öfugt, þegar mikið rigndi og fljótið óx; flæddi það þá fyrst upp skurðina, en síðan yfir bakka sína, svo einn hafsjór varð allt milli ása. Kom þetta tvisvar fyrir á mínum sjö árum þarna. Einn slíkur stóreflis skurður lá þarna rétt hjá Aðalborgartóft, oft nefndur Affallið, og veit ég ekki annað nafn á honum." Rétt sunnan við heystæðið 028, sem er um 80 m sunnan við Aðalborgartóft 0 18, er greinilegur skurður og sveigir hann til norðurs vestan við tóftina.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 3-4.


NM-203:019 Skjónatótt tóft af heystæði

65°31.675N 14°15.619V

"Milli Affalls og Traðar er Skjónaaffall og gamalt heystæði, kallað Skjónatótt." segir í örnefnalýsingu. Skjónatótt er í grasi vöxnu mýrlendi, blá, um 900 m norðaustur frá íbúðarhúsi á Bóndastöðum. Grasi vaxið mýrlendi. Lögun tóftarinnar er óregluleg, hún er 7x5 m að utanmáli. Hleðslur eru signar, 0,5 háar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 3-4.



NM-203:020 Tröðin

samgöngubót

65°31.389N 14°15.847V

"Rétt út og niður frá túni á Bóndastöðum var í kringum síðustu aldamót gjörður úr

snyddu vegur yfir Kelduna [sem er framhald Bóndastaðalækjar, nú oftast þurr] og Blána, ofan á bakka, og var oftast nefndur Tröðin, notaður til heyflutninga, en entist illa. Nýlega viðgerður þó, þegar hætt var að mestu að nytja þessar miklu engjar." segir í örnefnalýsingu. Í Sveitum og jörðum segir að tröðin hafi verið endurbætt mikið 1910 og er hún þar talin úr grjóti. Tröðin sést greinilega um 150 m austan við steinsteypt íbúðarhús, og má fylgja henni með vissu um 300 m austur fyrir mýrina. Í grasi vaxinni mýri austur af íbúðarhúsi.

Tröðin er um 2 m breið og hleðslan sigin, um 0,4 m há. Austasti endi þess hluta sem sést skýrt er um 30 m frá fljótsbakkanum. Ekki sést grjót í tröðinni nú en Sigurður Karlsson segir að grjót sé í henni.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 4; SJM II, 308.

NM-203:021 heimild um samgöngubót

"Tröð úr grjóti yfir blána, úr keldu neðan túns, og þvert niður á Selfljótsbakka, endurbætt mikið 1910, og síðan byggð önnur sunnar." segir í Sveitum og jörðum.

Syðri tröðin sem hér er getið fannst ekki þegar skráð var á vettvangi. Sigurður Karlsson segir að hún sé mjög sokkin og hafi aðeins náð yfir mesta votlendið, yfir kelduna, og því verið miklu styttri en 020.

Heimildir: SJM II, 308.

NM-203:022 garðlag áveita 65°31.059N 14°15.708V


Í Sveitum og jörðum segir: "Í tíð séra Björns Þorlákssonar (1874-1884) gerð mikil áveita á Hjaltastaðablá. Fljótið var stíflað með grjótgarði rétt við Höfðana (brúna), og sést grjótþákurinn enn, en er nú mjög siginn í sandbotninn. Bóndastaðir áttu hlut að. Enn sér glögg merki stíflugarða og áveituskurða í blánni" Milli fljótsbakka sést grjóthleðsla skammt fyrir neðan brúna. Hún stendur vel upp úr fljótinu þegar lítið er í því. Hleðslan nær þvert yfir fljótið og er 50-60 m löng, og um 3 m breið.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: SJM II, 312.

NM-203:023 Jósefstótt tóft af heystæði 65°30.176N 14°16.927V

"Jósefstótt heitir heystæði langt inn með Selfljóti, suðaustur af Laufási, en þar fyrir ofan voru víðlendar mýrar, sem nú hafa verið ræstar fram." segir í örnefnalýsingu. Tóftin er á bakka Selfljóts, um 500 m norðaustur frá hlöðu í Kvisthaga. Tóftin er 10 m frá árbakkanum, í þýfðum móa sem vaxinn lyngi og grasi. :-: ..



Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 5.

NM-203:024 tóft + garðlag mylla 65°30.812N 14°16.920V

"Heitir Myllumelur þar sunnan við lækinn, og sá þar vel fyrir vatnsmyllu." segir í örnefnalýsingu. Myllan er í grasi vöxnu lækjargili þar sem lækurinn fellur niður á

sléttlendið, um 100 m norður frá veginum, sem liggur frá vegamótum við Laufás og að brú á Selfljóti, 450 m austan við þjóðveg. Þarna er myllukofi með vatnsrennu að og frá, og garður meðfram lækjarfarvegi til að beina vatninu í farvegin. Í grasi vöxnu lækjargili. Á vesturbakka gils, ofarlega, nálægt þjóðvegi, er sorphaugur.

Myllukofinn er ferhyrndur, 4 x 4 m að utanmáli, og signar hleðslurnar 0,8 m háar. Stíflan í aðalfarveginum var gerð í þeim tilgangi að breyta rennsli lækjarins, ná honum framhjá engjalandinu. Garðurinn var gerður fyrir minni Sigurðar Karlssonar, en stíflan er yngn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Bóndastaðir, 5; SJM II, 308.

NM-203:025 tóft afheystæði

65°31.404N 14°15.734V

Á bakka Selfljóts, alveg á bakkanum, um 50 m norðan við

Tröð er heytóft í grasi vöxnu mýrlendi.


Grasivaxið

mýrlendi. Kölluð "tóftin við Traðaaaffallið".

Tóftin er

ferhyrnd, 5x4 m að utanmáli.

Hættumat: engin hætta.



NM-203:026 garðlag

65°31.404N 14°15.734V

Um það bil 10 metrum sunnan við heytóftina 031 er garður,

sem liggur frá fljótsbakka og stefnir austur-vestur, eða 30°

norðar en vestur. Hann er milli 40 og 50 m

langur. Notkun óviss, en þarna gæti hafa verið áveita. Garðurinn er 0,5 m breiður og 0,5 m hár.

Hættumat: engin hætta.

NM-203:027 Daddahóll tóft

leikvöllur

65°31.371N 14°16.848V

"Rétt utan við vatnsbólið er lítill hóll, kallaður

Daddahóll, leikvöllur barna ... " segir í

örnefualýsingu. Daddahóll er 50 m suðvestur

frá steinsteypu íbúðarhús, 20 m norðaustur frá

háum kletti, sem Kletthúsin 002 eru uppi á.


Austan og norðan við hólinn er sléttáð tún. Á

hólnum er tóft af útihúsi sem skiptist í tvö hólf.

Tóftin er

ferhyrnd, 8 x 7,5 m að utanmáli og signar hleðslur 0,5 m háar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-203:028 tóft af heystæði

65°31.764N 14°15.467V

Suðaustur af Markhamri, 20-30 m frá bakka Selfljóts og 80 m frá landamerkjum, er

heystæði. Í grasi vöxnu mýrlendi. Tóftin er aflöng, 8x4 m að utanmáli. Hleðslur eru

signar, 0,4 m háar.


Hættumat: engin hætta.

NM-203:029 tóft af heystæði

65°31.699N 14°15.579V

Á bakka Selfljóts, 4 m frá því og um 15 m norður af Skjónatótt 019 er heytóft. Í grasi

vöxnu mýrlendi. Hún er ferhyrnd, 4x3,5 m að utanmáli og signar hleðslur 0,5 m




háar.

Hættumat: engin hætta.

NM-203:030 tóft af heystæði 65°31.204N 14°15.718V
 Á bakka Selfljóts, 50 m norðar en Kringluaffall er heystæði. Í
 grasi vöxnu mýrlendi. Tóftin er aflöng, 5x4 m að utanmáli,
 hleðslur signar og um 0,5 m háar. Sigurður Karlsson, bóndi í
 Laufási, segir að önnur heytóft eigi að vera nálægt þessari, nær
 affallinu og fjær bakka, en hún fannst ekki 1996.

Hættumat: engin hætta.




45. Fornleifakort. Dratthalastaðir

NM-204 Dratthalastaðir

6 hdr. 1695, 1847. Kirkjubæjarkirkjueign frá því fyrir 1570. Fyrst getið í máldaga Kirkjubæjarkirkju frá [1570]: [Kirkjubæjarkirkja a] Drambalastade ijtne - DI XV, 678. Ritháttur Dratthalastaða hefur verið á reiki og einnig mun myndin Dranghalastaðir koma fyrir í heimildum. Mannbein fundust við jarðrækt á Dratthalastöðum 1966. Talið var að þau væru úr kumli og hefur þá verið byggð á Dratthalastöðum í heiðni.

1919: Tún 2,9 ha. garðar 398 m². Jörðin er engjalítill, en beit góð fyrir sauðfé og ræktunarskilyrði ágæt. SJM II, 328-329.

Heimildamaður: Stefán Guðmundsson fæddur að Dratthalastöðum 17.06.1922.



45. Fornleifakort. Dratthalastaðir - bæjarstæði

NM-204:001 bæjarhóll bústaður 65°32.608N 14°19.817V

Gamli bærinn stóð þar sem nú er lítill garður sunnan/suðvestan við núverandi íbúðarhús. Húsið var reist 1953 og gamli bærinn rifinn skömmu síðar. Garðurinn afmarkast af heimreið að sunnan, fjárhúsi að vestan og íbúðarhúsinu að norðan. Syðst í honum er allstórt lerkitré. Garðurinn er í nokkurri órækt og ekki hægt að sjá hvort merki eru um bæjarhúsin, í garði. Syðst í honum er allstórt lerkitré. Garðurinn er í

órækt og ekki hægt að sjá hvort merki eru um bæjarhúsin.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:

SJM II, 329; Túnakort 1919.

NM-204:002 *Sauðhús* heimild um fjárhús 65°32.699N 14°19.785V
"Sauðhús voru úti á túni." segir í örnefnalýsingu. Sauðhús voru efst í brekkunni utarlega í túni, um 200 m norðan við bæinn. Túnið var sléttað með vélum, á 6. áratugnum að talið er og sjást nú engin merki um húsin lengur. Í brekku. Tún fyrir neðan og til beggja hliða. Hlaða var sambyggð fjárhúsunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir, 2.

NM-204:003 frásögn um hesthús 65°32.501N 14°19.805V
Vestast í túninu fyrir sunnan bæinn, um 300 m frá bænum er eins og smáhóll í túninu, þar var hesthús. Hóllinn er fyrir neðan lága hamra og rétt innan við girðingu. Hann er ósleginn og nær svolítið fram á túnið. Grjót sést í grasrótinni þar sem hesthúsið var.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-204:004 *Fremstahús* heimild um útihús 65°32.S00N 14°19.844V
"Fremst á túni voru tvö hús, annað Stórahús, hitt Fremstahús." segir í örnefnalýsingu. Vestast í túninu sunnan við bæinn, um 300 m frá bænum er smáhóll utan í túninu, um 15 m niður af hólum var Fremstahús. Þarna er búið að slétta túnið en dæld er í það um 9 x 6 m, þar sem húsið var og sést grjót í sverðinum. Ekki er hægt að slá blettinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir, 3.

NM-204:005 heimild um myllu 65°32.236N 14°19.477V
"Innst á túninu rennur [Dratthalastaðalækur] undir jarðbrúm. Þar skammt fyrir innan er gömul myllutótt, kölluð Mylla ... " segir í örnefnaskrá. 6-700 m SSA frá bænum er skurður sem liggur austur með túninu. Þar sem hann beygir þvert til austur og heldur áfram enn austar er horn sem lækurinn hlykkjast um. Þar var myllan. Enn norðar er lækurinn kominn í djúpan skurð, sem hlykkjast um túnið. Þar sem myllan var sjást ekki lengur hleðslur, en garður sem stíflaði lækinn fyrir ofan mylluna er um 6 m hvoru megin við skurðinn. Utan við tún, á skurðbarmi. Austan við lækinn er mýri og móaholt.

Stefán Guðmundsson man eftir helluhleðslum í læknum, en hætt var að nota mylluna fyrir hans minni. Myllusteinninn er undir lerkitrénu þar sem bæjarhúsin stóðu áður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir, 2-3.

NM-204:006 brunnur vatnsból 65°32.581N 14°19.903V
"Klettur fram og upp af bæ er alltaf kallaður Vatnsleiðsluklettur." segir í örnefnalýsingu: Sunnan og ofan við bæinn er vírgirðing. Hún liggur meðfram lágum kletti og er brunnur 7 m ofan við klettinn. Brunnurinn hefur verið byrgður með bárujárn, tréplönkum og grjóti, en það er hálfhrunið ofan í hann. Frá brunnum var vatnið leitt eftir rennu að bænum. Þarna er allt á kafi í gróðri og sést rennan ekki. Í

móa undir lágu klettaholti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir, 2.

NM-204:007 túngarður

65°32.485V 14°19.848V

Norðvestantil í túninu norðan við bæinn eru óljós merki um túngarðinn á um 50 m kafla. Syðst og vestast í túninu sunnan við bæinn, um 30 m innan við girðingu sést grjóthleðsla á 8 m kafla. Í nyrðra túninu er stórþýfður mói vestan við garðleifarnar en þær sjálfar utan í túninu. Í því syðra er grjóthleðslan vestan við túnið, neðan undir lágum hömrum. Garðleifarnar eru utan við slegin tún, þar er allt á kafi í gróðri og ekki hægt að segja til um hvort garðurinn sést víðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 329.

NM-204:008 heimild um áveitu

"Talsvert af flóðgörðum í blánni inn af bænum; þar voru aðalengjarnar; og stíflur í læknum" segir í Sveitum og jörðum. Engir flóðgarðar eru lengur sjáanlegir þar sem tún hafa verið stækkuð mikið til suðurs yfir veitusvæðin. Stífla er læknum þar sem myllan 005 var.

Heimildir: SJM II, 329.

NM-204:009 heimild um stekk

65°32.636N 14°20.428V

"Beitarhús eru mitt á milli Fljóts og bæjar og eru kölluð Stekkur." segir í örnefnalýsingu.

Norðan við heimreiðina að Dratthalastöðum og norðvestan við þjóðvegin er stakur áberandi klettur og var stekkurinn undir honum. Stefán Guðmundsson man eftir að þar hafi verið fært frá. Beitarhús úr tré og járn, með torfpaki, voru reist á Stekknum 1943, búið er að rífa þau en steinsteypt súrheysgryfja er norðan við klettinn. Leifar af þaki beitarhúsanna sjást enn á klettinum. Stekkurinn, og síðar beitarhúsin, stóðu undir klettinum, síðan tekur við lág grösug brekka. Að fljótinu eru mýrarmóar með lágum klettum, en tún nær þjóðveginum.

Heimildir: SJM II, 329; Ö-Dratthalastaðir, 2.

NM-204:010 Stóruhús

heimild um útihús

65°32.514N 14°19.797V

"Fremst á túni voru tvö hús, annað Stórahús, hitt Fremstahús." segir í örnefnalýsingu. Stóruhús voru í túninu sunnan víð bæinn, 40-50 m norðar en Fremstuhús 004, og neðar í túninu en hestúsið 003. Leifar þeirra eru ekki greinilegar lengur. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir, 3.

NM-204:011 Hænsnakofi heimild um útihús

65°32.679N 14°20.301 V

"Skammt ... frá [Stekknun 010], í austnorðaustur, er stakur klettadrangi, sem alltaf var kallaður Hænsnakofi, en undir honum mótaði fyrir gamalli tóft. Hænsni voru höfð þar á sumrin. Hænsnakofi er um 10 mín. gang frá bæ". segir í örnefnalýsingu. Hænsnakofinn var Lagarfljótsmegin við veginn um 150 m frá afleggjara að bænum. Klettadrangurinn er syðst og austast í girtu túni næst veginum, um 2,5 má hæð og 4

má breidd. Umhverfis steinninn er óslegin smáskák, annars er túnið slegið. við girðingu eru móar og lágir klettur.

Sunnan

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir (ath og vb.), 1-2.

NM-204:012 beitarhúsatóft



65°31.822N 14°18.920V

Í sveitum og jörðum segir að beitarhús á Langaási við Selvatn ytra hafi verið endurbyggð 1933, og flutt á núverandi stað í Fellið NV afbæ 1954. Slóði liggur austur frá bænum eftir Langaási að beitarhúsatóftunum. Í móa á ásnum fyrir ofan Selvatn ytra.

Tóftin er eitt hólf með tveimur görðum, og hlaða/heytoft áföst. Steinsteypa er ofan á görðunum. Eldri beitarhús voru á þessum stað fyrir 1933. 10 m sunnan við tóftina er önnur smærri, 7x4 m að innanmáli. Hún er eitt hólf með garða í miðjunni. Hún er öll hlaupin í þúfur og er miklu grónari og óskýrari en stærri tóftin og áreiðanlega eldri. Gömul sögn segir að þar hafi í eina tíð verið stekkur.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 329.




NM-204:013 mókofatóft

65°32.721N 14°19.723V

Á suðvesturbakka svarðargrafar O 15, rétt utan við þverskurð sem er um 250 m norður frá bænum, er lítil tóft, 2 x 1,5 m að innanmáli. Hún er mjög hlaupin í þúfur, hleðslur eru 0,5 m háar en austurhlið vantar. Svörður var þurrkaður í tóft þessari. Í grasþýfi á bakka gryfjunnar. Móaholt er austan við gryfjuna, annars tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-204:014 Gamlistekkur stekkjartóft

65°31.983N 14°20.033V

"Gamlistekkur er suðvestur frá bæ, eða í svonefndri Hraunabrekku." segir í örnefnalýsingu. Gamlistekkur er undir hlíðinni suður frá bænum, 2-300 m sunnan við innsta tún. Hlíðin er öll mjög gróin. Áberandi birkitré vex upp að lágum klettum, þar fyrir neðan er stekkurinn. Lágir klettur eru fyrir ofan en fyrir neðan stekkurinn er mýri sem tekur við suður af túnunum.

Stekkjartóftin er 10x3 m að utanmáli og snýr upp í brekkuna. Syðri veggur hans sést best, hann er 0,7 m hár, torfhlaðinn og nær nokkuð niður brekkuna, annars er stekkurinn allur á kafi í gróðri og sést illa. Gras vex í botninum innst, en framar fjalldrapi og víðir. Stekkurinn er í stórhættu vegna gróðurs, hleðslur standa á kafi í lyngi og fjalldrapa, en þegar gróður var rifinn frá á norðurhlið komu í ljós vandaðar grjóthleðslur.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir (ath og viðb), 1.

NM-204:015 mógafir

65°32.753N 14°19.700V

"Góð svarðartekja var í Dratthalastaðalandi, en svörður var undir allri mýrinni neðan við bæinn, misjafnlega djúpur. Hann var mikið tekinn á tímabili, líka frá fleiri bæjum. Miklir lurkar voru í honum. Svarðartekju var hætt 1940-50." segir í örnefualýsingu. Um 300 m norður frá bænum, milli tveggja ystu túnanna er stór og djúp gryfja, 40 x 25 m, og 1 m á dýpt. Móaholt er austan við gryfjuna en annars tún. Á suðvesturbakka gryfjurnar er hálfhringlaga tóft, þar sem svörðurinn var þurrkaður, 013.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Dratthalastaðir (ath og viðb), 2.

NM-204:016 mannabein legstaður

65°32.664N 14°19.612V

Vorið 1966, þegar verið var að setja niður kartöflur þar sem land hafði verið brotið haustið áður, fann Stefán Guðmundsson bóndi mannabein í flaginu. Var niðurstetningunni þá hætt og Kristjáni Eldjárn gert viðvart. Hann kom að Dratthalastöðum um haustið. Í sléttuðu túni.

KE skrifar: "Þegar ég kom á staðinn og sá flagið, virtist mér þegar í stað sem vonlítið mundi að finna, hvaðan þessi bein hefðu borist, því að kennileiti voru fá í flaginu. Á einum stað sást þó allmikið grjót, en ekkert var þar, sem bentu til kumla, enda ekki alveg víst, að grjót þetta sé á þessum stað af manna völdum. Margar holur gerði ég í flagið, þar sem mér virtist ekki með öllu óhugsandi, að einhverjar vísbendingar fengjust. En allt kom fyrir ekki, og alls staðar kom ég fljótlega niður á óhreyfðan ísaldarleir. Gafst ég upp við að finna það kumlstæði, sem mannabein þessi hljóta að vera frá, því að varla kemur annað til mála en að hér sé um að ræða leifar af fornaldarkumli. Staðurinn er alveg tilvalinn fyrir kumlsteig frá Dratthalastöðum, í þurru holti um 2-300 m suður frá bæ, andspænis honum, hinum megin við mýrarsund, sem aðskilið hefur tún og holt. Staðurinn hefur ekki sérstakt nafn.

Beinin frá Dratthalastöðum hefur Jón Steffensen skoðað. Þau eru úr tveimur mönnum, höfuðkúpubrot og brot úr lærlegg, en of lítið er af beinum til þess að nokkuð fleira fróðlegt verði um þau sagt. Stefán Guðmundsson vísaði á staðinn þar sem beinin fundust. Hann er í nyrsta túni fyrir austan bæinn, á lágrí hólbungu fyrir miðju túninu, skammt austan við skurð. Kristján telur staðinn ranglega í suður frá bænum, hið rétta er að hann er austur frá bænum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: KE Árb1967, 102-3.

NM-204:017 kolagröf

65°32.538N 14°19.307V

Fyrir austan tún, í átt að ásnum, er móaholt. Í holtinu er krökkt að kolagryfjum sem ekki verður komið tölu á. Gryfjurnar eru misstórar, en flestar um 1 m kant, og 0,5 m djúpar. Í móaholti. Grafirnar er frá því fyrir minni Stefáns Guðmundssonar.

Hættumat: hætta vegna gróðurs.

NM-204:018 frásögn um útihús

65°32.592N 14°19.688V

Nyrst og austast í túni sunnan við troðning sem liggur austur frá bænum, voru miklar útihúsataettur. Túnið þarna er sléttað og sjást ekki merki um útihúsin. Í sléttuðu túni. Skurður er austan við, troðningur að norðan.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-204:019 tóft

65°32.942N 14°21.056V

Stök tóft er á hólí við Lagarfljót utan við móa sem eru utan við Dratthalastaðatún. Tóftin er undir hólum Nverðum og sést vel úr fjarska. Tóftin er grasi gróin en lyngmói umhverfis hana. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi tóft gegndi.

Hættumat: engin hætta.



NM-204:020 frásögn um útihús

Útihús var áður um 3 50 m suðvestur af bænum, 10 m frá bakka hlykkjótts skurðar, við áberandi sveigju á honum til vesturs. Staðurinn er í túni sem er austan við skurð sem liggur norður-suður næst fyrir neðan bæ. Í sléttuðu túni, á vesturbakka skurðar.

hætta vegna ábúðar.

NM-204:021 frásögn um útihús

65°32.665N 14°19.706V

Útihús var í miðju miðtúni norðaustur af bæ, litlu sunnar en á móts við grafreit. Símastaur er vestan við og fjós austan við. Í sléttuðu túni. Stefán Guðmundsson man eftir tóftum á þessum stað.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-204:022 tóft

65°32.709N 14°19.628V

Rétt 20 m utan við ysta tún fyrir austan bæ og ofan við næsta tún fyrir ofan svarðargryfju 0 15° er lítil tóft í stórþýfðum móa. Tóftin er hlaupin í þúfur og hleðslur útflattar. Hún er 3 x 2 m að innanmáli. Í stórþýfðum móa rétt A og N við tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-204:023 heimild um þvottastað

65°32.686N 14°19.581V

3 m norðan við austasta og nyrsta tún, voru hlóðir við bakka lækjarins sem rennur fyrir norðan túnið. Þar var þvegin ull. Gróið er yfir hlóðirnar en þær sjást þó enn, 0,7 x 0,5 m að utanmáli og 0,3 m há. Í móa. Lækur hlykkjast á bakkanum N við hlóðirnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-204:024 þúst

65°32.671N 14°19.597V

Ef gengið er norður með skurðbakka um 150 m frá troðningi sem liggur austur frá bænum, meðfram austasta og nyrsta túni þá er þar þúst í stórþýfi, 6 m vestan við túnið og 20 m frá skurðinum. Þústin mun áður hafa verið greinilegi tóft. Í stórþýfi ofan við skurð og neðan við tún. Óljóst sést 6 m löng hleðsla, um 0,6 m há, og 2, 5 m vestar og nær skurðinum er önnur hleðsla, 2, 5 m á lengd

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-204:025 frásögn um tóft

65°32.663N 14°19.593V

Norðvestan undir hólbungu þar sem mannabein fundust (016), þ.e. um 170 m norðan við troðning sem liggur austur frá bæ, neðst í nyrsta og austasta túni, var tóft sem sléttað var yfir 1965. Í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-204:026 heimild um hesthús


"Gleymst hefir að geta um hesthús sem stóð upp á Hraungarðinum beint upp af bænum. Þar var hesthús fyrir fjóra hesta og hlaða. Kvíar voru þar skammt frá."

Heimildir: Athugasemdir ábúanda.

NM-204:027 heimild um kvíar

"Gleymst hefir að geta um hesthús sem stóð upp á Hraungarðinum beint upp af bænum. Þar var hesthús fyrir fjóra hesta og hlaða. Kvíar voru þar skammt frá."

Heimildir: Athugasemdir ábúanda.




46. Fornleifakort. Ekra

NM-205 Ekra

Hjáleiga frá Stóra-Steinsvaði. Ekki getið í jb. 1686 en talin lögbýli í bændaeign að dýrleika 10 hdr í jb. 1695 og 1847. Árið 1693 kvartar Úlfheiður Guðmundsdóttir í lögréttu að hún nái eigi 5 hdr parti í jörðinni Ekru sem Ólafur sál. Jónsson hafði gefið hennar, nú föðurlausu barni Sesseliu Geirmundsdóttur - fósturdóttur Ólafs - og er sýslumanni falið að styðja Úlfheiði í að ná partinum - Alp IX, 408. "Ekra er næsta jörð fyrir utan (norðan) Stóra-Steinsvað. Lítið er vitað um sögu þessa bæjar, eða hvað hann sé gamall, en grunur er um að þar hafi verið bænhus í kaþólsku. Landamörk við Dratthalastaði eru frá Lagarfljóti um norðanvert Eiríkswatn, en að austan (móti Bóndastöðum) um Selvatn ytra og Arnarvatn." SJM II, 306

1919: tún 2,3 ha. garðar 270 m². "Bærinn er á mishæð í túni og gamla túnið umhverfis fremur mishæðótt, en ekki brattlent." SJM II, 306.

Heimildarmenn: Kristjana Júníusdóttir frá Reykjavík, fædd 26.05.1963. Gerður Stefánsdóttir frá Ekru fædd 08.07.1927.



48. Fornleifakort. Ekra- bæjarstæði

NM-205:001 bæjarhóll bústaður 65°31.341N 14°21.595V
Gamli bærinn, baðstofa, var um 40 m suður frá núverandi bæ. Núverandi bæjarhús var byggt 1938. Á gamla bæjarstæðinu stendur nú (1997) útihús bárujárnsklætt. Hátt gras vex á hólnum. Gamla bæjarstæðið er á suðurenda hólsins sem bæjarhúsin standa á. Nokkrir steinar sjást í yfirborði og hollin nokkuð ósléttur undir fæti, en ekki mótar fyrir húsum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 1 O; Ö-Ekra, 3.

NM-205:002 heimild um bænhus 65°31.365N 14°21.674V
Séra Sigmar á Skeggjastöðum á Ströndum, taldi að vestast í túni hefði verið bænhus. Ekki sjást lengur ummerki um tóft þessa og er ekki vitað um nákvæma staðsetningu hennar. Ekki er vitað á hverju þessi skoðun séra Sigmars var byggð. - Notuð er sama mæling og fyrir hesthúsið nr. 6.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH,10; Ö-Ekra, 3.

NM-205:003 Hólhús heimild um útihús 65°31.327N 14°21.603V
"Útihús á Ekru voru: Hólhús, þar sem bærinn stendur nú." segir í örnefnalýsingu. Þar sem Hólhúsið stóð er núverandi íbúðarhús frá 193 7 og hefur verið byggt við það eftir 1988. Samkvæmt upplýsingum frá Gerði Stefánsdóttur stendur bærinn stunnar en Hólhúsið stóð.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 10; Ö-Ekra, 3.

NM-205:004 Stórahús heimild um útihús 65°31.327N 14°21.603V
"Útihús á Ekru voru: Hólhús, þar sem bærinn stendur nú. Stórahús skammt austan við." segir í örnefnalýsingu. Búið er að slétta túnið og sér hvergi til leifa Stórahúss og er ekki vitað um nákvæma staðsetningu þess. Í túni.

Hættumat: hætta vegna búðar.

Heimildir: HH,10; Ö-Ekra, 3.

NM-205:005 Tvígarðahús heimild um útihús 65°31.327N 14°21.603V
"Útihús á Ekru voru: ... Tvígarðahús norður af bænum." segir í örnefnalýsingu. Búið er að slétta túnið og sér hvergi til leifa Tvígarðahúss og er ekki vitað um nákvæma staðsetningu þess.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 10; Ö-Ekra, 3.

NM-205:006 hesthústóft

65°31.365N 14°21.674V

Útihús á Ekru voru: ... Hesthús lengra í norður frá bæ. " segir í örnefnalýsingu. - Hesthústóftin er í túninu um 50 m norðvestur af íbúðarhúsi. Aðeins rétt svo mótar



fyrir tóftunum og eru hleðslur varla meir en 0, 1 m háar. Tóftin skiptist í tvö hólf, ekki sjáanlegar dyr, 12x6 m að utanmáli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir:

HH, 10; Ö-Ekra, 3.

NM-205:007 Smiðjutún örnefni

smiðja

65°31.418N 14°21.491 V

Austast í túni var Smiðjutún, en ekki er vitað um staðsetningu smiðjunnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Ö-Ekra, 3.

NM-205:008 Kvíar

örnefni

kvíar

"Á Bæjarás í austur voru kallaðar Kvíar." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvort þetta örnefni vísar á kvíar til að mjólka ær í og þá hvar þær eiga að hafa verið nákvæmlega. Engar tóftir sjást á Bæjarásnum. Fundust ekki 1997.

Heimildir: Ö-Ekra, 3.

NM-205:009 heimild um túngarð

65°31.341N 14°21.595V

"Fornir túngarðar" voru um tún í Ekru samkvæmt Sveitum og jörðum, en nú er búið að slétta yfir þá alla.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 306.

NM-205:010 beitarhúsatóft


65°31.246N 14°20.337V

"Beitarhús voru í Ekruhlá [á ásnum], austur af bæ, aflögð um 1960" segir í Sveitum og jörðum en í örnefnaskrá er þessi lýsing: "Þá heita Hraun, einu nafni í daglegu tali. Í þeim er Merkihraun, Háahraun, Vörðuhraun og Húsás; þar voru beitarhús til skamms

tíma. Næst er Eiríksvatn".

Beitarhúsatóftin er skammt austan við suðurenda Eiríksvatns, norðaustanundir hæð.

Veggjabreidd 1-1, 5 m. Húsin eru aflöng, alls um 45 m löng. Skipt í 5 hólf hvert aftur af öðru, en tóft er einnig áföst á vesturenda tóftarinnar. Í nyrðri



enda er fyrst smátóft 3x2 m, ekki sjást dyr. Síðan er um 10x3 m fjárhús með garða og dyr á hlið fyrir miðju. Í miðju er 5x5 m djúp tóft, líklega hlaða. Svo 14 m langt fjárhús með garða fyrir miðju og dyrum á hlið. Syðst í enda lengjunnar er hólf, 5x3 m, engar dyr eru sjáanlegar á því, samkvæmt upplýsingum frá Gerði Stefánsdóttur var þar hrútakofi og er þar innangengt. Um 8 m vestur af norðurenda húsanna er ógreinileg 4x4 m þúst.


Hættumat: hætta vegna rofs.

Heimildir: SJM II, 306; HH, 10; Ö-Ekra, 2.

NM-205:011 Ekrustekkur stekkjartóft

65°30.506N 14°21.955V

"Landamörk fyrir Ekrulandi ... þaðan í miðjar tjarnir, sem eru í Ekrublá, og þaðan í Kolgrafarhöfða, þaðan bein lína ofan fyrir framan Ekrustekk, ofan í Lagarfljót." segir í örnefnalýsingu. "Af þessari landamerkjalyýsingu má ráða, að stekkurinn sé suður við Steinsvaðsmerki, SV afbænum, og beint vestur af ytri enda Selfells, líklega í hvammi við Lagarfljót. Tvær litlar, ferhyrmdar tættur eru á



fljótsbakkanum, rétt NV við starfsmannahús Lagarfossvirkjunar, og gætu þær verið stekkurinn (sjást á loftmynd)." segir Helgi Hallgrímsson. Tóftirnar eru norðvestur af ílöngu timburklæddu húsi, sem snýr gaflí að fljóti, neðan við brekku, um 4 m frá fljótsbakkanum, á að giska 60 m neðan við fossinn.

Sjá má tvær vel glöggar tóftir, er önnur greinilega ferhyrmd, 7 x 4 að innanmáli. Norðan við hana er önnur sem er 3 x 2,5 að innanmáli og nær því að vera hringlaga (getur þó verið af ferhyrndu mannvirki, aflöguðu). Tæpir 3 m eru á milli tóftanna og lág hleðsla virðist tengja þær. Sunnan við syðri tóftina má sjá stöku stein í yfirborði og gætu það verið leifar annarra bygginga. Um 5 m frá suðvesturhorni ferhyrndu tóftarinnar er mjög lítil tóft, 3 x 2,5 að utanmáli, þrjár hliðar og snýr opið í norðaustur.


Hættumat: hætta vegna rasks.

Heimildir: HH, 11; Ö-Ekra, 1.

NM-205:012 tóftir af náttuga

65°31.823N 14°18.921V

"Milli Krókavatsnblár og Selvatns er Álftartangi, Hagaás og Hagatjörn og svo lítill ás sem Hagi er kallaður ...



Hagatjörn er vestanvert við Hagann í Ekrulandi og myndar gott aðhald fyrir fé. Mun hafa þótt gott að passa kvíaer í Haganum, fyrst eftir að fært var frá ... Sást móta fyrir garði úr Selvatni í Hagatjörn". segir í örnefnalýsingu. Garðurinn er ofan við norðaustur horn Selvatns.

"Haginn er lágur og mjór ás milli Hagatjarnar og suðurhluta Selvatns ytra. Hann hefur verið girtur með torfgörðum til beggja enda, milli tjarnar og vatns, og notaður til fjárgeymslu (nátthagi). Á loftmynd virðist líka mega greina útflattan garð (eðaveg) milli suðurenda Hagatjarnar og Krókavats." segir Helgi Hallgrímsson.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 10; Ö-Ekra, 2; Ö-Dratthalastaðir, viðb.


NM-205:013 Eiríksvatn þjóðsaga

65°31.292N 14°20.860V

"Um [Eiríksvatn] eru tvær munnmælasögur í Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar (I, 67- 68 og IV,90). Sú fyrri er örnefnasaga, til skýringar á nafni vatnsins. Á það að vera kennt við tvo Eiríka. Var annar prestur á Kirkjubæ en hinn bóndi á Ekru. Þeir fóru eitt sinn að dorga á vatninu á aðfangadag jóla, og veiddu fram yfir dagsetur, en þá brast ísinn undir þeim og silunginum, svo þeir drukknðu báðir, og var það talin hefnd fyrir græðgi þeirra. Eftir það hvarf veiði úr Eiríksvatni, og hefur ekki orðið vart við

silung þar síðan. . . Hin sagan segir af nykri, sem sást við vatnið um miðja 19. öld, og eru þær persónur tilgreindar sem sáu." Samkvæmt upplýsingum frá Gerði Stefánsdóttur voru sett seiði í vatnið og var góð veiði þar í 4 ár.

Heimildir: HH, 12.



NM-205:014 réttartóft

65°31.064N 14°22.116V

Akurgerði "Þá er það vestasta hornið við Lagarfljót, sem bærinn stendur á, og heitir Ekra. Sagt er að til forna hafi verið sáð til korns á Ekru". segir Helgi Hallgrímsson. Ekra er um 600 m suður af bænum og niðri við fljótið. Sunnan undir hól/holti við Lagarfljót.

Þar sem heitir Ekra er tóft, sem ekki sýnist svo fornleg að miklar líkur séu á því að hún tengist akuryrkju. Hún er fömul rétt. Þetta er tvíhólfa tóft. Hliðarveggir efra hólsins eru ógleggri, "renna saman við" brekkuna, vesturveggur nær lengra

Núverandi ábúendur voru með kartöflurækt skammt norðaustan við tóftina. Hætt var við þá ræktun vegna þess að gæsir átu undan grösunum.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 12; Ö-Ekra, 3.

NM~205:015 tóft+ garðlag

65°31.096N 14°21.867V


Um 300 m suður af bæ og um 200 m austan við 014, vestan við læk sem rennur þar í gili/skorning er tóft og garðlag.

Garðlagið er mjög sokkið og útflatt. Það liggur frá brún á skorning og 16 m til vesturs. Norðan við garðlagið óglögg innanmáli. Tóftarveggirnir eru allir hlaupnir í þúfur en slétt yfirborð er inni í tóftinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH; Ö-Ekra, 3.

mannvirki, hugsanlega rétt, 5x4,5 að



NM-205:016 þúst heystæði

65°31.314N 14°21.074V

Ógreinileg tóft er sunnan í garðinum [021] sem liggur frá vegi upp að Eiríkuvatni, um 50 m ofan holts þar sem garðurinn beygir. Tóftin er mjög lyngi vaxin og hlaupin í þúfur, um 4x3 m.

Hættumat: engin hætta.

NM-205:017 Snorravarða

65°31.554N 14°20.310V

Uppi á klettaási austan og ofan Eiríksvatns er varða. Hún er mjög greinileg og ber hátt. Ferhyrnd vel hlaðin varða á klettahrygg. Jafnbreið upp. Hún er vaxin mosa og skófum.

Hættumat: engin hætta.

NM-205:018 kolagröf


65°31.193N 14°20.348V

Urmull kolagrafa er á ásunum austan við Eiríksvatn kringum beitarhúsin og austan þeirra.

NM-205:019 stekkjartóft 65°31, 108N 14°21.417V

Norðaustanundir Hádegishrauni, um 50- 70 m ofan vegar suðaustan við bæinn í Ekru, er tóft af stekk. Tvískipt mjög ógreinileg tóft. Annað hólfið er 6x3 m, mjög gróið, en sést þó eins og dálítil upphækkun í landslaginu. Vestan við það og áfast því er jafnstórt en lægra hólfið og hafa veggir verið mjórri. Steinar sjást í hleðslu og inni í tóftinni, veggir aðeins um 0,2 m breiðir.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.




NM-205:020 tóft af heystæði

65°31.327N 14°21.455V

Heystæði er um 30 m ofan vegar, 100 m suðaustur af Ekru. Upphækkuð smátóft á norðurbakka mýrarlænu. Veggir um 1 m þykkir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.




NM-205:021 garðlag 65°31.212N 14.21.351V

Samfelldur garður liggur upp í mýrina ofan þjóðveg. Upp frá veginum um 100-120 m sunnan íbúðarhúss

liggur hann beinn á 50 m kafla, beygir þá til norðurs á 140 m kafla að litlu holti 100 m ofan bæjar, þar beygir garðurinn upp að holtinu og niður að veginum beint í átt að núverandi hlöðu. Garðurinn liggur upp frá holtinu upp í Eiríkswatn. Við holtið er op á garðinum og grjóthnullungar í. 53 m upp af holtinu milli þess og Eiríkswatns er útskot mjög hlaupið í þúfur og ógreinilegt (heystæði). 55 m frá holtinu kemur annar sokknarí og eldri garður, liggur hann samsíða hinum, í um 15 m og beygir svo til norðausturs. Garðurinn alls 200m langur. Garðurinn er gróinn sinu og lyngi, hlaupinn í þúfur. Skurður er meðfram garðinum sumstaðar. Samkvæmt frásögn Guðnýjar Stfánsdóttur var þetta túngarðs og hagagirðingargarður.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga



NM-205:022

fjárhústóft

65°31.467N

14°21.558V

Um 250 m norðvestur af bæ, vestur undir klettaás, er fjárhústóft(fjárhúsrétt)

Í grasi vöxnum slakka. Þeir tveir veggir (vestan og norðan) sem standa eru heillegir og glöggir, mest 1 m á hæð. Það sem á vantar hefur því líklega verið rífið.


Ekki er ljóst hve breitt húsið hefur verið, hvort það hefur náð að brún eða stalli í brekkunni, og þá verið 9 m breitt að innanmáli, eða aðeins eins langt og norðurveggur sést nú og þá verið um 7 m að innanmáli. Gæti hafa náð lengra í suður en veggur nær núna, þar er nokkuð slétt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

NM-205:023 tóft óþekkt

65°31.418N 14°21.491V

Rúma 100 m norðaustur af bæ, rétt austan við þjóðveg, er tóft. Grasi vaxið holt með



grjóti. Lítið mannvirki, um 3x3 að utanmáli, allhátt og skýrt, fallið saman. Guðný Stefánsdóttur telur að þetta gæti verið gamall reykkofti. Tóftin er trúlega ekki gömul, brúnir skýrar og beinar. Gæti verið hleðsla undan síma- eða rafmagnsstaur gömlum, og eldri tóft undir. Ungmennni á bæ segja holur ofan í tóftina. Óglögg stærri þúst er undir þessu mannvirki, eins og það standi á

eldri tóft stærri. Halldór Berg Sigmundsson, yngismaður á bænum, telur að svipuð tóft hafi verið sunnar, þar sem ræsi er undir veg en sé horfin.

Hættumat: hætta vegna rasks.

NM-205:024 heimild um landamerkvörðu

"Landamörk fyrir Ekruland: Að utan frá Lagarfljóti upp á milli Lága, þaðan beint austur í Háahraun, þaðan í vörðu í Krókavatsblá og austur í Hagabjarg ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimild: Ö-Ekra, 1.

NM-205:025 heimild um landamerkvörðu

"Landamörk fyrir Ekruland: Að utan frá Lagarfljóti upp á milli Lága, þaðan beint austur í Háahraun, þaðan í vörðu í Krókavatsblá og austur í Hagabjarg, þaðan inn í Amarvatnskeldu og þaðan beina línu í vörðu, sem stendur í Glámu ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Ekra, 1.

NM-205:026 heimild um landamerkvörðu

"Landamörk fyrir Ekruland: Að utan frá Lagarfljóti upp á milli Lága, þaðan beint austur í Háahraun, þaðan í vörðu í Krókavatsblá og austur í Hagabjarg, þaðan inn í Amarvatnskeldu og þaðan beina línu í vörðu, sem stendur í Glámu, og þaðan beint norður, utanvert við krummaklett, og í stóran stein, sem stendur austan á Skarðsásnum, þaðan í vörðu norðan á ásnum ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997. Gerður Stefánsdóttir segist alltaf hafa heyrt talað um Prestaskarð í Litla-Skarðsásnum.

Heimildir: Ö-Ekra, 1.

NM-205:027 heimild um landamerkvörðu

"Landamörk fyrir Ekruland: Að utan frá Lagarfljóti upp á milli Lága, þaðan beint austur í Háahraun, þaðan í vörðu í Krókavatsblá og austur í Hagabjarg, þaðan inn í Amarvatnskeldu og þaðan beina línu í vörðu, sem stendur í Glámu, og þaðan beint norður, utanvert við Krummaklett, og í stóran stein, sem stendur austan á Skarðsásnum, þaðan í vörðu norðan á ásnum og svo í vörðu á Selfellshala." Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Ekra, 1.

NM-205:028 *Kolagrafahöfði* örnefni kolagröf

"Landamörk fyrir Ekruland: Að utan frá Lagarfljóti upp á milli Lága, þaðan beint austur í Háahraun, þaðan í vörðu í Krókavatsblá og austur í Hagabjarg, þaðan inn í Amarvatnskeldu og þaðan beina línu í vörðu, sem stendur í Glámu, og þaðan beint norður, utanvert við krummaklett, og í stóran stein, sem stendur austan á Skarðsásnum, þaðan í vörðu norðan á ásnum og svo í vörðu á Selfellshala þaðan í miðjar tjarnir, sem eru í Ekrublá, og þaðan á Kolagrafahöfða ... " Kolagrafa var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Ekra, 1.

NM-205:029 *Vegholt* heimild um leið

"Milli Lagarfljóts og Eiríkswatns eru Smáholt og Vegholt, þar var vegur til forna." Ekki leitað 1997

Heimildir: Ö-Ekra, 3.

NM-205:030 *Ekra* örnefni akur 65°31.064N 14°22.116V

Akurgerði (?): "Þá er það vestasta hornið við Lagarfljót, sem bærinn stendur á, og heitir Ekra. Sagt er að til forna hafi verið sáð til korns á Ekru". segir Helgi Hallgrímsson. Ekra er um 600 m suður afbænum og niðri við fljótið.

Heimildir: HH, 12;Ö-Ekra, 3.

NM-205:031 tóft

Tóft er í Stekkjalág, sem er á milli Ekru og Dratthalastaða. Ekki skráð 1997.

Heimildir: Athugasemdir frá heimildarmanni.

NM-205:032 tóftir


Tóftir í Fremstulág sem er upp afferjumel við Lagarfljót. Eki skráð 1997.

Heimildir: Athugasemdir frá heimildarmanni.

NM-205:033 heimild um fjárhús

Í Prestaskarði voru byggð sauðahús af prestunum á Ási í Felum og Valþjófsstað í Fljótsdal þegar Öskjugosið var árið 1875. Ekki skráð 1997.


Heimildir: Athugasemdir frá heimildarmanni.



48. Fornleifakort. Stóra Steinsvað

NM-206 Stóra Steinsvað

48 hdr. 1645, 50 hdr. 1686, 44 hdr. 1695, 1847. Bændaeign en 10 hdr voru kristfé, síðar Tunguhreppsátækraeign. Fyrst getið 23.8.1500 en þá gaf Erlendur Bjarnason háltkirkjunni á Ketilstöðum á Völlum 'fiogra C Reka er heitir Ketilsstadasandur, er liggur j mille Steinsvadssands og Hialltastadar sands.' - DI VII, 512 sbr. [1491-1518] - DI VII, 26. 21.4.1522 gefur sr. Jón Markússon Bjarna Erlendsson 'kvittan um songkaup a steinsvadskirkju er liggur i Kirkjubæjar sokn a Utmannasveit upp a 12 ar er hann var þar þingaprestur' - DI IX, 74. 21.9.1556 selur Erlendur Hannesson



49. Fornleifakort. Stóra Steinsvað - bæjarstæði

Bjarna Erlendssyni 13 hdr í Eystra Steinsvaði í Kirkjubæjarkirkjusókn - DI XIII, 153. 1. 5. 15 5 7 selur Diðrik Hannesson Þorsteini Einarssyni 18 1 / 2 hdr í Steinsvaði með

öllum gögnum og gæðum sem jörðinni hafa fylgt "bædi til sios og lands" en parturinn var móðurarfur Diðriks - DI XIII, 194 sbr. 293. 16.6.1561 selur Loptur Hannesson Bjarna bónda Erlendssyni 18 ½ hdr í Eystra Steinsvaði í Kirkjubæjarþinghá með öllum gögnum og gæðum "baedi til sios og lands" - DI XIII, 612. 26.7.1562 gefur

Bjarni bóndi Erlendsson Vilborgu dóttur sinni til kaups við Einar Eyjolfsson m.a. Steinsvað hið stóra í Kirkiubæjarþinghá fyrir 32 hdr - DI XIII, 758. 1579: Steinstada sandur sex hundrud fadma - DI XV, 711-12. 15.8.1645 selur Bjarni Oddsson Brynjólfi bpi Stóra-Steinsvað með 4 hdr sandi, 48 hdr að dýrleika - Jarðabréf, 269. 24.2.1664 selur sr. Stefán Ólafsson Ólafi Jónssyni 9 hdr í Stóra-Steinsvaði - Jarðabréf, 270. 1693 kvartar Úlfheiður Guðmundsdóttir í lögréttu að hún nái eigi 5 hdr parti í jörðinni Ekru sem Ólafur sál. Jónsson hafði gefið hennar, nú föðurlausu barni Sesseliu Geirmundsdóttur - fósturdóttur Ólafs - og er sýslumanni falið að styðja Úlfheiði í að ná partinum - DI IX, 408. 26.4.1703 hafði sr. Þorvaldur Jónsson selt sr. Skúla Þorsteinssyni Tjarnarland, sem eru afdeild 10 hdr úr jörðunni Stóra-Steinsvaði - Jarðabréf, 386.

Ekra og Tjarnarland hafa verið hjáleigur fram á 17. öld, voru a.m.k. seldar með henni 1645 en urðu seinna lögbýli, hvort um sig 10 hdr að dýrleika, og Stóra Steinsvað eftir það 24 hdr jörð. "Stóra-Steinsvað er gömul og stór jörð, samsvarandi Ketilsstöðum, enda liggja þær samhliða, og skipta með sér spildunni milli Lagarfljóts og Sefljóts á um 5 km vegalengd. Mörkin milli þeirra eru austanvert í mýrunum Flögu og Glámu. Bærinn stendur skammt frá Lagarfljóti, vestan undir myndarlegum ás, er kallast Steinsvaðsfell (109 m.y.s.). Að sunnan er jörðin Tjarnarland, og Ekra að norðan. Norðurmörkin eru um Lagarfoss. Bæjarins er ekki getið í fornritum, en talið er að þar hafi verið hálfkirkja í kaþólskum sið eða lengur, og áttu fáeinir bæir í Hjaltastaðapingá sókn þangað. Þeir voru síðar sameinaðir Kirkjubæjarsókn í Tungu, handan Lagarfljóts. Oft var tvíbýlt á jörðinni." - SJM II, 304.

1919: tún 3,7 m². garðar 574 m². "Tún harðlent og sendið, að meirihluta slétt. Engjar dreifðar ... Túnið að mestu sléttað með dráttarvél, en síðasta túnpýfið var tekið með jarðýtu." SJM II, 304.

Heimildarmaður:
Kristjana Einarsdóttir fædd
03.09.1912 kom að Stóra
Steinsvaði árið 1933


NM-206:001 bæjarhóll

bústaður

65°28.981N 14°21.250V

Gamla bæjarstæðið er nálægt fljótsbakkanum, um 150 m suðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi. Þarna er lágur hóll fast við læk eða lækjarfarveg. Á hólnum eru tættur af húsum,

amk 4 hólf sjást. Tvö op eða tvennar dyr til vesturs hvort úr sínu hólfi, einnig virðist hafa verið gengið út til austurs úr einum stað. Dyr milli hólfa sjást ekki. Á lágum



hól í túni "Bæir voru tveir og sjást veggir þeirra enn ... Tveir bæir stóðu spölkorn vestar en núv. íbúðarhús. Skv. [fasteignamati 1918] 2 baðstofur, 7 x 5 álnir, og 8 x 5 1/2 alin"

"Steinhús var byggt á Steinsvaði 1948, og hafa gömlu bæirnir þá verið lagðir niður, og líklega rifnir. Síðasti ábúandi, Kristjana Einarsdóttir segir að bæjarrústunum hafi lítið verið hróflað vegna þess að hætta var talin á berklasmiti frá þeim." segir Helgi Hallgrímsson. Aðspurð um "tvo bæi" sem getið er í Sveitum og jörðum, segir Kristjana Einarsdóttir að á Steinsvaði hafi verið tvíbýli, en ekki þannig að bæirnir hafi verið á mismunandi stöðum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar. Heimildir:

Túnakort; SJM II, 304; HH, 7.

NM-206:002 Bænhóll tóft af útkirkju

65°28.987N 14°21.317V

"Bænhús var á Stóra-Steinsvaði, og tótt þess óröskuð. Skammt frá er hringlaga garðlag, sennilega umhverfis grafreit". "Í túni innarlega er Bænhóll. Þar stóð hálfkirkja, og áttu fjórir bæir að sækja kirkju: Tjarnarland, Ekra og Dratthalastaðir". "Hálfkirkja var á Steinsvaði, löngu af lögð." Kirkjutóftin er suðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi og bæjarrúst 001. Tóftin var sléttuð, en þó sést móta fyrir henni þegar ekki er mikið gras á túninu. Í sléttuðu túni.

Kirkjutóftin sést nú aðeins sem mjög óljós þúst. Hún snýr austur-vestur, er 8x6 m að utanmáli með um 2x2 m dæld í miðju. Kristjana Einarsdóttir benti á staðinn. 21.4.1522 gefur sr. Jón Markússon Bjarna Erlendsson kvittan um söngkaup á Steinsvaðskirkju er liggur í Kirkjubæjar sókn á Útmannasveit upp á 12 ár er hann var þar þingaprestur

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 304; PP, 7; DI IX, 74 sbr. AM 263 fól. bl. 99.

NM-206:003 þúst


útihús

65°28.938N 14°21.201 V

Um 100 m suðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi er hól um 10 m í þvermál, líkur því að þar hafi verið tóftir, sem sléttað hefur verið yfir. Í túni.

Lítið er vitað hvaða hús stóðu hvar í Steinsvaðstúni. Í Sveitum og jörðum er getið um fjós úr torfi og grjóti fyrir 6 kúr en það mun nú vera fallið. Um eldri fjárhús vantar heimildir, en Kristjana er líklega til að vita hvar þau voru og nöfu þeirra. Í Fasteignamati 1918 er þó getið um 4 hlöður fyrir 115 hestburði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar



Heimildir: SJM II, 303.

NM-206:004 útihúsatóft

65°28.984N 14°21.058V

20-30 m SSA af steinsteypu íbúðarhúsi er hól með greinilegum ummerkjum um hús sem sléttuð hafa verið. Í túni. Tóftin snýr norður-suður og er svæðið 22x 14 m í allt, eiginlega ekki hægt að tala um hleðsluhæð, en það sér móta fyrir húsalengju

með 3-4 hólfum og annarri vestan við. Lítið er vitað hvaða hús stóðu hvar í Steinsvaðstúni. Í Sveitum og jörðum er getið um fjós úr torfi og grjóti fyrir 6 kýr en það mun nú vera fallið. Um eldri fjárhús vantar heimildir, en Kristjana er líklega til að vita hvar þau voru og nöfn þeirra. Í Fasteignamati 1918 er þó getið um 4 hlöður fyrir 115 hestburði

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 303.

NM-206:005 þúst

65°29.03 IN 14°21.315V

Um 50 m í vestur frá steinsteypu íbúðarhúsi er sléttaður hóll, snýr austur-vestur. Á þessum stað hafa greinilega verið byggingar og verið sléttaðar. Lítil lækur, eða farvegur, er á milli hólts og íbúðarhússins. Í sléttuðu túni. Hóllinn er um 19x7 m að stærð, ávalur og ekki miklu hærri en túnið umhverfis.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-206:006 þúst

útihús

65°28.929N 14°21.133V

Um 30 m suður af steinsteypu íbúðarhúsi er lágur hóll sem snýr norður-suður. Á honum mótast fyrir húsum sem sléttuð hafa verið. Í túni. Skammt er frá syðri hólenda út í læk sem rennur í fljótið. Alls er hóllinn um 25 m langur og 8 m breiður. Húsin sem sjást eru á syðri enda. Þau eru ekki minni en 1 0x5 m og skiptast í tvö hólf.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-206:007 heimild um túngarð

"Mikil garðlög um tún og vörslugarðar" segir í Sveitum og jörðum og Helgi Hallgrímsson telur að það "Virðist mega greina einhverjar leifar þessara garða á loftmynd" en ekki fundust neinir garðar við vettvangsathugun 1997.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: SJM II, 304; HH.

NM-206:008 réttartóft

65°28.895N 14°20.982V

"Upp við fellsbrekkuna, ofan við heimreið, er gömul grjóthlaðin rétt, og þar sem vegurinn beygir heim að bænum er allstór, aflöng tótt á loftmynd, sem gæti hafa verið rétt." segir Helgi Hallgrímsson. Tóft þessi er um 5 m ofan heimreiðar suðaustur af íbúðarhúsinu.

Grjóthlaðin þriggja hólfa rétt.


Hleðslurnar standa mjög vel og eru stór
björg notuð í undirstöður.

Austurveggur réttarinnar er
hamraveggur og er næst honum hólf, 13x4
m. Framan við það eru tvö hólf og

er innangengt úr því stærra, 10x7 m, í aftara hólf.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 8.



NM-206:009 heimild um myllu

"Kornmylla við Bæjarlæk". segir í Sveitum og jörðum. Helgi Hallgrímsson segir svo frá: "Bæjarlækur kemur úr Selvatni og rennur inn fyrir ofan túnið og í Lagarfljót fyrir innan það. Í Búkollu segir að Bæjarlæk hafi verið "veitt í eldhús á útparti". Er líklega átt við grein úr honum, sem veitt hafi verið í skurði og ræsi gegnum gamla hlóðaeldhúsið. Þannig vatnsleiðsla var víða stunduð fyrir daga pípulagna, sérstaklega á snjóþungum stöðum norðanlands og austan. Kristjana telur að myllan hafi verið við krókinn á læknum, SA af bænum, og hafi þar sést ummerki um hana." Myllutóftin fannst ekki 1997

Heimildir: SJM II, 304; HH, 8.

NM-206:010 Stóra-Steinavað heimild um vað

65°29.008N 14°21.361V


"Nær beint niður af bænum er Stórasteinsvaðið á Fljótinu, og bærinn við það kenndur".segir í Sveitum og jörðum og Helgi Hallgrímsson bæti við: "Beint undan túni í Lagarfljóti eru þrír steinar (Vaðsteinar), og mátti sjá af þeim hve mikið var í Fljótinu. Ef steinarnir voru í kafi, var Fljótið á sund. Þar heitir Stóra-Steinsvað". Fljótið er þarna um 700 m breitt, en að jafnaði grunnt. Mæling tekin á fljótsbakkanum.

Heimildir: SJM II, 304; HH, 8.

NM-206:011 stekkjartóft

65°29.697N 14°21.050V

"Samkvæmt örnefnaskrá og loftmynd er Stekkatangi, utantil í landinu, gengur NV í



Fljótið innanvert við Fossvík, sem er næst fyrir innan Lagarfossvirkjun. Þar ættu að vera stekkjartættur, líklega ofan við tangann." segir Helgi Hallgrímsson. Stekkjartóftin er ofan við Stakkatanga ekki langt frá rafinagnslínu og bíslóð sem er nærri henni. Undir holti eða ás, vöxnum lyngi og fjalldrapa. Mjög óglögg tóft.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: SJM II, 304; HH, 8.

NM-206:012 þúst útihús

65°29.026N 14°21.126V

Vestur af núverandi íbúðarhúsi á framhaldi hólís eða mjög lágrar upphækkunar sem það stendur á, er svæði sem lítur út eins og þar hafi verið sléttaðar út rústir. Í sléttuðu túni. Svæðið er um 12x10 m stórt. Um 4 m vestar er grunn dæld, um 3x4. Kristjana Einarsdóttir kveðst ekki muna eftir húsum á þessum stað, hún og maður hennar reistu það hús er nú stendur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-206:013 Selfell býli

65°30.270N 14°20.829V

Helgi Hallgrímsson hefur skrifað um Selfell: "Út af Selfelli [vestan við Selvatn] er áshryggur, nefndur Selfellstangi. Þar eru rústir af eyðibýli, sem hét Selfell; fór í eyði á síðari hluta 19. aldar. Síðasti ábúandi hét Ísak Benediktsson (Sbr. Æ. Austf. nr. 3052 og víðar). Í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar [Múlaping 5, 1970, bls. 182] er nefnt Selfell í Ekrulandi, og Ísaksgærði í Steinsvaðslandi. Þetta er eitt og sama býlið, Selfell, og er í Steinsvaðslandi (Heimild: Einar Bjarnason)".


Tættarnar sjást á loftmynd, rétt fyrir utan fellið, skammt frá Selvatni, og mótar fyrir túngörðum. Ég skoðaði þessar minjar 20.7.96, mældi tóftirnar og rissaði upp. Þær eru af sambyggingu, um 15 m að lengd (í S-N-stefnu), og um 5 m breið, og hefur etv. verið í tveimur hlutum. Aðaltóftin (úthlutinn) er um 8 x 5 m, ógreinilega skipt

með tveimur

þverveggjum og dyr til austurs. Sunnan við hana hefur líklega verið um 2 m bil, og síðan annað hús, um 5 x 5 m. Um 2 m breið tóft er viðbyggð aðaltóft að utan, líklega af rétt eða kvíum.

Túngarður er um lítinn blett, mjög skýr, og nær inn að Selfellsklettunum. Rústirnar eru vaxnar grasi og ljónslappa, en túnið er mjög vaxið lyngi, víði og fjalldrapa.

Heimildir: HH, 8-9.



NM-206:014 garðlag

65°29.917N 14°20.792V

"Rétt fyrir innan Selfellstættur er gamall garður frá vatninu upp í fellið. Nes sem gengur út í Selvatn að norðan er einnig girt með þvergarði. (Þessir garðar sjást á loftmyndum en ég tók ekki eftir þeim í landinu). (Um 500 minnar eru tveir garðar eða skurðir, með stuttu millibili, milli fells og vatns, sem sjást vel en eru líklega ekki gömul mannvirki)." Skráningarmaður FSÍ sá ekki til þessara garða.

Heimildir: HH, 8.

NM-206.015 vörslugarður


65°29.584N 14°20.970V

"[Á loftmynd sést garður] sem liggur frá suðurenda vatnsins (Selvatnsfæti), ofan í Lagarfljót, um 350 m langur, og hefur hann líklega afinarkað land þessa atbýlis að innan." segir Helgi Hallgrímsson. Garður stefnir frá suðurenda Selvatns og langleiðina að Lagarfljóti í móum, þýfðum, vöxnum fjalldrapa og lyngi. Garðlagið liggur austur og vestur og er a.m.k. 300 m langt. Breidd þess er um 2 m og er það mjög hlaupið í þúfur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH, 8.

"Við Bolatjörn eru fornar rústir, kallaðar Bolagerði".segir í örnefhalýsingu. "Austan[Selvatns] eru aðrar rústir, Bolagerði, ef til vill afbýli; þar voru síðar beitarhús" segir í Sveitum og jörðum. "Bolatjörn er vestanvert við svonefndan Skarðsás, en það er lágur en langur klettaás, sem gengur langs gegnum allt Steinsvaðsland, austan við Selvatn og Steinsvaðsfell. Vestan við tjörnina, utantil, er




hringlaga gerði, um 100 m í þvermál, með einum þvergarði sunnantil, og mótar fyrir húsatóttum í því. Garðurinn er orðinn mjög lágur og útflattur, og er alvaxinn lyngi og hrísi, eins og líka sjálft gerðið, nema ein tótt utantil er grasi vaxin." Garðurinn er

mjög útflattur og hlaupinn í þúfur en smáhólf um 2x2 m innan garðs, grasi vaxinn og virðist yngri garðinum.

Eldri tóftirnar, garðarnir og allt svæðið innan og utan garðs er mjög stórþýft og lyngi vaxið. Í norðausturhorni garðsins er tóft af fjárhúsi eða beitarhúsi. Tóftin er vaxin grasi og grænni en umhverfið og yngri en aðrar byggingaleifar á svæðinu. Um 5

m suðvestan við fjárhúsin er upphækkuð tóft um 14x4 m, og garður úr henni. 4 m norðaustan beitarhúsanna er önnur ferköntuð upphækkun, greinilega mannvirki en mjög ógreinileg.

Heimildir: SJM II, 303;Ö-Stóra-Steinsvað, 2; HH, 9.



NM-206:017 tóft

65°29.022N 14°21.097V

Um 20 m norðvestan við steinsteypt íbúðarhús, er óljós tótt. Í túni rétt hjá íbúðarhúsi. Líklega hefur þessi bygg. verið ferhyrnd. Dýraop er á norðurenda, hún snýr nálægt því norður-suður.

Þegar skráð var lá hrúga af trjágreinum og rusli í tóftinni. Að sögn Einars Einarssonar í Hlégarði, sem er frá Stóra Steinsvaði, var þetta súrheysgryfja.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-206:018 heimild um beitarhús

65°29.524N 14°19.927V

"Á ásnun voru tvenn beitarhús, aðeins ein í notkun" segir í örnefnalýsingu. "1936:

Lögð niður beitarhús á Skarðsás (önnur þar til 1970)" segir í Sveitum og jörðum. Helgi Hallgrímsson bætir við: "Þessi hús virðast ekki hafa haft sérnafn, líklega bara nefnd "beitarhús" eða kennd við ásnun. Þegar tvíbýlt var á Steinsvaði, tilheyrðu þau hvort sínu búi. Ytri húsin eru uppi á ásnun, SV við allstóra tjörn í Glámu, sem Sauðavatn nefnist. Á loftmynd má greina þarna tættur tveggja fjárhúsa, og heystæði við það ytra, en þegar ég kom þarna haustið 1993, hafði rústunum verið rutt saman í haug. Umhverfis húsin er ferhyrnt svæði, afgirt með vírgirðingu og steinaröðum, en ekki virðist þar hafa verið tún. Ekki gat ég séð neinar eldri tættur, og ekki heldur neinn vott af gömlum túngarði." -

Beitarhúsin utar á Skarðsásnum eru horfin, hefur verið ýtt saman og stendur grasi vaxinn hraukurinn þar sem húsin stóðu áður. Þar sem húsin stóðu er mun grænna en umhverfis en túnblettur hafur verið umhverfis þau og er hann nú girtur af. Klettabök standa upp úr ásnun og er gott skjól milli þeirra.


Heimildir: SJM II; Ö-Stóra-Steinsvað; HH.

NM-206:019 beitarhúsatóft

65°28.131 N 14°20.283V

"Hin beitarhúsin [sbr. NM:206-018] voru mikið innar á Skarðsásnum eða inn undir


Tjarnarlandsmerkjum, SA af Steinsvaðsfellinu. Á loftmynd virðist gamall garður liggja þar þvert yfir ásnun, en tættur sjást ekki greinilega á henni. Þessi hús voru lögð niður 1936. Kristjana segir að á hvorugum húsunum hafi verið tún." segir Helgi Hallgrímsson.



Syðst er fjárhús, veggjahæð allt að 1 m og 1,5 m á þykkt. Aftan við fjárhúsin er hlaða en áföst við hana er ógreinilegra hólfi, e.t.v. eldra. Þar norðan við er tvískipt smátóft og aftan við hana eldri og lægri tóftir. Húsin standa á upphækkun, sem bendir til endurbygginga.

Grjóthleðsla stendur vel og er vel hlaðin. Beitarhúsin eru ein lengja, um 25 m löng. Áfast við norðurhlið eru leifar hólfs og e.t.v. hólfa norðan við þau. Hólfið aftan við er ógleggra, liggur lægra og virðist eldra en aðalbeitarhúsatættarnar.

Hættumat: mikil hætta vegna rofs. Heimildir: SJM II, 304; Ö-Stóra Steinsvað, 2; HH, 9-10.

**NM-206:020** réttartóft

65°29.347N 14.20.020V

Efst á Skarðsásinum beint á móti Steinsvaðsfelli, er tóft milli tveggja klettaása. Ferkantað niðurgrafið svæði með garði kring. Dyr til suðausturs. Gæti verið rétt eða

einhverskonar gripheldi.

Hættumat: engin hætta.

NM-206:021 þúst útihús 65°29.135N 14°21.326V

Um 100 m norðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi, er blettur rúmlega 20 m á hvorn veg, sem lítur út eins og sléttað hafi verið þar úr húsum í sléttuðu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-206:022 þúst útihús 65°29.013N 14°21.167V

Suðvestur af steinsteypu íbúðarhúsi, ca 70 m, er þúst þar sem sléttað hefur verið úr rústum, grjót sést hér og þar. Í túni. Ávöl bunga, um 0,5 m hærri en túnið umhverfis og 12x8 m að stærð, snýr austur-vestur. Í suðausturhorni er hola og sér í hleðslu. Gæti þar verið brunnur sem hefur fyllst. Um 8 m vestan við þessa þúst er lítil, og sennilega nýleg kofatóft. Hún sést sem gryfja, full af spýtnabraki og bárujárni. Hún er um 2,5xl m að innanmáli og um 0,6 á dýpt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-206:023 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:024 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland ... austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:025 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland ... austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:026 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu austur fyrir utan krummaklett og í vörðu í Glámsmýri ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:027 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu austur fyrir utan krummaklett og í vörðu í Glámsmýri, þaðan svo fram að

austan og í vörðu á Eyvindarhöfða ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:028 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu austur fyrir utan krummaklett og í vörðu í Glámsmýri, þaðan svo fram að austan og í vörðu á Eyvindarhöfða, þaðan í Krosstjarnarós, og úr honum í vörðu austan við svokallaða Flögu ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:029 heimild um landamerkjavörðu

"Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðsland austur í miðjar tjarnir sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu austur fyrir utan krummaklett og í vörðu í Glámsmýri, þaðan svo fram að austan og í vörðu á Eyvindarhöfða, þaðan í Krosstjarnarós, og úr honum í vörðu austan við svokallaða Flögu, síðan norður í Kiðuholt, þaðan í vörðu á Merkiöxl ... " Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1.

NM-206:030 *Litla-Steinsvað* heimildum vað


"Móti bænum á Litla Steinsvaði (norðan Lagarfljóts), gengur sandeyri út í Fljótið, þar er vað á fljótinu, nefnt Litla-Steinsvað." segir í örnefnalýsingu. Vaðtangi (LitlaSteinsvað): Um 2 km utan við Ferjutanga gengur Vaðtangi út í Lagarfljót, beint á móti bænum Litla-Steinsvaði í Tungu, sem er kominn í eyði. Þar mun lengi hafa verið vað á Fljótinu, sem bærinn heitir eftir. Ekki er vitað um neinar sýnilegar minjar í því sambandi nema etv. götur að ferjustaðnum. (HH) "Móti bænum á Litla-Steinsvaði (norðan Lagarfljóts), gengur sandeyri út í Fljótið; þar er vað á Fljótinu, nefnt LitlaSteinsvað, og eyrin heitir Vaðtangi.

Heimildir: Ö-Stóra-Steinsvað, 1-2.

NM-206:031 tóft

(Eystri ásinn (Litli-Skarðsás) er austan við voginn, og gengur lág skáhallt NV yfir hann, sem gæti verið umrætt skarð. Syðst í tungunni NA megin við lágina, er greinileg tótt, aflöng og tvískipt, líklega af fjárhúsi eða stekk, eða hugsanlega af veiðikofa, því þetta er langt frá öllum bæjum. (Nú liggur jarðsími um lágina, og er merki hans nálægt tóttinni/ Skoðað og ljósm., 13. sept. 1993)." Ekki skráð 1997.


Heimildir: HH.



50. Fornleifakort. Tjarnarland

NM-207 Tjarnarland

Hjáleiga frá Stóra Steinsvaði. Ekki getið í jb. 1686 en talin lögbýli í bændaeign 10 hdr að dýrleika 1695, 1847. 26.4.1703 hafði sr. Þorvaldur Jónsson selt sr. Skúla Þorsteinssyni Tjarnarland, sem eru afdeild 10 hdr úr jörðunni Stóra-Steinsvaði - Jarðabréf, 386. "Landamörkin eru hreppamörk að sunnan, við Rauðalæk gegnt Straumi í Tungu og austur í Breiðavatn (35 m.y.s.), sem er vestur af Hleinagarði í Eiðapínghá. Þaðan liggja mörkin aðeins til na. austan við Hestása og áfram sem næst út móts við Ártún og síðan þvert aftur í fljót í stefnu á bæinn Litla-Steinsvað í Tungu." SJM II, 288-289. 1919: tún 1,6 ha. garðar 368 m². "Landið er allt lágt, en mishæðótt víðast, skiptast á votar tjarnarmýrar og ásabungur mjög vaxnar lyngi og hrísi og gott vetrarbeitiland. .. Snögglent hólatún, um 1/2 slétt, engjar lélegar,



dreifðar, hey létt, góð vetrarheit, útgræðsluskilyrði túns góð ... " SJM II, 288-289.

51.Fornleifakort. Tjarnarland - bæjarstæði

NM-207:001 bæjarhóll

bústaður

65°27.466N 14°20.460V

"Gamli bærinn stóð syðst í túni ,
baðstofa 8 x 6 álnir"

(Fasteignamat 1918). Bærinn

brann í tíð Þorsteins

Magnússonar [1914-24] og var

endurbyggður, baðstofa í einu

lagi uppi, eldhús og kames

niðri". segir í Sveitum og


jörðum. Bæjartóftirnar eru á

vesturbrún btekku sem hallar til

austur niður í lág. Þar eru tvö

meginhólf, 1 0x5 og 7x5 m.

Austan við þau eru 3 smærri



hólf og smátóft er líka áföst við. Timbur og bárujárn er enn í tóftinni. Í Sveitum og jörðum er einnig getið um "gömul torfhús undir járn" (1975), sem nú eru líklega horfin, og "óljósar leifar vörslugarða" eru sagðar sjást.

Heimildir: Túnakort 1919.

NM-207:002 fjárhústóft

65°27.563N 14°20.388V

Torfhlaðið fjárhús, með járn á þaki og torf ofan á því er í túnjaðrinum, norðvestan við steypu íbúðarhús. Fjárhúsið er við enda vegar sem liggur frá bænum niður að sorpurðunarstað. Í túni. Húsið snýr NNA-SSV, dyr og gluggi á suðurstafui. Sjáanlega í notkun sem fjárhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


NM-207:003 þúst

útihús

65°27.537N 14°20.453V

Um 70 m suðvestan við núverandi íbúðarhúss er hóll eða upphækkun í túninu, mjög þýfður og er greinilega leifar mannvirkja, en ekkert veggjalag er sýnilegt. Í túni. Þústin er grasi gróin, og þar má sjá bárujárn og timbur. Snýr norður-suður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-207:004 útihúsatóft 65°27.471N 14°20.305V

Smátóft mjög máð og ógreinileg, er á smáhóli milli tveggja tjarna, um 150 m suðaustur af núverandi bæjarhúsi. Hestahagi. Austan við tóftina er stórþýfi, þar sem mannvirkjaleifar gætu verið, en ekkert veggjalag er á því.

Hættumat: hætta vegna rofs

NM-207:005 þúst

útihús

65°27.489N 14°20.299V

Grænn þýfður hóll með sóleyjum og fitlum, líkur því að þar hafi verið byggingar er 30-40 m í suðaustur frá steypu íbúðarhúsi, nánast sunnan í hólnum sem bærinn stendur nú á. Ílangur hóll án greinilegra rústa, um 15x8 m að stærð. Af honum liggur

nýlegur stubbur af girðingarundirstöðu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207:006 heimild um fjárhús

Kofi á Kofaás: Kofaás er suðvestur af bænum(?), "kenndur við fjárhúskofa sem stóð NV á ásum. Þar er svolítill túnblettur" Þetta sést frá bæ, hús er horfið. Á þennan stað láðist skrásetjurum að fara 1997.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 2.

NM-207:007 tóftir+ garðlög


65°27.429N 14°20.346V

Nokkrar tóftir eru á hólí og garður umhverfis um 150 m frá gamla bæjarstæðinu og um 200 m suðaustur af því nýja. Suðvestan við tjörn. 4 tóftir eru hvað greinilegastar en stórhýfi og dokkir í hólum benda til fleiri tófta. Garðar umlykja hólinn, þar sem þær standa. Syðri garðurinn er framhald af garði sem liggur yfir mýrarnar, hann er um 0,3 m að breidd og 0,3 m á hæð. Hann liggur til norðausturs meðfram tjörninni á um 60 m kafla. 40 m frá þar sem hann beygir kemur út annar breiðari garður, útflattur og

sokkinn, sem liggur yfir hólinn og yfir í áveituna austan gamla bæjarhólsins. Vestan við hólinn liggur annað garðlag sem endar í einhvers konar gripheldí.

Hættumat: hætta

vegna ábúðar.



NM-207:008


mannvirki ferja

65°27.358N 14°22.773V

"Ferjutangi (Svifferjan)

og Vaðtangi. Svo nefhist allstór tangi, er gengur fram í Lagarfljót, beint vestur af bænum. Þar var svonefnd svifferja á fyrri hluta 20. aldar, yfir í annan Ferjutanga í landi Litla-Steinsvaðs í Tungu. Fljótið er aðeins um 100 m á milli tanganna, en straumþungt og kallast þar Straumur (Straumar). Ferjan var sett upp árið 1905 og rekin til 1942. Voru settir upp gálgar beggja megin og strengdur vírkapall á milli. Var ferjubáturinn festur við þennan kapal með köðlum og trissum, og við gálgann að vestanverðu var handsnúið vinduhjól, til að draga bátinn yfir Fljótið (Þetta var því rauninni dragferja). Nokkrar leifar standa enn af þessum mannvirkjum beggja megin Fljóts og glöggar götur að þeim. Þarna mun aldrei hafa verið ferjað áður, né heldur farið á vaði. Á fljótsbakka.

Undirstaða er hlaðin úr grjóti og steipt og uppi á henni reistur gálgi úr þrem bjálkum (lengd þeirra 4-4,5 m). Vinduhjól úr járni er enn á. Undirstaðan er um 2 m há miðað við vatnsborð og um 3 m á hvorn veg. Hæð mannvirkis með gálga er á að giska 6 m.



Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: HH, 2; SJM I, 343 og II, 289; Einar Pétursson: Svifferjan á Lagarfljóti. Múlaþing 3, 107-114, 1968.

NM-207:009 garðlag


áveita

65°27.418N 14°20.457V

Í lág milli fjögurra hóla um 40 m beint austur af gamla bæjastæðinu er veitugarður og skurðir í uppþornaðri mýri. Milli holtsins sem bærinn stóð á og annars vestan við. Mjór, beinn garður á um 150 m

löngum kafla frá na-sv. Hann beygir 90° til austurs og liggur þar á um 200 m kafla að tjörninni 150 m austan bæjarhólsins gamla og um 200 m sa frá núverandi íbúðarhúsi. Girðing liggur á honum á kafla. Við tjörnina beygir garðurinn til N á um 40 m kafla og er tveir lagnveggir kring um smátóttir á hólí (020). Kann að vera undirstaða undir girðingu.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks.



NM-207:010 beitarhúsatóft

65°26,640N 14°21,902V

"Beitarhús voru við fljótið, inn undir Grafarmörkum, aflögð 1928" segir í Sveitum og jörðum. Helgi Hallgrímsson bætir við: "Þau voru á Fljótsbakkannum stutt fyrir utan Rauðalæk, sem er á merkjum við Gröf, við víkina eða flóann milli Ferjutanga og næsta tanga fyrir innan, sem heitir Grafartangi (Grafartangar), en á þeim tanga voru beitarhús frá bænum Gröf (í Eiðapínghá). Húsin voru nafnlaus. Tættarnar sjást á loftmynd, en ekki eru merki um túngarða." - Um 2 km suðvestur af bæ á Tjarnarlandi. Frammi við fljótsbakkann, brekka niður að fljótinu

nokkra metra vestan húsa. Snúa norður og suður, dyr í austur. Vestan við tóftina mótast fyrir eldri byggingum, en þær tóftir eru óglöggar, og hæð hleðsina aðeins um 0,2m.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH 3; SJM II, 289.

NM-207:011 vörslugarður

65°27.995N 14°20.727V

Garðspotti er uppi á ás norðvestur af bænum. Lágur garður, hlaupinn í þúfur, vaxinn lyngi, grasi og fjalldrapa. Sést með vissu á 70-80 m kafla, en gæti verið lengri. Mæling tekin um 50 m sunnan við veginn að Stóra Steinsvaði. Þar var flag og spark eftir hross. Nokkurt rof er þarna, og stafar garðlaginu helst hætta af uppblæstri og e.t.v. af ágangi hrossa.

Hættumat: hætta vegna uppblásturs.

NM-207:012 garðlag

65°28.055N 14°20.554V

Garðspotti er milli tveggja ása suðvestur af beitarhúsum sem eru suðaustan við Skarðsáss. Garðurinn liggur þvert yfir sundið milli ásanna um 10 m norður af tjörn sem þarna er. Hann er útflattur og hlaupinn í þúfur. Sést best á um 20 m kafla í mýrlendi í sundinu, þar er hann grasi vaxinn, en annars þakinn lyngi.

Hættumat: engin hætta.

NM-207:013 kálgarður

65°27.513N 14°20.435V

Garðlag er um 50 m suðvestur af steinsteyptu íbúðarhúsi. Það er um 10 m lengd og 8 á breidd að innanmáli. Í brekku móti suðaustri. Norðurveggur heldur áfram niður á jafnsléttu, etv túngarðsbútur og kann að vera eldri en kálgarðurinn, sem er líklega ekki forn. Veggurinn er 2 m breiður neðan við garðinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207:014


útihúsatóft

65°27.476N

14°20.401 V

Útihústóftir eru um 150 m suður frá steinsteyptu

íbúðarhúsi. Á hól, ílöngum, milli mýrlendrar lágar og lítillar tjarnar eða polls. Virðist þrískipt. Nyrsta hólfið greinilegast, en virðast hafa verið tvö hólf sunnar, og eru þau ógreinilegri. Syðsta hólfið stendur lægra en hin




Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207:015 þúst

útihús

65°27.442N 14°20.346V

Um 200 m suður af steinsteyptu íbúðarhúsi, er þúst þar sem bygging hefur staðið. Á



hól, mýri vestan við og er tjörn suðaustan við. Mótar aðeins fyrir húshorni, grjót sést á dreif í yfirborði, hóllinn er sléttur að ofan og gróður eins og þar sem hús hafa verið. Stærð u.þ.b. 18x6 m.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207:016 útihúsatóft

65°27.507N 14°20.375V

Útihústóft er ca 100 m suður af núverandi íbúðarhúsi. Á grasi vöxnum hól sunnan við brekku suður af núv. íbúðarhúsi. Tvíhólfa tóft.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-207:017 útihúsatóft

65°27.450N 14°20.402V

Útihústóft er SSV frá steinsteyptu íbúðarhúsi, ca 150 m. Lítil tóft á hól, sem er samfastur við eða framhald á hólum með öðrum rústum. Dyraop til suðurs, hóllinn mjög vaxinn sóleyjum

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207:018 túngarður

65°27.445N 14°20.412V

Túngarðurinn liggur í sveig suður og vestur fyrir túnið. Hann er um 70 m vestan við bæjarstæðið 001, neðan hóls í lægð og 80-90 m suðurfyrir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207:019 garðlag

áveita

65°27.418N 14°20.457V


Í lág milli 4 hóla um 40 m beint austur af gamla bæjarstæðinu. Garðar og skurðir í uppbornaðri mýri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-207: 020 landamerkjavarða

"Landamerki milli Tjarnarlands og Grafar eru úr Rauðalæk í Rimbrimatanga. Að sunnan eru mörk milli Tjarnarlands og Hleinargarðs úr Rimbrimatanga út um vörðu sunnan á Tröllaskarðaás." Þessarar vörðu var ekki leitað 1997.

Heimildir: Ö-Tjarnarland, 1.




NM-208 Ketilsstaðir

12 hdr. 1564, 1695, 1847. Bændaeign. Um Ketilstaðasand er getið í Valþjófsstaðakirkjumáldaga frá 1397: [Valþjófsstaðakirkja a] attung j hual oc fiordung j ollum vfaeru rekum oc aa ketilstada sande. - DI IV, 210. Í sandaskrá frá 1579 er Ketilstaðasandur 4 hdr. faðmar milli Kóreksstaðasands og Steinsvaðssands - DI XV, 710-711.

"Ketilsstaðir eru líklega ein hinna fornu stórarða, þó ekki sé þeirra getið í fornsögum. Hefur verið í bændaeign frá fornu fari og er svo enn. Tvö nýbýli hafa verið byggð á hlutum jarðarinnar: Ártún stutt fyrir utan bæinn, í sama túni, og Hlégarður á gömlum beitarhúsum utantil í landinu. Ártún hefur nú aftur verið sameinað aðaljörðinni. Landið var um 5 km langt fyrir skiptinguna, og liggur meðfram Selfljóti að vestanverðu. Að sunnan eru mörk við Hleinargarð (hreppamörk), að vestan við Tjarnarland og Stóra-Steinsvað í mýrarflæmi að baki "Ketilsstaðaása", er ganga eftir endilöngu landinu, frá suðri til norðurs." SJM II, 291.

1919: tún 4,2 ha. garðar 1099 m². "Bærinn stendur austan í Hraungarði í bröttu gamla túni milli fljóts og vegar, og fljótið, milli grasbakka niður og inn af, þvær um túnfótinn. Engjar voru allmiklar um hálfdeigjur og va111endi víðs vegar en unginn úr þeim 100 hb" SJM II, 291.

Heimildamenn: Sigurlaug Björnsdóttir fædd að Ketilstöðum árið 1935, Þorsteinn Guðmundsson fæddur 01.10.1961 kom að Ketilstöðum árið 1993, Einar Kristberg Einarsson fæddur 07.07.1940, kom að Ketilstöðum árið 1965 og Daldís Ingvarsdóttir fædd 10.07.1944 kom að Ketilstöðum árið 1965



53. Fornleifakort. Ketilsstaðir - bæjarstæði

NM-208:001 bæjarhóll

bústaður

65°28.212N 14°18.323V

Torfbærinn mun hafa staðið um 30-40 m norðar en núverandi íbúðarhús, eða á hlaðinu ofan við steypa fjósið og hlöðuna, sem þar er enn, en hætt var að nota um 1985. Bæjarhús hafa verið rifin og sléttað í kring. Á bæjarstæðinu er nú malarbórið hlað til að leggja bílum.

Mæling tekin aftan (vestan) við umrædd steypit útihús. Gamli torfbærinn: "Torfbær með 3 þilburstir og 1 torfstafn austur á hlað. 2 baðstofur á þrepi, reisifjöl úr breiðum, plægðum borðum, aflviðir úr rekatrjám og a.m.k. sumir innviðir, hvor um 3 rúmlengdir. Byggð ný baðstofa 1907, brann 1911, endurbyggð í sama formi, 10 x 6 álnir, með 3ja álna porti; niðri stofa og eldhús, tvískipt uppi, steypdur veggur austur á hlað, en torf á 3 vegu, panilþiljuð öll, lítill kjallari. Stuttu seinna rifinn 3ja álna torfveggur og baðstofan lengd, er því nam; steypdur veggur í staðinn, og síðan hinn stafnveggurinn" - Sveitir og jarðir II, 289. Mögulegt er að steypdu stafnveggirnir séu nú hlutar af hlöðuveggnum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: Túnakort 1919; SJM II, 291.

NM-208:002 útihúsatóft

65°28.342N 14°18.249V

Útihúsatóft á hól er rétt fyrir neðan heimreið að Ketilsstöðum. Vestast í hólnum er steinsteypit útihús þaklaust, sem reist hefur verið við eða ofan í eldri tóttir úr torfi og grjóti. Hóll vaxinn grasi, sóleyjum og elftingu. Á hólnum mótast fyrir tóttum. Sjálfur hólinn er ca 12 x 12 m en tóttirnar sem sjást ca 10 x 8 m. Ekki er hægt að greina húsaskipan lengur. Hóll þessi notaður sem sand- og malarnám og er sárið komið nærri því að enda steinsteypa hússins. Á þessum stað var fjárhús og hlaða, að sögn Þorsteins.


Hættumat: mikil hætta vegna rasks.

NM-208:003 útihúsatóft

65°28.289N 14°18.251 V

Útihúsatóft er um 50 m norðaustan við íbúðarhús í Ártúni, í austurbrún malarnáms. Undir brekku í suðurhluta hóls sem verið er að nota til sand- og malarnáms. Þarna mun hafa verið vatnshrútur að sögn Þorsteins Guðmundssonar.

Hættumat: mikil hætta vegna rasks.



NM-208:004 þúst

stekkur

65°28.200N 14°18.401V

Útihús hefur staðið uppi á kletti ofan heimreiðar, um 8 m frá þjóðvegi, um 100 m norðvestur af íbúðarhúsi og beint vestur af heimagrafreit. Óljós þúst, 4x5 m að stærð. Austan við hana smástubbur af garði, eða hleðslu undan girðingu. Mun hafa verið stekkur

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-208:005 þúst

óþekkt

65°29.180N 14°18.061 V

Um 20 m sunnan við læk suður af íbúðarhúsi í Hlégarði er ílangur hóll og á honum

þúst efir byggingu. Næst þjóðvegi er um 15 m breitt svæði með þúfum, þá er lág þar sem sér í grjót, a.m.k. 8x2 m og þá ílangur hóll er snýr norður-suður og er á að giska 10-15 m langur og 5 m breiður. Vestan og ofan hans er stórþýfi. Hóllinn er 1-1,5 m hærri en dældin austan hans. Mögulega hefur verið tekið efni í dældinni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

NM-208:006 túngarður

65°29.244N 14°18.087V

Vestan við Illégard, austan við dal meðfram Ketilsstaðaás. Grasi vaxinn mói Hættumat:

hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3; SJM II, 292.

NM-208:007 *Hjáleiga*

heimild um útihús

65°28.277N 14°17.994V

"Hali hét líka í túni og Hjáleiga." segir í örnefnalýsingu. "Neðan við Kílinn er Hjáleiga" Kílinn er neðsti hluti Bæjarlækjarins, þar sem hann rennur um aflanga hvílt, sem nú kallast "Dalur", fyrir utan og neðan gamla túnið. Samkvæmt því hefur Hjáleigan verið á holtinu utan og neðan við "Dalinn". Þar er nú túnblettur, og hafa rústir Hjáleigunnar líklega lent í honum og verið sléttaðar. Á Hjáleigu var útihús sem tilheyrði Ártúni. Engin merki sjást nú um byggingar á þessum stað. Nýrækt uppi á holti austan við lág sem liggur að fljótinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.

NM-208:008 *Kletthús*

heimild um útihús

65°28.131N 14°18.398V

Gömul gripahús: "Kletthús hét uppi á kletti í túninu, framan við bæ." segir í örnefnalýsingu og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Tóttin af Kletthúsinu er ennþá greinileg, og nokkrar smátættur ofan við bæinn." Um 70 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi er klettur, ekki sérlega stór og uppi á honum stóð Kletthúsið. Ekki eru lengur greinileg ummerki um húsið, en þó má sjá hvar það stóð. Að sögn Sigurlaugar Björnsdóttur var Kletthúsið notað til að baða fé þegar hún man eftir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.

NM-208:009 *Halahús*

heimild um útihús

65°28.216N 14°18.191 V

Gömul gripahús: "Hali hét líka í túni og Hjáleiga Halahús var á Halanum ... " segir í örnefnalýsingu og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Halahúsið stóð NA af Hringnum, SA af nýju fjósi, sem er norðar en gamla bæjarstæðið og fjær þjóðvegi." Á þessum stað er nú sléttað tún. Í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.

NM-208:010 *Neðra-Götuhús*

heimild um fjárhús

65°28.215N 14°18.287V

"... Úti á túni voru Neðra-Götuhús og Efra-Götuhús ... Þetta voru fjárhús ... " segir í örnefnalýsingu og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Enn mótar fyrir tóttum Götuhúsanna í túninu, stutt fyrir innan Ártún, rétt fyrir neðan heimveginn, og á bakka Selfljóts." Sigurlaug Björnsdóttir, sem ólst upp á Ketilsstöðum, telur að Götuhúsin hafi staðið milli Ártúns og Ketilsstaðabæjarins, en líklega nær brekkunni. Leifar þeirra sjást nú ekki lengur. Afliðandi brekka, sem bæjarhús standa í.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.

NM-208:011 *Efra-Götuhús* heimild um útihús 65°28.215N 14°18.287V
" ... Úti á túni voru Neðra-Götuhús og Efra-Götuhús ... Þetta voru fjárhús ... " segir í örnefnalýsingu og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Enn mótar fyrir tóttum Götuhúsanna í túninu, stutt fyrir innan Ártún, rétt fyrir neðan heimveginn, og á bakka Selfljóts." Sigurlaug Björnsdóttir, sem ólst upp á Ketilsstöðum, telur að Götuhúsin hafi staðið milli Ártúns og Ketilsstaðabæjarins, en líklega nær brekkunni. Leifar þeirra sjást nú ekki lengur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.

NM-208:012 *Ystahús* heimild um fjárhús 65°28.326N 14°18.269V
"... þar sem íbúðarhúsið í Ártúni er, var áður fjárhús, kallað Ystahús. Þetta voru fjárhús ... " segir í örnefnalýsingu. Nýbýlið Ártún er norðan við Ketilsstaðabæinn. Þar er steinsteypt íbúðarhús m. málmklæðningu utan á. Þar er ekki búið um þessar mundir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4

NM-208:013 heimild um hesthús
" ... þrjú hesthús voru nafnlaus " segir í örnefnalýsingu um gripahús í túninu. Ekki er vitað um staðsetningu þeirra en eitt eða fleiri gætu verið sömu staðir og 002 eða 003.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 3-4; Ö-Ketilsstaðir, 4.

NM-208:014 heimild um hlöðu
"Meðal útihúsa, kringlótt hlaða með toppþaki" segir í Sveitum og jöðrum og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Ekki er vitað hvar hringhlaðan stóð." Ekki er vitað hvar þessi hringhlaða stóð en gæti verið sami staður og 002 eða 003.


Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH; Ö-Ketilsstaðir; SJM II, 292.

NM-208:015 tóft
" ... niður af Grafreitnum er einhver tóft " segir Helgi Hallgrímsson í umfjöllun um gripahús Ketilsstaðatúni. Undir grasbrekku við fljótið, mótar fyrir tóft, grasi vaxinni. Tóft þessi er fremur óglögg.

óþekkt

65°28.219N 14°18.064V



Hættumat: hætta vegna vatnsaga.

Heimildir: HH, 3.

NM-208:016 gata leið 65°27.432N 14°18.701V

Djúpar reiðgötur liggja til suðurs vestan þjóðvegjar, þar hafa verið götur áður en bílvegurinn kom.

Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

NM-208:017 *Hringur* heimild um legstað 65°28.268N 14°18.205V

"Hringur heitir í túninu; hóll er á honum, og á þessu svæði fundust mannabein, sem voru grafin þar aftur. Á Hringnum var Smiðjuhóll. Hringurinn var tæp dagslátt, hefði getað verið bænhúskirkjugarður." segir Helgi Hallgrímsson. - Að sögn Sigurlaugar Björnsdóttur fundust beinin norðaustan við steipt útihús sem eru norðaustur af núverandi íbúðarhúsi og neðan við brekkuna sem þar er. Hér er nú sléttað tún. Hringurinn hefur líklega verið stutt fyrir utan gamla bæinn, eða um það bil þar sem heimagrafreiturinn er nú. Grafreiturinn er á lágum hól, sem nú er eini hóllinn í þessum hluta túnsins. Gæti verið að það sé gamli Smiðjuhóllinn. Hafi verið bænhús á Ketilstöðum (en um það vantar heimildir), er þetta líklegur staður fyrir það, og gæti því hafa verið breytt í smiðju þegar það var lagt niður. Helgi Hallgrímsson greinir svo frá: "Páll Pálsson hefur eftir Sveini Björnsyni frá Ketilsstöðum, að þarna hafi komið upp mannabein og hrossabein, og heldur að þetta hafi e.t.v. verið kuml." Sigurlaug man eftir tveimur hólum á Hringnum og segir að þeir hafi verið allstórir, kannski 5 m langir, ílangir, snúið austur-vestur og verið 2-3 m háir. Þeir voru sléttaðir þegar Sigurlaug var barn og komu þá upp mannabein. Þau voru grafin aftur á sama stað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 4; Ö-Ketilsstaðir, 5.

NM-208:018 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 65°28.268N 14°18.205V

"Hringur heitir í túninu; hóll er á honum, og á þessu svæði fundust mannabein, sem voru grafin þar aftur. Á Hringnum var Smiðjuhóll." segir Helgi Hallgrímsson. Nú sléttað tún.

Hringurinn hefur líklega verið stutt fyrir utan gamla bæinn, eða um það bil þar sem heimagrafreiturinn er nú. Grafreiturinn er á lágum hól, sem nú er eini hóllinn þarna í túninu. Gæti verið að það sé gamli Smiðjuhóllinn. Sigurlaug Björnsdóttir man eftir tveimur hólum á Hringnum og segir að þeir hafi verið allstórir, kannski 5 m langir, ílangir, snúið austur-vestur og verið 2-3 m háir. Þeir voru sléttaðir þegar Sigurlaug var barn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 4; Ö-Ketilsstaðir, 5.

NM-208:019 *Ketilsleiði* heimild

"Í túni var stór þúfa, sem af sumum var kölluð Ketilsleiði. Í því fannst ekkert þegar jafnað var." Þetta leiði þekkist nú ekki lengur, segir Helgi Hallgrímsson, og er ekki vitað hvar það var.

Heimildir: HH, 4; Ö-Ketilsstaðir, 5.

NM-208:020 heimild um túngarð

"Torf- og grjótgarður umhverfis túnin, nema Fljótsmegin." segir í Sveitum og jörðum. "Af þessum garði sjást enn nokkrar leifar ofan við bæinn og heimreiðina, en að utan og innan er hann horfinn." segir HH. Hvergi sást til garðs ofan við bæ og heimreið við vettvangskonunnun 1997. Sigurlaug Björnsdóttir (f 1935) man ekki eftir túngarðinum.

Heimildir: HH, 4; SJM II, 292.

NM-208:021 mylla

65°28.264N 14°18.008V

Við Bæjarlækinn var kornmylla. Norðaustan við bæjarstæðið liggur lág ("dalur") að fljótinu og rennur lækur þar um. 30-40 m frá fljótinu er garður um lágina þvera sunnan lækjar. Í Sveitum og jörðum er getið um vatnsmyllutóft. "Bæjarlækurinn er rétt fyrir utan Ártún og fellur ofan í Kílinn í Dalnum, ..." segir Helgi Hallgrímsson.

Garðurinn stefnir NV-SA, er um 10 m langur og 0,5 á hæð. Á þessum stað fellur lækurinn fram af þrepi, þó ofrausn væri að kalla það foss. Á nyrðri bakka eru stórar þúfur, en ekki er sjáanleg tóft þar, né annars staðar við lækinn en þetta verður að teljast sennilegasti staðurinn fyrir myllu. Sigurlaug Björnsdóttir, er ólst upp á Ketilsstöðum, (f 1935) kvaðst ekki muna eftir myllutóft.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.


NM-208:022 myllutóft

65°29.213N 14°18.061V

"Við Bæjarlækinn var kornmylla; önnur mylla var við Beitarhúsalæk." segir í örnefnalýsingu. "Beitarhúsalækur rennur niður fyrir framan túnið í Hlégarði (Litlu-Ketilsstöðum)" segir Helgi Hallgrímsson. Tóft er um 2 m ofan og sunnan Beitarhúsalækjar, 45-50 m suður af Hlégarðsbænum, sem sennilega er af myllunni. Upphækkuð hringlaga tóft, ógreinilegir veggir. Gæti verið leifar ferhyrdrar byggingar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.


Heimildir: HH, 4; Ö-Ketilsstaðir, 4; SJM II, 292.

**NM-208:023** tóft

óþekkt

65°28.237N 14°18.507V

"Tótt á Hraungarði: Á smáklettóttum móiendishrygg, sem kallast Hraungarður, og gengur út frá klettaásnum Háöxl, er smátótt beint fyrir ofan (vestan) bæinn (ofan þjóðvegjar). Ábúendur 1990 töldu sig hafa heyrt að þar hefðu verið kvíar, en tóttin líkist þeim ekki. (Hvorki eru nefndar kvíar eða kvíaból í Örnefnaskránni)." segir Helgi Hallgrímsson. Tóftin er um 30 m vestan þjóðvegjar. Tóftin er mjög gróin og hrunin. Vaxin lyngi og ljónslappa. Dyr á báðum göflum. Veggjabreidd 0,4 m. Garður liggur á um 30 m kafla austur frá tóftinni.




Hættumat: mikil hætta vegna gróðurs.

Heimildir: HH, 4.

NM-208:024 réttartóft

65°28.099N 14°18.282V


"Við krókinn á Selfljóti, undir "Bæjarbrekkunni" innan og neðan við bæinn, er gömul



rétt, með grjóthlöðnum veggjum, sem enn standa nokkuð vel. Þar er nú mikill gróður sem hylur veggina að hluta til." segir Helgi Hallgrímsson. Tóftin er SSA af íbúðarhúsi, niðri við Selfljót. Undir kletti, rétt við fljótsbakkann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 4.



NM-208:025 Siggastekkur

stekkjartóft

65°27.747N 14°18.720V

"Suður af Háahrauni er Háöxl, suður af henni eru Klif, en milli Háaxlar og Klifa er Siggastekkur; þar hjá Siggaklettur, norðan við, en sunnan undir Siggasund." segir í örnefnalýsingu og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Háöxl og Klif eru klettaásinn, sem gengur inn með veginum utan frá bæ og inn að merkjum. Stekkurinn er í grunnri lág á milli þeirra, um 700 m inn frá bæ. Þarna er greinileg stekkjartótt (2-3-hólf), og mótur fyrir ferhyrnu gerði umhverfis hana. (Lýsing og teikning í ferðadagbók höf)."

Stekkjartóftin skiptist í þrjú greinileg hólf og er byggð utan í ferkantað gerði.

Tvö samstæð grjóthlaðin hólf eru aftan við garðinn, þau eru vaxinn grasi og ljónslappa. Sunnan við þau er eitt hólf, veggur ógreinilegur, en þó er hólfið greinilega ferkantað. Framan við það er upphækkun, nokkurn veginn ferköntuð áföst garðinum. Stekkjartóftin er á upphækkun og gætu verið fleiri en eitt byggingarstig. Tóftirnar eru í norðvesturenda garðs sem liggur nálæga ferkantaður í um 30 m inn og niður af tóftinni. Framan við þær er upphækkun. Neðan hennar er flöt, um 25x25 m og gæti verið að efni hafi verið notað til að hækka húsin. Á pörtum er garðurinn mjög lyngi vaxinn og hlaupinn í þúfur, gæti verið eldri en tóftirnar.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 4-5; Ö-Ketilsstaðir, 3.

NM-208:026 heimild um heystæði

"Um 300 m innar [en Siggastekkur] er smátótt neðan undir klettahjalla Klifanna. Tóttin er um 3 x 5 m, óskipt, og snýr þvert á brekkuna, vaxin grasi og ljónslappa. Líkist því einna mest að hafa verið heystæði." segir Helgi Hallgrímsson. Fannst ekki

1997.

Heimildir: HH, 5.

NM-208:027 Hagaoddi heimild um nátthaga

65°27.635N 14°17.939V

"Næsti tangi fyrir innan Ketilsstaðabæ er Bæjaroddi, nú orðinn samfelld tún, þá kemur tangi sem að austan er klofinn í tvo flipa. Heitir ytri flipinn Hagaoddi, og er nánast hringlaga eyja, landtengd með mjóu eiði. Oddinn var afgirtur með torfgarði þvert yfir eiðið, og hefur verið nátthagi á honum, eins og nafnið bendir til." segir Helgi Hallgrímsson. Garður sást ekki 1997 og hefur verið sléttður undir tún

Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 5.

NM-208:028 heimild um stekk

65°27.450N 14°17.864V

"Næsti tangi fyrir innan Ketilsstaðabæ er Bæjaroddi, nú orðinn samfelld tún, þá kemur tangi sem að austan er klofinn í tvo flipa. Heitir ytri flipinn Hagaoddi, ... Innri flipinn heitir Stekkoddi, og hefur þar verið stekkur, sem líklega er nú kominn í tún. (Ekki skoðað)." segir Helgi Hallgrímsson. Túnið er sléttð og hvergi sjást merki stekkjarsins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 5.


NM-208:029 beitarhúsatóft

65°27.386N 14°18.544V

"Næsti tangi fyrir innan Stekkodda er Vaðoddi. Þaðan var vað á Selfljóti yfir að bænum Hreimstöðum. Utan- og ofantil á honum voru beitarhús frá Ketilsstöðum, byggð 1946 (segir í Búkollu 11), en ekki er vitað hvort þar voru hús áður. Húsin voru að mestu úr herskálajárni, sérkennileg bygging og næsta óvenjuleg. Þau voru rifin 1989, en höfundur á mynd af þeim. Tún var

ræktað á tunganum kringum húsin." segir Helgi Hallgrímsson. Steinsteyp, full af timbri, bárujárn og öðru rusli. Við norðurenda er hringlaga hlaða með toppþaki.

Heimildir: HH, 5; SJM II, 292.



NM-208:030 Kolagrafaroddi

örnefni

kolagröf

"Utan og neðan við bæinn gengur Kolgrafaoddi fram í Selfljót. Þar eru nú lyngmóar og smávegis víðikjarr, en enginn skógur. Örnefnið vitnar um kolagerð." segir Helgi Hallgrímsson.

Heimildir: HH, 5.

NM-208:031 Svarðarás mógrafir

65°28.459N 14°18.336V

"Svarðarás er lágur ásendi, ofan vegar, utan og ofan við Ártún. Við hann eru svarðargrafir, og aðrar grafir eru neðst í "Dalnum", utan og neðan gamla túnsins." segir Helgi Hallgrímsson. Stórar mógrafir, sú stærsta um 12x12 m.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 5-6.

NM-208:032 heimild um heystæði


"Nefna má heystæði sem eru líklega víða meðfram "Ketilsstaðaásum" að vestanverðu, og á holtum sem ganga út í mýrarflæmið Glámu, en þar var mikið og gott heyskaparland." segir Helgi Hallgrímsson. Fannst ekki 1997

Heimildir: HH, 6.

NM-208:033 *Litlu-Ketilsstaðir* heimild um býli 65°29.233N 14°17.992V

Hlégarður er nýbýli á ytri hluta gamla Ketilsstaðalandsins, stofnað 1954-56, og byggt á gömlum beitarhúsum frá Ketilsstöðum (síðar Ártúni), sem hétu Litlu-Ketilsstaðir. Er talið víst að þar hafi verið mannabyggð fyrr á öldum. Litlu-Ketilsstaðir eru taldi eyðihjáleiga í j.b. 1804 og bendir það til að þar hafi verið byggð á 18. öld. "Við ýturask, þegar sléttað var kringum hús, komu mannvistarleifar í ljós, smiðjugólf nyrst í bæjarþorpi fornu, gjallhaugar og viðarkol." segir í Sveitum og jörðum og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Af því má ráða að nýbýlið hafi verið byggt á fornum bæjartóttum, sem við það hafa líklega umturnast. (Ekki er vitað hvort einhverjar leifar sjást enn af þessum rústum eða af tóttum beitarhúsanna)." Mannvistarleifarnar komu upp 20-25 m norðvestur frá íbúðarhúsinu á Hlégarði, við hlöðu sem reist var þegar nýbýlið var byggt. Þegar gerð var súrheysgryfja varð vart við hleðslusteina og grjót gengur upp úr jörð á þessu svæði.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.



NM-208:034 tóft

65°29.402N 14°18.284V

"Út og upp af Hlégarði er gerði, húsarústir og garður kringum blett" segir í Sveitum og jörðum og Helgi Hallgrímsson bætir við: "Þar er líklega um að ræða tóttir gamalla beitarhúsa (og gerðis). Minjar þessar sjást ekki á nýlegri stækkaðri loftmynd, og eru því líklega horfnar undir tún. Má vera að þetta séu beitarhúsin á Litlu-Ketilsstöðum." Vestan við dal sem liggur norður-suður austan við Ketilsstaðaás, um 500 m norðvestur af Hlégarði, er tóft á rústahól. Ílöng tótt, virðist skiptast í fjögur hólf. Op eða inngangur á suðurgafli. Úr suðausturhorni er 21 m langur garðbútur sem liggur í austur og úr honum garður sem liggur eins og tóttin og ámóta langur og hún, og eru 4 metrar milli garðsins og tóttarinnar.

Annað garðlag úr norðurgafli, það er 52 m

langt og beygir þá í 90° til austurs, sá stúfur er 15 m. Hóllinn sjálfur er hærri en hleðsluhæð segir til um, 1,2 m eða svo.

Hættumat: engin hætta.

Heimildir: HH, 6. SJM II, 294.

NM-208:035 þúst mylla

65°29.198N 14°18.070V

"Framan við túnið í Hlégarði rennur Beitarhúsálækur ofan af Ketilsstaðadal, en við hann var vatnsknúin kornmylla." segir í örnefnalýsingu. Leifar kornmyllu eru við Beitarhúsálæk, norðan lækjarins, á bakka hans, 60- 70 m suðvestur af íbúðarhúsi í Hlégarði. Ekki sést neitt lag á tóftinni, hún er þúst, en greinilega mannvirki.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimildir: HH, 6.

NM-208:036 heimild

"Staðhættir, einkum garðlag fornt, benda til að Litlu-Ketilsstaðir hafi fyrr á öldum verið töluvert býli, jafnvel lögbýli. Garður þessi umlykur landssvæði, sem náð hefur langleiðina norðan frá Laufási og suður á móts við Rauðholt (um 2 km, kort) og vestur í ása." segir í Sveitum og jöðrum en Helgi Hallgrímsson bætir við: "Ég hef ekki orðið var við þetta garðlag, og það sést heldur ekki á stækkaðri loftmynd, sem vanalega sýna vel slík garðlög þó þau séu forn og útlöft." Að sögn Einars og Daldísar í Hlégarði hefur þessi garður verið sléttaður.

Heimildir: HH, 6; SJM II, 294.

NM-208:037

kuml

legstaður

65°29.374V 14°17.993N

"Sumarið 1938 rákust vegagerðarmenn á fornt kuml í lyngmóum, um 300 m fyrir utan Litlu-Ketilsstaði (Hlégarð). Engin merki haugs sáust á yfirborðinu, en talið var að greina mætti hringlaga garðlag (um 20 m í þvm.) utan um staðinn. Matthías Þórðarson þjóðminjavörður gróf kumlið upp sama sumar, og fann þar óvenju mikið "haugfé". Frá því er skýrt í viðtali sem Valtýr Stefánsson blaðamaður átti við hann, og birtist í Lesbók Morgunblaðsins 25. sept. 1938 (13. árg, 38 tbl.). "Það er óhætt að segja", sagði Matthías við mig um kvöldið, "að þessi dys er ein meðal hinna merkilegustu, sem fundist hafa fram á þennan dag hjer á landi."

Ung kona hafði verið jarðsett þarna í sínu besta skarti, og fundust tvær allstórar brjóstnælur og lítil þríhyrnd skrautnæla (allar úr bronsi?), auk þess tvö brýni, snældusnúður úr klébergi, skæraleifar, um 40 glertölur af hálsfesti, dropasteinn og leifar af fötum konunnar. (Sjá einnig Kristján Eldjárn: Kuml og haugfé, bls.179-181, en þar er mynd af þessum gripum). Kumlið lenti undir veginum og er því alveg farið forgörðum. Kumlið var skammt norðan við Hlégarð vestan við þjóðveg, á háum grasi vöxnum kambí rétt norðan við kletta sem ná að veginum, efhistaka er beggja vegna. Gryfja þar sem möl og grjót var tekið þegar vegur var lagður, 15 m löng, 1 m á dýpt er norðan við kambinn. Daldís húsfreyja vísaði á staðinn eftir frásögn Stefáns bónda Guðmundssonar frá Dratthalastöðum sem vann að vegagerðinni. Kumlið er raskað var við vegagerð hér 1938 var einhvers staðar á þessum slóðum, en ekki er hægt að benda nákvæmlega á staðinn. "Haugfé var fjölskrúðugt: 12435.

Hættumat: hætta vegna rasks.

Heimildir: HH, 7; KEKH, 179-181.

NM-208:038 Bjargsel

heimild um sel

"Þar sem mætast Björg og Dalsás er Bjargsel. Þar eru tættur." segir í örnefnalýsingu

en Helgi Hallgrímsson bætir við: "Örnefnið segir að þarna hafi verið sel frá Ketilsstöðum. Þessi staður er út og upp (NV) af Hlégarði, en þar er dálítill lægð eða vik í hlíðina vestan Ketilsstaðadals. Er kallað Dalsás norður að þessu viki, en klettahlíðin utan þess kallast Björg. Í þeim er dálítill trjágróður. Líklegast eru tættarnar í þessu viki eða vestan við það. Ég hef gengið þarna um, en ekki komið auga á þær, og þær koma ekki greinilega fram á stækkaðri loftmynd, en götur liggja um vikið frá Hlégarði." Fannst ekki 1997.

Heimildir: HH, 7; Ö-Ketilsstaðir, 3.

5. Fornleifar og byggð

Landslag í Hjaltastaðapinghá, eða Útmannasveit eins og sveitin hét forðum, er afar fjölbreytt og sveitin gróðursæl. Í innanverðri sveitinni einkenna lágir ásar landslagið, vaxnir lyngi og kjarri, en mýrarflákar á milli þeirra og víða vötn og tjarnir. Þegar utar dregur tekur við láglendi, myndað af framburði Jökulsár á Dal, Lagarfljóts og Selfljóts. Víðáttumiklar blár eru við bakka Selfljóts og skerast inn milli ásanna eins og firðir eða flóar. Beitarlönd eru víðast allgóð, en oft snjóþungt á vetrum. Engjaheyskapur var löngum mikilvægur og áveituskurðir grafhir á blánum og stífiaðir til að halda vatni á engjunum á vorin. Stíflugarður sem gerður var þvert yfir Selfljót við Höfða er dæmi um mikinn framkvæmdahug í mönnum undir lok 19. aldar. Garðurinn sést enn og er merkilegt mannvirki, hann gagnaðist þó ekki eins og vonir stóðu til því hann sökk í sendinn botn fljótsins. Búnaðarfélag var stofnað í Hjaltastaðahreppi laust eftir 1880 og stuðlaði að jarðabótum í sveitinni. Um aldamót eignaðist félagið plóg og herfi, og voru þaksléttur gerðar á flestum bæjum frá aldamótum og fram á 4. áratug aldarinnar. Löngu fyrir aldamót voru menn þó byrjaðir að slétta tún með handverkfærum og má nefna að 1866 voru sléttaðir 200 fa² á Hjaltastað. Vélvinnsla túna hófst laust fyrir 1940 og hafa margir minjastaðir orðið jarðýtum og skurðgröfum að bráð.

Flestar minjar er að finna við bærarstæðin, í túni eða rétt fyrir utan, en nálægt bæjum eru varðveisluskilyrði verst og mikið af minjum hefur horfið þegar ný hús voru reist og tún sléttuð. Fjær bæjum eru minjar betur varðveittar. Stekkir eru varðveittir á mörgum bæjanna, þeir eru oft allfjarri bæjum og algengt að þeir hafi verið reistir við kletta þar sem aðhald er gott frá náttúrunnar hendi. Á

beitilandinu fjær bæjum eru einnig beitarhús, mörg þeirra vel varðveitt og ekki í hættu vegna framkvæmda en nokkur vegna gróðurs. Á blánum hefur ekki verið mikið um mannvirki önnur en veitumannvirki og heystæði við bakka Selfljóts, flest eru vel varðveitt en nokkur í hættu vegna rofs og beitar.

Bæjarhólar og bæjarstæði

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu mirijastaðirnir, en jafnframt þeir sem einna verst hafa farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Bæjarhólar á skráningarsvæðinu eru tiltölulega vel varðveittir. Á Hreimsstöðum er bæjarhóllinn óskemmdur og sést enn herbergaskipan síðasta bæjarins sem stóð á hólnum áður er nýtt íbúðarhús var byggt annars staðar. Á Hríjóti er bæjarrústin óhreyfð og vaxin miklu grasi en þar er nokkur rothætta. Á Hrafnabjörgum hefur verið reistur sumarbústaður á bæjarstæðinu en tóftir eru enn sjáanlegar NA við hann. Á Tjarnarlandi og á Stóra-Steinsvaði eru varðveittar tóftir á bæjarstæðinu. Á Ánastöðum, Dölum og á Kórekkstöðum má gera ráð fyrir því að mannvistaleifar séu nokkuð vel varðveittar í hólnum. Í Jórvík og Jórvíkurhjáleigu stóðu tóftir síðustu bæjanna lengi, en var rutt niður í riðuhreinsunum um 1990. Hólarnir sjálfir eru óskertir og minjar líklega vel varðveittar. Allt túnið á Heyskálum var sléttað 1960 en hólinn enn greinilegur. Á Bóndastöðum, Ásgrímsstöðum, Rauðholti, Hlaupandagerði og á Sandbrekku hafa verið byggð íbúðarhús á gömlu bæjarhólunum og á Dratthalastöðum og Kóreksstaðagerði eru íbúðarhús rétt við gömlu bæjarstæðin. Bárujárnsklætt útihús stendur á bæjarhólnum á Ekru, en sennilega hafa mannvistaleifar varðveist í hólnum. Tvílyft timburhús stendur á bæjarstæðinu á Hóli og ekki greinilegur hól

undir því. Á bæjarhólnum á Klúku stendur hús á steiptum grunni, leifar fleiri bygginga sjást við það. Á bæjarhólnum á Bóndastöðum hefur verið reist íbúðarhús með kjallara, fjós, hlöður og haughús, og er hóllinn að líkindum mjög skemmdur. Í landi, Hjaltastaðar, Hólshjáleigu, Unaóss, Gagnstöðvar og Svínafells hefur verið sléttað yfir bæjarhóla. Á Hólshjáleigu sjást dokkir og mishæðir en ekkert veggjalag sést. Á Unaósi er lágur hóll í túninu um 20 má hvorn veg, líkast því að þar hafi verið sléttað úr húsunum og á Gagnstöð er hnúskótt grasi vaxið flatlendi einu minjarnar um gamla bæinn. Á Hjaltastað er hóllinn undir hlaði en hleðslur sjást þar enn, og svo er einnig á Svínafelli þar sem bæjarhóllinn er í sléttuðu túni. Á Víðastöðum og Hrollaugstöðum hafa bæjarhús verið færð og sléttað yfir bæjarhólana, en á hvorugum staðnum er bæjarhóll mjög skemmdur en á Ketilsstöðum er bæjarstæðið undir sléttu malarbomu hlaði.

Í landi Hríóts er skráð býlið Litli-Hríótur. Ekki er minnst á býlið í jarðabókum en tóftirnar eru með mannvistareinkennum. Talið er að býlið hafi farið í eyði nokkru fyrir síðustu aldamót. Heimildir greina frá Ánastaðahjáleigu í landi Ánastaða en þar var ekki skráð 1997. Í landi Rauðholts er eyðibýlið Guðrúnarstaðir (Goðrúnarstaðir) sem getið er í heimildum á 16. öld og voru eyði seint á 18. öld þegar Ólafur Olavíus ritaði Ferðabók sína. Þá var ekki vitað hvenær býlið fór í eyði, né hvers vegna. Á Guðrúnarstöðum eru vel varðveittar tóftir bæjarhúsa, túngarður og að minnsta kosti tvö útihús. Tvö eyðibýli hafa verið skráð í Hjaltastaðalandi. Rústahóllinn í Töðuvallagerði er stór og mikill, túrigarður umhverfis hann og útihús rétt innan við garðinn. Í Grafargerði er skýr tóft, en lítil og líklega yngri en aðrar minjar þar. Túngarður, sem gengur frá Grafargerðishöfða í átt að Staðará, er mjög á kafi í gróðri en þó má greina stórt hól innan hans og einnig litla útihúsatóft. Ekki er vitað hvenær byggð var á þessum stöðum. Í landi Kóreksstaða eru varðveittar bæjar- og útihúsarústir býlisins Hjalla eða Stakahjalla. Býlið fór í eyði 1862. Þar eru einnig heimildir um nafnlausar rústir af býli utan við Svínafell, en þær voru ekki skráðar sumarið 1997. Í landi Dala eru rústir af Dalaseli eða Dalahjáleigu. Þar eru tvær tóftir umluktar túngarði. Heimildir greina frá heimilisfólki á Sandbrekkuhjáleigu en ekki er vitað hvar hún var né hvort henni tilheyrðu sérstök hús. Í Litlu-Jórvík í landi Jórvíkur eru tóftir eyðibýlis, mikill hóll og túngarðsleifar fyrir klettavikum. Í vikunum eru

a.m.k. tvær litlar tættur. Tóftir eyðibýlisins Hrafnkelsstaða eru varðveittar í landi Klúku. Þar eru alls 3-4 tóftir og sokkin túngarður, og gætu leynst fleiri tóftir þar. Á Gagnstöð greina heimildir frá býlinu Gagnstaðahjáleigu en um hana sjást engin merki nú. Fjögur eyðibýli eru í landi Hóls. Þar ber fyrst að telja Ingveldarstaði en munnmæli greina frá því að þar hafi verið kirkjustaður. Þar eru ótal tóftir og garðlög frá mismunandi tímaseiðum. Sléttað hefur verið úr tóftum eyðibýlisins Bakka. Einnig var býli á þeim stað sem nú kallast Miðbæjartóft og er þar nokkuð stór bæjartóft. Einnig var býlið Hólshjáleiga II á jörðinni en þar sjást nú aðeins dokkir og mishæðir í túni. Steinbogi er í Víðastaðalandi og fór í eyði 1833. Þar er varðveittur túngarður en óvíst hvort bæjarrústir eru varðveittar í litlum hól sem þar er. Beitarhús frá Hóli voru síðar á Steinboga. Malarvegur hefur verið lagður fast upp við beitarhúsatóftirnar og ekki útilokað að þá hafi aðrar minjar skemmst. Í landi Bóndastaða eru varðveittar rústir tveggja afbýla, auk þess sem kot var í túnjaðrinum. Á Bólatóftum var síðar reist hesthús og eru sjáanlegar tóftir e.t.v. leifar þess, en túngarður sést enn þótt vegur hafi skemmt hann á köflum. Á Valhnúksstöðum er skýr túngarður utan um húsatóftina, og innan hans einnig óskýr tóft útihúsa. Á Selfelli í landi Stóra-Steinvaðs eru rústir af eyðibýli sem fór í eyði á síðari hluta 19. aldar. Þar eru tvær tóftir og túngarður. Í landi Ketilstaða er talið að hafi verið býli sem hét Litlu-Ketilstaðir þar sem síðar risu beitarhús. Þar var reist nýbýli á þessari öld og við framkvæmdirnar komu mannvistaleifar í ljós sem benda til búsetu.

Túngarðar og útihús

Útihús eru langstærsti minjaflokkurinn, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Frá þessu eru þó nokkrar undantekningar. Útihúsatóftir eru sjáanlegar í túnjaðrinum á Hrollaugstöðum og hrútakofa- og hesthústættur eru undir klettum skammt frá bænum. Þar standa enn brot úr túngarði. Á Hrjóti sjást tóftir fjárhúsa ásamt því sem túngarður sést á nokkuð löngum kafla sunnanvert við túnið. Fjórar útihúsatóftir eru á Ánastöðum, ásamt því sem þústir í túni gefa vísbendingar um fleiri hús. Á Kóreksstöðum sjást tóftir fimm útihúsa, þar af ein óglögg tóft ofan bæjarstæðis og í tóft norður af

íbúðarhúsinu hafa börn bú. Vestan í grjóthól einum í túni er fjárhústóft og tvær tóftir eru V og SV við íbúðarhúsið. Einnig sést móta fyrir fjórum útihúsum til viðbótar ásamt því sem túngarðurinn er greinilegur, vestari hluti hans er tómur grjót en annars er hann torf- og grjóthlaðinn. Á Sandbrekku er búið að slétta úr öllum útihúsum, en móta sést fyrir þúst á einum stað. Þar sjást þó leifar af túngarði við heimreiðina. Í Hlaupandagerði hefur varðveist tóft af einu útihúsi. Á Hrafnabjörgum hafa varðveist tóftir af sjö útihúsum ásamt því sem merki um þrjú til viðbótar eru greinanleg. Þar á meðal er eini geitakofinn á skráningarsvæðinu. Einnig er varðveittur nokkuð heill túngarður. Túngarðsbrot er greinilegt á Ketilstöðum ásamt því sem tvær útihúsatóftir eru greinilegar, þar hefur verið sléttað því heimildir greina frá átta útihúsum til viðbótar. Á Unaósi sést aðeins ein útihúsatóft en heimildir eru fyrir túngarði og öðru húsi og þústir sem benda til útihúsa eru sjáanlegar á tveimur stöðum í túninu. Á Klúku eru aðeins heimildir um túngarð. Þar eru aftur á móti þrjár tóftir af útihúsum og merki sjást um fimm hús til viðbótar. Þrjár útihúsatóftir eru greinilegar á Gagnstöð en þar eru einnig greinanleg merki um eitt hús enn, en á Hóli sjást tvær útihúsatóftir ásamt því sem heimildir eru fyrir tveimur til viðbótar. Á Hólshjáleigu eru einu merki útihúsa dokk í túninu, því að hefur allt verið sléttað. Á Ekru sjást leifar hesthúss og fjárhúss, en túngarðurinn hefur verið sléttaður. Á Bóndastöðum er varðveittur túngarður á löngum kafla og þar sjást tóftir fjárhúsa og hesthúss, en á Hjaltastað, Ásgrímsstöðum og Heyskálum eru öll útihús horfin undir tún. Það á einnig við í Rauðholti og á Dratthalastöðum, með einni undantekningu en sú tóft er utan við tún. Brot úr túngarði sjást enn á Dratthalastöðum. Í Kóreksstaðagerði, Dölum, Jórvík og Jórvíkurhjáleigu hefur verið sléttað yfir útihúsatóftir, en sumum aðeins rutt niður og sjást merki þeirra enn þó ekki sé á þeim lag. Á Víðastöðum er lítil útihústóft utan við túnið, en þar hefur annars verið sléttað úr öllum tóftum. Hesthústóft er varðveitt á Hreimsstöðum og þar stendur enn brot úr túngarði. Merki um sex útihús eru greinanleg á Stóra-Steinsvaði og þar er ein útihúsatóft. Túngarður er einnig sjáanlegur á kafla á Svínafelli, og utan í honum er hesthústóft. Túngarðsbrot er sjáanlegt á Tjarnarlandi og þar eru einnig fimm útihúsatóftir ásamt merkjum um tvö til viðbótar. Þegar vitað er um hlutverk útihúsa hafa þau

langoftast verið fjárhús. Hesthús eru einnig víða en fjós hafa verið sambyggð bæjarhúsum.

Tún og garðar

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta verr til rannsókna og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Túnasléttur hófust nokkuð snemma í Hjaltastaðapinghá, en gömlu túnin hafa síðan verið sléttuð með nútímataækjum. Blettir sem ekki hafa verið vélsléttaðir gætu helst fundist þar sem tún hafa náð upp í brattar brekkur undir klettum og vélar ekki komist að.

Garðrækt hefur verið talsverð í sveitinni og sums staðar hafist fyrir aldamót.

Á túnakortum frá 1919 eru sáðreitir við alla bæi. Mest var ræktað af rófum og kartöflum, einkum til heimilis, en sums staðar dálítið selt. Á Hrollaugsstöðum er enn varðveittur sáðgarður frá því fyrir aldamót og enn sést brot af sáðgarðsvegg á Svínafelli. Á Hríjóti eru tveir gamlir kálgarðar við túnið og á Ánastöðum má sjá merki gamals kálgarðar. Nokkuð stæðilegur kálgarður er á Kóreksstöðum, þar sem torfhleðslur eru á þrjá vegu og leifar eru af kartöflugarði Í Hlaupandagerði. Kálgarður er byggður utan í garðbrot á Tjarnarlandi. Annarsstaðar eru gömlu garðarnir horfnir.

Engjar og áveitur

Miklar engjar eru á skráningarsvæðinu og hefur snemma verið reynt að bæta þær með áveitum. Mesta áveitumannvirkið er garður sem lagður var þvert yfir Selfljót við Höfða um 1880, Hjaltastaður og Bóndastaðir stóðu saman að framkvæmdinni. Garðurinn seig niður í fljótsbotninn og gagnaðist ekki nema fyrsta árið, en sést enn vel beggja vegna fljótsins. Þá eru víða áveituskurðir og stíflugarðar, vel

varðveittir í Víðidal í landi Hreimsstaða, en víða sokknir. Á Kóreksstöðum og Kóreksstaðagerði eru heimildir fyrir áveituskurði úr Gerðisá sem var veitt á Hlíðarhólsengi. Í Þórsnesi segir af áveitum á nesinu, þar eru nú margir farvegir en óljós merki um torfhleðslur sjást. Þrír stíflugarðar eru í Grundarkíl í landi Hrafnabjarga og þar eru einnig lágir garðar og grunnir skurðir um nesið og Útgrundina. Á Ketilstöðum er veitugarður og skurðir rétt við gamla bæjarstæðið. Á bökkum Selfljóts og þurrlendisblettum eru heystæði, flest í Hjaltastaðar-, Hrollaugsstaða- og Bóndastaðablám.

Vatnsból

Brunnar eru skráðir á nokkrum bæjum. Á Víðastöðum og Hrollaugsstöðum sjást hleðslur kringum brunna og sömuleiðis á Dratthalastöðum. Þar var renna frá brunninum og vatnið leitt niður frá kletti og að bænum. Brunnur í Rauðholti, sem Brunnröð er kennd við, eyðilagðist við skurðgröft. Rétt við bæjarhólinn í Jórvíkurhjáleigu er brunnur, sem búið er að steypa. Á Bóndastöðum var vatn sótt í lind undir kletti um 100 m frá bænum. Vatnsból eru misgóð á skráningarsvæðinu, t.d. eru vatnsból á Hreimsstöðum og Víðastöðum sögð slæm.

Svarðartekja og kolagerð

Í Jarðatali 1847 segir um Hjaltastað að kolaskógur sé "ennþá nógur í heimalandi og í skógarteig staðarins í Hreimstaða landamerkjum." Orðalagið bendir til þess að á þessum tíma hafi kolagerð verið á undanhaldi vegna minnkandi skóga. Kolagrafir finnast víða á svæðinu, svo víða að heildarskráning þeirra yrði ærið verk en áhugavert rannsóknarefni. Kolagrafir eru skráðar í löndum Hreimsstaða, Rauðholts, Hjaltastaðar, Svínafells, Hríots, Kóreksstaða, Ekru, Dratthalastaða og Ketilstaða. Gryfjurnar sjást oft illa vegna gróðurs og eru eflaust víðar þar sem skógur hefur verið til kolagerðar.

Víða hefur verið rífið hrís til eldsneytis og skógviður notaður þar sem hann gafst, en fram til 1950 var mest notað tað og svörður. Miklar svarðargrafir eru á Víðastöðum og Dratthalastöðum. Þar var svarðartekja mjög góð og sótt frá fleiri

bæjum. Við bakka svarðargrafarinnar á Dratthalastöðum er lítil tóft þar sem svörðurinn var þurrkaður og á Hrjóti hefur verið skilin eftir veggur í miðri gröfinni. Svörður hefur verið nokkuð víða í landi Ánastaða sem og í Dölum. Merki um mótöku eru sjáanleg á Þórsnesi, Hrafnabjörgum, Ketilstöðum og Unaósi.

Stekkir og kvíar

Fráfærur lögðust af á flestum bæjum á fyrstu tveimur áratugum aldarinnar, en á Dratthalastöðum voru ær mjaltaðar til 1930. Kvíar sjást enn á Hreimsstöðum og Hrollaugsstöðum og tvennar kvíatættur eru á Hrjóti. Á Ásgrímsstöðum er lítil tóft við klett sem allar líkur eru á að sé kvíatóft. Óglöggar kvíatóftir eru á Dölum og á Sandbrekku sjást einar kvíatóftir og heimildir eru fyrir öðrum kvíum þar sem nú er grafreit. Í Rauðholti, Hóli og á Bóndastöðum eru þær horfnar undir tún og á Klúku fundust ekki kvíatóftir á Kvíahólum og gæti verið búið að slétta þar. Á Ekru fundust ekki tóftir á Kvíum en líklegt er þó að þar hafi tóft sem nú er horfin.

Stekkirnir voru yfirleitt drjúgan spöl frá bæjum og þar sem aðhald hefur verið gott frá náttúrunnar hendi. Á Hrjóti er grjóthlaðinn stekkur utan í klett. Tvær stekkjartóftir eru á Ánastöðum. Í Dölum eru tvennar stekkjartóftir ásamt því sem sléttað hefur verið yfir eina stekkjartóft og sömu sögu má segja um stekkjartóftir á Sandbrekku. Stekkjartóft er hlaðin upp við klett í Hlaupandagerði (Þórsnesi), og standa þær grjóthleðslur nokkuð vel. Á Hrafnabjörgum eru þrjár stekkjartóftir, ein í kvos milli tveggja kletta, Ytristekkur er stekkur hlaðinn út grjóti framan við helli einn og síðan er stekkjartóft við Stekkás. Á Gagnstöð er ein stekkjartóft við Arasel en einnig bendir örnefnið Stekkamelar til þess að þar hafi verið stekkur þó menjar eftir hann sjáist ekki lengur. Á Hóli er Hringstekkur í náttúrulegri lægð sem hlaðið hefur verið fyrir en einnig segir að stekkur hafi verið í túninu og örnefnið Stekk.eyri gefur vísbendingu um að þar hafi verið stekkur. Beitarhús voru byggð þar sem áður var stekkur frá Dratthalastöðum og nýbýlið Grænahlíð í var reist á stekkjartæði frá Hjaltastað, en annars eru stekkirnir vel varðveittir. Á Ánastöðum greinir frá stekkjartóft en ekki tókst að skrá þann stað. Stekkur frá Jórvíkurhjáleigu við Stekk.hala er hlaðinn undir berggangi, og í

Djúpabotni er stekkur frá Jórvík, þar er grjóthleðsla fyrir klettavík. Forvaðastekkur í landi Hjaltastaðar er sömuleiðis undir kletti, en í landi Víðastaða er Gamlistekkur hlaðinn milli staks kletts og brekku. Í landi Ekru eru leifar af Ekrustekkur og eru þar tvær vel glöggar tóftir, sem tengdar eru með lágrí hleðslu og má sjá stöku steina í yfirborð við tóftirnar sem gætu verið leifar fleiri bygginga. Einnig er tvíhólfa stekkjartóft þar sem talið er að sáð hafi verið til korns og síðan er tvískipt tóft undir Hádegiskletti. Mjög óglögg stekkjartóft er á Stóra Steinvaði, á Ketilsstöðum hefur verið sléttað úr tveimur stekkjartóftum og má aðeins sjá óreglulega þúst þar sem annar þeirra var, síðan er þar Siggastekkur, þrískipt tóft sem er byggð utan í ferkantað gerði, og gætu verið þar fleiri en eitt byggingarstig. Klettarnir hafa víðar verið notaðir sem veggir í stekkjum og eru margir þeirra falleg og sérkennileg mannvirki.

Beitarhús og sel

Á öllum jörðunum nema Jórvíkurhjáleigu, Hólshjáleigu og Heyskálum eru skráð beitarhús, víða mörg. Húsin eru oftast langt frá bæjum enda reynt að nýta allt beitarland, sums staðar var haft í beitarhúsum langt fram eftir þessari öld. Tvenn beitarhús eru á Hríjóti, Bugatættur þar sem eru sambyggð fjárhús og hlaða og síðan er nafnlaus beitarhúsatóft þar sem er tvískipt fjárhús og hlöðutóft. Tvenn beitarhús eru á Svínafelli og rústahólamar háir og breiðir, þar gætu áður hafa verið allmikil mannvirki. Þriðja tóftin á Svínafelli er nær alveg horfin á kaf í lyng og fjalldrapa, umhverfis hana er hefur verið girt tún, en túngarðar eru ekki sjáanlegir við nema fá beitarhúsanna. Á Kóreksstöðum var beitarhús kallað Neðrasel eða Kóreksstaðasel og þar eru þrjú greinileg fjárhús en þar eru einnig eldri tóftir sem gætu verið tóftir selsins. Efrasel var aftur í landi Kóreksstaðagerðis og eru þar rústir tveggja fjárhúsa. Á Haraldarseli í landi Ánastaða eru fjárhús og heytóft en hin beitarhúsin á jörðinni hafa verið sléttuð. Á Bjarglandi, í landi Sandbrekku, var beitarhús og eru það miklar tóftir og hafa menn jafnvel talið að þar hafi verið sel eða gamalt býli og einnig voru beitarhús þar sem nú stendur bárujárnsklædd bogaskemma. Beitarhúsatóft er í landi Dala beint á móti Bjarglandshúsum, stórpýft er við tóftina og gætu verið frekari

mannvirkjaleifar þar. Í landi Hlaupandagerðis (Þórsness) eru beitarhúsatættur á Hraunfelli og undir Neðra-Leirfelli og á Hrafnabjörgum er beitarhúsatóft á Bjarginu og þar hjá óleggri tóftir. Á Unaósi er beitarhúsatóft í Eiðaveri og hafa þau sennilega verið endurbyggð, og eru þar einnig fleiri tóftir sem tilheyra beitarhúsunum og verstöðinni. Einnig voru beitarhús, kölluð Óssel, upp af Knörrunum. Á Ytriási í landi Klúku eru tvenn beitarhús, tóftir eru greinilegar af Fremrihúsunum en Ytrihúsin hafa verið rifin. Í landi Gagnstöðvar eru beitarhúsatættur á Miðheygarði. Við Jósepstættur í landi Hreimsstaða eru túngarðsleifar og á Vindheimaási er garðbútur, mjög sokkinn og óglöggur. Á Stóra-Grænamó í landi Hóls voru beitarhús en nafnið er kennt við fornbylíð Grænamó. Þar eru rústir á tveimur stöðum, beitarhúsatóftin og svo gægist önnur eldri fram. Á Ásgrímsstöðum eru uppistandandi steipt beitarhús með túnbletti í kring, byggð um 1950 og er ekki líklegt að þar séu þykk byggingarlög. Fimm hólfa beitarhúsatóft er við Eiríkswatn í landi Ekru. Við norðurenda húsanna er ógreinileg þúst. Á Stóra Steinsvaði eru fornar tóftir á Bolagerði með túngarði í kring, þar eru einnig tóftir af fjárhúsi. Beitarhúsatóftir eru inn undir Tjarnarlandsmerkjum og eru þar fjárhústóftir ásamt eldri og óleggri tóftum og einnig voru beitarhús utar á Skarðsásnum en búið er að ryðja þeim burt. Við beitarhúsatóftirnar í landi Tjarnarlands mótar ekki fyrir túngarð en þar sér fyrir eldri byggingarleifum. Beitarhúsin á Ketilstöðum voru byggð 1946, að mestu leyti úr herskálajárni og er búið að rífa þau. Sum staðar hafa beitarhús verið reist þar sem túnskikar voru fyrir, t.d. í Hrísgarði og á Steinboga.

Örnefni sem benda til þess að sel gæti hafa verið þar nálægt eru á Hróti og Unaósi. Sel er á austurbakka Selvatns í landi Bóndastaða. Þar er tóft og gerði umhverfis hana, vel varðveitt en í nokkurri hættu vegna gróðurs. Beitarhús voru síðar á sama stað. Á Araseli í landi Gagnstöðvar voru fornar rústir en þar hefur verið endurbyggt. Þar liggur túngarður umhverfis hólinn, en erfitt er að greina lag á tóftunum. Seltóft sem er að hverfa í gróður er í landi Hlaupandagerðis (Þórsness). Fleiri tóftir gætu verið umhverfis en þær sjást ekki fyrir gróðri. Seltóftirnar í landi Hrafnabjarga eru vaxnar grasi og lyngi, þar eru nokkrar tóftir, misglöggar. Í landi Ketilstaða greina heimildir frá seli, nefdu Bjargseli, en það fannst ekki við leit skráningarfólks.

Myllur og smiðjur

Talið er að vatnsmyllur hafi verið á Íslandi á miðöldum. Í lok 18. aldar voru gefnar út leiðbeiningar um vatnsmyllugerð og fólk hvatt til að mala eigið kom, enda skemmdist það síður ef það var flutt hingað út ómalað. Á Austurlandi voru víða gerðar myllur og virðast algengari þar en víðast annars staðar á landinu. Á Hjaltastað, Kóreksstöðum, Þórsnesi, Heyskálum, Klúku, Gagnstöð, Hóli, Hólshjáleigu, Stóra Steinvaði og Dratthalastöðum sjást myllutóftirnar ekki lengur eða myllur hafi ekki verið þar, en þær eru skýrar og vel varðveittar á Hreimsstöðum, Rauðholti og Bóndastöðum. Það sama má segja um myllutóftir á Hríjóti, Ánastöðum, Dölum, Sandbrekku, Hrafnabjörgum og á Ketilstöðum þar sem glögg tóft er af einni myllu en óljósar minjar eru um tvær til viðbótar. Óglöggar minjar um myllutóftir sjást á Unaósi og á Ásgrímsstöðum. Tóftirnar eru litlar, hliðarnar 3 - 5 m, hjá þeim öllum eru enn sjáanlegar rennur og garðar sem beindu vatninu að myllunum. Myllurnar hafa sums staðar verið alllangt frá bæjum, t.d. var mylla á Dratthalastöðum um 700 m frá bæjarstæðinu.

Á Víðastöðum var smiðja í túni skammt frá bæjarhólnum og í landi Sandbrekku var smiðja suður af bæ þar sem nú er tún. Örnefni í landi Ekru og Ketilstaða benda til þess að þar hafi verið smiðjur þó svo engar minjar hafi varðveist um það.

Kuml

Árið 1952 fundust tvö kuml við Hrollaugsstaði. Þar komu mannabein upp við jarðrask skammt frá bænum, en gröfin sjálf fannst ekki þegar Kristján Eldjárn leitaði hennar. Hins vegar fannst sama sumar betur varðveitt kuml með mannabeinum ásamt beinum úr hundi og hrossi, þar fundust einnig járnbrott. Kristján rannsakaði kumlið og taldi að við því hefði verið hreyft áður. Kristján Eldjárn kom einnig að Dratthalastöðum árið 1966 og leitaði þar í flagi sem mannabein höfðu fundist í sumarið áður, en fann ekki frekari merki um kumlið.

Beinin voru rannsökuð og reyndust úr tveimur karlmönnum, en munir fundust ekki. Á Víðastöðum fannst hauskúpa af manni, hrossbein og spaði úr tálgusteinum í svonefndu Hoftúni, en ekki var það rannsakað. Þessir fundir benda til að á bæjunum þremur sé byggð mjög forn. Þá má nefna að skömmu eftir aldamót fannst hauskúpa af konu nálægt Hrísgarði í landi Hreimsstaða. Hauskúpan mun hafa verið flutt í Eiða, en ekki er vitað til að þetta hafi verið rannsakað frekar. Fornmannadys fannst í landi Hlaupandagerðis (Þórsness) í kringum 1920 og voru munir þaðan sendir á Þjóðminjasafnið. Sumarið 1938 rákust vegagerðarmenn á fornt kuml í lyngmóum utan við Litlu-Ketilstaði. Þar fannst óvenjumikið haugfé og hafði ung kona verið lögð til hinstu hvílu þar í sínu besta skarti. Kumlið lenti undir veginum og er því farið forgörðum. Einnig eru munnmæli um að mannabein hafi komið upp í túninu á ketilstöðum en ekki er ljóst hvort þar var kuml.

Tvö vopn komu úr jörð á Kóreksstöðum og segir að munir þaðan hafi verið sendir á Þjóðminjasafnið. Ekkert annað er vitað um fundinn en vel gæti verið að vopnin kæmu úr kumli. Nokkrir forngripir fundust í uppblæstri í landareign Hóls. Kristján Eldjárn taldi ekki mikið efamál á því að þarna hefði verið um haugfé að ræða úr a.m.k. tveimur kumlum. Mannabein komu upp á Ketilstöðum, en ekki er vitað hvort að þar var kirkja eða hvort um kuml gæti verið að ræða. Sagnir greina frá því að blásið hafi upp bein á Ingveldarstöðum í landi Klúku.

6. Fornleifar og byggð

Flestar friðlýstar minjar voru settar á friðlýsingarskrána á fyrri hluta aldarinnar og valdar með hliðsjón af gögnum fornfræðinga og fornleifafræðinga sem fóru könnunarferðir um landið um og fyrir síðustu aldamót. Þeir lögðu helst leið sína um sagnahéruð en Útmanasveit kemur ekki teljandi við sögu í fornþóknunum. Það er sennilega líklega helsta skýringin á að svo fáar minjar í hreppnum hafa verið friðlýstar sérstaklega þótt þar séu ekki síður áhugaverðar fornleifar en annars staðar á landinu.

Minjastaðir sem skráðir hafa verið teljast fæstir í mikilli hættu, þótt nokkur dæmi séu um það, einkum þar sem gróður er mikill. Hins vegar hefur fjöldi minjastaða horfið undir tún og nýbyggingar á síðustu áratugum.

Framkvæmdir í landbúnaði hafa dregist saman síðastliðinn áratug en í staðinn hefur komið ný ógn, skógrækt. Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja hinsvegar vegghleðslur og afmynda rústir þannig að það verður erfitt bæði að átta sig á þeim á yfirborðinu og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst aðeins að fornleifastaðirnir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum. Skilningur eykst nú á því að minjastaðir hafa gildi fyrir útivist og ferðamannaþjónustu og er eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar að finna og skilgreina staði eða svæði sem þurfa á verndun að halda eða henta til kynningar fyrir útlendum jafnt sem innlendum ferðamönnum og skólabörnum. Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar og þeim má ekki raska eða spilla, en hér að neðan verða gerðar sérstakar tillögur um verndun og er þá átt við að hirt sé um viðkomandi minjastað eða minjasvæði, staðurinn kynntur eða gerður aðgengilegur og ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir eyðingu af völdum náttúruafla þar sem það á við.

Í Hjaltastaðapinghá er hlutfallslega meira af varðveittum rústum en í mörgum þéttbýlli sveitum, eins og til dæmis í Eyjafirði. Þar er einnig fjölbreytt og fagurt landslag og væri auðvelt að skipuleggja skemmtilegar göngu- eða reiðleiðir um rústaslóðir. Sem dæmi um áhugaverðar leiðir innan sveitarinnar má nefna auðvelda gönguleið í landi Sandbrekku upp með Bjarglandsá inn að beitarhúsunum á Bjarglandi. Einnig má ganga inn að Hróti frá Hjaltastað eða Ánastöðum og þaðan unn að Lambaþingstættum sem eru við Hrótarvatn. Síðan er merktur göngustígur frá Unaósi út að Krosshöfða sem er mjög skemmtileg gönguleið. Einnig væri gaman að ganga inn að Ingveldarstöðum sem er stutt ganga en þangað þyrfti að gera stíg.

Brýnt er að gerðar verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari eyðileggingu fornleifa. Besta leiðin til að varðveita minjastaði er að kynna þá og

gera aðgengilega almenningi. Hér að neðan er skrá um staði sem hafa verndunar-
rannsóknar- og/eða kynningargildi

1) Bæjarhóll á Hreimsstöðum. Hóllinn er sérstaklega vel varðveittur, honum hefur ekki verið raskað og hefur því ótvírætt rannsóknagildi.

2) Landmerkjagarður í landi Hreimsstaða. Garðurinn hefur verið mikið mannvirki og sést enn vel á löngum köflum.

3) Áveita í Víðidal í landi Hreimsstaða. Hún er vel varðveitt og gott dæmi um miklar áveituframkvæmdir í kringum síðustu aldamót.

4) Goðrúnarstaðir. Þar eru varðveittar tóftir bæjarhúsa, útihúsa og túngarður, heilt bæjarstæði sem hentar vel til kynningar. Staðurinn hefur mikið rannsóknargildi, og er reyndar eini staðurinn í hreppnum, að kumlum frátöldum, sem hefur verið rannsakaður, en þar voru gerðir prufuskurðir árið 1994 og öskulög skoðuð.

5) Stíflugarður í Selfljóti hentar vel til kynningar á áveituframkvæmdum.

6) Beitarhús frá Jórvík við Merkivíkurklett eru vel varðveitt og henta vel til kynningar.

7) Litla-Jórvík. Þar eru miklar tóftir eyðibýlis, túngarður og útihús, og litlar tóftir í klettavikum. Þarna eru vel varðveittar minjar í fögru landslagi, og hafa mikið rannsóknar og kynningargildi.

8) Stekkur hjá Djúpabotni í landi Jórvíkur er fallega hlaðinn milli stuðlabergskletta og hefur mikið kynningargildi.

9) Sáðgarður í landi Hrollaugsstaða hefur rannsóknargildi og kynningargildi.

10) Fjárhús og hesthús við gamla túngarðinn á Hrollaugsstöðum eru meðal fárra dæma um varðveittar útihúsatóftir nálægt bæjum. Þau eru hlaðin utan í kletta og vel varðveitt, og hafa kynningargildi.

11) Gamli stekkur í landi Víðastaða er fallegt og sérkennilegt mannvirki sem hentar vel til kynningar.

12) Valhnúksstaðir eru í landi Bóndastaða. Þar eru varðveittar tóftir eyðibýlis og túngarður umhverfis, auk tóftar sem ekki er vitað hvaða hlutverki gegndi.

Aðalborgarstekkur er skammt frá. Þessi staður hefur rannsóknargildi og hentar vel til kynningar þar sem minjar eru þarna frá mismunandi tímum.

13) Tröðin frá Bóndastöðum yfir blána var gerð úr torfi og grjóti kringum síðustu aldamót og er vel varðveitt dæmi um samgöngubætur á engjum.

14) Gamlistekkur í landi Dratthalastaða hefur varðveislugildi en er í mikilli hættu vegna gróðurs.

15) náttagi við Staðará í landi Svínafells mun vera forn og hefur rannsóknar og varðveislugildi.

16) tóft og garður á Svínafelli. Á Svínfelli er ójós tóft og garður umhverfis hana. Tóftin er í mikilli hættu vegna gróðurs, en hefur varðveislu og rannsóknargildi.

17) Litli-Hrjótur. Þar eru tættur með mannvistaeinkennum sem vert er að rannsaka betur.

18) Lambanesþing/Lambatættur Í landi Hrjóts. Þar eru fjölmargar stórmerkilegar tóftir sem hafa ótvírætt varðveislu og rannsóknargildi. Þetta eru friðlýstar minjar sem brýn þörf er á að séu rannsakaðar betur.

19) Hjalli/Stakihjalli. Eyðibýli í landi Kóreksstaða sem hefur ótvírætt varðveislugildi því þar er óhreyfð bæjarrúst.

20) Dalsel/Dalahjáleiga. Tóftirnar á Dalaseli í landi Dala hafa varðveislugildi.

Sel. Seltóftir í landi Hrafnabjarga eru sennilega merkustu seltóftir hreppsins og hafa því ótvírætt varðveislu og kynningargildi.

22) Eiðaver. Á Unaósi eru leifar afverstöð sem gæti verið frá miðöldum og hefur því ótvírætt varðveislu og rannsóknargildi.

23) Krosshöfði. Verslunarstaður var á krosshöfða í landi Unaóss á fyrsta og öðrum áratug þessarar aldar. Tóftirnar þar hafa kynningargildi.

24) Arnarbæli. Fjöldi tófta er á svokölluðu Amarbæli í landi Klúku. Tilgáta er að þar hafi verið verslunarstaður og hafa tóftirnar þar mikil rannsóknar og varðveislugildi, sérstaklega þar sem þær eru í mikilli hættu vegna vatnsaga.

25) Hrafnkelsstaðir. Tóftir eyðibýlisins Hrafnkelsstaða í landi Klúku hafa varðveislugildi.

26) Ingveldarstaðir. Ótal tóftir og garðlög eru í landi Hóls þar sem Ingveldarstaðir voru. Þar er sagt að hafi verið kirkjustaður og að forn kirkjugarður

hefði blásið þar upp. Þessi staður hefur mjög mikið varðveislu og rannsóknargildi.

27) Bænhóll. Tóft á Stóra-Steinsvaði sem talin er vera af útkirkjunni hefur ótvírætt rannsóknargildi, sem ein af fáum kirkjutóftum frá miðöldum sem eru í héraðinu

28) Hrúgustaðir. Tóftir eyðibýlisins hrúgustaða í landi Hjaltastaðar hafa órtírætt varðveislu- og rannsóknargildi.

Heimildaskrá

AM 263 föl. bl. 99.

Austurland. Safn. Austfirzkra fræða IV, Akureyri 1952.

Ágúst Ó. Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá umfriðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993 [fjölrit].

Biskupa sögur gefnar út af Hinu íslenzka bókmenntafélagi I, Kaupmannahöfn 1858.

Einar Pétursson: "Svifferjan á Lagarfljóti". *Múlaping* 3, 107-114, 1968.

Endurrit Landamerkjabókar Norður-Múlasýslu No. 52/1884

Frásögur umfornaldarleifar 1817-1823 I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

Guttormur Sigbjarnarson: 'Greinargerð um öskulagakönnun við eyðibýlið Goðrúnarstaði í Rauðholtslandi í Hjaltastaðapínghá, Norður Múlasýslu.' 1995 [handrit].

Halldór Stefánsson: 'Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.' *Múlaping* V, 1970, bls. 172-187.

Helgi Hallgrímsson: 'Mannvistarminjar í Hjaltastaðapínghá I-II.' 1996 [handrit].

Helgi Hallgrímsson: "Vættaskrá" [handrit]

Íslendinga sögur I. Reykjavík 1985.

Íslenskt fornbréfasafn. I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

Íslenszk fornrit XI, Reykjavík 1950.

Íslenskar þjóðsögur og sagnir. Safnað hefir og skráð Sigfús Sigfússon III. Óskar Halldórsson bjó til prentunar. Reykjavík, 1982.

J.Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir, Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar, Kaupmannahöfn 1992.

Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, Akureyri 1956.

Kristján Eldjárn: 'Kumlatíðindi 1966-1967.' *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1967, bls. 94-109.

Kristján Jónsson: "Um Lambanesþing o fl", *Árb* 1924, 38-39

Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II,

Köbenhavn 1877-82.

Orri Vésteinsson: Dagbók [óútgefin dagbók] 1990

Ólafur Olavius: *Ferðabók* I-II, Reykjavík 1964.

Sigfiús Sigfiússon: "Goðakennd örnefni eystra" *Árbók* 1932, bls. 83-89

Steinunn Kristjánsdóttir: "Rannsóknir á fornum rústum á Austurlandi", *Fréttabréf safnmanna* 6 árg, 2. tbl, bls. 5-20.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi. II Egilstaðir 1975.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi V Egilstaðir 1995

Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir aftúnum 1919.

Hjaltastaðahreppur.

Ö-Ánastaðir: Ánastaðir (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Ásgrímsstaðir: Ásgrímsstaðir (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Bóndastaðir: Bóndastaðir (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Guðmundar Þorsteinssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Dalir: Dali (örnefnaskrá eftir Ingvar Guðjónsson), Örnefnastofnun.

Ö-Dratthalastaðir: Dratthalastaðir (örnefnaskrá eftir Stefán Einarsson), Örnefnastofnun.

Ö-Ekra: Ekra (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Gagnstöð: Gagnstöð (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Heyskálar: Heyskálar (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson), Örnefnastofnun.

Ö-Hjaltastaður: Hjaltastaður (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá eftir Stefán Einarsson), Örnefnastofnun.

Ö-Hóll og Hólshjáleiga: Sandur, Eyland, Hóll, Hólshjáleiga (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Hrafnabjörg: Hrafnabjörg (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Hraundalur: Hraundalur (örnefnaskrá e ???)

Ö-Hreimsstaðir: Hreimsstaðir (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson), Örnefnastofnun.

Ö-Hrjótur: Hrjótur (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Hrollaugsstaðir: Hrollaugsstaðir (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Jórvík og Jórvíkurhjáleiga: Jórvík og Jórvíkurhjáleiga (örnefnaskrár eftir Stefáns Einarsson og Jón Þórarinsson), Örnefnastofnun.

Ö-Ketilstaðir: Ketilstaðir (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Klúka: Klúka (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði: Kóreksstaðir og Kóreksstaðagerði (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Rauðholt: Rauðholt (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Sandbrekka: Sandbrekka (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Stóra-Steinsvað: Stóra Steinsvað (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Tjarnarland: Tjarnarland (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.

Ö-Unaós: Unaós (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson), Örnefnastofnun.

Ö-Víðastaðir: Víðastaðir (örnefnaskrá eftir Stefán Einarsson), Örnefnastofnun.

Ö-Þórsnes: Þórsnes (örnefnaskrá eftir Eirík Eiríksson, byggð á eldri skrá Stefáns Einarssonar), Örnefnastofnun.